

**Ungmennasamband
Eyjafjarðar
1922-2022**



Guðni Th. Jóhannesson. Mynd: Spessi.

Ungmennasamband Eyjafjarðar 1922-2022

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar - UMSE. Gefið út á 100 ára afmæli sambandsins, 8. apríl 2022.

Ritstjóri:

Óskar Þór Halldórsson.

Ritnefnd:

Gísli Pálsson, Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir og Sigríður Bjarnadóttir.

Myndir:

Óskar Þór Halldórsson, Guðmundur Jakobsson, Friðrik Vilhelmsson, Þórhallur Jónsson, Þórir Tryggvason, Jóhann Már Kristinsson, Starri Heiðmarsson, Bjarni Jóhann Valdimarsson o.fl. Gamlar myndir eru úr myndasafni UMSE og einkasöfnum.

Hönnun:

Þorleifur Rúnar Örnólfsson.

Prentun:

Prentsmiðjan.is, Akureyri.

Á kápu myndinni, sem Óskar Þór Halldórsson tók í júlí 2021, er horft inn Öxnadal.

Á forsíðu blasa Hraundrangar við en Þverbrekkuhjúkur á baksíðu.

Kveðja forseta Íslands

Á merkurum tímamótum sendi ég forystusveit og öllum félögum Ungmennasambands Eyjafjarðar heillaóskir og hamingjukveðjur. Í heila öld hefur sambandið unnið að ræktun lands og lýðs, í þeim ljúfa anda sem ungmennafélögin blésu fólki í brjóst og gera enn. Vissulega hefur margt breyst í tímans rás, verkefnið eru önnur og tíðarandinn sömuleiðis. En meginstefnan er óbreytt: að hlúa að ungdómi í heimabyggð, stuðla að þeirri þjóðarheill að hér búi fólk með heilbrigða sál í hraustum líkama.

Aðrir munu rekja sögu Ungmennasambandsins á þessum síðum, frá aðdraganda og stofnun til okkar daga. Ég tek eftir að á hálfri öld afmæli þess árið 1972 stóð starfið í blóma. Þáverandi formanni fannst samt að betur mætti ef duga skyldi en hann benti um leið á að hafa yrði

í huga „hin fjölmörgu afþreyingarefni sem standa ungu fólki til boða í tómsundunum“.

Og hvernig ætli staðan sé þá núna, á öld internets og óteljandi sjónvarpsrása, hlaðvarps, snjallsíma og samfélagsmiðla? Í raun er jafnvel enn brýnna en áður að ungmennum standi holl afþreying til boða. Hún þarf líka að vera fjölbreytt, ekki bara boltaíþróttir. Við getum ekki öll orðið frábær á þeim vettvangi – það getur sá, sem þessi orð ritar, hæglega borið vitni um! Ungmennasamband Eyjafjarðar gegnir mikilvægu hlutverki að þessu leyti, ásamt öðrum æskulýðs- og íþróttafélögum á athafnasvæði sínu.

Í öflugum samfélagi þarf nokkrar meginstöðir. Fólk þarf að geta unnið störf sem hæfa lund og menntun eða færni hvers og eins. Fólk þarf öfluga

heilbrigðis- og félagsþjónustu sem nær til allra sem á henni þurfa að halda, frá vöggu til efstu ára. Fólk þarf að geta fengið menntun á heimaslóð, frá leikskóla til símenntunar síðar meir, og þá gjarnan með stuðningi stafrænna lausna. Svo þurfa samgöngur að vera greiðar. Hversu indæl sem heimabyggðin getur verið, þarf fólk að geta skoðað sig um eftir því sem hugurinn gírnist.

Og svo þarf auðuga afþreyingu og tómsundir. Ung sem aldin þurfum við að geta tekið þátt í menningar- og listastarfi, æft íþróttir og stutt okkar lið í leik og keppni – fundið þá gleði og þann kraft sem liggur í samstöðu, samvinnu og samkennd. Þessu þjóðþrifastarfi hefur Ungmennasamband Eyjafjarðar sinnt í heila öld. Það er þakkarvert. Megi félagskapur ykkar vaxa og dafna.

Ávarp formanns UMSE

Starfsemi Ungmennasambands Eyjafjarðar hefur alltaf verið stór þáttur í lífi mínu og fjölskyldunnar og það er mér sannur heiður að sitja sem formaður stjórnar á 100 ára afmælisári þess. Það sama á auðvitað við um langflesta á félagssvæði UMSE, að mikið af íþróttaiðkun og félagsmálaþátttöku hefur verið í gegn um eitthvert hinna 14 aðildarféлага UMSE. Það mikla starf sem félagsmenn aðildarféлага hafa innt af hendi er grunnurinn að allri þessari starfsemi og því er við hæfi á tímamótum að þakka það sérstaklega. Allt þetta sjálfbodaliðastarf er ekki sjálfgefið og fórnfús vinna þeirra sem standa í forsvari fyrir félögin í misjöfnu árferði er gríðarlega mikilvæg. Ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með afmælið og það mikla starf félaganna sem er grunnurinn að langlífi og styrk sambandsins.

Við búum ekki lengur við sama félagslega umhverfi og var á þeim tíma sem ég man fyrst eftir og heldur ekki við reglulega félagsfundum innan aðildarfélaganna. Nú er algengast að hafa einungis aðalfund meðal almennra félagsmanna en ekki þrjá eða fleiri opna fundi ár hvert eins og var í þá daga. Starfið er nú meira innan stjórnar eða starfsnefnda hjá félögunum og aðkoma hins almenna félagsmanns er minni en var. Þessi breyting hefur það í för með sér að fjarlægðin í sjálfbodaliðann, sem er einn mikilvægasti starfsmaður hvers íþróttafélags, verður hugsanlega meiri



Sigurður Eiríksson.

en ákjósanlegt er. Við þurfum því að gæta þess að missa ekki þessa tengingu og einnig að gæta þess að ala börnin okkar upp í því hvað sjálfbodaliðastarf er gefandi þó ekki séu greidd bein laun fyrir vinnuna. Það felast sóknarfæri í nútímalegri samskiptatækni en við verðum að gæta að mannlegu samskiptunum og félagsfærni.

Það er auðvitað við hæfi á svona tímamótum að líta til baka og fara yfir starfstímann sem liðinn er. Það er því gott að vanda til verka við afmælisrit og það er von mín að þið njótið þessarar góðu samantektar Óskars Þórs Halldórssonar á 100 ára starfsemi sambandsins.

Síðan er auðvitað einnig mikilvægt að líta fram á við. Nú er svo

komið að íþróttaiðkun ungmenna í sveitum hefur færst talsvert inn í þéttbýlið. Einnig er það svo að verkefni íþróttahéraða eru í endurskoðun og það er talsverður þrýstingur á að íþróttahéruð verði stækkuð og þeim gert fært að taka að sér fleiri verkefni en áður hefur verið. Það er mín trú að við getum ekki staðið hjá og beðið eftir að slík sameining verði þvinguð fram með einhverjum hætti. Það færi betur á því að ræða við næstliggjandi íþróttahéruð um aukna samvinnu með það í huga að sameinast innan fárra ára. Ég er þeirrar skoðunar að með þeim hætti getum við á bestan hátt tryggt þá krafta sem felast í 100 ára sögu UMSE til allrar framtíðar.

UMSE bætir samfélagið

Ég vil byrja á því að óska UMSE til hamingju með daginn. Það er ekki öllum félagsamtökum gefið að fagna aldarafmæli. Mörg félög ná því miður aðeins nokkurra ára aldri. UMFÍ og UMSE hafa átt því láni að fagna að innan raða félaganna er fjöldi fólks, að langmestu leyti sjálfbodaliðar, sem fullt er af eldmóði og hugsjón til starfsins. Þeir halda starfinu áfram af krafti. Ungmennafélagar og sjálfbodaliðar hugsa um samfélagið og einstaklingana sem mynda það. Þetta eru samhangandi kraftar þar sem sterkir og öflugir einstaklingar hafa hvetjandi áhrif á aðra.

Þjónusta og aukin gæði starfsins

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélag þeirra. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins og eru aðildarfélag þeirra um 450 talsins um allt land.

UMFÍ veitir UMSE þjónustu af ýmsum toga og gagnast hún aðildarfélagum á sambandsvæði UMSE. Á meðal þjónustupátta er aðgengi að sameiginlegu félagakerfi íþróttahreyfingarinnar. Hreyfingin hefur nú notað Felix um nokkurra ára skeið. Nýtt kerfi er í smíðum hjá fyrirtækinu Abler, sem mun taka yfir hlutverk Felix innan skamms. Kosturinn við nýja kerfið byggir ekki síst á því að þar horfum við til þess að geta kallað fram nákvæmar upplýsingar um einstaka þætti starfsins. Það stuðlar að auknum gæðum og rennir sterkari stoðum undir íþróttalíf á Íslandi.

Meiri samvinna og árangur fyrir alla

Þá er UMFÍ málsvari ungmennafélagshreyfingarinnar gagnvart hinu opinbera og er í nánun samstarfi við stjórnvöld um leiðir til að gera starfið enn árangursríkara fyrir sem flesta félagsmenn og iðkendur. Þar á meðal eru fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar, stuðningsaðgerðir í COVID-faraldrinum og margt fleira. UMFÍ á jafnframt hlut í Íslenskri getsþá og njóta sambandsaðilar UMFÍ góðs af því í hverjum mánuði. Þar á meðal UMSE sem fær fyrir tilstuðlan lottóspilara um allt land forgjöf í formi fjármagns til að bæta starfið og uppvaxtarskilyrði komandi íþróttafólks.

En UMFÍ veitir meira en þjónustu og arðgreiðslur úr lottói. UMFÍ skapar vettvang fyrir stjórnendur íþróttahreyfingarinnar og ungt fólk sem vill styrkja sig til framtíðar. Stjórnendur og formenn féлага og framkvæmdastjórar hafa hist á þingum UMFÍ, sambandsráðsfundum og framkvæmdastjórahittingum. Auk þess hafa ýmis tækifæri verið



Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

nýtt til að bæta starfið, svo sem sameiginlegar utanlandsferðir stjórnenda þar sem kynnst er starfi féлага í öðrum löndum og sú þekking flutt heim. Ungu fólki gefst líka kostur á að sækja ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði, sem UMFÍ heldur einu sinni á ári. Sameiginlegur vettvangur eins og þeir sem hér eru nefndir hafa leitt til nýs samstarfs og nýjunga í þjónustu aðildarféлага við félagsmenn ungmennaféлага um allt land. Það er gleðiefni þegar vel tekst til enda er það í samræmi við stefnu UMFÍ, að sterkur sambandsaðili mæti þörfum samfélagsins og bæti það um leið. Það gerir UMSE svo sannarlega.



UMSE-krakkar í skrudgöngu við setningu unglíngalandsmóts UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina árið 2017. Mynd: UMFÍ

Aldarafmæli UMSE

Ungmennasamband Eyjafjarðar, eitt af Fyrirmyndarhéraðum ÍSÍ, fagnar aldarafmæli sambandsins 8. apríl 2022 en þess má geta að sambandið var fyrsta íþróttahéraðið í landinu til að hljóta gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Aldarafmæli eru merkileg tímamót. Slík tímamót segja manni að afmælisbarnið hafi gengið í gegnum ýmislegt og mætt stórum sem litlum áskorunum sem lífið og aðstæður bjóða upp á hverju sinni á svo langri leið. Þau segja manni jafnframt að sagan búi yfir mörgum sigrum, stórum og smáum, gleði og samhug.

Eitt hefur þó staðið svo til óbreytt í gegnum árin og það er starf og aðkoma sjálfbodaliða að íþróttastarfinu í héraðinu. Starf íþróttahreyfingarinnar byggir enn á því að fórnfúsir aðilar séu tilbúnir til að starfa sem sjálfbodaliðar í þágu íþróttar svo íþróttastarfið megi áfram dafna og blómstra í landinu. Þess vegna eru afmæli eininga í íþróttahreyfingunni sameiginlegt fagnaðarefni margra og jafnvel flestra á starfssvæðinu og því við hæfi að óska öllum sem koma að starfi UMSE innilega til hamingju með 100 ára afmæli sambandsins.

Í dag eru 11 íþróttagreinar stundaðar innan UMSE í 14 aðildarfélögum og því ýmislegt í boði fyrir íbúa á starfssvæði sambandsins. Íþróttahreyfingin er lifandi og sibreytileg og það sem gerir hana hvað mest spennandi eru óendanlegir möguleikar til breytinga, þróunar og eflingar. Vinsældir einstakra greina ganga

í bylgjum og í dreifðari byggðum getur einstaklingsframtakið gert gæfumuninn um gengi starfseminnar. Hver og einn einstaklingur er alltaf einstakur og dýrmætur en það verður áþreifanlegra í fámenni heldur en fjölmenni. Þeir sem hafa upplifað og skynjað samtakamáttinn sem býr í íþróttahreyfingunni og orðið vitni að þeim afrekum sem unnin hafa verið, bæði í íþróttalegum skilningi en einnig í starfinu og öllum þeim smáu persónulegu sigrum sem hver og einn vinnur þegar hann nær markmiðum sínum á einn eða annan hátt, eiga erfitt með að slíta sig frá þeim segulmætti sem íþróttastarfið býr yfir. Í þeim sem alast upp við íþróttaiðkun slær félagshjartað oft út lífið og það er auður hreyfingarinnar að geta leitað til velviljads fólks um aðstoð og styrk þegar nauðsyn krefur. Það hefur komið sterkt fram síðustu misserin þegar við höfum búið við ymsar takmarkanir, aukið



Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ.

flækjustig og skertar tekjur vegna kórónuveirufaraldursins. Þrátt fyrir hremmingar síðustu ára þá ríkir bjartsýni í hreyfingunni og við hlökkum til þess tíma sem við getum öll keyrt áfram íþróttastarfið án takmarkana eða afkomukvíða, með jákvæðni og gleði í fararbroddi.

Stjórn og starfsfólk Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands óskar UMSE, aðilarfélögum þess og öllum iðkendum sem og öðrum sem koma að starfi innan vébanda UMSE, innilega til hamingju með aldarafmælið. Megi sambandið halda áfram að dafna og eflast í framtíðinni.



Á tímamótum

Við lifum á tímum mikilla þjóðfélagsbreytinga. Á þeim sextíu árum sem ég hef lifað, hafa, þegar horft er um öxl, orðið ævintýralegar breytingar á öllum sviðum. Sem þó er lítill dropi í hafið í samanburði við allar þær breytingar sem forfeður okkar upplifðu. Fólk sem fluttist úr torfbæjum í timbur- og steinhús og naut birtu frá rafhljósum. Sama fólk sem lagði grunninn að ungmennafélagshreyfingunni í sveit og bæ á Íslandi.

Tíðarandinn var annar. Maður var manns gaman, fólk kom saman til þess að skemmta sér og öðrum. Ekkert sjónvarp, engar tölvur, engir snjallsímar. Bara

fólkið sjálft. Þetta voru allt aðrir tímar, ekkert endilega betri en í dag en allt öðruvísi. Tímarnir breytast og mennirnir með, segir máltækið. Í þeim orðum eru mikill sannindi.

Í umróti daganna, áranna og áratuganna er ekki sjálfsagt að félagsamtök eins og Ungmennasamband Eyjafjarðar nái hundrað ára aldri. En það hefur gerst. Vegna þess að fólk á sambandssvæði UMSE hefur unnið fórnfústarf í tímans rás, í þágu síns samfélags.

Hundrað ára saga UMSE er ekki sögð í smáatriðum í þessu afmælisblaði. Hins vegar er hér brugðið upp myndum af starfinu



Óskar Þór Halldórsson.

á liðnum áratugum, dregnar saman ýmsar staðreyndir og ungmennafélagsfólk segir sögur.

Til hamingju UMSE með farsælt starf í hundrað ár.



Aðalstjórn UMSE og framkvæmdastjóri sambandsins fyrir utan Búgarð, þar sem UMSE er til húsa, þann 8. febrúar 2022. Frá vinstri: Þorsteinn Marinósson framkvæmdastjóri, Einar Hafliðason gjaldkeri, Kristlaug María Valdimarsdóttir ritari, Þorgerður Guðmundsdóttir varaformaður, Kristín Thorberg meðstjórnandi og Sigurður Eiríksson formaður. Í varastjórn UMSE eru Björgvin Hjörleifsson, Edda Kamilla Örnólfsdóttir og Jónas Vigfússon.

Aðildarfélag UMSE 2022



Ungmennafélag
Svarfdæla, Dalvík



Golfklúbburinn Hamar,
Dalvíkurbyggð



Blakfélagið Rimar,
Dalvíkurbyggð



Sundfélagið Rán, Dalvíkur-
byggð



Ungmennafélagið
Porsteinn Svörfuður, Svarf-
dædal



Hestamannafélagið
Hringur, Dalvíkurbyggð



Skíðafélag Dalvíkur,
Dalvíkurbyggð



Ungmennafélagið Reynir,
Árskógsströnd



Ungmennafélagið
Smárin, Hörgársveit



Ungmennafélagið
Samherjar,
Eyjafjarðarsveit



Hestamannafélagið Práinn,
Grýtubakkahreppi
og Svalbarðsströnd



Ungmennafélagið Æskan,
Svalbarðsströnd



Hestamannafélagið Funi,
Eyjafjarðarsveit

MIDGARDUR
Akstursíþróttafélag,
Dalvíkurbyggð



Frumkvöðlarnir á íþróttanámskeiði á Akureyri árið 1922, á stofnari UMSE. Standandi frá vinstri: Snæbjörn Þorleifsson, Guðmundur Baldvinsson, Steindór Hjaltalín, Finnur Nielsson, Friðþór Jakobsson, Zophonías Árnason, Hallfréð Sigtryggsson, Eggert Stefánsson, Ingólfur Pálsson, Steingrímur Kristjánsson, Sveinbjörn Lárússon og Ragnar Davíðsson. Sitjandi fyrir framan er kennarinn á námskeiðinu, Sigurliði Kristjánsson.

Stofnun Ungmennasambands Eyjafjarðar 8. apríl 1922

Grunnurinn að stofnun Ungmennasambands Eyjafjarðar var stofnun Ungmennafélags Akureyrar á nýársdag 1906, sem var fyrsta ungmennafélag landsins. Þar stóðu í brúnni miklir eldhugar eins og t.d. Jóhannes glímukappi Jósefsson og Þórhallur Bjarnason prentari.

Jóhannes Jósefsson markaði djúp spor í sögu æskulýðs- og íþróttamála á Íslandi. Hann keppti í glímu á Ólympíuleikunum í London og gerði garðinn frægan. Hann dvaldi erlendis meira og minna til 1927 og sýndi íslenska glímu, sjálfsvörn og aðrar aflu-raunir. Við heimkomuna hóf hann undirbúning að byggingu Hótel Borgar sem skyldi verða tilbúin fyrir þúsund ára afmæli


Alþingis árið 1930. Það tókst og var hótelið opnað þrátt fyrir hrakspár margra. Jóhannes átti og rak Hótel Borg til 1960 er hann settist í helgan stein. Jóhannes var jafnan kenndur við Hótel Borg. Hann lést árið 1968.

Jóhannes á Borg og félagi hans á Akureyri forðum tíð einkenndi mikill eldmóður og kraftur sem smitaði út frá sér og ýtti Jóhannes undir stofnun ungmennafé-

laga víðar en á Akureyri. En Ungmennafélag Akureyrar var sannarlega karlklúbbur og kom fram í samþykkt stofnfundar félagsins að aldurstakmark væri 16 til 30 ára og kvenfólk hafi „alls ekki aðgang að félaginu“.

Tólf aðildarfélag

Félagar í Ungmennafélagi Akureyrar létu til sín taka og áttu aðild að stofnun Ungmennafélags Íslands – UMFÍ – á Þingvöllum árið 1907. Í kjölfarið var stofnað til fjórðungssambanda ungmennafélaga um allt land sem skyldu halda fjórðungsþing



Árið eftir stofnun UMSE hóf sambandið að gefa út félagsblaðið Röðul. Útgáfunni var hætt árið 1940. Hér er forsiða fyrsta tölublaðsins 12. september 1923.

árlega en kjósa á sambandsþingi UMFÍ er haldið skyldi á þriggja ára fresti. Þetta fyrirkomulag var í nokkur ár en á sambandsþingi UMFÍ 1914 var ákveðið að í stað fjórðungssambanda væri heimilt að stofna til héraðssambanda ungmennafélaga.

Á héraðsþingi Ungmennafélags Norðlendingafjórðungs á Akureyri 7. apríl 1922 á skrifstofu Kaupfélags Eyfirðinga var samþykkt að

slíta sambandinu og stofna þess í stað héraðssamband, í samræmi við samþykkt sambandsþings UMFÍ 1914. Daginn eftir, 8. apríl 1922, var haldinn stofnfundur Héraðssambands ungmennafélaga Eyjafjarðar, skammstafað HUMFE, á skrifstofu Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri og setti hann Jón Sigurðsson, félagi í Ungmennafélagi Akureyrar og fráfarandi formaður eða fjórð-



Kristján Karlsson var ritari fyrstu stjórnar UMSE starfsárið 1922-1923. Hann starfaði lengi sem bankamaður, var bankafulltrúi Íslandsbanka á Akureyri og Siglufirði og síðar bankastjóri Íslandsbanka í Reykjavík. Hann var um tíma formaður Ungmennafélags Íslands. Kristján lést árið 1981.

ungsstjóri Ungmennafélags Norðlendingafjórðungs. Tólf félög stóðu að stofnun sambandsins:

Umf. Áróðinn, Kaupangssveit
Umf. Dagsbrún, Höfðahverfi
Umf. Framtíð, Hrafnagilshreppi
Umf. Svarfdæla, Dalvík
Umf. Ólafsfjarðar
Umf. Reynir, Árskógsströnd
Umf. Saurbæjarhrepps
Umf. Dagsbrún,
Glæsibæjarhreppi
Umf. Haganesvíkur
Umf. Siglufjarðar
Umf. Vorboðinn,
Saurbæjarhreppi
Umf. Akureyrar

Stjórnarmenn úr Ungmennafélagi Akureyrar

Fyrstu árin hét sambandið Héraðssamband ungmennafélaga Eyjafjarðar en af gögnum má

ráða að frá og með 1926 hafi það heitið Ungmennasamband Eyjafjarðar, skammstafað UMSE. Fljótlega eftir stofnun sambandsins gengu fleiri ungmennafélög á sambandssvæðinu til liðs við það; Þorsteinn Svörfuður í Svarfardal árið 1925, Ungmennafélag Skriðuhrepps árið 1927 og Ungmennafélagið Vorhvöt á Þelamörk árið 1928.

Nokkur af stofnfélögum UMSE áttu ekki lengi aðild að félaginu. Ungmennafélag Haganesvíkur sagði sig úr UMSE

strax árið 1923, sama ár var Ungmennafélaginu Dagsbrún í Glæsibæjarhreppi vikið úr sambandinu vegna þess að það hafði numið úr lögum sínum bindindisheit (Dagsbrún kom aftur síðar inn í UMSE og starfaði þar í áratugi), Ungmennafélag Ólafsfjarðar sagði sig úr UMSE árið 1924 og Ungmennafélagið Vorhvöt árið 1930. Ekki er vitað nákvæmlega um örlög Ungmennafélags Siglufjarðar í starfi UMSE en eftir því sem næst verður komist starfaði það nánast ekkert innan

Fyrsta konan í stjórn UMSE

Emilía Baldursdóttir úr Ungmennafélaginu Áróðanum var kjörin í varastjórn UMSE á ársþingi sambandsins í mars 1969 í Laugarborg. Var hún fyrsta konan til þess til að setjast í stjórn/varastjórn UMSE frá stofnun

sambandsins árið 1922. Með öðrum orðum, í tæpa hálfu öld höfðu einungis karlar setið í stjórn UMSE. Emilía var kjörin í varastjórn UMSE 1969 og 1970 og síðan var hún ritari aðalstjórnar UMSE starfsárið 1973-1974.



Emilía Baldursdóttir var öflug í kastgreininum á sjöunda áratugnum.

„Þeir settu mig í þetta karlarnir,“ segir Emilía þegar hún rifjar upp hvernig það kom til að hún var kjörin í varastjórn UMSE. „Ég var nítján ára þegar ég mætti á ársþingi UMSE og stóð upp og lét álit mitt í ljós á einhverjum nýjum íþróttagalla. Þegar staðið er upp og eitthvað sagt á þingum er strax farið að tala um að setja mann í nefndir eða stjórnir og það varð niðurstaðan á þessu ársþingi,“ segir Emilía.

Áður en Emilía var kjörin í aðalstjórn var hún farin að æfa



Hér kastar Emilía kúlu á héraðsmóti UMSE árið 1966.



Fjórir aðalstjórnarmenn UMSE starfsárið 1973-1974. Frá vinstri: Birgir Þórðarson gjaldkeri, Haukur Steindórsson formaður, Emilía Baldursdóttir ritari og Vilhjálmur Björnsson meðstjórnandi.

frjálsíþróttir og var mjög sterk í kastgreinum, sérstaklega var hún öflug í kúluvarpi. Fyrst vakti hún verulega athygli sem kúluvarpari þegar hún sigraði í Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands sumarið 1966 en næstu fjögur ár – 1967 til 1970 – varð Emilía Íslandsmeistari í kúluvarpi. Hún náði einnig mjög góðum árangri í kringlukasti og spjótkesti. Þegar Emilía dró úr þátttöku í mótum fór hún að kenna yngri iðkendum, sumarið 1971 sá hún t.d. ásamt Steingrími Björnssyni um íþróttæfingar hjá Ungmennafélaginu Áróðanum. Það ár var það síðasta sem Emilía keppti í frjálsum.

Æft á Þveráreyrum og Laugalandi

„Fyrst sótti ég æfingar á Þveráreyrunum og síðan þegar völlurinn kom á Laugalandi fluttust æfingarnar þangað. Þjálfarar og leiðbendur voru Sigurður Viðar Sigmundsson, Halldór Gunnars-

son og fleiri. Ég æfði einu sinni í viku en síðan ekki söguna meir. Það þætti ekki mikið í dag. Ég var nær eingöngu í kastgreinum en var einhvern tímann, þrátt fyrir að vera ekki fljót að hlaupa, fengin í hallæri til þess að hlaupa í boðhlaupum. Á þessum árum vorum við Sigurlína Hreiðarsdóttir mikið að keppa saman í kastgreinunum og skiptumst á að vera í efstu sætunum,“ segir Emilía.

En af hverju valdi Emilía kastgreinarnar í frjálsum? Hún segist ekki endilega vera viss um að hún hafi sjálf valið þær. Þjálfararnir hafi beint henni inn á þá braut. „En mér fannst alltaf skemmtilegast í handboltanum, en við byrjuðum frjálsíþróttæfingarnar á því að hita upp í handbolta.“

Öflugur kastari

Samkvæmt afrekaskrá FRÍ var lengsta kast Emilíu í kúluvarpi 10,67 m, lengst kastaði hún kringlu 29,64 m og spjóti 30,36 m.

Í 50 ára afmælisblaði UMSE árið 1972 kemur fram í viðtali við Emilíu að hún hafi byrjað að starfa með Ungmennafélaginu Áróðanum í Öngulsstaðahreppi árið 1963, það hafi þótt sjálfsagt mál að byrja að starfa í ungmennafélögunum eftir fermingu. Áður segist hún hafa æft og spilað handbolta á Þverá.

Í frjálsum keppti Emilía fyrst árið 1964 og tók þátt í Landsmóti UMFÍ á Laugarvatni árið eftir. Emilía getur þess í viðtalinu í afmælisblaðinu að það hafi verið óskaplegur hiti á Laugarvatnslandsmótinu og hún hafi verið með þeim síðustu í öllum greinum. „En það var ekki hitanum að kenna, því fljótlega kom í ljós að ég var veik og hafði verið það nokkuð lengi. Ég fór í uppskurð um haustið og náði mér á strik. Eftir þetta keppti ég á hér- aðsmótum, Norðurlandsmótum, Unglingameistaramóti Íslands og tveimur landsmótum, á Eiðum '68 og Sauðárkróki 1971.“



Á öndverðri 20. öld var Sundskáli Svarfdæla, sem er elsta yfirbyggða sundlaug landsins, mikilvægur þáttur í vexti og viðgangi sundsins í Eyjafirði. Hér er Kristinn Jónsson – Kiddi sund – sundkennari á Dalvík með hópi barna við Sundskálann.

Sundið á sambandssvæði UMSE

Sund hefur lengi verið í hávegum haft á sambandssvæði UMSE. Á fyrstu áratugum 20. aldar var sundaðstaða þó heldur bágborin og tóku ungmennafélagar höndum saman um að hlaða upp sundpolla þar sem volgt vatn var að finna. Þessir sundpollar voru notaðir yfir sumarmánuðina og þar tóku margir sín fyrstu sundtök.

En aðstæður voru ekki alls staðar slæmar. Svarfdælingar státuðu af yfirbyggðri sundlaug, Sundskála Svarfdæla, sem var tekin í notkun árið 1929. Þessa merku sundlaug byggðu ungmennafélagar í Svarfaðardal og á Dalvík af miklum myndarskap. Ófáir lærðu sund í Sundskála Svarfdæla, ekki aðeins heima-

menn heldur einnig ungmenni úr nágrennabyggðum og auk þess komu nemendur í Menntaskólanum á Akureyri út í Svarfaðardal á sundnámskeið í Sundskálanum og gistu á bæjum í dalnum.

Sjá má í fundargerðum UMSE að á fyrstu árunum eftir að Sundskálinn var opnaður var hann vel nýttur. Þannig samþykkti stjórn UMSE að bjóða aðildarfélögunum að senda áhugasama



Fedgarnir Helgi Schiöth (nær á myndinni) og Reynir Schiöth stinga sér til sunds á Sundmóti UMSE á Laugalandi á Pelamörk árið 1957.



Sundmót á vegum UMSE í sundlauginni á Laugalandi á Pelamörk, sem var lengi eina löglega keppnislaugin á sambandsvæði UMSE.

iðkendur á sundnámskeið í Sundskála Svarfdæla 10. til 30. janúar árið 1933 og voru 22 þátttakendur frá sex aðildarfélögum, þar af 20 drengir og 2 stúlkur. Kristinn Jónsson sundkennari á Dalvík kenndi á námskeiðinu. UMSE greiddi kostnaðinn við kennsluna en þátttakendur kostuðu sig að öðru leyti sjálfir. Kennnt var bringusund, baksund, björgunarsund og marvaði, hliðsund og skriðsund.

Á öndverðri 20. öld var keppt í einstaka sundgreinum á héraðsmótum, ef þau voru haldin þar sem aðstaða var til sunds. Frá árinu 1953 var haldið árlegt héraðsmót í sundi og svo var í nokkra áratugi. Vöxtur og viðgangur sundíþróttarinnar í einstaka ungmennafélögum í

Eyjafirði tók mið af aðstæðum til sundæfinga. Svarfdælingar og Dalvíkingar voru lengi í fremstu röð sundmanna á héraðsmótum og svo var einnig um félagi í ungmennafélögunum í Arnarneshreppi, Hörgárdal og Öxnadal sem æfðu sig í Jónasarlaug á Laugalandi á Pelamörk, sem var lengi langstærsta sundlaugin á svæðinu og sú eina sem var lögleg keppnislaug. Góð viðbót var síðan endurbyggð laug á Laugalandi í Eyjafirði sem var tekin í notkun árið 1964. Handan Eyjafjarðarár var 20 metra laug á Hrafnagili, norðvestan við þar sem félagsheimilið Laugarborg stendur, en dagar hennar voru taldir í kringum 1960. Síðar var sundlaug byggð sunnan íþróttahússins á Hrafnagili. Aðrar laugar

sem eiga sér langa sögu í Eyjafirði eru Sundlaug Svalbarðsstrandar og Sundlaug Hríseyjar. Báðar hafa þessar laugar verið endurbyggðar. Í nokkur ár, í kringum 1970, var sundfólk í Ungmennafélaginu Narfa í Hrísey í fremstu röð á héraðsmótum.

Sundfélagið Rán

Eina sundfélagið sem hefur verið stofnað á sambandsvæði UMSE er Sundfélagið Rán á Dalvík. Félagið var stofnað 21. febrúar 1998 af 27 sundáhugamönnum á Dalvík.

Fjórum dögum eftir stofnun félagsins sótti það um aðild að UMSE. Félagið var tekið inn í UMSE sama ár og átti þar með einnig aðild að UMFÍ og ÍSÍ. Fyrsti formaður Sundfélagsins



Sundlaugin og íþróttamiðstöðin á Pelamörk sumarið 2021.

Ránar og jafnframt sundþjálfari félagsins var Elín Björk Unnarsdóttir.

Haukur Snorrason átti hug-

myndina að nafni félagsins. Vignir Hallgrímsson, myndlistarmaður á Dalvík, átti hins vegar hugmyndina að merki félagsins

en um grafíska útfærslu þess sá Þorgerður Jóhanna Sveinbjarnardóttir.

Til álita kom að sundið yrði



Gamla sundlaugin á Laugalandi í Eyjafirði, sem var lokað fyrir nokkrum árum, og Laugalandsskólalásið.



Íþróttamiðstöðin á Dalvík – íþróttahúsið, líkamsrækt og sundlaugin.

deild í Ungmennafélagi Svarfdæla á Dalvík en Elín Björk Unnarsdóttir segir að hugsunin með stofnun sjálfstæðs sundfélags hafi verið sú að það yrði þar með aðildarfélag Sundsambands Íslands.

Frá stofnun Sundfélagsins Ránar er óhætt að segja að Elín Björk hafi gegnt lykilhlutverki í starfi þess. Hún hefur í öll þessi ár verið sundþjálfari félagsins og flest árin hefur hún líka verið formaður þess.

Elín er fædd og uppalin í Reykjavík en flutti til Dalvíkur árið 1991. Á sínum yngri árum í höfuðborginni æfði hún og keppti fyrir Sundfélagið Ægi. Hún hóf að æfa af krafti árið 1977 og var komin í sundlandsliðið tveimur árum síðar, aðeins fimmtán ára gömul. Elín var í landsliðinu 1979 og 1980 og var bringusundið hennar aðalgrein.

Sundæfingarnar tóku mikinn tíma og svo fór að Elín ákvað að láta staðar numið og snúa sér að öðru. „Það háði mér að ég hafði ekki það keppnisskap sem þurfti til þess að vera í fremstu röð og oft synti ég á betri tímum á æfingum en í keppni. Það segir

allt sem segja þarf. Á árunum 1981 og 1982 hætti ég því smám saman að æfa og keppa í sundi.“

Hjá Ægi fór Elín á þjálfaranámskeið og leysti annað slagið af sem þjálfari afrekshóps félagsins. Hún tileinkaði sér ákveðna grunnþætti í sundþjálfun.



Elín Björk Unnarsdóttir, sundþjálfari og formaður Sundfélagsins Ránar á Dalvík.



Þorgerður Jóhanna Sveinbjarnardóttir úr Sundfélaginu Rán er hér á fullri ferð í flugsundi á Aldursflokkmóti Íslands á Akureyri, þar sem hún vann til silfurverðlauna. Þorgerður náði langt í sundíþróttinni, var m.a. landsmótsmeistari í 100 metra skriðsundi kvenna á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki árið 2004.

„Sumarið 1996 fékk ég upphringingu frá Skarphéðni Péturssyni, sem þá var forstöðumaður Sundlaugar Dalvíkur, og hann spurði hvort ég væri ekki til í að segja til nokkrum krökkum f. 1985-1987 sem mættu reglulega í sund og væru áhugasöm. Ég tók jákvætt í þá beiðni og fyrstu sundæfingarnar í Sundlaug Dalvíkur voru sumarið 1996. Um haustið tók ég að mér sundkennslu fyrir krakkana í Húsabakkaskóla í Sundskála Svarfdæla sem þýddi að ég varð að láta staðar numið með sundæfingarnar á Dalvík, því ég hafði ekki tók á því að sinna hvoru tveggja.“

Reynslan af því að þjálf krakkana sumarið 1996 kveikti löngun Elínar til að halda áfram á sömu braut. Æfingar hófust á ný í Sundlaug Dalvíkur í nóvember 1997 og síðan var Sundfélagið Rán stofnað í framhaldinu í febrúar 1998, sem fyrr segir. Elín tók að sér þjálfun frá fyrsta degi

félagsins en nokkrum sinnum leysti hana af Lilja Vilhjálmsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Dalvík, sem hafði einnig æft og keppt fyrir Ægi í Reykjavík á sama tíma og Elín. „Og ég reyndi einnig að virkja alla þá á Dalvík sem höfðu reynslu og áhuga á sundinu til þess að vera til taks ef leysa þyrfti af á æfingum,“ segir Elín.

Frá stofnun Sundfélagsins Ránar hefur bróðurpartur sundæfinga verið í Sundlaug Dalvíkur en einnig hefur verið æft í Sundskála Svarfdæla í Svarfaðardal, meðan hann var opinn, og þegar sundlaugin á Dalvík hefur verið lokað vegna viðhalds hefur fengist leyfi frá Fjallabyggð til æfinga í Sundlaug Ólafsfjarðar og Sundhöll Siglufjarðar.

Stolt af starfinu

Elín segist ekki geta annað en verið stolt af starfi Sundfélagsins Ránar og árangri sundfólksins í þá rúma tvo áratugi sem félagið hefur starfað. Til marks

um það hafi þetta litla sundfélag einu sinni átt sigurvegara á Aldursflokkmóti Íslands, Amalíu Nönnu Júlíusdóttur. Þegar hún fór í framhaldsskóla á Akureyri skipti hún yfir í Sundfélagið Óðin og setti Akureyrarmet í sundi. Amalía er nú á sundskólaskólastyrk í Indiana í Bandaríkjunum.

Þorgerður Jóhanna Sveinbjarnardóttir náði líka eftirtektarverðum árangri og sigraði m.a. 100 metra skriðsund á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki árið 2004. Árið eftir keppti hún á alþjóðlegu móti í Frakklandi.

Til þessa hefur Sundfélagið Rán átt þrjá keppendur á Íslandsmóti í sundi; Amalíu Nönnu, Þorgerði Jóhönnu og Hjörleif Helga Sveinbjarnarson.

Elín segir að starfsemi Sundfélagsins Ránar hafi oftast gengið vel en fyrir hafi þó komið að iðkendum fækkaði verulega, það hafi til dæmis gerst árið 2005. „En þá tók fólk höndum saman og skyndilega varð sprenging í



Þátttakendur og þjálfari þeirra frá Sundfélaginu Rán á Aldursflokkamóti Íslands í sundi á Akureyri. Frá vinstri: Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, Agnes Fjöla Flosadóttir, Amalía Nanna Júlíusdóttir og Elín Björk Unnarsdóttir. Amalía Nanna náði þeim árangri að verða aldursflokkameistari í bringusundi á AMÍ á Akranesi árið 2016.

iðkendafjölda. Þegar iðkendur voru flestir æfðu reglulega ríflega tuttugu manns. Núna eru fjórtán iðkendur skráðir og þeir eru að mæta mjög vel og eru áhugasamir, meirihluti þeirra er af erlendu bergi brotinn,“ segir Elín.

Árið 1998, á stofnári Sundfélagsins Ránar, gáfu Hildigunnur og Heimir Kristinsbörn, börn Kristins Jónssonar - Kidda sunds, félaginu framfarabíkar til minningar um föður sinn og hefur hann verið veittur þeim iðkanda sem sýnir mestar framfarir á milli framfaramóta félagsins sem eru þrjú á hverju ári.

Frá árinu 2002 hefur Lionsmótið í sundi verið haldið árlega í Sundlaug Dalvíkur, að undanskildu árinu 2017 er það var haldið í Sundhöll Siglufjarðar, eða þar til að covid faraldurinn hafði áhrif á samkomu- og móta-

hald árið 2020. Lionsmótið hefur ávallt verið einn stærsti viðburður félagsins ár hvert.

Afslöppun frá daglegu amstri

Þó svo að sundþjálfunin sé mikil og tímafrek vinna segir Elín að hún sé líka ákveðin afslöppun frá hennar daglega starfi sem stærðfræðikennari við Verkmenntaskólann á Akureyri. „Ég fer í laugina og syndi með krökkunum og það er ákveðin afslöppun. Og ekki má gleyma allri útiverunni sem þessu fylgir, hún er ekki lítills virði,“ segir Elín. Æft er þrisvar í viku, klukkustund í senn. Þátttaka í mótum segir Elín ráðast af getu krakkanna sem æfa. Bæði eru innanfélagsmót og einnig segir Elín að sundkrakkar í Rán taki þátt í aldursflokkamótum og öðrum mótum á landsvísu.

„Vissulega kostar umtalsverða fjármuni að reka svona félag og því skiptir miklu máli að Dalvíkurbyggð styrkir það árlega með fjárframlagi, stuðningur sveitarfélagsins er grunnurinn að rekstrinum. Auk þess hefur félagið allar klær úti með fjáröflun af ýmsum toga sem iðkendur og forráðamenn þeirra sjá að mestu um. Dæmi um fjáröflun er umsjón með kvannahlaupinu á Dalvík,“ segir Elín en auk sundþjálfunar hjá Sundfélaginu Rán hefur hún m.a. verið með sundleikfimi og skriðsundsnámskeið fyrir almennung í Sundlaug Dalvíkur.

Þrátt fyrir að hafa sagt skilið við sundið sem keppnisíþrótt hefur Elín annað slagið stungið sér í laugina á opna Íslandsmótinu í garpasundi og raunar á hún gildandi Íslandsmet í flugsundi garpa.

Viljum rífa Æskuna upp

„Við leggjum á það áherslu í okkar starfi að krakkarnir hérna á Svalbarðsströndinni hafi jöfn tækifæri til þess að stunda þær íþróttir sem við bjóðum upp á – endurgjaldslaut,“ segir Þóra Sigríður Torfadóttir, formaður Ungmennafélagsins Æskunnar á Svalbarðsströnd.

„Yfir sumarmánuðina höfum við verið með frjálsíþróttæfingar á vellinum okkar á Svalbarðseyri og einnig höfum við lagt það í hendur þjálfaranna að prófa sig áfram með að bjóða krökkunum upp á aðrar íþróttir. Það hafa einnig verið nokkrar frísbíggolfæfingar á vallarsvæðinu okkar

hér,“ segir Þóra Sigríður en sumarið 2021 héldu Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir og Eir Starradóttir, sem báðar eru af Svalbarðsströndinni, utan um þjálfunina.

Í lok sumars heldur Æskan upp á Æskudaginn fyrir börn og fullorðna þar sem brugðið er á leik í m.a. frjálsíþróttum og frísbíggolfi og hún nefnir líka að félagið hafi verið að vinna að því að útbúa fjallahjólabraut niður við sjó, skammt norðan Svalbarðseyrar, fyrir hjólaáhugafólk í sveitarfélaginu. Þá hafi Æskan notað í fyrsta skipti í vetur búnað sem það varð sér út um til þess að gera



Þóra Sigríður Torfadóttir, formaður Æskunnar.

gönguskíðaspor og með því vilji félagið yta undir holla og góða útihreyfingu yfir vetrarmánuðina. Þóra Sigríður nefnir einnig að



Börn og fullorðnir bregða á leik á Æskudeginum 28. ágúst 2021.

yfir vetrarmánuðina sé boðið upp á krakkablað í íþróttahúsinu og einnig eru tímar í kvenna- og karlablaði.

Stóra verkefni Ungmennafélagsins Æskunnar segir Þóra Sigríður að hleypa endurnýjuðum krafti í starf félagsins. Undanfarin ár hafi verið nokkur ládeyða í

starfinu en nú sé vilji til þess að efla það og styrkja. Mikilvægt sé að geta boðið yngstu kynslóðinni og í rauninni öllum í sveitarfélaginu upp á holla og góða hreyfingu heima og nýta þá aðstöðu sem þar sé, í stað þess að sækja allar íþróttæfingar til Akureyrar.

„Við viljum rífa Æskuna upp og okkur finnst að ungmennafélagið eigi að vera öflugt og fyrir alla. Við teljum að það skipti miklu máli fyrir sveitarfélagið og fólkið sem hér býr að þessi þjónusta sé til staðar og við þurfum ekki alltaf að fara yfir lækinn,“ segir Þóra Sigríður Torfadóttir



Íþróttahúsið á Svalbarðseyri og austan þess er sparkvöllur.

Fjölbreytt starf Samherja í Eyjafjarðarsveit

Þann 4. apríl 1996 var Ungmennafélagið Samherjar í Eyjafjarðarsveit stofnað á grunni þriggja sögufrægra ungmennafélaga; Ároðrans í Öngulsstaðahreppi, Framtíðar í Hrafnagilshreppi og Vorboðans í Saurbæjarhreppi. Rúmum aldarfjórðungi síðar er starfsemin blómleg og sóknarhugur í stjórnendum og iðkendum félagsins.

„Samherjar er fjölgreinafélag sem leggur mesta áherslu á að bjóða börnum og unglingum upp á fjölbreytta íþróttaiðkun á eins lágum æfingagjöldum og mögulegt er,“ segir Karl Jónsson, formaður Samherja. Félagið er með skipulagðar æfingar í níu íþróttagreinum; knattspyrnu, blaki, körfuknattleik, badminton, skák,

bandý, borðtennis, frjálsíþróttum og fimleikum. Auk þess er boðið upp á þrektíma fyrir unglinga og fullorðna og leikjaskóla fyrir börn á leikskólaaldri.

Kórónuveirufaraldurinn setti strik í reikninginn

Karl segir að vissulega hafi kórónuveirufaraldurinn gert félaginu

lífið leitt. Vegna hans hafi Handverkshátíðin á Hrafnagili fallið niður 2020 og 2021 og þar með hafi horfið stærsta tekjulind Samherja því félagið hafi fengið greitt fyrir sjálfbodaðavinnu félagsmanna í kringum sýninguna. Þetta segir Karl að hafi verið mikið högg fyrir félagið og því hafi stjórn þess unnið með Eyjafjarðarsveit að því að endurskipuleggja reksturinn og gera hann sjálfbæran, án tekna frá Handverkshátíðinni. Sveitarfélagið hafi komið til móts við félagið í nýjum samningi með húsaleigu-



Karli Jónssyni, formanni Samherja í Eyjafjarðarsveit, er margt til lista lagt. Hann er fæddur og uppalinn á Sauðárkróki og æfði þar og spilaði körfubolta með Tindastóli til fjölda ára. Reynslu sinni og þekkingu á körfuboltanum miðlar hann til iðkenda í Eyjafjarðarsveit. Hér er hann í þjálfarahlutverkinu á æfingu með Samherjakrökkum. Aftari röð frá vinstri: Heiðbjört Jónsdóttir, Einar Breki Jónsson, Viktor Arnbro Þórhallsson, Alexander Þór Arnarsson, Frans Heiðar Ingvason, Ármann Tumi Bjarkason, Teitur Nolsöe Baldursson, Daði Snær Hlynsson og Róbert Orrí Finnsson. Fremri röð frá vinstri: Kristján Atli Valsson, Heiðmar Kári Sveinsson, Sölvi Sigurðarson, Jónatan Þór Sigurjónsson, Karl Jónsson, Björgvin Freyr Snorrason, Haukur Skúli Óttarsson og Ragnheiður Birta Hákonardóttir. Þegar myndin var tekin vantaði þrjá iðkendum á æfingu; Þorstein Búa Pálmason, Freyju Rán Sigurjónsdóttur og Aksels Rojs Eksteins.

styrk vegna notkunar íþróttaiðstöðunnar á Hrafnagili og einnig njóti það rekstrarstyrks frá Eyjafjarðarsveit. Þar með segir Karl að félagið njóti nú sambærilegs stuðnings frá Eyjafjarðarsveit og íþróttafélög víða um land frá viðkomandi sveitarfélögum.

„Í góðu samstarfi við sveitarfélagið hefur okkur tekist að styrkja rekstrarstöðir félagsins, sem er grunnurinn að því að við getum boðið okkar iðkendum upp á fjölbreytta og góða þjónustu á eins lágum æfingagjöldum og mögulegt er. Við höfum þurft að bregðast við tekjufalli síðustu

ár með hækkun æfingagjalda en á móti mun Eyjafjarðarsveit hækka tólmstundastyrki til barna og unglinga í sveitarfélaginu,“ segir Karl.

Yngriflokkalið í körfubolta í fyrsta skipti í Íslandsmóti

Eðli málsins samkvæmt var starfsemi gömlu ungmennafélagsanna í Eyjafjarðarsveit dreifð um sveitina. Hvert félag hafði æfinga- og félagsaðstöðu í sínu hreppsfélagi. Nú er öldin önnur, öll íþróttaaðstaða Ungmennafélagsins Samherja er á Hrafnagili, þar

sem knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllurinn austan grunnskólans er miðpunkturinn yfir sumar mánuðina og íþróttahúsið yfir vetrarmánuðina.

Almennt segir Karl að þátttaka í íþróttastarfi Samherja sé góð, einkum hjá nemendum í yngri bekkjum grunnskóla. „Við bjóðum ekki upp á eiginlega afreksþjálfun og því hafa eldri krakkar frá okkur sótt æfingar hjá íþróttafélögum á Akureyri, ef þau hafa kosið að halda áfram í sínum íþróttagreinum og æfa á afreksstigi,“ segir Karl.

Körfuboltinn er ein þeirra



Annar tveggja miðpunkta íþróttastarfs Samherja, íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar á Hrafnagili. Íþróttahúsið til vinstri og sundlaugin til hægri.


greina sem hefur sótt í sig veðrið hjá Samherjum og í fyrsta skipti hefur félagið á árinu 2021 teft fram körfuboltaíði í Íslandsmóti yngri flokka.

„Það skiptir miklu máli að við erum með æfingatíma yfir

vetrarmánudina fyrir yngsta stigið og hluta miðstigsins í Hrafnagilsskóla fyrir klukkan fjögur á daginn. Í góðu samstarfi við skólann náum við að tengja skólastarfið og íþróttæfingar, sem er mjög jákvætt. En á móti

kemur að það getur verið erfitt að fá þjálfara á þessum tíma dags,“ segir Karl.

Eyjafjarðarsveit er víðfeðmt sveitarfélag sem í stórum dráttum má skipta í tvennt – annars vegar þéttbýlið við Hrafnagil og



Íþróttavöllurinn í Eyjafjarðarsveit, á bökkum Eyjafjarðarar. Handan árinna sést til Laugaland, þar sem knattspyrnuvöllur var árum saman.

hins vegar sveitina beggja vegna Eyjafjarðarar. Eðli málsins samkvæmt er um langan veg að fara á íþróttæfingar niður á Hrafnagil fyrir iðkendur sem búa inn í dalbotnum. Karl segir aðáunarvert hversu duglegir foreldrar barna sem búa langt fram í sveit séu að keyra börn sín á íþróttæfingar.

Bjartsýnn á framtíðina

„Ég er mjög bjartsýnn á starfsemi Samherja á komandi árum, ekki síst vegna þess að það hefur tekist að gera félagið fjárhagslega sjálfbært. Það var mjög mikilvægt til þess að það geti sótt fram og byggt ofan á það sem fyrir er. Almenn finnst mér að íbúar sveitarfélags-

ins séu mjög jákvæðir í garð Samherja, fólki finnst félagið vera mikilvægur hlekkur í samfélaginu og því skipti miklu máli að starfið gangi vel,“ segir Karl og bætir við að sumarið 2022 sé fyrirhugað að setja upp útikörfuboltavöll við Hrafnagilsskóla.

„Það er rétt að rifja upp að gömlu sveitarfélögin, Hrafnagilshreppur, Önglusstaðahreppur og Saurbæjarhreppur, voru sameinuð í Eyjafjarðarsveit í ársbyrjun 1991 og fimm árum síðar varð sameining ungmennafélaga gömlu hreppanna í Ungmennafélagið Samherja.

Ég tel að starfið hjá okkur sé skemmtilegt og líflegt og við

ætlum að sækja fram. Sjálfur hef ég starfað í íþróttahreyfingunni í meira en þrjátíu ár á nokkrum stöðum á landinu og hef því ágætan samanburð. Hér skynja ég einstaklega mikla samheldni um starfsemi ungmennafélagsins.

Ég lít svo á að til framtíðar sé fullt af tækifærum til þess að halda úti jákvæðu og skemmtilegu starfi og ég tel það mikinn styrk fyrir okkur að vera í túnjaðrinum á Akureyri, þar sem er glæsilegt íþróttastarf í mörgum greinum. Iðkendur okkar sem vilja halda áfram og ná lengra í sínum greinum hafa alla möguleika á því á Akureyri,“ segir Karl Jónsson.

Markmiðið var að verða sá besti í heimi

Björgvin Björgvinsson hefur alltaf sett markið hátt. Á því þrífst hann. Hann var atvinnuskíðamaður í fimmtán ár og setti sér það markmið í upphafi ferilsins að verða besti skíðamaður heims. Björgvin er nú kominn á fimmtugsaldurinn og markmiðin eru ný og háleit í þylruskíðamennsku, gistingu og ævintýramennsku. Björgvin situr á skrifstofu Viking Heliskiing/Höfði Lodge við Glerárgötuna á Akureyri og rifjar upp ferilinn.

„Sem strákur var ég í fótbolta og einstaka sinnum keppti ég líka í frjálsum. Um tíma horfði ég til þess að verða fótboltamaður eins og pabbi, Björgvin Gunnlaugsson, sem spilaði lengi á sínum yngri árum með Reyni á Árskógsströnd og Dalvík og einnig spilaði hann um tíma með Keflvíkum á blómatíma þeirra.

Pabbi ólst upp á Árskógsströnd en mamma, Hafdís Sigurbergisdóttir, í Keflavík. Þau kynntust þegar pabbi fór suður

á vertíð. Ég á tvö eldri systkini, Guðrúnu Kristínu f. 1968 og Sverri f. 1970. Hann æfði með Skíðafélagi Dalvíkur og kynnti mig fyrir skíðaíþróttinni þegar ég var þrjú ára gamall. Bakvið æskuheimilið í Sunnubraut 9 var lítil brekka þar sem ég renndi mér fyrst og Sverrir bróðir ögraði mér síðan með því að fara með mig upp í fjall. Ætli ég hafi ekki verið fimm ára gamall þegar ég fór síðan að æfa hjá Skíðafélaginu undir handleiðslu



Björgvin Björgvinsson í desember 2021 á skrifstofu Viking Heliskiing og Höfði Lodge á Akureyri.

Björgvins Hjörleifssonar. Pabbi og mamma voru á fullu í rekstri fjölskyldufyrirtækisins Oturs hf, sem var í útgerð og fiskvinnslu. Pabbi var á sjónum og mamma

öllum stundum niður í fiskhúsi. Eitthvað varð ég að gera af mér eftir skóla í stað þess að hanga heima. Það lá beinast við að fara á skíði og það gerði ég og var meira og minna alla daga upp í Böggvisstaðafjalli þegar var opið.

Fljótlega eftir að ég byrjaði að æfa tók ég þátt í Andrésar andar leikunum á Akureyri og fékk þar fyrsta verðlaunapeninginn minn fyrir að lenda í sjöunda sæti.

Ég fann mig strax á skíðunum. Þó svo að ég hafi líka haft gaman af því að taka þátt í hópíþróttum eins og fótbolta hentaði einstaklingsíþrótt eins og skíðin mér vel því þau veittu mér tækifæri til þess að ögra sjálfum mér til þess að verða betri. Auðvitað leit ég upp til Daníels heitins Hilmarssonar, sem þjálfaði mig um tíma, og það var upplifun fyrir mig, átta



Björgvin að lokinni svigkeppni á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í St. Anton í Austurríki árið 2001. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

ára guttann, að sjá hann koma heim í flotta keppnisgallanum sínum af Ólympíuleikunum í Calgary í Kanada árið 1988, þar sem hann varð í 24. sæti af 107

keppendum í svigi. Þessi árangur Danna hvatti mig áfram og ég var alla daga á skíðum, þegar veður og færð leyfði, frá tólf til átta á kvöldin. Ef ég var ekki á



Að lokinni landsliðsæfingu í Tindastól. Fyrir aftan eru landsliðsþjálfararnir Pavel Cebulj og Jami Donlop en í fremri röð frá vinstri eru Kristinn Ingi Valson Dalvík, Kristján Uni Óskarsson Ólafsfirði, Sindri Grétarsson Breiðabliki og Björgvinsson Dalvík. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

æfingu var ég sjálfur að skíða og þegar orkan var búin settist ég á snjóskaflinn og fylgdist með skíðalyftunni og mannlífinu í brekkunum.

Ég keppti oft á Andrés í Hlíðarfjalli. Vann tvisvar en var miklu oftar í öðru sæti í mínum flokki á eftir Jóhanni Þórhallssyni á Akureyri sem var einfaldlega miklu betri en ég á þessum árum.

Tólf eða þrettán ára gamall hætti ég í fótboltanum og ákvað að einbeita mér að skíðunum. Þá fóru að koma erlendir þjálfarar til Skíðafélags Dalvíkur sem sáu að ég gæti skíðað ágætlega og þeir nefndu þann möguleika að fara erlendis í skíðamenntaskóla. Þrettán ára gamall ákvað ég að þangað vildi ég stefna, að verða það góður að ég fengi inngöngu í skíðamenntaskóla. Þegar ég var í tíunda bekk á Dalvík fékk ég að fara á mitt fyrsta mót erlendis, Coca Cola Cup í Geilo í Noregi. Ég vann yngri flokkinn á mótinu og var í sjötta sæti í báðum aldursflokkum, sem opnaði mér leið inn í þá skíðamenntaskóla í Svíþjóð og Noregi sem ég hafði skoðað og leist best á. Úr varð að ég valdi að fara í skólann í Hovden í Setesdal í sunnanverðum Noregi. Þangað fór ég árið 1996 og var í þrjú ár. Á þeim tíma æfði ég undir handleiðslu norskra þjálfara og keppti töluvert á mótum í Noregi og niður í Evrópu.“

Heimsmeistari unglinga í stórsvigi

„Á öðru ári í Hovden, árið 1998, fór ég á heimsmeistaramót unglinga í Chamonix í Frakklandi og með mér voru sem fararstjórar,

fyrir hönd Skíðasambandsins, Akureyringarnir Árni Óðinsson og Friðrik Adólfsson.

Á mótinu var keppt í tveimur aldursflokkum, 16-18 ára og 19-20 ára. Ég var 18 ára gamall og því í yngri aldursflokknum. Fyrir mótið hafði ég æft með norska landsliðinu og unnið mót í Noregi og því vissi ég að ef allt gengi upp gæti ég gert góða hluti á heimsmeistaramótinu.

Ég startaði aftarlega í stórsviginu og kom niður í fyrri ferðinni í áttunda sæti af öllum keppendum í báðum aldursflokkum. Mér gekk vel og áttaði mig á því, eftir að hafa rýnt í aldur keppenda, að ég væri fyrstur í yngri flokknum.



Haustið 2001 í Austurríki. Æft fyrir Ólympíuleikana 2002 í Salt Lake City í Bandaríkjunum. Mynd: Guðmundur Jakobsson.



Jafnvægisæfing í æfingabúðum í Austurríki haustið 2007. Mynd: Guðmundur Jakobsson.



Með auglýsingu á hjálminum frá harðfiskframleiðandanum Eyjabita á Grenivík. Nú vinnur Björgvin að byggingu hótels við Grenivík. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

Árni og Friðrik voru fullir efasemda þegar ég sagði þeim að ég teldi að ég væri með besta tímann í yngri flokknum og ég fann að í markinu voru menn undrandi á því að keppandi sem startaði svo aftarlega væri að ná svo góðum tíma. Eftir að hafa skoðað málið sögðu Árni og Friðrik að ekki væri

um að villast, ég væri fyrstur í yngri flokknum eftir fyrri ferðina. Þá fann ég fyrir smá stressi en þó ekki meira en svo að eftir seinni ferðina minnir mig að ég hafi lent í ellefta sæti í heildina og ég hélt fyrsta sætinu í yngri flokknum og varð þar með heimsmeistari í mínum aldursflokki.

Við höfðum ekki gert okkur grein fyrir því að það yrði sérstök verðlaunahátíð fyrir yngri flokkinn og vorum því farnir heim á hótél. En ég fékk engu að síður verðlaunin mín afhent.

Þessi árangur bætti punktastöðu mína verulega og opnaði mér ýmsar dyr í framhaldinu með mót og styrktaraðila. Eftir þessu var tekið og það hjálpaði mér að einmitt þennan vetur var Kristinn Björnsson á efsta þrepi síns ferils og var að gera frábæra hluti í heimsbikarnum. Allt í einu var Ísland komið á kortið.“

Atvinnumaður á skíðum í fimmtán ár

Eftir að skíðamenntaskólanum í Noregi lauk 1999 fór Björgvin að æfa með íslenska skíðalandsliðinu til skamms tíma en æfði síðan í eitt tímabil með sænska landsliðinu og næstu tvö með norska landsliðinu. Síðan tók við tímabil þar sem Björgvin æfði og keppti með íslenska alpagreinlandsliðinu og í þeim æfingahópi voru einnig m.a. Kristinn Ingi Valsson



Á fullu í heimsbikarnum í Sölden í Austurríki haustið 2004. Mynd: Guðmundur Jakobsson.



Keppendur Íslands á Ólympíuleikunum í Vancouver í Kanada árið 2010. Frá vinstri: Íris Guðmundsdóttir, Björgvin Björnsson, Stefán Jón Sigurgeirsson og Árni Þorvaldsson. Myndina tók Guðmundur Jakobsson í Hlíðarfelli.

frá Dalvík, Kristján Uni Óskarsson frá Ólafsfirði og Sindri Már Pálsson Reykjavík. „Við æfðum saman fram að Ólympíuleikunum í Torino á Ítalíu árið 2006 og eftir þá hélt Kristinn Ingi áfram um tíma en hinir hættu. Þá komu þeir nýir strákar inn í landsliðið; Húsvíkingurinn Stefán Jón Sigurgeirsson og sunnanstrákarnir Árni Þorvaldsson og Gísli Rafn Guðmundsson, og við æfðum saman fram að Ólympíuleikunum í Vancouver í Kanada árið 2010.“

Það má segja að Björgvin hafi verið atvinnumaður á skíðum frá 16 til 31 árs aldurs eða í fimmtán ár. „Þetta var nokkurn veginn eins og ég sá hlutina fyrir mér þegar ég var að skíða sem strákur heima á Dalvík. Ég ætlaði mér að verða besti skíðamaður í heimi – og ég tel að ég hafi

náð því. Um það leyti sem ég keppti á Ólympíuleikunum í Torino var ég að skora topp fimm í Evrópubikarnum og þegar skíðamaenn eru komnir í topp þrjátíu þar eru þeir að skíða mjög vel. Frá 2004 til 2010 vann ég með slóvenskum þjálfara, þeim besta sem ég hafði á ferlinum, og þá náði ég 25. og 24. sæti í heimsbikarnum í svigi árin 2009 og 2010 í Zagreb í Króatíu,“ segir Björgvin en 24. sætið er næstbesti árangur sem Íslendingur hefur náð í alpagreinum frá upphafi. Kristinn Björnsson náði öðru sæti í svigi á heimsbikarmóti í Park City í Utah í Bandaríkjunum 22. nóvember 1997.

Mikill keppismaður

Hvað fer í gegnum huga toppskíðamanns þegar hann fer niður

krefjandi braut í stórsvigi eða svigi? Ekkert, segir Björgvin. „Maður fer bara af stað og einbeitingin er svo mikil að það gefst enginn tími til að hugsa eitt eða neitt. Þetta er spurning um sekúndubrot og ef maður leyfir sér að hugsa eitthvað á leiðinni er hraðinn farinn og tíminn verður slakur. Lykilatriðið er að þekkja brautina út og inn og síðan er sett up ákveðin taktík til að skíða niður.“

En hvernig skíðamaður var Björgvin Björnsson, hvernig myndi hann lýsa sjálfum sér í brekkunum? „Ég veit í dag að ég var einn af bestu skíðamönnum heims og sannaði það fyrir sjálfum mér þegar ég vann oft á æfingum marga af bestu skíðamönnum heims á þessum tíma. Ég sýndi allar mínar bestu hliðar



Brugðið á leik á Ólympíuleikunum í Vancouver árið 2010. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

á æfingum og í litlum alþjóðlegum FIS-mótum og rústaði öllum þessum stóru nöfnum. En ekki fyrir svo löngu síðan áttaði ég mig á því hvað það var í raun sem hindraði mig í því að verða sá besti á stóra sviðinu. Það var hræðslan við að ná ekki að verða það sem ég vissi að ég gæti orðið. Ég vissi hvað ég gat og aðrir vissu hvað ég gat og ég setti mikla pressu á sjálfan mig. Ég er mikill keppnismaður og skíðin eru þannig íþrótt að maður verður að hafa trú á sjálfum sér. Trúin á eigin getu var til staðar og ég hafði mikinn og góðan stuðning fjölskyldunnar allan þann tíma sem ég var á fullu í þessu erlendis. Konan mín, Harpa Rut Heimisdóttir, sem var líka mikið á skíðum á sínum tíma og varð m.a. Íslandsmeistari í svigi, studdi mig alltaf hundrað prósent. Við

kynntumst í Bökkvísstaðafjalli ung að árum og höfum verið saman í tuttugu og sex ár. Foreldrar mínir studdu mig líka á öllum mínum ferli og ég fæ aldrei þakkað fjárhagslegan stuðning þeirra sem gerði mér kleift að standa í þessu öll þessi ár

Það var í raun aldrei markmið mitt að fara á Ólympíuleika, þó svo að ég hafi tekið þátt í þrennum leikum, heldur að verða sá besti, það var markmiðið.

Það sem upp úr stendur er að hafa orðið heimsmeistari unglunga í stórsvigi og síðan að komast í topp þrjátíu í heimsbikarnum í svigi, því þar eru allir þeir bestu. Ég varð vissulega í 21. sæti á Ólympíuleikunum í Torino en það er í raun ekki jafn mikið afrek og að vera í topp þrjátíu í heimsbikarnum, á Ólympíuleika vantar alltaf marga toppskíða-

menn vegna þess að það er ákveðinn kvóti á fjölda keppenda frá hverri þjóð.“

Björgvin og Harpa Rut eiga þrjá syni. Maron fæddist árið 2008, miðjasonurinn Barri 2011 og sá yngsti, Viggó, árið 2013. Björgvin segir að synirnir hafi gaman af því að skíða en af sinni hálfu sé engin pressa. Harpa móðir þeirra eigi allan heidurinn af því að hafa kennt þeim í brekkunum í Bökkvísstaðafjalli það sem þeir nú þegar kunni á skíðum.

Ferillinn á enda árið 2011

Björgvin segir að árið 2011 hafi hann tekið um það ákvörðun að nú væri tímabært að láta gott heita. Þá hafi þau Harpa Rut verið búin að eignast tvo syni og því erfiðara um vik að fara frá fjölskyldunni vikum



Björgvin í stórsvigi á heimsmeistaramótinu í alpagreinum í Val d'Isère í Frakklandi árið 2009. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

og mánuðum saman á skíði til meginlands Evrópu. Auk þess hafi hann séð fram á að fjárhagslega þyrfti hann frekari stuðning til þess að halda áfram. Þó svo að hann hafi notið mikils fjárhagslegs stuðnings foreldra sinna í mörg ár og einnig hafi fyrirtæki og Skíðasambandið lagt sér lið hafi hann séð fram á það árið 2011 að ekki væri grundvöllur til áframhaldandi atvinnumennsku á skíðum nema til kæmu auknir fjármunir.

„Eftir tímabilið 2010-2011 sagði ég við Skíðasambandið að nú væri komið að þeim tímapunkti að það þyrfti að bæta í fjárhagslega til þess að ég gæti haldið áfram, gert þetta enn betur en áður en jafnframt lifað á þessu. Ég var á þessum tíma í ágætu standi, þrátt fyrir að vera orðinn 31 árs gamall, og lýsti mig tilbúinn til þess að halda áfram fram að Ólympíuleikunum í Sochi í

Rússlandi árið 2014. Ég sagði líka á þessum tímapunkti að ef Skíðasambandið gæti ekki aukið fjárhagslegan stuðning væri ekkert annað í stöðunni fyrir mig en að hætta. Og sú varð niðurstaðan, Skíðasambandið taldi sig ekki hafa möguleika til þess að auka fjárhagslegan stuðning við mig og þar með var ákvörðun mín einföld.“

Í viðtali sem birtist á Vísi 14. júlí 2011 segir Björgvin m.a.: „Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem Skíðasamband Íslands hefur veitt mér í gegnum árin, sömuleiðis Ólympíusamband Íslands, Íþróttasamband Íslands og ekki síst mitt heimafélag, Skíðafélag Dalvíkur. Auk þess hef ég notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja sem ég kann miklar þakkir fyrir. Þá er ljóst að án stuðnings foreldra minna hefði ég aldrei náð þessum árangri. Ég hefði kosið að keppnisferillinn hefði orðið lengri

og árangurinn ennþá betri en Skíðasamband Íslands getur ekki boðið upp á þann möguleika.“

Ferill atvinnuskíðamannsins Björgvins var því á enda runninn árið 2011 og þá var spurningin; hvað næst? Björgvin fór á sjó og segist fúslega viðurkenna að það hafi verið honum nokkuð erfitt. En ekkert var um annað að ræða, hann vantaði pening fyrir kaupum á húsnæði fyrir fjölskylduna á Dalvík. „Í þau ár sem ég var á fullu á skíðunum hafði ég engan möguleika á því að leggja einhverja fjármuni til hliðar, allur minn peningur og miklu meira til fór í daglegan rekstur, ferðalög, upphald o.fl.

Ég stundaði sjóinn í tvö ár, þar til við höfðum náð að safna nægilegum peningum til þess að kaupa okkur hús á Dalvík, Sunnubraut 8, skáhalt á móti bernskuheimili mínu og þar sem foreldrar mínir búa enn í dag.“



Tölvugerð mynd af væntanlegu Höfði Lodge hóteli, skammt frá Grenivík.

Viking Heliskiing og Höfði Lodge

„Eftir þetta tók við nýr kafli. Einn góðan veðurdag árið 2013 hringi ég í Jóhann Hauk Hafstein, gamlan féлага úr skíðalandsliðinu, og spyr hvort hann sé til í að vinna með mér að því að setja á stofn þyrluskiðafyrirtæki. Hann tók því vel og sama ár stofnuðum við fyrirtækið Viking Heliskiing. Fyrstu fimm árin vorum við með aðsetur á Þverá í Ólafsfirði og þaðan færðum við okkur á Hótel Sigló á Siglufirði.

Í sjö ár höfum við unnið með þá hugmynd að koma okkur upp eigin aðstöðu fyrir þyrluskiðamennskuna, fyrir okkar daglegu starfsemi og gistingu fyrir okkar gesti. Í því skyni hef ég farið út um allan heim til þess að hitta áhugasama fjárfesta og þeir hafa komið hingað og hitt okkur. Þessi gamli draumur er nú kominn á framkvæmdastig í Höfða við

Grenivík þar sem framkvæmdir eru hafnar við hótelið Höfði Lodge. Einn af þeim gestum sem hafði verið hjá okkur á Þverá og svo aftur á Siglufirði árið 2019 á félagið sem stendur að baki þessari uppbyggingu á móti mér og Jóhanni Hauki Hafstein.

Höfði er ótrúlegur staður, þaðan er frábært útsýni um allan Eyjafjörð. Þar er mikil friðsæld en samt svo stutt frá öllu. Staðsetningin er alveg einstök. Höfði á tengingu inn í okkar fjölskyldu því amma og afi Hörpu konu minnar voru þarna með kartöflugarð í gamla daga. Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, nefndi fljótt þennan stað við mig þegar hún vissi af okkar þælingum og ég hef sagt að hún eigi heiðurinn af því að við ákváðum að fara í uppbyggingu á þessum stað.

Ég og Jóhann eigum 51% í félaginu á móti 49% þessa

erlenda fjárfestis. Þetta er alhliða hótel-lodge þar sem verða 40 herbergi eða litlar íbúðir, flestar tæpir 40 fermetrar og þær stærstu um 150 fermetrar. Húsið er tæplega sex þúsund fermetrar á nokkrum stöllum sem gerir það að verkum að allir gestir hafa gott útsýni. Í raun erum við að tala um sex hús á svæðinu. Um hundrað metrum frá aðalbyggingunni verður byggð upp 25 herbergja starfsmanna- aðstaða, samtals um eitt þúsund fermetrar.

Þetta er hugsað sem gisting allt árið, ekki bara fyrir þyrluskiðamennsku, sem er fyrst og fremst á vormánuðum – frá mars og fram í júní – en síðan tekur við gisting fyrir gesti sem vilja njóta Íslands yfir sumarmánuðina og á haustin horfum við til gönguferða, kajakferða, jet-ski, fjallahjóla, gæsa- og rjúpnaveiði, svo eitthvað sé nefnt.

Við höfðum að sjálfsgöðu þaukannað markaðinn áður en farið

Björgvin Björgvinsson

- Fæddur 11. janúar 1980 á Dalvík, yngstur þriggja barna Björgvins Gunnlaugssonar og Hafdísar Sigurbergisdóttur.
- Heimsmeistari unglunga í stórsvigi árið 1998 í Chamonix í Frakklandi.
- Keppti á 102 Evrópubikarmótum.
- Varð þrisvar Eyjaálfumeistari.
- Tók þátt í 48 heimsbikarkeppnum á ferlinum, besti árangurinn var 24. sæti í Zagreb í svigi 6. janúar 2010.
- Keppti á sex heimsmeistaramótum - í St. Anton í Austurríki árið 2001, St. Moritz í Sviss 2003, Bormio á Ítalíu 2005, Åre í Svíþjóð 2007, Val d'Isère í Frakklandi 2009 og Garmisch Partenkirchen í Þýskalandi árið 2011.
- Keppti á þrennum Ólympíuleikum; í Salt Lake City í Bandaríkjunum árið 2002, Torino á Ítalíu árið 2006, þar sem hann endaði í 22. sæti í svigi, og Vancouver í Kanada 2010.
- Vann 57 alþjóðleg FIS-mót, bæði hér á landi og erlendis, varð 36 sinnum í öðru sæti, í þriðja sæti á 21 mótum og á 209 mótum var hann í „topp 10“.
- Vann til 31 Íslandsmeistaratitils á skíðum á árunum 1998 til 2011: 8 í svigi, 11 í stórsvigi, 2 í samhliðasvigi, 1 í risasvigi og 9 í alþatvíkeppni.
- Níu sinnum útnefndur skíðamaður ársins á Íslandi.
- Í tíu ár kjörinn íþróttamaður UMSE - 2001, 2002 og 2004-2011.
- Í ellefu ár útnefndur íþróttamaður Dalvíkurbyggðar - 1996, 1998 og 2002-2010.

var út í þetta og niðurstaða okkar var sú að það skorti aðstöðu af þessum toga fyrir fólk sem vill vera í snertingu við náttúruna og njóta ævintýramennsku í íslenskri náttúru. Það er fullt af fólki út um allan heim sem er tilbúið að borga mikið fyrir slíka upplifun. Á þeim grunni förum við út í þetta.

Þyrluskiðamennskan hefur gengið vel hjá okkur frá því að við höfum þann rekstur. Vitaskuld hafa verið hæðir og lægðir eins og í öllum rekstri og kóvidfaraldurinn hefur ekki hjálpað okkur. En við höfum lifað þær þrengingar af og værum ekki að fara út í þessa gríðarlegu fjárfestingu nema vegna þess að við höfum fulla trú á þessu. Við höfum sett okkur það markmið að opna hótelið síðla sumars 2023 og vonandi gengur það eftir. Unnið hefur

verið að jarðvinnunni í vetur og síðan hefst steypuvinnan í vor,“ segir Björgvin.

Spennandi tímar

Einu sinni skíðamaður, alltaf skíðamaður. Björgvin segist fara í nánast allar þyrluskiðaferðir með viðskiptavinum Viking Heliskiing og þannig haldi hann jarðtengingunni, ef svo má segja. Hvergi líði honum betur en í brekkunum. „Ég þekki þessi fjöll betur en lófann á mér. Ég er lesblindur en er með gríðarlega mikið sjónrænt minni og sé fyrir mér alla tinda og brekkur á Tröllaskaga og austan Eyjafjarðar og þær hættur sem leynast í þeim. Reyndar er það nú svo að ég man enn í smáatriðum allar þær keppnisbrautir sem ég renndi mér niður á stóru skíðamótunum hér á árum áður.


Í framtíðinni sé ég fyrir mér að halda áfram að leiðsögja þyrluskiðafólki, það er það sem ég kann best. Ég þrífst á þessu og það er ekkert skemmtilegra en að sjá brosandir viðskiptavini eftir góðan skíðadag.

Tímarnir eru spennandi og ég er á þeim stað sem ég hefði óskað mér. Það stóra verkefni sem við erum nú að vinna að í Höfða er gríðarlega krefjandi en ég þrífst á því að takast á við slík verkefni. Ég hef gaman af því að láta ögra mér. Ég hafði það markmið að verða besti skíðamaður í heimi og nú er markmiðið að vinna að því að byggja upp flottasta þyrluskiðafyrirtæki og Lodge-hótel heims og búa til einstaka upplifun fyrir okkar gesti,“ segir Björgvin Björgvinsson.

Hásumarsól hamingju Íslands

„Fyrstu spor „Ungmennafélaga Íslands“ voru stigin hér á Akureyri fyrir 50 árum! Nú koma hingað í vikulokin þúsundir ungmennafélaga og annars æskulýðs landsins til fundar og frjálrsra leika. Veri þau öll velkomin! Guð vors lands láti hásumarsól hamingju Íslands breiða geislablessun sína yfir glæsilega æsku landsins, svo að hún megi endurlifa sjálfa sig hér á frumslóðum Ungmennafélags Íslands!“

Svo skrifar Helgi Valtýsson í ávarpi sem hann birtir á baksíðu Dags á Akureyri miðvikudaginn 29. júní 1955 en Landsmót UMFÍ, það níunda í röðinni, var haldið á Akureyri dagana 2. og 3. júlí og var þetta fyrsta landsmótið sem Ungmennasamband Eyjafjarðar undirbjó og framkvæmdi. Raunar var þetta annað landsmótið á Akureyri, það fyrsta var þar haldið 17. júní 1909 af Ungmennafélagi Akureyrar, tveimur árum eftir stofnun UFA. Það var hins vegar þrettán árum áður en Héraðssamband ungmennafélaga Eyjafjarðar, forveri UMSE, var stofnað.



Þáverandi stjórn UMSE stóð í eldlínunni við undirbúning og framkvæmd 9. Landsmóts UMFÍ á Akureyri í júlí 1955. Standandi frá vinstri: Valdimar Óskarsson, formaður stjórnar UMSE og Jóhannes Kristjánsson. Sitjandi frá vinstri: Sveinn Jóhannsson, Hjörtur E. Þórarinnsson og Hjalti Haraldsson.

góð aðstaða fyrir hendi og því var UMSE falið að halda mótið. Tveir stærstu keppnisstaðirnir á Akureyri voru annars vegar hinn nýlegi Akureyrarvöllur en þar hafði fyrst verið keppt í hlaupum á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1951. Hinn stóri keppnisstaðurinn var Sundlaug Akureyrar.

Til landsmótsnefndar völdust þáverandi stjórnarmenn í UMSE; Dalvíkingarnir Valdimar Óskarsson og Sveinn Jóhannsson, Svarfdælingarnir Hjalti Haraldsson í Ytra-Garðshorni og Hjörtur E. Þórarinnsson á Tjörn og Jóhannes Kristjánsson á Hellu á Árskógsströnd. Með

Fjölmenni á landsmóti UMFÍ á Akureyri.
Mjög góður árangur í sumum íþróttagreinum — m.a. Íslandsmet og drengjemet.

Frá fréttaritara Vísis, Akureyri í morgun.

Landsmót Ungmennafélaganna var háð á Akureyri í gær og fyrradag. En þing Ungmenna-

hlaupi hljóp 16 ára piltur, Haukur Engilbertsson Borgarf. vegarlengdina á 15:49,3 mín, sem mun vera drengjemet.

300 m. víðavangshlaup 1. Haukur Engilbertsson Þórzf.

Vísir sagði frá landsmótinu á baksíðu 4. júlí 1955.

þeim fimmmenningum störfuðu í landsmótsnefnd tveir fulltrúar UMFÍ; Stefán Ólafur Jónsson og Daníel Ágústínusson. Haraldur M. Sigurðsson, íþróttakennari á Akureyri, var framkvæmdastjóri mótsins.

Stefán Ólafur Jónsson stýrði starfsíþróttum á mótinu, Guðjón Ingimundarson stýrði sundkeppninni, Þorsteinn Einarsson hafði umsjón með frjálsíþróttum og glímu og Daníel Ágústínusson hafði útsamkomur mótsins á sinni könnu.

Metfjöldi þátttakenda

Fljótlega var ljóst að Landsmót UMFÍ á Akureyri 1955 yrði með fjölmennari samkomum sem haldnar höfðu verið fram að þeim tíma. Það reyndi því á skipuleggiendur en þeir stóðust prófið og í það heila fékk mótið góða einkunn þátttakenda og gesta. Umgjörðin þótti góð og veðurgjörðin voru í góðu skapi á meðan á mótinu stóð. Talið er að á bilinu 4-5 þúsund gestir hafi lagt leið sína til Akureyrar af þessu tilefni.

Skrifstofa mótsstjórnar var á Hótel Varðborg og var þar borinn fram matur fyrir starfsmenn mótsins og keppendur. UMSE var einnig með matsölu í matsal Heimavistar MA. Tjaldborg var reist á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti.

Metþáttaka var í mótinu; keppendur voru 507 frá ellefu héraðssamböndum og tveimur ungmennafélögum. Þar af kepptu 283 í frjálsíþróttum, 98 í sundi, 92 í starfsíþróttum, 30 í handknattleik og 4 í glímu. Keppnisgreinarnar voru 34 og hafði aldrei



Dagur 6. júlí 1955.

áður verið keppt í svo mörgum greinum á landsmóti, nýjar keppnisgreinar í starfsíþróttum voru nautgripadómar, hestadómar, línstrok og þríþraut. Keppni hófst föstudagskvöldið 1. júlí með starfsíþróttum kvenna í húsnæði Húsmæðraskólans á Akureyri. Keppt var í að leggja á borð, línstroki - sem fólst í því að strjúka skyrta og pressa buxur - og þríþraut - að strjúka lín, sauma hneppslu og smyrja brauð.

Skarphéðismenn sigruðu

Dagskrá fyrir mótsdagsins, laugardagsins 2. júlí, hófst við Heimavist MA með leik Lúðrasveitar Akureyrar og þaðan var gengið fylktu liði niður á Ráðhústorg, þar sem sr. Eiríkur J. Eiríksson, formaður stjórnar UMFÍ, setti mótið og íslenski fáninn og Hvítbláinn, fáni UMFÍ, voru dregnir að hún. Að því loknu var gengið til Akur-



Morgunblaðið 9. júlí 1955.

eyrarvallar þar sem fór fram fánahyllum og þjóðsöngurinn var sunginn við undirleik lúðrasveitar. Þá hófst íþróttakeppnin á Akureyrarvelli og var keppt til kl. 18 síðdegis. Tveimur tímum síðar tók við sundkeppnin í Sundlaug Akureyrar og að henni lokinni var efnt til útifundar við sundlaugina þar sem umfjöllunarefnið var *Félagslíf og menning*. Að fundinum loknum, að kvöldi laugardags, var dansað á palli og

í samkomuhúsum bæjarins og í Samkomuhúsinu á Akureyri sýndi leikflokkur úr Skagafirði leikritið *Köld eru kvennaröð*. Dagskrá seinni mótisdagsins, sunnudagsins 3. júlí, hófst með skrudgöngu frá Heimavist MA niður á Akureyrarvöll og þar var síðan blásið til keppni í frjálsíþróttum og handknattleik til hádegis. Eftir hádegi var hátíðardagskrá á Akureyrarvelli. Séra Sigurður Stefánsson á Möðru-

völlum annaðist helgistund, Kirkjukór Akureyrar söng við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar, Valdimar Óskarsson formaður UMSE flutti ávarp og það gerðu einnig Þorsteinn M. Jónsson skólameistari, Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi flutti ljóð sem hann orti af þessu tilefni, Karlakór Akureyrar og Guðmundur Jónsson óperusöngvari önnuðust tónlistarflutning og glímuflokkur úr Héraðssambandi Suður-Þingeyinga sýndi glímu. Að þessari hátíðarsamkomu lokinni hélt íþróttakeppnin áfram á Akureyrarvelli og í starfsíþróttum. Á Akureyrarvelli var keppt í átján keppnisgreinum en starfsíþróttirnar voru á nokkrum stöðum í bænum. Hestadómar voru á Gleráreyrum, dráttarvélaakstur á æfingavelli við Akureyrarvöll, kúadómar við Galtalæk og starfshlaup á Akureyrarvelli. Sundkeppninni lauk á sunnudagskvöld og að henni lokinni voru afhent verðlaun og mótinu slitið. Síðar um kvöldið var dansað á palli og efnt til ýmissa skemmtana í bænum.

Héraðssambandið Skarphéðinn sigraði heildarstigakeppni landsmótins með nokkrum yfirburðum. Austfirðingar urðu í öðru sæti og Eyfirðingar í því þriðja.

Góður árangur Eyfirðinga í frjálsfum íþróttum
Frjálsíþróttamenn UMSE voru drýgstir í stigasöfnun fyrir sambandið. Stefán Árnason var stiga-hæstur karla í frjálsíþróttum,

hann sigraði 1500 og 5000 metra hlaupin og varð í öðru sæti í viðavangshlaupi, Gestur Guðmundsson sigraði kringlukastið og varð annar í kúluvarpi, Sveinn Jónsson varð þriðji í viðavangshlaupi og annar í starfshlaupi, Ingimar Skjöldal varð þriðji í spjótkesti og kvennisveit UMSE varð í öðru sæti í 4x80 metra boðhlaupi.

Í samantekt Axels Jónssonar í Skinfxa, 2. tbl. 1956, um íþróttirnar á landsmótinu á Akureyri 1955, segir m.a.: „Landsmót U.M.F.Í. á Akureyri í fyrravor var í alla staði mjög glæsilegt. Þar fylgdust að góðar aðstæður, nákvæmur undirbúningur, röggsemi í framkvæmdastjórn, gott veður og glæsileg íþróttæska. Allt þetta

gerði mótið eftirminnilegt öllum sem þar voru.“ Á baksíðu Vísis segir m.a. 4. júlí 1955, daginn eftir að landsmótinu lauk: „Giskað var á að 4-5 þúsund aðkomumanna víðsvegar af landinu hafi sótt mótið og bílamergðin var svo mikil á Akureyri þessa daga að til mikilli óþæginda og trafala var fyrir umferðina.“



Aðal- og varamenn í landsmótsnefnd 1981. Frá vinstri: Guðjón Ingimundarson, Jóhann Ólafsson, Þóroddur Jóhannsson, Klengur Stefánsson, Sveinn Jónsson, Sigurður Harðarson, Árni Arnsteinsson, Páll Garðarsson, Gunnar Jónsson og Haukur Steindórsson. Á myndina vantar Arnald Bjarnason, varamann Guðjóns Ingimundarsonar, fulltrúa UMFÍ í landsmótsnefnd.

Vel heppnað Landsmót UMFÍ á Akureyri 1981

UMSE hafði sýnt því áhuga að halda Landsmót UMFÍ á Dalvík árið 1978 og hafði til þess stuðning bæjaryfirvalda á Dalvík enda töldu menn möguleika á því að ríkisvaldið myndi leggja sveitarfélaginu lið við uppbyggingu

íþróttamannvirkja á staðnum. Það gekk hins vegar ekki eftir, peningarnar fengust ekki frá ríkinu og því þótti sýnt að aðstæður til mótahalds á Dalvík væru ekki til staðar. UMSE sagði sig því frá mótinu árið 1978 og það kom í

hlut Skarphéðinsmanna að halda það. Frá því var þó gengið að framkvæmd landsmótsins 1981 kæmi í hlut UMSE og horfðu til mótahalds á Dalvík væru ekki til staðar. UMSE sagði sig því frá mótinu árið 1978 og það kom í



Sigurður Harðarson, annar tveggja framkvæmdastjóra landsmótsins, að fara yfir kort með strætisvagnaleiðum á Akureyri.

og 24. október 1978 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar málaleitan UMSE um að mótið yrði haldið á Akureyri dagana 10.-12. júlí 1981.

Reynslumiklir landsmótsnefndarmenn

Stofnað var til landsmótsnefndar í ársbyrjun 1979 og völdust til hennar þaulreyndir ungmennafélagsmenn; Þóroddur Jóhannsson, fyrrverandi formaður og framkvæmdastjóri UMSE, Sveinn Jónsson, sömuleiðis fyrrverandi formaður UMÍ til fjölda ára, Páll Garðarsson, Árni Arnsteinsson, Klængur Stefánsson og Sigurður Harðarson. Varamenn í nefndina voru skipaðir Haukur Steindórsson, Gunnar Jónsson og Jóhann Ólafsson. Fulltrúi UMFÍ í landsmótsnefnd var Guðjón Ingimundarson frá Sauðárkróki og varamaður hans Arnaldur Bjarnason. Þóroddur Jóhannsson var formaður landsmótsnefndar, Sveinn Jónsson varaformaður og Sigurður Harðarson ritari. Þóroddi Jóhannssyni og Sigurði Harðarsyni var falin framkvæmdastjórn mótsins en Sveinn Jónsson var mótsstjóri.

Landsmótsnefnd hafði aðsetur að Hjalteyrargötu 10 á Akureyri en viku fyrir mótið flutti nefndin aðsetur sitt í húsnæði Iðnskólans á Akureyri, þar sem nú er Icelandair Hótel, og stýrði mótinu þaðan.

Viðamikil landsmót

Undirbúningur var að vonum viðamikill og þegar upp var staðið þótti vel hafa tekast til, skipulag til fyrirmyndar og veðrið var gott mótsdagana, þó svo að daginn

fyrir mótið hafi skaplyndi veðurguðanna verið heldur úfið. Það sem keppendur og gestir höfðu út á mótið að setja var að keppnisstaðirnir voru nokkuð dreifðir um bæinn en miðdepill mótsins var keppendatjaldsvæðið við Þórunnarstræti, Sundlaug Akureyrar, Akureyrarvöllur og hin nýja íþróttahöll við Þórunnarstræti, sem raunar var ekki tekin formlega í notkun fyrr en í desember 1982.

Á þessu landsmóti var í fyrsta skipti keppt í borðtennis og júdó og sýningargreinar voru lyftingar, siglingar og fimleikar og einnig kepptu fatlaðir íþróttamenn í fyrsta skipti á landsmóti.

Um ellefu hundruð þátttakendur

Keppni á landsmótinu hófst að morgni föstudagsins 10. júlí en formleg mótssetning var á Akureyrarvelli um kvöldið. Keppendur gengu fylktu liði frá keppendatjaldsvæðinu við Þórunnarstræti niður Þórunnarstræti, suður Glerárgötu og inn á Akureyrarvöll, þar sem landsmótið var formlega sett af Pálma Gíslasyni, formanni UMFÍ. Einnig fluttu ávörp Þóroddur Jóhannsson, formaður landsmótsnefndar, forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, Ingvar Gíslason mentamálaráðherra, og Sigurður Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar. Einnig voru fimleikasýningar og keppt í 800 metra hlaupi karla og kvenna.

Í bók sinni, *Vormenn Íslands – saga UMFÍ í 100 ár*, segir Jón M. Ívarsson að keppendur á mótinu hafi verið 824 en þátttakendur í sýningargreinum og sýningum



Föstudagskvöldið 10. júlí 1981. Lagt af stað í skruðgöngu norður Þórunnarstræti og niður á Akureyrarvöll til setningar 17. Landsmóts UMFÍ.

á mótinu hafi verið um 280. Samkvæmt því hafa þátttakendur verið um ellefu hundruð og vitað er að mörg þúsund gestir komu í bæinn til þess að fylgjast með mótinu. Það var því víða þétt setinn bekkurinn á Akureyri þessa daga.

Áhugavert er að lesa sjónarmið

Þóroddar Jóhannssonar, formanns landsmótsnefndar, um skráningar á landsmótið í ársriti UMSE 1981-1982, þar sem hann gerir upp mótið. Þar segir Þóroddur m.a.: „Um kvöldið 9. júlí, var sameiginlegur fundur landsmótsnefndar með stjórn UMFÍ, keppnisstjórum, fyrirlíðum,



Í mörg horn að líta hjá Þóroddi Jóhannssyni, formanni landsmótsnefndar og öðrum tveggja framkvæmdastjóra landsmótsins.



Horfir yfir hluta tjaldbúða keppnisfólksins við Þórunnarstræti á Landsmóti UMFÍ 1981.



Setning Landsmóts UMFÍ á Akureyrarvelli að kvöldi 10. júlí 1981.

fararstjórum o.fl. Á þessum fundi var m.a. fjallað um keppnisrétt og tilkynntar breytingar á þátttöku skráðra keppenda og komu margar breytingar fram. Af þeim sökum varð fundurinn tafsamur og langur og að mér fannst, leiðinlegur. Jafnmargar breytingar á skráðri þátttöku og áttu sér stað að þessu sinni geta tæplegast talist eðlilegar og að mínu mati verður að ráða bót á þessum leiða kvilla fyrir næsta landsmót.“

HSK sigraði stigakeppnina

Keppnin gekk ljómandi vel á öllum vígstöðvum og góður árangur náðist. Skarphéðinsmenn sigruðu með nokkrum yfirburðum í stigakeppninni, UMSE varð í sjötta sæti. Stigahæstur karla í frjálsíþróttum varð langhlauparinn Jón Diðriksson úr UMBS, í öðru sæti Gísli Sigurðsson UMSS og í því þriðja

Vésteinn Hafsteinsson HSK. Stigahæst frjálsíþróttakvenna varð Hrönn Guðmundsdóttir UMSK, í öðru sæti Íris Grönfeldt UMSB og Unnur Stefánsdóttir HSK í því þriðja. Bestu

afrek í frjálsum unnu spjótkastarinn Einar Vilhjálmsson UMBS og hástökkvarnir María Guðnadóttir HSH og Guðrún Sveinsdóttir UMSK. Í sundkeppninni urðu stigahæst Sonja Hreiðars-



Fatlaðir kepptu í fyrsta skipti á Landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 1981. Meðal keppnisgreina var bogfimi og var keppt í Íþróttahöllinni. Þrír kepptu, allir frá Akureyri. Rúnar Þór Björnsson varð stigahæstur.

17. LANDSMÓT UMFÍ
10-12. JÚLÍ AKUREYRI 1981

LANDSMÓT UMFÍ Á AKUREYRI
VAR Í ALLA STAÐI GLÆSILEGT

Enginn vali leikur á því að 17. landsmót UMFÍ sem fram fór um síðustu helgi á Akureyri, er allt hið glæsilegasta í sögu landsmótanna frá upphafi. Þátttakendur voru nú fleiri en nokkru sinni fyrr eða um 1500 talsins og allur árangur í íþróttgreinum mótsins hefur aldrei fyrr verið jafn góður. Var það mjög áberandi nú hveru vel þjálfað og undirbúið íþróttafólk mætti til leiks. Enda var fjöldinn allur af nýjum landsmótsmetum settur.

Vegna þess hve þátttakan var mikil hófst keppni snemma dags á föstudag. Mótið var síðan sett um kvöldið af formanni UMFÍ, Pálma Gíslasyni. En meðal gesta voru forseti Íslands og menntamálaráðherra. Var síðan keppt frá því snemma á morgnana og langt fram á kvöld á 12 stöðum í bænum, bæði á laugardag og sunnudag. Mótinu var síðan slitið á sunnudagskvöld.

10 þúsund gestir
Landsmótin eru stærstu íþróttahósti Íslands sögu- tilfika og fjárir þúsund með því stór hópur áhorfenda. Talið er að um 10 þúsund gestir hafi sótt Akureyri heim

á meðan á mótinu stóð. Verði lík við hinar sömu og gesti þessa áttu tímans og átti síni stóra þátt í því hveru vel mótið tók að þessu sinni. Ungmennafélagshreyfingin stendur á góðum grunni og landsmót er þvingarmál

Skillega vel. Frjálsíþróttakeppnin vakti óna og eftast áður einna mesta atvigi. Þar var keppnin jón og skemmtileg og fjöldinn allur af landsmótsmennum settur. Sundkeppnin var og skemmtileg og skemmtileg. Í stigakeppni mótsins sigraði Hrafnhildur HSK. UMSK var í öðru sæti og UFA í þriðja sæti. Meðal háttakendur voru góð og keppni var þegar lífið er á hverju morgun greinum var keppt. Setningarsmáttinn tókst vel, að því undanskildu að tímabreytingar Gærfu voru alltaf langþingrar.

Íþróttakeppnin var glæsileg
Um íþróttakeppna sjálfa er það að segja að hún tókst

Skipulag var allt mjög gott
Þegar 100 er á skipulagi í heit á landsmótinu er ekki hægt að segja annað en að


Næsta landsmót í Njarvík og Keflavík
Næsta landsmót UMFÍ fer fram á svæði Njarvíkur og Keflavíkur árið 1984. Umsessmenn Morgunblaðsins fylgjast með landsmótinu á Akureyri og hér í þessu blaði verður þess frestað að gera móttu einn ræðingur sé og frekast er kostur. Landsmót UMFÍ eru stórbrottafótbúðir og eiga skilið verðskuldaða smáttum og nákvæma í fjölskyldum.

íþróttir

Morgunblaðið fór þann 14. júlí 1981 fögrum orðum um landsmótið.

dóttir UMFN og Tryggvi Helgason HSK.

Í nýju Íþróttahöllinni var



Haukur Ingibergsson kvittar undir að landsmótsnefnd hafi greitt hljómsveitinni Upplyftingu fyrir að leika fyrir dansi á Landsmóti UMFÍ 1981 á Akureyri.

laugardaginn 11. júlí sett upp aukakeppni í kraftlyftingum í þeim tilgangi að Jóhannes Hjálmarsson, fimmtugur lyftingamaður á Akureyri, fengi tækifæri til þess að láta ljós sitt skína. Og það gerði hann skuldlaust, setti heimsmet í bæði hnébeygju og réttstöðulyftu í 110 kg flokki öldunga og samanlagða þyngd bætti hann um hvorki meira né minna en 162,5 kg og setti glæsilegt heimsmet.

Að kvöldi laugardagsins var

gríðarlega fjölmenn kvöldvaka í Íþróttahöllinni þar sem var á borð borin blanda skemmtiatriða og íþrotta og síðan spilaði hljómsveitin Upplyfting fyrir dansi fram á nótt, eins og hún raunar gerði alla mótsdagana.

Hátíðardagskrá og mótsslit voru á Akureyrarvelli sunnudaginn 12. júlí. Þar voru flutt ávörp, m.a. ávarpaði heiðursgestur mótsins, Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. menntamálaráðherra, samkomuna og það gerðu einnig séra Pétur Sigurgeirsson og Sveinn Jónsson mótsstjóri. Íþróttaflokkar, bæði innlendir og danskir, sýndu, þjóðdansar voru sýndir og Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, heiðraði Þórodd Jóhannsson og Guðmund Hallgrímsson, en þetta landsmót var það níunda sem þeir kepptu á. Pálmi afhenti síðan heildarstigaverðlaun mótsins til HSK og sleit móttinu.

Farsælt samstarf

„Það var einstaklega gott að vinna með Þóroddi Jóhannssyni og við áttum gott samstarf. Ég kom inn í landsmótsnefnd fyrir UMSE en ég hafði verið formaður blakdeildar sambandsins. Þóroddur fékk mig síðan til þess að stýra móttinu á móti sér. Þóroddur var þá í fullri vinnu út í bæ og ég sömuleiðis því þá vann ég hjá Brunabótafélaginu. Ég naut velvilja Þóroðar í Brunabót því hann gaf mér eftir um hálfan dag frá vinnu í um þrjá mánuði til þess að vinna að undirbúningu landsmótsins. Við fengum aðstöðu í Tölvörugeymslunni, sem Þóroddur veitti þá forstöðu. Á milli atriða skutumst við báðir

FRJÁLSÍPRÓTTAKEPPNIN SÚ BEZTA Í SÖGU LANDSMÓTANNA

FRJÁLSÍPRÓTTAKEPPNIN haldin á Akureyri er ein af glæsilegasta og besta á landsmótum þess efnis. Hringgjafi átti stórt hlutverk í því að tryggja góða framfarir og hafa verið á milli. Mikið hlotið var í öllum keppingum og sér í lagi var afþreyingin hvers vegna landsmótin eru svo góð. Framfarir hafa verið á milli og landsmótin eru ein af glæsilegasta og besta á landsmótum þess efnis. Hringgjafi átti stórt hlutverk í því að tryggja góða framfarir og hafa verið á milli. Mikið hlotið var í öllum keppingum og sér í lagi var afþreyingin hvers vegna landsmótin eru svo góð. Framfarir hafa verið á milli og landsmótin eru ein af glæsilegasta og besta á landsmótum þess efnis.

1000 m höfðslup: Þetta var ein af öflugustu keppingum landsmótanna. Þátttakendur frá öllum sveitum og borgum tóku þátt. Þátttakendur frá öllum sveitum og borgum tóku þátt. Þátttakendur frá öllum sveitum og borgum tóku þátt.

100 m hlauþ: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

5000 m hlauþ: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

400 m hlauþ: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

110 m grindahlauþ: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

1500 m hlauþ: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Spjétkast: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Karlar: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Langgjafi: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Hástökk: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Kringgjafi: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Stíg hlagaanna í frjálsu íþróttum: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Frjálsar Bröttir: Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum. Keppingin var mjög spennandi og margir keppendur náðu nýjum metum.

Morgunblaðið 14. júlí 1981.

til þess að keppa á mótinu, Þór-oddur í kúluvarpi og ég í blakinu, sem við í UMSE unnum.

Frá þessu landsmóti 1981 minnst ég þess að við vöktum mikið, bæði í aðdraganda mótsins og meðan á því stóð. Við vorum mættir um sexleytið á morgnana og vorum að langt fram á nótt mótsdagana. Mótið tókst mjög vel, veðrið var með eindæmum gott mótsdagana og það var mikil jákvæðni bæjarbúa í garð mótsins. Íþróttahöllin var í fyrsta skipti notuð þó svo að hún væri ekki fullbúin, t.d. voru ekki komin gólfefni á steingólfíð.

Á svona viðamiklu móti var mikil vinna að tímasetja og raða niður greinum og starfsmönnum í kringum þær og við lögðum okkur líka fram um að miðla sem best upplýsingum til keppenda

og gesta. Í því skyni gáfum við út fjölrítuð A4 mótsblöð mótsdagana með úrslitum dagsins áður og ýmsum hagnýtum upplýsingum,“ segir Sigurður Harðarson, einn

„Peim fækkar sem geta haldið svona mót“
— Segir Pálmi Gíslason formaður Ungmennasambands Íslands sem lýsti mikilli ánægju með framkvæmd 17. Landsmótsins

■ Pálmi Gíslason formaður Ungmennasambands Íslands hafði í morgun hlotið að hlíta á meðan Landsmótið stóð yfir á Akureyri. Okkur tókst þó að króa hann af samstund á sunnudaginn og sparðum fyrri hverning boðinn þessi til halds tókst með mótshaldið. „Ég get ekki annað en verið ánægður með hvernig þetta hefur allt farið fram. Það hafa engin vandamál komið upp, allt hefur gengið mjög vel fyrir sig og er greinilegt að skipuleggjendur mótsins hafa unnið mjög gott starf.“

Nó er sama þróunin varðandi Landsmót UMFI og Olympíuleika, þetta hefur sýnt útán á sig og það verður síðileit ordfara og meira varðandi að haldið mót. Verður þetta ekki til þess að það verði alltaf færri og færri aðilar sem tryggja sér til að haldið það? „Já, það er greinilegt að þessi þróun á sér stað. Á mótinu á Sel- fosi fyrir þremur árum voru um 1100 keppendur, nú eru þeir um 1300 íslenskir. Það er alveg rétt að peim fækkar sem geta haldið svona mót, aðstaða til þess er ekki allsattar fyrir hendi og dyrt að koma þessu upp. Það er hins vegar alveg ljóst að mótin verður með sa ma sniði aftrám, þær keppinggreinar sem nú eru á dagskrá verða það aftrám, það er spurning hvort hægt er að sperra gegn auknum fjölda keppenda með því að hafa forkeppni. L.d. í boltaiþróttum.“

Pálmi sagðist vilja koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra sem hefðu stuðlað að því að mótin færi jafn vel fram og raun bar vísir. Hann þakkadi mótsstjórn, samstarfsmönnum, keppendur og síðan þessi heima í heðri sem hefur stuðlað að því að 17. Landsmót UMFI hefði verið jafn glæsilegt og raun bar vísir.

Pálmi Gíslason formaður UMFI lýsti mikilli ánægju í viðtali við Tímann 14. júlí 1981 með undirbúningsvinnu og framkvæmd landsmótsins á Akureyri.

Stærsta landsmót sögunnar

Fjórða Landsmót UMFI sem UMSE kom að var haldið á Akureyri dagana 9. til 12. júlí 2009. Að mótinu stóðu í sameiningu UMSE og UFA – Ungmennafélag Akureyrar. Vel tókst til og þegar upp var staðið var mótið það stærsta í sögunni.

Farsælt samstarf UMSE og UFA

Móthaldið á Akureyri átti sér margra ára aðdraganda. Í ársbyrjun 2003 hófst umræða í UMSE og UFA um að standa sameiginlega að umsókn um landsmót á Akureyri og í framhaldinu var unnið að því að afla henni stuðnings hjá Akureyrarbæ, sem fékkst í nóvember sama ár. Sótt var um til UMFI að halda mótið árið 2007, þegar hundrað ár voru liðin frá stofnun UMFI, en til vara árið 2009 þegar hundrað ár voru liðin frá fyrsta Landsmóti UMFI, sem var haldið á Akureyri 17. júní 1909.

Niðurstaða UMFI var að 25. landsmótið árið 2007 yrði haldið í Kópavogi en það 26. á Akureyri sumarið 2009. Þá var skipuð landsmótnefnd og var fyrsti fundur hennar 31. janúar 2007. Í nefndinni voru í byrjun fyrir hönd UMSE Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Sigvaldason og Júlíus Júlíusson. Fyrir hönd UFA voru skipuð í nefndina Kristján Þór Júlíusson, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Haukur Valtýsson. Á síðari stigum komu inn í nefndina Óskar Þór Halldórsson, fulltrúi UMSE, og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, fulltrúi UFA, fyrir Júlíus og Sonju Sif. Fulltrúar UMFI í nefndinni voru Hringur Hreins-son, Helga G. Guðjónsdóttir,

kvæmdastjóri Landsmótsins 2009. Kristján Þór Júlíusson var formaður landsmótsnefndar og Haukur Valtýsson varaformaður.

Óskar Þór Halldórsson, einn þriggja fulltrúa UMSE í landsmótsnefnd, var ráðinn verkefnastjóri við undirbúning og framkvæmd landsmótsins og vann hann að undirbúningnum í nánú samstarfi við Ómar Braga og landsmótsnefnd í nokkra mánuði fyrir mótið. Fékk hann skrifstofuadstöðu í Hamri, félagsheimili íþróttafélagsins Þórs, en síðustu vikurnar fyrir mótið



Keppendur UMSE ganga inn á Þórsvöll við setningu landsmótsins föstudagskvöldið 10. júlí.



Frá setningu Landsmóts UMFÍ á Akureyri 2009.

fluttist skrifstofan í Glerárskóla og þar var miðstöð mótsins á meðan á því stóð.

Á þriðja þúsund keppendur

Undirbúningur landsmótsins gekk mjög vel, þrátt fyrir að efnahagshrunið hafi dunið á síðla árs 2008. Styrktaraðilar mótsins staðfestu aðkomu sína að mótinu í mars 2009. Aðalstyrktaraðilar mótsins voru KEA og Alcoa Fjarðaál en aðrir stórir styrktaraðilar voru Icelandair Group, Landsbankinn og Saga Capital. Stærsti óvissuþátturinn var hvort tækist að ljúka framkvæmdum við byggingu stúku við Þórsvöll og frágang hlaupa- og atrennubrauta. En allt gekk þetta upp að lokum og leikvangurinn var miðpunktur mótsins, þar var frjálsíþróttakeppnin og mótssetning.

Landsmótið hófst miðvikudaginn 8. júlí með ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri um heilsu og vellíðan en daginn eftir hófust keppnisgreinarnar

ein af annarri. Íþróttamannvirki bæjarins voru vel nýtt mótisdagana, bæði til úti- og innigreina. Aðstaða til íþróttar er mjög góð á Akureyri og greinastjórar í



Vésteinn Hafsteinnsson frjálsíþróttahjálfi var með fróðlegan fyrirlestur um afreksþjálfun á landsmótinu.



Siglingakeppnin á Pollinum.



Úrslit í 110 metra grindahlaupi á Þórsvelli.



Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, og Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri á Akureyri, afhjúpuðu bautasteina við Þórsvöll um þau fjögur landsmót sem hafa verið haldin á Akureyri – 1909, 1955, 1981 og 2009.

öllum þeim greinum sem keppt var í á mótinu höfðu unnið heimavinnuna og skipulagið gekk mjög vel upp. Á fimmta hundrað sjálfboðaliðar frá Akureyri, úr Eyjafirði og víðs vegar að af landinu unnu við mótíð.

Keppendur í mótinu – í greinum sem töldust til stiga, íþróttum eldri ungmennafélaga og kynningargreinum – voru ríflega 2.100. Auk þess tóku um 600 manns þátt í ýmsum uppákomum sem landsmótið stóð fyrir. Margrét Blöndal, sem lengi starfaði á RÚV, hafði yfirumsjón með ýmsum menningaruppákomum á mótinu.

Til þess að minnast hundrað ára sögu landsmótanna var sett upp sögusýning á Amtsbókasafninu þar sem brugðið var upp mynd af þeim í máli og myndum. Sýninguna hannaði Björn G. Björnsson í Reykjavík.



Hraustlega tekist á í glímukeppninni á Þórsvelli.



Efnt var til götuhlaups í 10 km, 3 km skemmtiskokki og hálfu og heilu maraþoni. Hér eru hlauparar að leggja af stað að morgni 11. júlí í hálfmaraþoni.



Strandblak á KA-svæðinu.

ÍBA vann heildarstigakeppnina

Auk hefðbundinna íþróttagreina voru starfsíþróttirnar, sem hefð er fyrir á landsmótum, á sínum stað; gróðursetning, pönnuköku-bakstur, jurtagreining, lagt á borð, dráttarvélaakstur og starfs-hlaup.

Tæpum þrettán árum eftir mótið er gaman að sjá að þær trjáplöntur sem plantað var í gróðursetningunni á landsmótinu, vestan og norðan við háskólabyggingarnar á Sólborg, eru nú myndarleg tré.

Landsmótið var sannarlega fjölsótt. Veðrið var frábært allan tímann, sem hjálpaði vissulega til. Mikill fjöldi lagði leið sína á Þórsvöll til þess að fylgjast með frjálsíþróttakeppninni og var um það rætt að svo margir áhorfendur hefðu ekki verið á



Kristján Þór Júlíusson, formaður landsmótsnefndar, og Haukur Valtýsson, varaformaður landsmótsnefndar. Fjær eru Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, sem báðar voru í landsmótsnefnd, og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ á Akureyri 2009.

frjálsíþróttakeppni á Íslandi um árabíl.

Tjaldbúðirnar voru á Rangárvöllum, sem var miður því töluverður spölur er milli Rangár-

valla og Þórsvallar. Landsmótsnefnd vildi að tjaldbúðirnar yrðu á svæði Háskólans á Akureyri á Sólborgarsvæðinu, steinsnar frá Þórsvelli, en þær hugmyndir náðu



Skrúðganga í Hafnarstræti á Akureyri í átt að Ráðhústorgi þar sem var efnt til kvöldskemmtunar laugardagskvöldið 11. júlí. Fánaberi er Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ.

Gamla, góða Ísland er fundið; í geymslu UMFÍ

● Ótrúlega skemmtileg stemning á 26. Landsmóti UMFÍ á Akureyri um helgina ● Er veðurguðinn í UMFÍ? ● Mörg þúsund manns komu til bæjarins vegna mótsins

Það var notaleg tilfinning að fylgjast með Landsmóti Ungmennafélags Íslands á Akureyri um helgina. Það verður að viðurkennast að „2007“-hugtakið var víðs fjarri. Kannski er það sem þarna fór fram „2009“; vel má vera svo, en ártalið skiptir ekki máli. Fyrst og fremst gleðin og stemningin. Guðlaðið var ekki í fyrrúmi heldur heiðarleg keppni, vinátta og samheldni. Gamla, góða Ísland er ennþá til!



Eftir Skapta Hallgrímsson
skapti@mbli.is

MÉR er til efs að Landsmót UMFÍ hafi í annan tíma gengið eins vel og um helgina. Kemur þar margt til; góð skipulagning, frábær aðstæða hvarvetna í bænum og svo það að veðurguðinn er bersýnilega meðlimur í ungmennafélagshreyfingunni. Sólín skein frá því áður en mótið hófst og allt þar til í gærkvöldi.

Í dag er reyndar spáð skitakulda en það er orðið of seint til að spilla fyrir; góðviðrismótið á Akureyri 2009 verður líklega lengi í minnum haft eins og mótið á Laugarvatni 1965.

Keppendur voru fleiri en nokkru sinni áður, rúmlega 2.000. Áætlað er að til bæjarins hafi komið 10-15 þúsund manns vegna mótsins. Erfitt er að átta sig á því vegna þess að fjöldi annarra var í bænum á sama tíma af ýmsum ástæðum og keppni mjög dreifð. Það var sama hvar ég kom um helgina – og ég fór víða – alls staðar var töluverður fjöldi að fylgjast með.



Að loknu Landsmóti UMFÍ 2009 á Akureyri. Morgunblaðið 13. júlí 2009.

ekki fram að ganga vegna andstöðu innan HA. Það var því ekki um annað að ræða en að velja næstbesta kostinn, Rangárvelli.

Íþróttabandalag Akureyrar – ÍBA vann heildarstigakeppni 26. Landsmóts UMFÍ með 1819 stig. Í öðru sæti varð HSK með 1557,5 stig, í þriðja sæti UMSK með 1366,5 stig, sameiginlegt lið

UMSE og UFA varð í fjórða sæti með 1155,5 stig, Íþróttabandalag Reykjavíkur í fimmta sæti með 1087,5 stig og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar varð í sjötta sæti með 768 stig.

Í samantekt Ómars Braga Stefánssonar, framkvæmdastjóra Landsmótsins, um mótið segir hann m.a.: „Ég tel ekki á neinn

hallað þegar ég segi að loknu móti, að þetta mót hafi verið afar glæsilegt og vel heppnað í alla staði. Öll umgjörð var til fyrirmyndar, þátttakan einkar glæsileg og veðrið frábært. Þetta mót var eitt það allra glæsilegasta í sögu Landsmótanna og mótshaldarar geta borið höfuðið hátt.“

Fyrsta unglíngalandsmót UMFÍ á Dalvík árið 1992

Sumarið 1991 hafði UMSE veg og vanda að framkvæmd Meistararamóts Íslands í frjálsíþróttum 14 ára og yngri á Akureyri. Mótið gekk mjög vel og fékk Jón Sævar Þórðarson, sem var þá bæði framkvæmdastjóri og frjálsíþróttþjálfari UMSE, þá hugmynd að ef til vill mætti horfa til þess að útvíkka frjálsíþróttakeppnina og halda stórt mót fyrir unglínga af öllu landinu í ýmsum greinum íþróttanna. Horfði Jón Sævar til þess að UMSE myndi halda mótið sumarið 1992 og minntist þannig á veglegan hátt 70 ára afmæli sambandsins.

Í mörg horn að líta

Jón Sævar kynnti hugmynd sína fyrst í fréttabréfi UMSE í ágúst 1991 og fylgdi henni eftir á haustfundi UMFÍ á Hallormsstað í september sama ár, þar sem sitt sýndist hverjum. En áfram var unnið að málinu og fór það fyrir sambandsþing UMFÍ til frekari umræðu. Niðurstaðan var að vísa því til stjórnar UMFÍ og UMSE og út úr því kom sú ákvörðun UMFÍ að fela UMSE að halda unglíngalandsmót árið 1992 sem yrði ætlað ungmönnum yngri en sextán ára. Mótið yrði blanda íþróttanna, útivistar og skemmti-

dagskrár fyrir þátttakendur og aðstandendur þeirra.

Nú var ljóst að málið þyrfti að vinna hratt, taka varð skjótt ákvörðun um mótstað á Eyjafjarðarsvæðinu, fjölda keppnisgreina, þátttökurétt o.fl. Landsmótsmálið var ítarlega rætt á formannafundi UMSE 13. nóvember 1991 og á fundi með bæjaryfirvöldum á Dalvík 9. desember kom fram ríkur vilji þeirra til þess að mótið yrði haldið þar – sem síðan varð.

Snemma árs 1992 var skipuð unglíngalandsmótsnefnd. Fulltrúar UMSE í henni voru Jóhann


Ólafsson, Niels Helgason, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Jón Sævar Þórðarson, Bjarni Gunnarsson, Þuríður Árnadóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Sigurgísli Sveinbjörnsson. Fulltrúar UMFÍ í nefndinni voru Kristján Yngvason og Sigurlaug Hermannsdóttir. Jóhann Ólafsson var formaður nefndarinnar í fyrstu en síðan tók Þuríður við formennsku um tíma en loks kom Guðmundur Víðir Gunnlaugsson inn í unglíngalandsmótsnefndina og tók við formennsku í henni.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 10. febrúar 1992 en í það heila voru haldnir ellefu nefndarfundir. Katrín Sigurjónsdóttir var síðan ráðin framkvæmdastjóri mótsins og hóf störf í apríl. Fyrir hana og unglíngalandsmótsnefnd var í mörg horn að líta enda


ný slóð. Tekin var ákvörðun um að keppnisgreinarnar yrðu átta; knattspyrna, frjálsíþróttir, sund, skák, glíma, golf, hestaíþróttir og borðtennis. Aðgangur að mótinu



Skrúðganga inn á vallarsvæðið á Dalvík fyrir mótssetningu. Dagana fyrir mótið rigndi duglega og veðurguðirnir voru ekki heldur í sólskinskapi á mótssetningunni. En það átti eftir að breytast.



Forsíða leikskrár Unglíngalandsmóts UMFÍ á Dalvík 1992.



Í leikskrá mótsins eru m.a. þessi ávörp Inga Björns Albertssonar, þáverandi formanns Íþróttanefndar ríkisins og Ellerts B. Schram, þáverandi forseta Íþróttasambands Íslands.



Fánaberar mótshaldara í UMSE. Fjar sést m.a. til Halldórs Jónssonar, þáverandi bæjarstjóra á Akureyri, Bjarna Kr. Grímssonar, þáverandi bæjarstjóra í Ólafsvörðum, Jónasar Vigfússonar, þáverandi sveitarstjóra í Hrísey – síðar var hann formaður UMSE og Helga Símonarsonar frá Þverá í Svarfjardal, sem vann gríðarlega mikið starf í þágu ungmennafélags-hreyfingarinnar á sínum yngri árum. Helgi lést árið 2001, tæplega 106 ára að aldri.



Sól og blíða á Dalvík og fjölmenni á mótssvæðinu.



Hressilega tekið á því í endamarkinu.

yrði ókeypis en það yrði fjármagnað með þáttökugjöldum og styrkjum frá fyrirtækjum (peningastofnunum á svæðinu, KEA og Vífilfelli) og einnig studdi UMFÍ mótahaldið fjárhagslega.

Unnið hafði verið að því að bæta frjálsíþróttaaðstöðuna á Dalvík en ákvörðun um unglíngalandsmótið 10.-12. júlí þrýsti á að ljúka framkvæmdum. Menn lögðu nótt við dag til þess að ná settu marki áður en flautað var til leiks. Mikill fjöldi

sjálfboðaliða UMSE af öllu sambandssvæðinu vann ómælt undirbúningsstarf á Dalvík og öðrum keppnisstöðum til þess að allt yrði tilbúið í tæka tíð. Keppt var í frjálsíþróttum, skák, glímu og borðtennis á Dalvík, knattspyrnukeppnin var á Dalvík, í Árskógi og Hrísey, sundkeppnin á Laugalandi á Þelamörk, golfið á Arnarholtsvelli í Svarfaðardal og hestaíþróttakeppnin í Hringsholti, keppnissvæði Hestamannafélagsins Hrings í Svarfaðardal.

Tæplega ellefu hundruð þátttakendur

Tjaldsvæðið var vestan íþróttavallarins á Dalvík, stjórnstöð mótsins var í Dalvíkurskóla og mötuneytið í Víkurröst.

Á mótið voru skráðir 1078 þátttakendur frá héraðssamböndum og ungmennafélögum. Heimamenn – UMSE-félagar – voru fjölmennastir eða 247.

Mótið var formlega sett að kvöldi föstudagsins 10. júlí með skrudgöngu inn á íþróttavöllinn á Dalvík sem ungmennafélagsforystumaðurinn Hafsteinn Þorvaldsson stýrði. Pálmi Gíslason formaður UMFÍ setti mótið og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Dalvík flutti ávarp. Sama kvöld fengu þátttakendur að spreyta sig í karóki í stóru tjaldi á mótssvæðinu á Dalvík og á laugardagskvöldinu var þar slegið upp balli þar sem hljómsveitin „1000 andlit“ spilaði. Einnig var dansleikur í Víkurröst fyrir 16 ára og eldri. Af annarri afþreyingu má nefna tívolí, hestaferðir og skipulagðar gönguferðir.

Í byrjun var horft til þess að unglíngalandsmót yrði haldið á þriggja ára fresti. Það gekk eftir því annað mótið var haldið á Blönduósi árið 1995 og það þriðja í Reykjavík árið 1998. Öll þessi þrjú mót voru haldin snemma í júlí en frá og með fjórða unglíngalandsmótinu, árið 2000 í Vesturbyggð og á Tálknafirði, hefur mótið verið haldið um verslunarmannahelgina. Fimmta unglíngalandsmótið var haldið í Stykkishólmi árið 2002 en síðan hefur mótið verið haldið árlega, að tveimur síðustu árum

frátöldum vegna kórónuveirufaraldursins.

Kappa-forritið setti strik í reikninginn

Katrín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri unglíngalandsmótsins 1992 og nú sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð, segist eiga góðar minningar frá mótinu. Undirbúningur fyrir keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum hafi að stórum hluta verið í höndum forráðamanna aðildarfélaga UMSE, s.s. í golfi hjá Golfklúbbnum Hamri og hestaíþróttum hjá Hestamannafélaginu Hring. „Það var gaman að upplifa það í upphafi fyrsta keppnisdags hvað allt gekk vel og var vel undirbúið af þeirra hálfu. Einnig var hópur sjálfboðaliða af UMSE svæðinu sem stóð vaktir allan sólarhringinn á svæðinu, bæði í keppni og utan hennar. Þarna sannaðist eins og svo oft áður hvað sjálfboðaliðastörfin eru mikilvæg íþróttahreyfingunni, allir unnu sem einn maður til að láta hlutina ganga upp,“ segir Katrín og bætir við að vissulega hafi mótshaldarar þurft að finna upp hjólið að töluverðu leyti.

„Við renndum nokkuð blint í sjóinn með þetta og vissum ekki nákvæmlega út í hvað við vorum að fara. En líklega var erfiðast við undirbúning mótsins nýtt skráningarforrit, Kappi, sem UMFÍ notaði í fyrsta skipti á mótinu og það gekk upp og ofan. Ég minnst þess að hálf tíma áður en sundkeppnin hófst á Þelamörk hafði okkur ekki tekist að keyra út úr forritinu riðlaskiptingu fyrir keppnina. Loksins tókst okkur það og þá var keyrt í loft-



Hluti starfsmannahópsins í frjálsíþróttakeppninni á Unglíngalandsmótinu á Dalvík 1992.



Horft yfir hluta tjaldbúðanna á þessu fyrsta Unglíngalandsmóti UMFÍ.

köstum með riðlaskiptinguna inn á Laugaland,“ segir Katrín. Hún segist einnig minnst þess að heimamenn hafi lagt nótt við dag til þess að ljúka þökulagningu vallarsvæðisins áður en flautað var til leiks. Mikill snjór hafi verið um veturinn og kalt vor hafi ekki hjálpað til. „Sólarhringarnir voru langir og svefnlausir og ég minnst þess að í vikunni fyrir mótið náði ég ekki einnar mínútu svefni

eina nóttina þegar við áttuðum okkur á því að forritið góða var ekki að vinna með okkur í skráningum þátttakenda á mótið,“ segir Katrín.

Vökunætur og mikill og góður undirbúningur UMSE skilaði sér og þótti mótið takast með miklum ágætum. Eyfirðingar höfðu slegið tóninn um mótahald á þessum nóttum fyrir unga fólkið um allt land.



Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir býr og starfar á Akureyri.

Hefur fyrst og fremst verið gaman

„Árið 1986 fór ég á aðalfund í mínu gamla félagi, Ungmennafélaginu Þorsteini Svörfuði í Svarfaðardal, og var kosin í stjórn. Þar tók ég mín fyrstu skref í félagsstörfum fyrir ungmennafélags-hreyfinguna en áður hafði ég stundað frjálfsíþróttir hjá Þorsteini Svörfuði. Á sumrin voru æfingar í fótbolta og frjálsum á Tungunum í Svarfaðardal og þangað fór ég. Yfir vetrarmánuðina var ég í íþróttum í Húsabakkaskóla og síðar Dalvíkurskóla. Æfingarnar á Tungunum voru vel sóttar, flestir voru í fótboltanum en það voru þó alltaf nokkrir áhugasamir sem æfðu frjálssar. Einn af þeim sem þjálfuðu okkur á þessum tíma var Jón Sævar Þórðarson. Ég byrjaði ung að árum að æfa hlaup, mest 100 og 400 metrana en einnig

hljóp ég stundum 800 og 1500 metra,“ segir Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir frá Hofsárkoti í Svarfaðardal, sem hefur í gegnum tíðina unnið ómælt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Jóhanna var í stjórn Þorsteins Svarfaðar 1986 til 1991 og síðar var hún kjörin í stjórn UMSE. Sem vara- og aðalmaður í stjórn UMSE var Jóhanna í níttján ár, á árunum 1990-1999 og aftur 2002-2012. Hún var m.a. varaformaður stjórnar og formaður sambandsins um nokkurra mánaða skeið veturinn 1993-1994.

Fjölbreytt stjórnarstörf

„Þegar ég var tíu ára gömul greindist ég með flogaveiki sem gerði það að verkum að ég þurfti

að hætta í hlaupunum á unglingsárunum. Í stað þeirra stökk ég langstökk og fór að kasta kúlu og spjóti,“ segir Jóhanna.

Ekki verður annað sagt en að stjórnarstörf Jóhönnu í Þorsteini Svörfuði hafi byrjað með látum því henni var falið starf gjaldkera, nokkuð sem hún hafði ekki áður kynnst. „Mér tókst með hjálp pabba og Óskars Gunnarssonar í Dæli að setja mig inn í gjaldkerastarfið og þetta gekk síðan ljómandi vel, enda reksturinn á þessum tíma hvorki mikill né flókinn.“

Að grunnskólanum loknum lá leið Jóhönnu í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, þar sem hún var í tvo vetur, og síðan fór hún í sjúkraliðanám við Verkmenntaskólann á Akureyri.



Jóhanna og Marínó Þorsteinsson árið 1994.

„Á þessum tíma var ég kjörin í varastjórn UMSE en áður hafði ég setið í frjálfsíþróttanefnd sambandsins. Í UMSE var allt miklu stærra í sniðum en ég hafði kynnst í Þorsteini Svörfuði. Eitt af mörgum eftirminnilegum mótum sem ég vann að í UMSE er Unglingalandsmót UMFÍ á Dalvík árið 1992. Undirbúningsvinnan var gríðarleg og ekki laust við taugatitring, enda var leiðindaveður dagana fyrir mótið. Þrátt fyrir að veðrið mótisdagana hafi heldur ekki verið neitt sérstakt stendur upp úr í minningunni hversu vel mótið tókst.“

Stjórnarstörfin á árunum 1990-1999 og 2002-2012 segir Jóhanna að hafi ekki síst snúist um öflugt frjálfsíþróttastarf í UMSE og ekki síður hafi mikil vinna farið í að afla fjár með

ýmsum hætti til reksturs sambandsins frá degi til dags. Teknar hafi verið upp sameiginlegar æfingar á vegum UMSE fyrir frjálfsíþróttakrakka á sambands-svæðinu, sem hafi gengið ágætlega í fyrstu en smám saman hafi fjarað undan því fyrirkomulagi og aðildarfélögin hafi hvert og eitt séð um íþróttæfingarnar. Einnig hafi iðkendur í frjálfsíþróttum fækkað umtalsvert og afrekskrakkar í frjálsum úr aðildarfélögum UMSE hafi farið að æfa með jafnöldrum sínum í UFA – Ungmennafélagi Akureyrar.

Einstök stemning á landsmótum

„Þegar ég horfi til baka til þess tíma sem ég var í stjórn UMSE kemur bara eitt hugtak upp í

hugann; „gaman“. Þetta var fyrst og fremst óskaplega skemmtilegur tími. Auðvitað var þó sumt erfitt viðureignar, eins og alltaf er í slíku starfi, en það skemmtilega situr eftir í minningunni, ekki síst undirbúningur og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ á Dalvík 1992 og Landsmóts UMFÍ á Akureyri árið 2009. Ég var í stjórn UMSE þegar bæði þessi mót voru haldin og tók því virkan þátt í aðdraganda mótanna og mótshaldinu. Og almennt eru stóru landsmótin og unglíngalandsmótin eftirminnileg, ég náði flestum landsmótunum á þessum árum og nokkrum unglíngalandsmótum. Á þeim skapast einstök stemning. Stundum setti veðrið þó strik í reikninginn, t.d. hvessti duglega einn daginn á landsmótinu í Mosfellsbæ árið



Á ársþingi UMSE árið 1997.

1990 og tjaldið mitt og fleiri tjöld fuku í hrúgu. Landsmótið á Laugarvatni árið 1994 er líka eftirminnilegt sökum úrhellisrigningar og mótið á Húsavík 1987

verður lengi í minnum haft fyrir einmuna veðurblíðu.

Ég man að undir lok fyrra tímabils míns sem aðalstjórnaður í UMSE fannst mér þetta

vera orðið gott og hætti því árið 1999, eftir sex ár í aðalstjórn. En síðan var komið að máli við mig og spurt hvort ég væri ekki örugglega til í að koma aftur inn í stjórn. Ég játaði því en bætti við að ég gæti hugsað mér að vera kannski eitt ár til viðbótar. Það fór þó ekki svo því í seinna skiptið var ég áratug í stjórn, frá 2002 til 2012.“

Í takt við þjóðfélagsbreytingar hefur starf ungmennafélagshreyfingarinnar breyst mikið. Jóhanna segir það ekki óeðlilegt enda sé framboð af afþreyingu mun meira en áður var og íþróttagreinum sem standi börnum og unglingum til boða hafi fjölgað mjög. Eðlilegt sé því að starf ungmennafélagshreyfingarinnar hafi tekið breytingum á síðustu árum og áratugum.

Skugga-Sveinn á Dalvík



Skugga-Sveinn í uppfærslu Ungmennafélags Svarfdæla árið 1967. Á myndinni eru Ævar Klemenzson, Steingrímur Þorsteinsson og Jón Halldórsson í hlutverkum sínum. Þessi leikýning var með fjölsóttustu leikýningum sögunnar á Dalvík, hana sáu um tvö þúsund manns. Mynd: Páll A. Pálsson.



Fulltrúar á 20. þingi UMSE árið 1941 höfðu áhyggjur af sambúðinni við breska setuliðið.

Sambúðin við setuliðið

Á 20. þingi UMSE sem var haldið á Dalvík 29. mars 1941 varð þingfulltrúum tíðrætt um veru breskra hermanna í landinu en Bretar höfðu hertekið landið á vordögum 1940.

Í fundargerð þessa þings er fjallað um þetta mál undir liðnum Sambúðin við setuliðið. Þar segir:

„Frummælandi Ragnar Stefánsson. Ræddi hann um þetta mál á víð og dreif og um hið breytta viðhorf sem nú ríkti hér sökum hertöku landsins og sambúð okkar við hið breska herlið. Taldi hann að framtíð þjóðarinnar, gæfa hennar og

gengi vera ef til vill mikið undir því komin að framkoma okkar við hið breska setulið sé þannig að við sýnum þar fullan þjóðarmetnað, kalda kurteisi en engin vináttuhót. Hið breska setulið er hér sem nokkurs konar óboðnir gestir og verðum við að koma fram við það samkvæmt því.“

Fram kom eftirfarandi tillaga frá Ragnari Stefánssyni, Hjalta Haraldssyni og Ásgeiri P. Sigurjónssyni sem var samþykkt samhljóða:

„Sökum þess hve menn virðast misskilja hvernig þeim beri að koma fram gagnvart hinu breska setuliði sem sannir Íslendingar

með fullkominni sjálfsvirðingu og þjóðarmetnaði og að ástæða er til að ætla að tungu okkar og þjóðerni sé hætta búin vegna hinnar gálausu og óeðlilegu framkomu gagnvart setuliðinu þá samþykkir 20. þing UMSE að skora á sambandsfélögin að beita sér fyrir því að þessi mál verði rædd á fundum félaganna. Ennfremur skorar þingið á alla Íslendinga að koma fram við setuliðið með afskiptalausri kurteisi og fullri sjálfsvirðingu og halda þannig uppi heiðri sínum sem sjálfstæðrar þjóðar.“

Stjórnarmenn (aðal- og varamenn) UMSE 1922-2022

Alda Stefánsdóttir, Umf. Æskan 1991-1995
 Anna Kristín Árnadóttir, Hestamf. Funi 2007-2011
 Anna S. Hjaltadóttir, Golfkl. Hamar 2002-2004
 Ármann Dalmannsson, Umf. Akureyrar 1928-1932
 Árni Arnsteinsson, Umf. Skriðuhr. 1978-1982,
 2002-2008
 Árni Magnússon, Umf. Saurb.hr. 1956-1957
 Árni Þorláksson, Umf. Möðruvallas. 1939-1940
 Árni Þórðarson, Umf. Akureyrar 1930-1932
 Ásgeir P. Sigurjónsson, Umf. Svarfdæla 1940-1941
 Baldur Guðlaugsson, Umf. Akureyrar 1933-1934
 Baldur Halldórsson, Umf. Framtíð 1937-1938,
 1942-1943, 1945-1946
 Benedikt Hjaltason, Umf. Framtíð 1989-1991
 Birgir Jónasson, Umf. Framtíð 1977-1982
 Birgir Marinósson, Umf. Reynir 1963-1973
 Birgir Þórðarson, Umf. Árróðinn 1972-1977
 Birkir Örn Stefánsson, Umf. Æskan 2010-2012
 Bjarni Gunnarsson, Umf. Svarfd. 1993-1994
 Bjarni Jónsson, Skíðaf. Dalvíkur 1989-1990
 Bjarnveig Ingvadóttir, Umf. Svarfd. 2014-2018
 Björgvin Hjörleifsson, Skíðaf. Dalvíkur 2016-
 Björn Daníelsson, Umf. Svarfd. 1948-1949,
 1951-1952
 Björn Friðþjófsson, Umf. Svarfd. 1983-1986
 Björn Ingimarsson, Umf. Möðruvallas. 1986-1988
 Bolli Gústavsson, Umf. Narfi 1964-1967
 Bragi Konráðsson, Umf. Framtíð 1993-1994
 Brynjólfur Sveinsson, Skíðaf. Dalvíkur 1988-1989
 Dana Jóna Sveinsdóttir, Umf. Svarfd. 1996-1997
 Daníel Björnsson, Umf. Framtíð 1985-1986
 Davíð Ágústsson, Umf. Samherjar 2003-2004
 Dóra Bryndís Hauksdóttir, Umf. Skriðuhr.
 1989-1990
 Drífa Matthíasdóttir, Umf. Dagsbrún 1988-1989
 Edda Kamilla Örnólfsson, Hestamf. Funi 2011-
 2015, 2018-
 Eggert Jónsson, Umf. Möðruvallas. 1958-1969
 Einar Hafliðason, Umf. Þorst. Sv. 2011-
 Eiríkur Brynjólfsson, Umf. Framtíð 1937-1938
 Elvar Marinósson, Umf. Reynir 2016-2018
 Emilía Baldursdóttir, Umf. Árróðinn 1969-1971,
 1973-1974



Frá vinstri: Guðmundur Benediktsson frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd (Umf. Æskan), Hjalti Haraldsson Ytra-Garðshorni í Svarfáardal (Umf. Þorst. Sv.) og Helgi Símonarson Þverá í Svarfáardal (Umf. Svarfd./Umf. Þ.Sv.) voru heiðraðir á 75 ára afmæli UMSE árið 1997. Allir voru þeir formenn UMSE fyrr á árum, Helgi 1940-1942, Guðmundur 1945-1947 og Hjalti 1949-1951.

Erlingur Davíðsson, Umf. Ársól 1949-1951
 Eyrún Elva Marinósdóttir, Umf. Reynir 2005-2010
 Felix Jósafatsson, Umf. Reynir 1978-1980
 Friðrik Þorsteinsson, Umf. Reynir 1939-1940
 Garðar Hallgrímsson, Umf. Árróðinn 1992-1994
 Geir Jónasson, Umf. Akureyrar 1938-1939
 Gestur Hauksson, Umf. Smárinn 1996-2003
 Gísli Pálsson, Umf. Skriðuhr. 1981-1984
 Guðbjörg Hjartadóttir, Umf. Smárinn 2002-2007
 Guðbrandur Jóhannsson, Umf. Æskan 1999-2000
 Guðmundur Benediktsson, Umf. Æskan 1938-
 1939, 1942-1943, 1945-1947, 1949-1951
 Guðmundur Jónsson, Umf. Akureyrar 1926-1928
 Guðmundur Sigurgeirsson, Umf. Ársól 1949-1951
 Guðmundur Steindórsson, Umf. Skriðuhr.
 1982-1984
 Guðrún Lárusdóttir, Umf. Þorst. Sv. 1985-1987
 Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Svarfd. 2012-2021
 Gunnar Ingi Ómarsson, Umf. Æskan 2014-2016
 Gylfi Baldvinsson, Umf. Reynir 1976-1978
 Gylfi Pálsson, Umf. Skriðuhr 1974-1978
 Hafdís Rafnsdóttir, Umf. Reynir 1987-1990
 Halldór Árnason, Umf. Skriðuhr. 1995-1998
 Halldór Helgason, Umf. Árróðinn 1945-1947

Halldór Jóhannesson, Umf. Atli 1947-1948,
 1951-1953
 Halldór Jónsson, Umf. Þorst. Sv. 1951-1954
 Halldór Sigurðsson, Umf. Skriðuhr. 1973-1977,
 1979-1980
 Halldór Sigurgeirsson, Umf. Árróðinn 1977-1979
 Haraldur Magnússon, Umf. Svarfdæla 1943-1945
 Haraldur Sigurðsson, Umf. Möðruvallas.
 1946-1949
 Haukur Halldórsson, Umf. Æskan 1971-1976
 Haukur Steindórsson, Umf. Skriðuhr. 1962-1978
 Helga Eymundsdóttir, Umf. Æskan 1996-1998
 Helga Guðmundsdóttir, Umf. Svarfd. 2004 -2008
 Helgi Símonarson, Umf. Svarfd. 1932-1933,
 1940-1942
 Helgi Steinsson, Umf. Skriðuhr. 1986-1989
 Hjalti Finnsson, Bind.fél. Dalbúinn 1956-1957
 Hjalti Haraldsson, Umf. Þorst. Sv. 1941-1942,
 1946-1947, 1949-1951, 1954-1956
 Hjörtur E. Þórarinnsson, Umf. Þorst. Sv. 1954-1956
 Hólmfríður Gísladóttir, Sundf. Rán 2018-2021
 Hrefna Helgadóttir, Umf. Samherjar 1998-2002
 Hreinn Ketilsson, Umf. Æskan 1956-1957
 Hringur Hreinsson, Umf. Æskan 1998-2008



Þeir voru heiðraðir á 75 ára afmæli UMSE árið 1997. Frá vinstri: Jóhann Ólafsson Umf. Þ.Sv., sem var formaður UMSE 1987-1991, Páll Garðarsson Umf. Árr., sem var stjórnarmaður 1968-1972, og Ólafur Tryggvason Umf. Árr., sem var stjórnarmaður 1980-1981.

Hulda Kristjánsdóttir, Umf. Svarfd. 1997-1998 og
 2000-2002
 Hörður Zophoníasson, Umf. Möðruvallas.
 1957-1959
 Ingimar Ragnarsson, Umf. Narfi 1990-1991
 Ingvi Guðmundsson, Umf. Öxndæla 1984-1985
 Jóhann Frímánn, Umf. Akureyrar 1929-1931
 Jóhann Helgason, Umf. Árróðinn 1956-1957



Ársþing UMSE var haldið í barnaskólanum á Svalbarðsströnd í apríl 1971. Í ræðustól er þáverandi formaður sambandsins, Sveinn Jónsson, en fyrir framan hann sitja frá vinstri þingforsetarnir Haukur Halldórsson og Sigurður Viðar Sigmundsson og síðan koma tveir af gestum þingsins, Sveinn Björnsson varaforseti ÍSÍ og Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ. Við enda borðsins er Guðmundur Benediktsson og einnig sést Atli Friðbjörnsson.



Formannafundur UMSE í október 1973. Aftari röð frá vinstri: Halldór Sigurðsson, Þórður Steindórsson, Kristján Gunnþórsson, Benjamín Baldursson, Vilhjálmur Björnsson, Halldór Sigurgeirsson, Hermann Jónsson, Reynir Schiöth, Ómar Ingason, Hörður Snorrason og Svavar Guðmundsson.

Fremri röð frá vinstri: Birgir Þórðarson, Magnús Kristinsson, Emilía Baldursdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Haukur Halldórsson og Haukur Steindórsson.

Jóhann Jónsson, Umf. Þorst. Sv. 1932-1933,
1934-1935

Jóhann Ólafsson, Umf. Þorst. Sv. 1987-1991

Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Umf. Þorst. Sv.
1990-1999 og 2002-2012

Jóhannes Áslaugsson, Umf. Narfi 1990-1992

Jóhannes Jónasson, Umf. Akureyrar 1922-1924

Jóhannes Kristjánsson, Umf. Reynir 1948-1949,
1953-1956

Jóhannes Gísli Pálmason, Umf. Smárinn 2015-2016

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Umf. Áróðinn
1976-1982

Jóhannes Óli Sæmundsson, Umf. Reynir
1932-1933, 1935-1937, 1939-1940

Jón Brynjólfsson, Umf. Æskan 1989-1990

Jón Sigurðsson, Umf. Akureyrar 1922-1924

Jón Stefánsson, Umf. Svarfd. 1951-1954,
1957-1958, 1959-1960

Jón Ingi Sveinsson, Umf. Reynir 1994-2003

Jón Trausti Þorsteinsson, Umf. Svarfd. 1935-1937

Jónas Vigfússon, Hestamf. Funi 1994-1996, 2021-

Jósavein Arason, Umf. Reynir 1996-2002

Júlíus Viðarsson, Umf. Svarfd. 1990-1992

Karl Ingi Atlason, Umf. Þorst. Sv. 2005-2007

Katrín Sigurjónsdóttir, Umf. Reynir 1989-1991

Klængur Stefánsson, Umf. Dagsbrún 1980-1987

Kristinn Kristinsson, Umf. Vorboðinn 1986-1988

Kristín Hermannsdóttir, Umf. Samherjar
2009-2013

Kristín Thorberg, Hestamf. Funi 2021-

Kristján Karlsson, Umf. Akureyrar 1922-1923

Kristján Tryggvason, Umf. Áróðinn 1938-1939

Kristján Vigfússon, Umf. Reynir 1943-1945,
1957-1962

Kristlaug María Valdimarsdóttir, Umf. Smárinn
2008-2014 og 2018-

Linda Stefánsdóttir, Umf. Æskan 1994-1996

Magnús Jóhannsson, Umf. Reynir 1979-1981

Magnús Kristinsson, Umf. Saurbæjarhr. 1973-1979

Marínó Þorsteinsson, Umf. Reynir 1982-1986

Niels Helgason, Umf. Framtíð/Ungmf. Samherjar
1987-1992 og 1999-2005

Oddný Snorradóttir, Umf. Áróðinn 1975-1976

Oddur Gunnarsson, Umf. Dagsbrún 1968-1971

Ólafur Magnússon, Umf. Akureyrar 1928-1930

Ólafur Tryggvason, Umf. Áróðinn 1980-1981

Óskar Gunnarsson, Umf. Þorst. Sv. 1982-1984

Óskar Óskarsson, Skíðaf. Dalvíkur 2008-2009

Óskar Valdimarsson, Umf. Atli 1947-1948

Óskar Þór Vilhjálmsón, Umf. Þorst. Sv. 2010-2014

Páll Garðarsson, Umf. Áróðinn, 1968-1972

Páll Helgason, Umf. Áróðinn 1937-1938,
1942-1943

Páll Rist, Umf. Framtíð 1946-1947

Pétur Þórarinnsson, Umf. Möðruvallas. 1984-1987

Ragnar Stefánsson, Umf. Svarfd. 1940-1942

Ragnheiður Friðgeirsdóttir, Umf. Svarfd.
1995-1996

Rögnvaldur Ólafsson, Umf. Skriðuhr. 1984-1985

Sigfríð Valdimarsdóttir, Umf. Reynir 1981-1982

Sigríður Helgadóttir, Umf. Æskan 1985-1986,
1987-1989

Sigrún Finnsdóttir, Umf. Smárinn 2014-2018

Sigurður Aðalgeirsson, Umf. Framtíð 1974-1975

Sigurður Sveinn Antonsson, Golfkl. Hamar
1992-1994

Sigurður Eiríksson, Umf. Samherjar 2013-

Sigurður Jóhannesson, Umf. Þorst. Sv. 1933-1934

Sigurður Jónsson, Umf. Svarfd. 1934-1935



Haukur Steindórsson Umf. Skriðuhrepps og Páll Garðarsson Umf. Áróðanum.

Sigurður Jósefsson, Bind.fél. Dalbúinn 1967-1972

Sigurður Hólmar Kristjánsson, Hestamf. Funi
2007-2010

Sigurður Viðar Sigmundsson, Umf. Þorst. Sv.
1968-1973

Sigurður Bjarni Sigurðsson, Umf. Þorst. Sv.
2009-2011

Sigurgeir Hreinsson, Umf. Vorboðinn 1981-1985

Sigurgísl Sveinbjörnsson, Umf. Vorboðinn
1991-1994

Sigurjón Jóhannsson, Umf. Skíði 1948-1949



Á ársþingi UMSE árið 1992. Frá vinstri: Sigurgísl Sveinbjörnsson, Niels Helgason, Marínó Þorsteinsson, Jón Sigfússon og Gísli Pálmason.



Puriður Árnadóttir Umf. Skriðuhr. og Indiana Ólafsdóttir Umf. Reyni. Puriður var formaður UMSE 1992-1993.

Sigurlín Birgisdóttir, Umf. Samherjar 1995-1996

Snorri Finnlaugsson, Umf. Svarfd. 1988-1989

Snorri Kristjánsson, Umf. Reynir 1943-1945,
1949-1951

Starri Heiðmarsson, Umf. Æskan 2003-2009

Stefán Árnason, Umf. Skriðuhr. 1986-1989

Stefán Ág. Kristjánsson, Umf. Akureyrar 1924-1926

Steingrímur Bernharðsson, Umf. Svarfd. 1959-1960

Svanbjört Brynja Bjarkadóttir, Umf. Æskan
2012-2014

Svanlaug Þorsteinsson, Umf. Reynir 1935-1937

Svanlaug Þorsteinsson, Umf. Reynir 1991-1993

Sveinbjörn Halldórsson, Umf. Saurb.hr. 1956-1957

Sveinn Jóhannsson, Umf. Svarfd. 1947-1948,
1952-1956, 1957-1959, 1960-1963

Sveinn Jónsson, Umf. Reynir 1960-1973

Tryggvi Jóhannsson, Umf. Þorst. Sv 1994-1995

Tryggvi Jónsson, Umf. Svarfd. 1933-1935

Vala Björt Harðardóttir, Hestamf. Funi 1996-1998



Frá ársþingi UMSE. Við ræðupúltið er Bragi Konráðsson og til hægri eru þingforsetarnir Sigurður Hreinsson og Stefán Sveinbjörnsson.



Árið er 1993. Bjarneig Ingvadóttir Umf. Svarfd. og Hrefna Helgadóttir Umf. Samh. Bjarneig var formaður UMSE 2014-2018 og Hrefna var í stjórn UMSE á árunum 1998-2002.

Valdimar Kjartansson, Umf. Reynir 1972-1974

Valdimar Óskarsson, Umf. Skíði 1951-1956

Valgeir Anton Þórisson, Ungmf. Skriðuhr.
1984-1987

Vilborg Björgvinsdóttir, Umf. Svarfd. 1998-2002

Vilhjalmur Þórarinnsson, Umf. Þorst. Sv. 1947-1949

Vilhjalmur Björnsson, Umf. Þorst. Sv. 1971-1983

Víkingur Guðmundsson, Umf. Dagsbrún
1981-1984

Þorgerður Guðmundsdóttir, Umf. Samherjar 2008-

Þormóður Sveinsson, Umf. Akureyrar 1923-1928

Þorsteinn Hólm Stefánsson, Hestamf. Hringur
1994-1996

Þorsteinn Þorsteinsson, Umf. Akureyrar

1924-1929, 1931-1932

Þórir Snorrason, Umf. Dagsbrún 1978-1981

Þóroddur Jóhannsson, Umf. Möðruvallas.

1957-1964

Þuriður Árnadóttir, Umf. Skriðuhr 1992-1993

Örn Þórisson, Umf. Skriðuhr. 1991-1994



Á ársþingi UMSE 1994. Hér eru m.a. Þórir Jónsson frá UMFÍ, Jónas Vigfússon, Jóhann Ólafsson, Bjarni Gunnarsson og Vilhjalmur Björnsson.



Starf Sveins Jónssonar – Svenna í Kálfsskinni – í þágu íþrótt- og ungmennafélagsheyringarfingrarinnar hefur verið ómælt í gegnum tíðina. Hann sat í stjórn UMSE í þrettán ár, þar af var hann formaður í sambandsins í níu ár, frá 1964 til 1973.

Séra Friðrik greip í stýrið

Einu sinni ungmennafélagi, alltaf ungmennafélagi. Það á svo sannarlega við um Svein Jónsson frá Ytra-Kálfsskinni á Árskógsströnd sem hefur starfað í ungmennafélagsheyringunni meira og minna frá unglingsárum og lagt henni ómælt lið. Ungur hóf hann að starfa í Ungmennafélaginu Reyni á Árskógsströnd og var þar formaður í sjö ár á sjöunda áratug síðustu aldar. Á þessum árum, frá 1964 til 1973, var hann einnig formaður stjórnar UMSE. Við stjórnarformennskunni tók Sveinn af Þóroddi Jóhannssyni sem hafði einnig verið formaður UMSE í sjö ár og varð framkvæmdastjóri sambandsins þegar Sveinn settist í formannsstólinn.

Félagsblað Reynis á Árskógsströnd, Helgi magri, hefur komið út síðan 1910, ekki þó á hverju einasta ári í meira en eina öld en síðustu áratuginu hefur blaðið komið út árlega og hefur að geyma ýmsan fróðleik af Árskógsströnd sem fullvíst má telja að myndi glatast ef hann væri ekki varðveittur á síðum Helga magra. Enginn hefur verið lengur í ritnefnd blaðsins en Sveinn Jónsson og ófáum stundunum hafa þau hjónin, Sveinn og Ása Marinósdóttir, verið í þágu þess.

Frumstæður frjálsíþróttavöllur í Kálfsskinni

„Ég byrjaði að starfa í Ungmennafélaginu Reyni innan

við fermingu og fór fljótlega að hlaupa. Björn Sveinsson, sem þá var í KA á Akureyri, var í sveit á Selárakka og við lékum okkur oft saman. Í sameiningu útbjuggum við lítinn frjálsíþróttavöll heima í Kálfsskinni, mældum hlaupabrautir og merktum með snærisgörmum. Þetta var fyrsti frjálsíþróttavöllurinn sem ég æfði á. Síðar voru skipulagðar æfingar með leiðbeinanda sem fór um héraðið og kenndi okkur krökkunum undirstöðuatriðin í viku til hálfan mánuð í senn og þá var æft á litlum velli norðan við Árskóg,“ rifjar Sveinn upp.

Á gönguskíðum á Laugum

Sveinn minnst þess að Her-



Þátttakendur frá Dalvík, Árskógsströnd og úr Svarfaðardal á félagsmálanámskeiði UMSE og KEA vorid 1969. Aftasta röð frá vinstri: Birgir Sveinbjörnsson, Guðjón Hreiðar Árnason, Atli Friðbjörnsson, Sölvi Hjaltason, Jóhann Ólafsson, Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson og Vilhjálmur Björnsson. Í miðröð frá vinstri: Þorsteinn Marinósson, Jóhannes Stefánsson, Hreinn Jónsson, Halldór Gunnlaugsson, Árni Óskarsson og Birgir Marinósson. Fremsta röð frá vinstri: Jón Stefánsson, Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, Ása Marinósdóttir, Edda Jensen, Baldur Óskarsson, leiðbeinandi og starfsmaður fræðsludeildar SÍS, og Sveinn Jónsson.

mann Sigtryggsson, íþróttafrómuður á Akureyri, hafi komið út á Árskógsströnd og leiðbeint krökkunum á svígskiðum í Borgunum í Stærri-Árskógi. „Ég var á skiðum sem Fúsi gamli í Syðra-Kálfsskinni smíðaði úr eik. Ég naut þess sem polli að fylgjast með Fúsa í smíðunum. Á vetrum smíðaði hann mest báta en einnig ýmislegt annað en á sumrin stundaði hann sjómennsku.

Við bjuggum til stökkpalla og lékum okkur að stökkva á skiðum í t.d. Selárgilinu. Í einu stökkævintýrinu braut ég annað skiðið og kom með það heim til Fúsa með grátstafinn í kverk-

unum. Ég skammaðist mín alveg ógurlega en Fúsi gamli hafði fá orð um þetta og lagaði skiðið, setti klampa í beygiuna sem gerði það að verkum að skiðið var svo þungt að ég réð ekki neitt við neitt þegar ég reyndi svo aftur við skiðastökkkið.

Þegar ég kem síðan í Laugaskóla árið 1950 sé ég í fyrsta skipti gönguskiði. Á Laugum kynntist ég öflugum skiðagöngumönnum sem kenndu mér þá list að ganga á gönguskiðum. Jafnframt útvegðu þeir mér alvöru gönguskiði frá Finnlandi. Á gönguskiðum gengum við yfir í Bárðardal, Reykjahverfi og upp í Mývatnssveit.

Á Laugum var ég í tvo vetur, 1950-1951 og 1951-1952, og lauk þaðan landsprófi. Fyrri veturinn var sá fyrsti sem Sigurður heitinn Kristjánsson var skólastjóri á Laugum og hann var mér hliðhollur og gaf mér leyfi til að keppa á skiðagöngumótum á Húsavík eða upp í Mývatnssveit. „Þú verður þá að standa þig strákur,“ lagði Sigurður áherslu á. Mér gekk ágætlega og náði fljótt tókum á skiðagöngunni. Seinni veturinn minn í Laugaskóla var ég drengjameistari Þingeyinga í göngu.

Á Laugum keppti ég líka á skólamótum í frjálsíþróttum og knattspyrnu og í henni tók

Sigurður skólastjóri þátt með okkur nemendunum. Hann hafði orð á því að hann væri ekki góður í knattspyrnunni en var engu að síður kappsamur og sagði að hreyfingin væri góð.“

Í langhlaupum

Sveinn keppti í langhlaupum og tók þátt í Landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 1955 þar sem hann náði ljómandi góðum árangri, varð annar í starfshlaupi og þriðji í víðavangshlaupi (um 1550 metrar). „Eftir landsmótið á Akureyri jókst áhuginn en ég fékk enga markvissa þjálfun til að byrja með en mætti á mótin til þess að keppa. Árið 1955 fór ég til Reykjavíkur og var þar í smíðanámi til ársins 1959 og jafnframt gafst mér tækifæri til þess að æfa langhlaup hjá Ungmennafélagi Reykjavíkur og ÍR með mönnum eins og Þóri Þorgeirssyni og Hilmarí Þorbjörnsyni ólympíufara. Af fleiri nafntogudum mönnum sem æfðu og kepptu í frjálsum íþróttum á þessum árum má nefna Clausenbræður og Gunnar Huseby.

Stefán Runólfsson formaður Ungmennafélags Reykjavíkur hjálpaði mér til þess að fá vinnu hjá Marteini Markússyni byggingameistara sem þá hafði fjölmörg verk á sínun snærum. Stefán vissi að ég hafði staðið mig ágætlega á landsmótinu 1955 á Akureyri og greiddi götu mína til þess að æfa fyrir sunnan.“

Sveinn keppti á fleiri landsmótum en árið 1955. Landsmótið á Þingvöllum 1957 segir hann að líði sér ekki úr minni vegna þess að þá hafi Eyfirðingum tekist að vinna



Fimm manna sveit UMSE í Víðavangshlaupi ÍR í Reykjavík 1955. Frá vinstri: Árni Óskarsson, Stefán Skagfjörð, Sveinn Jónsson, Stefán Magnússon og Stefán Árnason.

Sunnlendingana í Skarphéðni í stigakeppni frjálsra íþróttu. Það hafi þótt mikið afrek. „Við vorum þrír í langhlaupunum fyrir Eyfirðinga; Jón Gíslason, Stefán Árnason og ég, Þóroddur Jóhannsson var í 100 metrunum og kúlu og kringlu, Gestur Guðmundsson lét að sér kveða í kúluvarpi og sleggjukasti og í kvennaflokknum sigraði Matthildur Þórhallsdóttir 80 metrana og tryggði UMSE sigur í boðhlaupinu. Matthildur, sem var ættuð frá Hjalteyri, giftist síðar Sveini Sigurbjörnssyni í Ártúni í Grýtubakkahreppi og var húsfreyja þar,“ segir Sveinn.

Traust og náð samstarf Sveins og Þóroddar

Samstarf Sveins og Þóroddar Jóhannssonar í starfi UMSE var náð og traust. „Doddi var einstakur karakter, hann hafði

mikinn metnað fyrir hönd sambandsins og keppti sjálfur árum saman. Þegar mest var að gera á sumrin kom stjórnin saman til funda tvisvar í mánuði. Fundirnir voru hjá Dodda og Möggu í Byggðaveginum á Akureyri og á þeim árum sem hann var framkvæmdastjóri UMSE má óhikað segja að þar hafi verið afdrep ungmennafélaga í Eyjafirði. Magga tók virkan þátt í starfinu og á stjórnarfundunum var alltaf hlaðið veisluborð. Við funduðum á kvöldin og fram á nætur og því var oft ekki mikið um svefn.

Ég hafði keypti Willys jeppa, árgerð 1950, yfirbyggðan hjá Sveini Egilssyni, í Reykjavík árið 1958 af Geir Hallgrímssyni, síðar borgarstjóra og forsætisráðherra, fyrir hönd fyrirtækisins H.Ben. Jeppann hafði H.Ben keypt af séra Friðriki Friðrikssyni, æskulýðsfrömuði og presti, sem notaði



Sveinn formaður UMSE afhendir Heimi Kristinssyni, þáverandi formanni Ungmennafélags Svarfdæla, Sjóváðbikarinn sem var veittur því aðildarfélagi sem hlaut flest stig samanlagt úr öllum sambandsmótum á árinu.

hannn lítið og því var Willysinn lítið keyrður þegar ég keypti hann níu ára gamlan. Bíllinn reyndist okkur Ásu alla tíð sérlega vel og hann á ég ennþá inn í skúr. Willysinn notuðum við til ársins 1966 þegar við keyptum Bronco. Willysinn bjargaði okkur oft í vondum veðrum og þegar rafmagnið fór af setti ég krana á soggreinina á honum og tengdi við mjaltakerfið. Þannig tókst að mjólka kýrnar þrátt fyrir rafmagnsleysi.

Einu sinni að sumarlagi eftir langan fund stjórnar UMSE í Byggðaveginum ók ég heim á leið á Willysnum og var kominn út í gömlu Rauðvíkurbrekkuna, neðan við núverandi þjóðveg, þegar ég sofnaði undir stýri. Komið var fram á nótt og vinnudagurinn því orðinn langur. Þetta var ekki björgulegt því kanturinn fram af var snarbrattur og því hefði getað farið illa. Því fór betur

að hraðinn var lítill. Ég vaknaði upp við að bíllinn var á leið út af veginum og það var ekkert með það að hann fór vinkilt fram af veginum og stóð nánast upp á endann. Hefði bíllinn farið skáhalt út af hefði hann oltið margar veltur og þá væri ég mögulega ekki til frásagnar. Það var engu líkara en að tekin hafi verið af mér völdin og bílnum stýrt þvert niður af veginum sem tvímælaust bjargaði því að hann fór ekki á hliðina. Mig sakaði ekki og bíllinn var með öllu óskemmdur. Í mínum huga er enginn vafi á því að fyrsti eigandi bílsins, séra Friðrik Friðriksson, greip þarna í stýrið og forðaði stórslysi.“

Laugaland var miðpunkturinn

Áður nefnt landsmót á Akureyri árið 1955 lyfti mikið undir starfið hjá UMSE og óhikað má segja að það hafi orðið sem

vítamínsprautu í starfi ungmennafélaganna í Eyjafirði og UMSE á næstu árum og áratugum.

„Á þeim níu árum sem ég var formaður stjórnar UMSE var stærsta verkefnið að styðja við íþróttastarfið þótt aðstæður til íþróttu væru heldur af skornum skammti. Lögð var áhersla á að halda uppi æfingum í sem flestum félögum og í því skyni hafði Ungmennasambandið forgöngu um að þjálfarar fóru á milli aðildarfélaganna til þess að efla og styðja íþróttastarfið.

Við lögðum áherslu á að halda allskyns námskeið hjá aðildarfélögum og til þess fengum við kennara og fyrirlesara sem fóru á milli félaganna og voru m.a. með félagsmála- og íþróttanámskeið. Á vetrum var lögð áhersla á skíðin en frjálssípróttirnar og fótboltann á sumrin. Þetta eflði áhugann og varð til þess að félögin öfluðu fjármuna til þess að kaupa búnað fyrir frjálssípróttir, t.d. málband, kúlu, kringlu og spjót. Óhætt er að segja að tilkoma vallarins á Laugalandi í Eyjafirði hafi breytt miklu og eftir það má segja að Laugaland hafi verið miðpunktur starfs UMSE. Þar voru sumarþúðir í mörg ár og síðar voru þær í Árskógi.

Lengi nutum við ekki styrkja til þess að reka UMSE, þar til Kaupfélag Eyfirðinga lagði okkur lið. Langstærstur hluti tekna var ágóði af ýmsum viðburðum sem sambandið efndi til, t.d. spurningakeppni milli aðildarfélaganna, dansleikir og leiksýningar sem sýndar voru víða og fengu jafnan góða aðsókn og skiluðu ágætis tekjum. Sambandið stóð einnig fyrir vinsælum bændadegi



Fjórir ungmennafélagsmenn og eiginkonur þeirra. Standandi frá vinstri: Sveinn Jónsson Haukur Steindórsson, Halldór Sigurðsson og Þóroddur Jóhannsson. Sitjandi frá vinstri: Ása Marinósdóttir, Marta Gestsdóttir, Ásta Finnbogadóttir og Margrét Magnúsdóttir.

á sumrin, m.a. í Árskógi, út í Svarfaðardal, á Dalvík eða í Laugaborg og einnig kom UMSE að útihátíðum í Vaglakógi.“

Sveinn segist ekki minnst hrepparígs í ungmennafélagsstarfinu en vissulega hafi menn tekist á inn á íþróttavellinum,

ekki síst hafi það verið áberandi í knattspyrnunni milli Dalvíkinga, Reynismanna á Árskógsströnd og Grenvíkinga í Magna.



Á árum áður var skíðamennskan í hávegum höfð á Árskógsströnd. Ekki er vitað hvaða ár þessi mynd var tekin.



Fánahylling í fyrstu sumarþúðum UMSE á Laugalandi í Eyjafirði sumarið 1964.

Sumarþúðirnar á Laugalandi 1964-1975

Á sjöunda áratugnum og fram á þann áttunda starfrækti UMSE sumarþúðir fyrir unglunga á Laugalandi í Eyjafirði. Fyrstu sumarþúðirnar voru sumarið 1964, frá 28. júní til 5. júlí, og var litið á þær sem tilrauna-verkefni. Svo vel þótti takast til að ákveðið var að halda áfram og voru sumarþúðirnar árlegar til ársins 1975, samtals í tólf ár, þegar punktur var settur aftan við þennan merka kafla í sögu UMSE. Á þessum tólf árum sóttu sumarþúðirnar um 800 börn og unglingar.

Eins og í svo mörgu öðru var Þóroddur Jóhannsson, framkvæmdastjóri sambandsins, einn af aðal frumkvöðlum í að ýta sumarþúðunum úr vör. Fyrsta árið fékk hann Höskuld G. Karlsson, íþróttakennara, til þess að veita þeim forstöðu en hann hafði reynslu af því að stýra sumarþúðum sunnan heiða með Vilhjálm Einarssyni. Aðrir kennarar þetta fyrsta ár voru Halldór Gunnarsson frá Búðarnesi í Hörgárdal, þá kennari að Laugalandi í Holtum, Sigurður Viðar Sigmundsson, íþróttakennari á

Laugum í Reykjadal og Þóroddur Jóhannsson. Auk kennaranna komu ýmsir gestir og voru með margskonar fræðslu. Svo var í öll þau tólf ár sem sumarþúðirnar voru starfræktar.

Þéttskipuð dagskrá allan daginn

Sumarið 1964 voru 59 krakkar í sumarþúðunum og gistu í húsi Húsmæðraskólans á Laugalandi. Í viðtali við Morgunblaðið 9. júlí 1964 segir Höskuldur G. Karlsson frá daglegri dagskrá sumarþúðanna:



Þátttakendur í sumarþúðunum 1967.

„Klukkan 8 árdegis er farið á fætur og fáninn hyltur á skólahlaðinu. Síðan er morgunleikfimi og þá búið um rúmin og ræstað. Klukkan 9 er morgunverður, en hálf tíma síðar eru allir komnir á leikvöllinn til knattleikja. Frá kl. 11:30 eiga börnin frí, en kl. 12:30 er léttur hádegisverður. Enn er farið á leikvöll og æfðar frjálsar íþróttir til kl. 16:30 en kl. 17 er aðalmáltíð dagsins. Frá kl. 18:30 til 20 er sund þreytt í tveim hópum í hinni nýju sundlaug hér og kl. 20:30 er kvöldhressing. Kl. 21 síðdegis er svo komið saman í félagsheimilinu Freyvangi. Þar fer fram danskennsla, bæði kenndur almennur dans og þjóðdansar, sýndar íþróttakvikmyndir o.fl., allt með kvöldvökusniði. Svo er farið hingað niður eftir aftur og kl. 22:30 er komin kyrrð í húsinu.“

Íþróttir í öndvegi

Sumarið 1965 voru tvö sumarþúðanámskeið á Laugalandi, það fyrri í tíu daga fyrir krakka á aldrinum 11-13 ára og það síðara var fyrir unglunga á aldrinum 14-16 ára og stóð í átta daga. Samtals voru 70 þátttakendur á báðum námskeiðum. Forstöðumaður var Sigurður Helgason, þá skólástjóri á Snæfellsnesi, en aðrir kennarar voru Sigurður Viðar Sigmundsson, Halldór Gunnarsson, Þóroddur Jóhannsson og Jónína Karlsdóttir íþróttakennari.

Sumarþúðirnar 1966 voru aftur tvískiptar, annars vegar 40 unglingar á aldrinum 12-15 ára og hins vegar 55 börn á aldrinum 8-15 ára. Höskuldur G. Karlsson veitti sumarþúðunum forstöðu, eins og fyrsta sumarið, og með honum voru aðalkennarar Sigurður Viðar Sigmundsson og Þóroddur Jóhannsson. Sem

fyrir var áherslan á íþróttir; sund, frjálsíþróttir, handknattleik, knattspyrnu og glímu. Þá fengu þátttakendur fræðslu um umferðina, skyndihjálp og skaðsemi áfengis og tóbaks.

Sumarþúðirnar sumarið 1967 voru haldnar við nokkuð þröngan kost því vegna viðhaldsframkvæmda fékkst ekki húsnæði Kvennaskólans fyrir starfseminna. Af þessum sökum var ekki unnt að halda nema eitt sumarþúðanámskeið þetta árið fyrir 54 krakka á aldrinum 9-14 ára. Mötuneyti var í Freyvangi og þar sváfu stúlkurnar en drengirnir sváfu í barnaskólanum á Laugalandi. Kennarar og sumarþúðastjórar voru Þóroddur Jóhannsson, Sigurður Viðar Sigmundsson og Jóhann Daníelsson.

Sumarið 1968 fengu sumarþúðirnar aftur aðgang að húsnæði Húsmæðraskólans og voru þær



Gengið á íþróttavöllinn fyrir neðan Laugaland í sumarþúðunum 1965.

því með nokkuð venjubundnu sniði. Þátttakendur voru 59 á aldrinum 9-15 ára. Umsjón og kennslu önnuðust Þóroddur Jóhannsson, Sigurður Viðar Sigmundsson, Jóhann Daníelsson og Júlíus Arnarson.

Árið 1969 voru 75 krakkar á aldrinum 8-15 ára í sumarþúðunum á Laugalandi. Leiðbeinendur voru Birgir Marinósson, Jóhann Daníelsson, Sigurður Viðar Sigmundsson, Bjarni Aðalsteinsson og Jóhann Friðgeirsson.

Árið 1970 voru 57 þátttakendur í sumarþúðunum, víðs vegar að af félagssvæði UMSE og frá Akureyri. Umsjón og kennsla var í höndum Birgis Marinóssonar, Þórodds Jóhannssonar, Bjarna Aðalsteinssonar og Sigurðar Viðars Sigmundssonar.

Í júní 1971 voru sem fyrr sumarþúðir á Laugalandi og voru 63 þátttakendur. Dagskráin var nokkuð hefðbundin en í fyrsta skipti var efnt til sumarþúðahlaups og var keppt í þremur aldursflokkum. Sigurvegarar voru Jón Ingi Sveinsson, Árni Halldórsson, Guðmundur Hermannsson og Emelía Guðrún Höskuldsdóttir frá Árskógsströnd, Aðalheiður Harðardóttir úr Öngulsstaðahreppi og Ólöf Jónsdóttir frá Akureyri. Leiðbeinendur voru Þóroddur Jóhannsson, Birgir Marinósson, Jóhann Daníelsson og Jóhann Friðgeirsson.

Sumarið 1972 voru tvískiptar sumarþúðir. Þær fyrri sóttu 46 krakkar á aldrinum 9-14 ára og þátttakendur í síðari sumarþúðunum voru á 45 á aldrinum 7-11 ára. Í fyrri sumarþúðunum

voru leiðbeinendur Birgir Marinósson, Jóhann Daníelsson og Gunnar Jónsson og í þeim síðari voru einnig Jóhann og Gunnar og með þeim Halldór Matthíasson. Sumarþúðahlaup var þreytt í annað skipti og voru sigurvegarar á fyrri námskeiðinu Garðar Hallgrímsson, Lovísa Kristjánsdóttir, Gestur Matthíasson og Guðrún Jónsdóttir og á því síðara Hermann Stefánsson, Guðrún E. Höskuldsdóttir, Pétur Sigurðsson og Agnes Þórhallsdóttir.

Í sumarþúðunum 1973 voru 54 krakkar á einu sex daga námskeiði. Leiðbeinendur voru Sigurður Viðar Sigmundsson, Gunnar Jónsson og Þóroddur Jóhannsson. Efnt var til sumarþúðahlaups og voru sigurvegarar Hannes Haraldsson Hrafnagilshreppi, Guðmundur Hermanns-

son, Valgerður Gyldadóttir og Guðrún Emelía Höskuldsdóttir frá Árskógsströnd og Sólborg Ingimarsdóttir og Víkingur Gunnarsson frá Dalvík.

Átta daga sumarþúðir voru í júní 1974 og sóttu þær 40 krakkar á aldrinum 8-15 ára. Starfið var hefðbundið en ein ný íþróttgrein, blak, var kynnt og reyndist vinsæl. Í sumarþúðahlaupinu höfðu sigur Oddný Snorradóttir Akureyri, Heiðdís Jónsdóttir Öngulsstaðahreppi, Kristján Sigurðsson Svarfaðardal og Jóhann Helgason Kópavogi. Leiðbeinendur voru Gunnar Jónsson, Birgir Marinósson, Halldór Sigurðsson og Þóroddur Jóhannsson.

Síðustu sumarþúðirnar á Laugalandi voru sumarið 1975. Þær voru tvískiptar og stóðu UMSE og ÍBA að þeim í sameiningu. Samtals sóttu 75 krakkar námskeiðin tvö, þar af 23 af sambandssvæði UMSE. Leiðbeinendur voru Birgir Marinósson, Pröstur Guðjónsson, Sigvaldi Ingimundarson og Gunnar Jónsson.

Ráðskonurnar í sumarþúðunum

Engar hefðu verið sumarþúðirnar öll þessi tólf ár ef ekki hefði verið starfrækt mötuneyti. Konurnar sem sáu um matseldina voru: Margrét Magnúsdóttir (eiginkona Þóroddar Jóhannssonar) 1964, 1966, 1970, 1971 og 1975, Halldóra Jónsdóttir 1964, 1969 og 1970, Þorgerður Guðmundsdóttir 1964, Hrefna Ferdinandsdóttir 1965 og 1968, Ólöf Ágústsdóttir 1965, Sigríður Pálmadóttir 1965, Signa Halls-



Starfsfólk sumarþúðanna 1967: Þóroddur Jóhannsson, Jóhann Daníelsson, Sigurður Viðar Sigmundsson, Lára Hafsteinsdóttir, Hildur Marinósdóttir og Gunnborg Gunnarsdóttir.

dóttir 1966, Sólrún Hafsteinsdóttir 1966, Hildur Marinósdóttir 1967 og 1968, Lára Hafsteinsdóttir 1967, Gunnborg Gunnarsdóttir 1967, Oddný Snorradóttir 1968, María Jónsdóttir 1969, Ragnheiður Jónsdóttir 1969, Helga Theodórsdóttir 1969, Sigurlína Kjartansdóttir 1970, Sigurros Jónsdóttir 1971, Svanhildur Axelsdóttir 1971, 1972 og 1973, Sigfríð Valdimarsdóttir 1971, Eyrún Þórsdóttir 1972, Sigrún Þorsteinsdóttir 1972, 1973 og 1974, Sigrún Kristjánsdóttir 1973, Ingibjörg Runólfsdóttir 1974 og 1975, Ólína Aðalbjörnsdóttir 1974, Nanna Atladóttir 1975 og Þóra Hjörleifsdóttir 1975.

Góð aðstaða á Laugalandi

Sem að framan greinir var Gunnar Jónsson, kennari frá Villingadal í Eyjafirði, einn kennaranna í sumarþúðunum síðustu fjögur árin.

„Sumarþúðirnar gengu mest út á íþróttir, bæði niður á íþróttavelli og í sundlauginni. Síðan var töluverð áhersla lögð á kvöldvökurnar og í þau ár sem við Birgir Marinósson störfuðum saman við sumarþúðirnar var hann lykilmaður við að skipuleggja og halda utan um kvöldvökurnar. Eftir dagskrá hvers dags átti Birgir það til að yrkja bragi og flytja á kvöldvökunum og hann virkjaði líka krakkana til þátttöku í ýmsum leikjum og uppákomum,“ segir Gunnar en hann tók sjálfur þátt í sumarþúðunum fyrstu árin og hafði því reynslu af þeim bæði sem þátttakandi og leiðbeinandi. Í minningunni segir Gunnar að í öllum meginatriðum hafi sumarþúðirnar ekki tekið miklum breytingum frá því að hann var þátttakandi og þar til hann mætti aftur til leiks sem leiðbeinandi. „Fljótlega eftir morgunmatinn fórum við niður á íþróttavöllinn og þar voru t.d. æfðar frjálsíþróttir og boltaleikir. Sundið tók við síðdegis. Og á hverjum degi



Eldri aldursflokkurinn, 14-16 ára krakkar, í sumarþúðunum 1965.

var líka frjáls tími sem krakkarnir gátu varið í það sem þá langaði til og var sundið sérstaklega vinsælt,“ segir Gunnar. Hann minnst þess að Laugalandsvöllurinn hafi verið nokkuð þungur, enda í nokkru mýrlendi, en hann hafi engu að síður hentað mjög vel og almennt hafi aðstæður til þess að halda sumarþúðirnar verið afbragðs góðar á Laugalandi.

Íþróttavöllurinn á Laugalandi var á sínum tíma sá besti í Eyjafirði og tilkoma hans var í raun bylting fyrir íþróttaiðkun á sambandsvæðinu. En í mörg undanfarin ár hefur Laugalandsvellinum ekki verið haldið við. Knattspyrnuvöllur Samherja í Eyjafjarðarsveit er hins vegar handan Eyjafjarðarár, á Hrafnagili. Það eina sem minnir á liðna tíð á Laugalandi er vallahúsið sem enn stendur.

„Í minningunni höfðu krakkarnir mjög gaman af því að taka

þátt í sumarþúðunum á Laugalandi en vissulega voru dæmi um að nokkrir af yngri krökkunum væru gripnir smá leiða og heim-

þrá, enda voru margir í fyrsta skipti að fara að heiman og dvelja fjarri foreldrum sínum,“ segir Gunnar Jónsson.



Þessi mynd var tekin í júlí 2021. Horft yfir Laugalandsvallarsvæðið, sem var miðpunktur sumarþúða á Laugalandi og íþróttastarfs til fjölda ára.

Sumarþúðir í Árskógi 1985-1987

Sumarþúðir á vegum UMSE voru endurvaktar í Árskógi árið 1985 en áður höfðu þær verið á vegum sambandsins á árunum 1964 til 1975 á Laugalandi í Eyjafirði. Sumarþúðir voru í Árskógi sumrin 1985, 1986 og 1987.

Sumarþúðirnar í Árskógi áttu sér töluverðan aðdraganda. Starfsárið 1983-1984 kannaði stjórn UMSE hug fólks á sambandsvæðinu til þess hvort grundvöllur væri fyrir rekstur sumarþúða. Viðbrögðin voru jákvæð og var þriggja manna nefnd kjörin til þess að fylgja málinu eftir. Í henni voru Rögnvaldur Ólafsson, Björn Friðþjófsson og Pétur Þórarinnsson. Nefndin komst að samkomulagi við sveitarstjórn Árskógshrepps um að UMSE fengi til afnota skólamanngvirki sveitarfélagsins í Árskógi til þess að halda sumarþúðirnar.

Öll sumrin voru tveir sumarþúðastjórar. Kristján Sigurðsson kennari var öll þessi þrjú sumur. Fyrsta sumarið var með honum Þuríður Árnadóttir en 1986-1987 stýrði Steinunn Hannesdóttir sumarþúðunum með Kristjáni. Magnús Jóhannsson, þáverandi formaður Ungmennafélagsins Reynis og vallarvörður, lá ekki á liði sínu við framkvæmd sumarþúðanna.

Í grein í ársriti UMSE fyrir árið 1985 lýsir Þuríður Árnadóttir því hvað haft hafi verið að leiðarljósi við að móta dagskrá sumarþúðanna: „Þegar dagskrá sumarþúða er samin finnst mér að taka verði mið af ákveðnum markmiðum. Í fyrsta lagi að börnin efla þroska

sinn hvað varðar sjálfstæði, þ.e. geti bjargað sér sjálf, fundið upp leiki og fleira sér til dægrastyttingar. Í öðru lagi að þeim sé kennd öll grundvallaratriðin í þeim íþróttagreinum sem hægt er að stunda á staðnum. Þannig er hægt að vekja áhuga þeirra á einhverri íþróttagrein sem þau geta síðan leikið sér í án stöðugrar leiðbeiningar. Í þriðja lagi ætti sjónvarp og video að vera á bannlista þannig að lítið væri

um mótunartæki á meðan á dvöl þeirra stendur. Af því leiðir að þau þurfa að skemmta sér sjálf, sem eflir persónuþroska þeirra miklu meira en ímbakassinn.“

Fyrsta árið voru þrír hópar í sumarþúðunum, samtals um 70 krakkar á aldrinum 10-13 ára, hver hópur dvaldi tíu daga í búðunum. Sumarið 1986 voru krakkarnir á aldrinum 10-14 ára og var 42 sumarþúðagestum skipt í tvo hópa, annars vegar 10-11 ára

Sumarþúðir að Árskógi

„Hér er alveg yfirtrúfið nóg að gera, þessi staður er mjög vel fallinn til að reka sumarþúðir,“ sagði Kristján Sigurðsson, en hann og Steinunn Hannesdóttir eru umsjónarmenn með sumarþúðunum sem rekur eru af Ungmennasambandi Eyjafjarðar í Árskógi.

Endalaust hægt að finna sér eitthvað að gera

„Hér er alveg yfirtrúfið nóg að gera, þessi staður er mjög vel fallinn til að reka sumarþúðir,“ sagði Kristján Sigurðsson, en hann og Steinunn Hannesdóttir eru umsjónarmenn með sumarþúðunum sem rekur eru af Ungmennasambandi Eyjafjarðar í Árskógi.

Við borðuðum fimm pylsur

— og dálítið af frönskum kartöflum sögðu Hans og Ingvi

spjallad við Kristján Sigurðsson en hann ásamt Steinunni Hannesdóttur er umsjónarmaður sumarþúðanna

og hins vegar 12-14 ára, og dvaldi hvor hópur átta daga í Árskógi. Í þriðju sumarþúðunum 1987 voru 53 þátttakendur í tveimur hópum.

Bróðurpartur þátttakenda var úr Eyjafirði en einnig komu nokkrir krakkar lengra að.

Fjölpætt dagskrá

En hvað fór svo fram í sumarþúðunum í Árskógi? Fjölmargt eins og almennt gerist í sumarþúðum. Aðstaðan í Árskógi var ljómandi góð, með aðgengi að íþróttavellinum austan skólahúsa og sundlaugin hafði aðdráttarafl. Krakkarnir fóru inn í Rauðvík og Syðri-Haga og fengu þar reiðkennslu Kolbrúnar Kristjánsdóttur og Ármanns Rögnvaldssonar, farið var í göngutúra, með ferjunni út í Hrísey og róid til fiskjar, svo eitthvað sé nefnt. Og vitaskuld voru kvöldvökur þar sem fundið var upp á ýmsu. Steinunn Hannesdóttir rifjar þær upp í ársriti UMSE 1986: „Kvöldvökurnar voru mjög skemmtilegar og sáu krakkarnir

sjálf um að þær að mestu leyti. Þótt hóparnir væru mismunandi áttu þeir það þó sameiginlegt að mesta skemmtunin var að reyna að koma okkur Kidda (innsk. Kristján Sigurðsson) á kaldan klaka. Eftir að hafa þurft að syngja Gamla Nóa saman, leita að nælum hér og þar, leika apa o.fl. í þessum dúr kemur manni fátt á óvart. Eitt sinn lenti ég í kappáti þar sem sultu, tómatósú o.fl. var blandað saman og kryddað vel. Mér var hálf flökurt það sem eftir var kvöldsins og tómatósú og sultu get ég ekki bragðað enn!!“

Þá var Kristjáni brugðið!

Kristján Sigurðsson segir að sumarþúðirnar í Árskógi hafi almennt gengið mjög vel. Matseld hafi verið í höndum heimakvenna á Árskógsströnd, fyrsta árið hafi t.d. Jónína Helgadóttir og Margrét Arnþórsdóttir eldað ofan í mannskapinn. Sumarþúðastjórnarnir hafi hins vegar séð um að undirbúa morgunverðinn og segist Kristján aldrei gleyma því einn

morguninn, þegar hann var að undirbúa morgunverðinn og fyrir lá að vekja krakkana og kalla á þau í morgunmat. Þá var hringt frá Dalvík og látið vita af því að einn sumarþúðagesturinn væri kominn til síns heima á Dalvík! Kristján segist fúslega viðurkenna að sér hafi verið mjög brugðið. Í ljós hafi komið að viðkomandi var haldinn það mikilli heimþrá að um nóttina ákvað hann að grípa til örþrifaráða, eftir að allir voru sofnaðir klæddi hann sig í fötin og gekk eins og leið lá heim til sín á Dalvík. Kristján segir að allt hafi þetta farið vel en uppá-koma sem þessi væri sannarlega martröð sumarþúðastjóra!

Kristján segir að þátttakendur í sumarþúðunum hafi gist í flatsæng í skólastofunum í Árskógi en þegar reglugerðarbreyting kvað á um að allir gestir í slíkum þúðum þyrftu að sofa í rúmum hafi ekki lengur verið fært að halda þær. Þar með hafi sumarþúðunum í Árskógi verið sjálfhætt.



Skólahúsin og vallahúsið í Árskógi.

Hafði alltaf mikla ánægju af því að hlaupa



Stefán Árnason við heimili sitt í Mosfellsbæ.

Dalvíkingurinn Stefán Ragnar Árnason var í hópi þeirra frjálsíþróttamanna í UMSE sem létu mjög að sér kveða á sjötta áratug síðustu aldar. Hann gerði garðinn frægan á Landsmóti UMFÍ á



Stefán lét sig hafa það að stökkva stangarstökk við heldur frumstaðar aðstaður á kaupfélagstúninu á Dalvík.

Akureyri 2.-3. júlí 1955 þar sem hann var stigahæstur karla í frjálsíþróttum og sá árangur skilaði honum í landsliðið sem keppti við Hollendinga á Melavellinum í júlí 1955. Þar stóð Stefán sig með miklum ágætum og setti Íslandsmet í 3000 m hindrunarhlaupi.

Keppti í stökki á skíðalandsmótinu 1952

Stefán fæddist árið 1933 á Dalvík en hefur búið áratugum saman á höfuðborgarsvæðinu, lengst af í Mosfellsbæ þar sem hann býr nú. „Já, blessaður vertu, ég á stóran hlut í sögu UMSE,“ sagði Stefán og hló þegar hann var beðinn um að rifja þennan tíma upp. „Ég byrjaði á skíðunum og keppti á þeim og vann meira að segja til bronsverðlauna í skíðastökki

í unglingsflokk, 17-19 ára, á skíðalandsmótinu á Akureyri árið 1952. Við Steini Símm vorum mikið saman á skíðunum en hann var Siglfirðingur og keppti í stökki fyrir Siglfirðinga. Ég æfði líka og keppti í sviginu. Æfingar stundaði ég í Löngulautinni með Sverri Valdimarssyni og Kristjáni Jónssyni – Krilla.“

Víðavangshlaup ÍR 1954

Stefán hafði ekki ætlað sér að stunda frjálsíþróttir en hann keppti engu að síður í stangarstökki á héraðsmóti árið 1953 og hafði sigur. Áhuginn beindist síðar að langhlaupum en tilviljun ein réði því. Fyrripart árs 1954 var Stefán á vertíð í Sandgerði. Í mars hringdi Kristján Jóhanns-



Fyrsta keppnishlaup Stefáns var Viðavangshlaup ÍR á sumardaginn fyrsta árið 1954.

son, sveitungi Stefáns, frá Hlíð í Skíðadal, sem þá var í fremstu röð hérlendra langhlaupara, og spurði Stefán hvort hann væri ekki til í að keppa í Viðavangshlaupi ÍR þá um vorið og mynda þriggja manna sveit með honum og Sveini Jónssyni frá Ytra-Kálfs-skinni, sem þá hafði um skeið æft og keppt í langhlaupum. Stefán féllst á það og útvegaði sér strigaskó og æfingaföt strax daginn eftir. Fram að hlaupinu æfði Stefán eins og hann gat eftir hina daglega vinnu og oft var æft síðla kvölds og fram á nótt.

Á sumardaginn fyrsta, 22. apríl, 1954, var síðan komið að fyrsta keppnishlaupi Stefáns. Hann fór frá Sandgerði til Reykjavíkur og hitti þar fyrir Kristján og Svein og einnig Jón Stefánsson frá Dalvík, sem

átti síðar eftir að styðja Stefán ötullega og hvetja áfram í íþróttunum. Jón útvegaði Stefáni hlaupaskó sem voru gaddaskór með löngum göddum. Stefáni leist ekki meira en svo á þetta en Jón brá á það ráð að láta saga af göddunum. Í skóna fór Stefán og hljóp víðavangshlaupið og lenti í sjötta sæti af átján keppendum sem skiluðu sér í mark, Sveinn varð í því fimmta en Kristján sigraði hlaupið. Samanlagður árangur þremmenninganna dugði til þess að þriggja manna sveit Eyfirðinga sigraði sveitakeppnina.

Austur á Sandi og upp í Bökkvisstaðafjall

Þetta fyrsta keppnishlaup Stefáns kveikti hlaupabakteríuna og fyrir hvatningu Jóns Stefánssonar fór hann að stunda markvissar

hlaupaæfingar. „Ég fékk litla sem enga tilsögn en fór austur á Sand og æfði mig þar og einnig hljóp ég oft frá heimili mínu í Staðarhóli á Dalvík og upp á Bökkvisstaðafjall. Ég minnst þess einu



Óhætt er að fullyrða að á sjötta áratug síðustu aldar hafi Stefán Árnason verið í fremstu röð langhlaupara á landinu.



Fjórir félagar úr Ungmennafélagi Svarfdæla á Dalvík. Frá vinstri: Vilhelm Guðmundsson, Stefán Árnason, Bjarni Frímansson og Haukur Frímansson.

sinni þegar ég kom heim að mamma spurði mig hvert ég hefði farið. Ég svaraði því til að ég hefði hlaupið upp á Bökkvisstaðafjall. „Það getur ekki verið, það er svo stutt síðan þú fórst,“ sagði mamma. Ég svaraði því til að ef hún tæki kíkinn og kíkti upp undir topp á fjallinu gæti hún séð eftir mig förin því ég hefði rennt mér niður einn snjóskafllinn. Mamma gerði það og sannfærðist!

Það var mjög gott að æfa austur á Sandi því þar var hægt að velja um að hlaupa í harðpökkuðum sandinum í fjöruborðinu eða fara aðeins lengra frá sjónum og hlaupa í mjúkum sandinum.

Í leiðinni af hlaupaæfingunum á Sandinum kom ég oft við í Ungó til þess að fara í sturtu. Einu sinni hitti ég þar fyrir utan Hermann í Sæbakka og hann

spurði hvar ég hefði verið. Ég sagðist hafa verið að hlaupa á Sandinum og farið austur að

árkjafti. „Og hvað ertu lengi að hlaupa þetta?“ spurði Hermann. „Ég er ekkert svo lengi, kannski



Stefán keppti fyrir Íslands hönd í 3000 metra hindrunarhlaupi í landskeppni við Hollendinga á Melavellinum 22. júlí 1955 og setti Íslandsmet. Einnig keppti hann í sömu vegalengd í landskeppnum við Dani og Hollendinga í Danmörku og Hollandi í júlí 1956. Hér er Stefán að hlaupa 3000 metra hindrunarhlaup á Akureyrarvelli sumarið 1957.

kortur til tuttugu mínútur,“ svaraði ég. „Það getur ekki verið,“ sagði Hermann. „Jú, jú, fáðu þér í pípu og ég skal á meðan hlaupa aftur þessa leið og þú sérð þá hversu lengi ég verð.“ Hermann féllst á þetta og var alveg gáttaður þegar ég kom til baka.“

Landskeppni við Hollendinga og Dani

Stefán var fyrst og fremst langhlaupari, hans bestu vegalengdir voru 1500, 5000 og 3000 m hindrunarhlaup. Stysta vegalengdin sem hann keppti í voru 400 m.

Sem að framan greinir hljóp Stefán fyrir Íslands hönd í landskeppni við Hollendinga á

Melavellinum 1955, þá tuttugu og tveggja ára gamall, og einnig var hann í landsliðinu sumarið 1956 sem keppti við Dani í Kaupmannahöfn og Hollendinga í Rotterdam og Vlaardingem. Einnig keppti Stefán á móti í Þýskalandi á þessum tíma. „Að taka þátt í þessum landskeppnum var ansi frábrugðið öðrum keppnum enda andstæðingarnir sterkari. En það var mesta furða hvernig mér gekk, miðað við þær frumstæðu aðstæður sem ég bjó við til æfinga.“

Eftir að Stefán flutti suður yfir heiðar æfði hann m.a. með Þóri Þorsteinssyni og Hilmari Þorbjörnssyni, sem þá kepptu fyrir Ármann. „Þeir vildu fá mig til

þess að keppa líka fyrir Ármann en það kom aldrei til greina, ég vildi bara keppa fyrir UMSE og geta þannig lagt mitt af mörkum fyrir sambandið á landsmótum,“ segir Stefán.

„Ég hafði mikla ánægju af því að hlaupa og það var alltaf svolíttill keppnismaður í mér. Auk langhlaupanna kastaði ég stundum spjóti og kringlu og einhverja verðlaunapeninga á ég fyrir kringlukast,“ segir Stefán og bætir við að hann hafi að mestu lagt hlaupaskóna á hilluna eftir að hann flutti suður.

Lengst af starfaði Stefán syðra sem húsasmiður, í iðngreininni sem hann lærði á sínum yngri árum.

Þorvaldsdalsskokkið hefur unnið sér fastan sess

Frá árinu 1994 hefur Þorvaldsdalsskokkið verið haldið ár hvert fyrri hluta júlí og er það elsta, skipulagða utanvegahlaup á landinu. Fyrsta árið var hlaupið 10. júlí en síðan hefur það verið fyrstu helgi mánaðarins. Í byrjun var Ferðafélagið Hörgur í Hörgárdal með framkvæmd hlaupsins í samstarfi við ungmennafélögin á svæðinu og Flugbjörgunarveitina á Árskógsströnd, sem þá starfaði, en frá árinu 2006 hefur UMSE komið að hlaupinu. Nú er framkvæmd þess í höndum Ungmennasambandsins, Umf. Reynis á Árskógsströnd og Umf. Smárans í Hörgársveit.

Þorvaldsdalsskokkið hefur þróast í gegnum árin. Í upphafi tóku þátt í hlaupinu bæði

göngufólk og hlauparar. Með tímanum komst sú skipan á að gönguhópur byrjaði kl. 9 en hlaupinu var síðan startað kl. 12 á hádegi. Gönguhópurinn var þá oft undir leiðsögn og hvatti síðan hlauparana þegar þeir birtust. Fyrir nokkrum árum var hætt að bjóða upp á gönguhóp og fyrir tveimur árum var einnig boðið upp á styttri vegalengd í hlaupinu sjálfu.

Hugmyndina átti Bjarni E. Guðleifsson

Bjarni E. Guðleifsson, náttúrufræðingur og útivistarmaður frá Möðruvöllum í Hörgárdal, átti hugmyndina að Þorvaldsdalsskokkinu. Í bók sinni, *Náttúruskoðarinn IV*, segir Bjarni

frá því að haustið 1993 hafi hann verið í Hálöndunum í Skotlandi með eiginkonu sinni og dóttur og þar hafi þau gengið á hæsta fjall Bretlandseyja, Ben Nevis, sem er 1344 m.y.s. Sama dag var árlegt kapphlaup á Ben Nevis – *Ben Nevis Race* – um að verða fyrstur á topp fjallsins og niður aftur. Þarna fékk Bjarni hugmyndina, sú hugsun lét hann ekki í friði þegar heim í Hörgárdalinn var komið úr Skotlandsferðinni hvort ekki væri ástæða til að efna til hlaups í fjöllunum sem hann þekkti best norðan heiða. Hann vissi af Esjuhlaupinu syðra en í ljósi þess hversu brött fjöllin á Tröllaskaga væru kæmi vart til greina að stefna fólki upp á topp einhvers þeirra og niður aftur.



Við upphaf Þorvaldsdalsskokksins árið 2002. Birt með leyfi Torfa H. Leifssonar/hlaup.is.

Bjarni fann hins vegar leiðina; að hlaupa milli Hörgárdals og Árskógsstrandar um Þorvaldsdal.

Í Þorvaldsdalsskokkið er lagt af stað milli bæjanna Dagverðartungu og Fornhaga í Hörgárdal, í um 90 metra hæð yfir sjávarmáli,

og hlaupið upp og norður Þorvaldsdal, hæst er farið upp í um 500 metra hæð. Á leiðinni verða á vegi hlauparanna tvö berghlaup; Hestahraun og Hrafnagilshraun, og á löngum köflum er mýrlendi. Hlaupaleiðin er því fjölbreytt

og krefjandi. Og ekki skemmir landslagið, á góðviðrisdögum er hlaupaleiðin augnakonfekt.

Sem fyrr segir var fyrsta hlaupið sumarið 1994 og því verður Þorvaldsdalsskokkið sumarið 2022 það 29. í röðinni.



Starri Heiðmarsson gefur hlaupurum góð ráð við upphaf hlaupsins árið 2010. Mynd: Hrafnhildur Brynjólfsdóttir.



Á Þorvaldsdal eru tvö hraun. Hér sést það neðra, Hrafnagilshraun, en ofan þess er myndarlegt Vatnshlíðarvatn sem Kytrúa rennur í og Þorvaldsdalsá úr. Myndin var tekin í hlaupinu 2010. Mynd: Starri Heiðmarsson.

Vegalengdin er sem næst 25 kílómetrar og er endamarkið nærri Árskógsskóla.

Fyrstu árin var framkvæmd og skipulagning hlaupsins að mestu á herðum Bjarna E. Guðleifssonar og var hann oft sjálfur leiðsögu- maður gönguhópsins um dalinn. Sem fyrr segir var það síðan árið 2006 að UMSE tók við framkvæmdinni.

Aukin aðsókn með aðild að Landvættum

Aðsókn í hlaupið hefur verið misjöfn í gegnum tíðina. Fyrsta árið voru 44 skráðir til leiks en í hlaupinu 3. júlí 2021 voru tæplega 180 þátttakendur auk þess sem um 50 hlupu hálfan Þorvaldsdal. Í nokkur ár voru fáir skráðir til leiks en Starri Heiðmarsson, sem hefur haft yfirumsjón með Þorvaldsdalsskokkinu hin síðari ár, segir að lykilatíðni hafi verið að halda áfram og festa

hlaupið í sessi. Það hafi borið ríkulegan ávöxt hin síðari ár og hlaupið hafi verið ómissandi þáttur í hlaupadagatali vaxandi fjölda utanvegahlaupara.

Starri segir að sterkur kjarni

hafi komið árlega að framkvæmd Þorvaldsdalsskokksins og nefnir að Marinó Þorsteinsson hafi startað hlaupinu frá upphafi og einnig hafi Kristján Sigurðsson komið að framkvæmd þess



Hér sést hlaupaleiðin. Lagt er af stað milli Dagverðartungu og Fornhaga í Hörgárdal og endamarkið er nærri Árskógsskóla.

frá upphafi. Þá hafi Pálmey Sigtryggsdóttir og fjölskylda hennar starfað lengi við hlaupið. Einnig nefnir Starri Gest Hauks-son frá Smáranum sem lengi hafi lagt ríka hönd á plóg við hlaupið og í rúman áratug hafi Ingunn Aradóttir eldað kjötsúpu sem hlaupurum hefur staðið til boða að loknu hlaupi. Og margir fleiri sjálfboðaliðar úr Ungmennafélaginu Reyni og Ungmennafélaginu Smáranum hafa unnið mikið starf við framkvæmd Þorvaldsdalsskokksins í gegnum tíðina.

„Það hefur orðið sprenging í aðsókn í hlaupið síðustu ár sem má m.a. rekja til aukins áhuga fólks á fjallahlaupum og útivist auk þess sem covid hefur haft þau áhrif að fólk hefur ekki farið mikið til útlanda síðustu tvö sumur. Síðan má ekki gleyma því að það skipti miklu máli fyrir aðsókn í hlaupið þegar það tengdist Landvættum,“ segir Starri.

Þeir sem taka þátt í Landvættum fara í fjórar þrautir – hlaupa Þorvaldsdalsskokkið, synda Urriðavatnssundið fyrir austan, hjóla Bláalónsprautina fyrir sunnan og fara í Fossavatns- skíðagönguna á Ísafirði.

Þrjóska borgaði sig

„Því er ekki að leyna að í nokkur ár héldum við úti Þorvaldsdalsskokkinu á þrjóska- unni einni saman því fyrir kom að þátttakendur fóru undir tuttugu. En við ákváðum engu að síður að halda áfram og það hefur borgað sig. Það sem skiptir máli er að halda út og vinna slíkum árlegum viðburði fastan sess,“ segir Starri. Hann rifjar upp að



Árið 2020 var óvenju snjóþungt á Þorvaldsdal. Hér eru hlaupararnir að feta slóðina við Kytrúa en í baksýn blasir hábunga hlaupsins, Kytrúa, við. Mynd: Starri Heiðmarsson.

fljótlega eftir að hann kom að hlaupinu hafi hann sótt um styrk fyrir hönd Þorvaldsdalsskokksins til KEA, sem hafi styrkt það um hundrað þúsund krónur. Fjármununum var varið til markaðssetningar hlaupsins og til að hanna merki þess. Það gerði Aðalsteinn Svanur Sigfússon.

Það kemur ekki á óvart að

sterkasti utanvegahlaupari landsins hin síðari ár, Þorbergur Ingi Jónsson á Akureyri, á besta tímum í hlaupinu, 1:47:12, frá árinu 2012. Fjölmörg önnur afrek hafa verið unnin í Þorvaldsdalsskokkinu, elsti þátttakandinn var 79 ára auk þess sem margir hafa unnið persónulega sigra.



Upphafsmáður Þorvaldsdalsskokksins, Bjarni E. Guðleifsson á Möðruvöllum, með eiginkonu sinni, Pálinu Sigríði Jóhannesdóttur og Sigríði Bjarnadóttur, dóttur þeirra, á aldarfjórðungsafræmli hlaupsins árið 2018. Bjarni lést 7. september 2019. Mynd: Starri Heiðmarsson.


Ást og misskilningur gaf vel í kassann

Þegar saga ungmennafélaganna í Eyjafirði á 20. öld er skoðuð fer ekki á milli mála að leiklistarstarfsemin var afar ríkur þáttur í starfi þeirra. Félögin sniðu sér stakk eftir vexti og verkefnavalið tók mið af þeim húsakosti sem félögin höfðu yfir að ráða. Í tveimur af samkomuhúsum hér- aðsins, á Melum í Hörgárdal og Freyvangi í Eyjafjarðarsveit, er leiklistin enn í hávegum höfð og því sem næst á hverju ári settar þar upp metnaðarfullar leiksýningar.

Árið 1965 brá UMSE á það ráð, til fjáröflunar fyrir sambandið, að setja upp gamanleikinn *Ást og misskilningur*. Tíu ungmennafélagar, sem sumir voru þá fluttir úr sveitunum til Akureyrar, gáfu kost á sér í þetta fjáröflunarverkefni. Í leikflokknum voru Kolbrún Arngrímsdóttir, María Daniélsdóttir, Saga Jónsdóttir, Sigrún Friðriksdóttir, Leifur Ægisson, Jóhann Halldórsson, Sveinn Brynjólfsson, Sigurður Sigmarsson, Eggert Jónsson og Þóroddur Jóhannsson. Leikstjóri var Júlíus Oddsson.

Þrjátíu æfingar voru á verkinu og var það frumsýnt í Freyju- lundni í Arnarneshreppi. Tólf sýningar voru á Akureyri og í nágrennasveitum.

Í ársriti UMSE 1965 segir um þetta framtak: „Þótt leikrit það sem UMSE valdi til sýninga í þetta sinn hefði ekki mikinn boðskap að flytja, heldur létt gaman



Forsíða leikskrárinnar. Leikhópurinn ásamt Júlíusi Oddssyni leikstjóra.

fyrir líðandi stund, vannst a.m.k. tvennt jákvætt með þessu starfi. Annars vegar hinn góði fórnar- og samstarfshugur þeirra sem leitað

var til, sem mætti verða öðrum til fyrirmyndar, og svo hitt, að þessi viðleitni varð sambandinu mikil fjárhagsleg lyftistöng.“



Björn Friðbjólfsson í nýbyggingu Húsasmíðjunnar á Akureyri undir lok árs 2021. Tréverk á Dalvík, sem Björn stýrir, var aðalverktaki við byggingu hússins.

Fótboltinn hefur veitt mér mikla ánægju

Hlutur Björns Friðbjólfssonar, framkvæmdastjóra Tréverks á Dalvík, í vexti og viðgangi knattspyrnunnar á Dalvík á síðustu áratugum er stór. Hann spilaði á sínum yngri árum með Dalvík, var formaður Ungmennafélags Svarfdæla í nokkur ár, stýrði uppbyggingu knattspyrnu- og frjálsíþróttavallar á Dalvík fyrir unglingalandsmótið 1992 og var síðan aftur í framvarðasveitinni við uppbyggingu nýs gervigrasvallar. Björn sat í stjórn UMSE um þrjú ára skeið og var stjórnarmaður í KSÍ á annan áratug.

Í upphafi samtalsins horfir

Björn til baka til þess tíma þegar hann tók fyrstu skrefin í takka- skónum.

„Til Dalvíkur komu íþróttakennarar og héldu leikja- og íþróttanámskeið, ég man til dæmis eftir einu slíku hjá Þórarni Ragnarssyni sem ég fór á ellefu eða tólf ára gamall. Jón Stefáns- son stóð síðan fyrir því fyrir hönd Ungmennafélags Svarfdæla að fá Ævar Heiðar Jónsson, sem hafði verið leikmaður Þórs á Akureyri og ÍBA, að leiðbeina okkur og þá kviknaði fótboltaáhuginn fyrir alvöru.“

Matthías Ásgeirsson var fyrst íþróttakennari á Dalvík

1968-1970 og á þeim árum setti hann saman fótboltaíð, sem ég var hluti af. Ég man eftir leikjum á moldarvellinum, austan Akureyrarvallar, að mig minnir við jafnaldra okkar í Þór og KA og Völsungi frá Húsavík. Það er mín fyrsta minning um knattspyrnumót.“

Grjótfullt niðurfallsrör

„Það var fremur lítil hefð fyrir knattspyrnu á Dalvík á þessum árum og markviss knattspyrnu- þjálfun barna og unglunga var óþekkt. Kannski fyrst og fremst vegna þess að aðstaðan var af skornum skammti, eina svæðið



Ungir knattspyrnumenn í Ungmennafélaga Svartdæla. Aftari röð frá vinstri: Benedikt Hilmarsson, Þórólfur Antonsson, Guðmundur Björnsson, Björn Þór Árnason, Jón Ingi Björnsson og Kristján Þór Júlíusson. Fremri röð frá vinstri: Gunnar Jónsson, Björn Friðþjófsen, Jón Emil Gylfason, Stefán Ægisson og Hermann Jón Tómasson.

þar sem við gátum sparkað í bolta var kaupfélagstúnið. Þegar Ráðhús Dalvíkur var byggt árið 1975 þrengdist um aðstöðuna og þá var gengið í að ljúka við malarvöllinn, sem hafði verið undirbyggður nokkrum árum fyrr. Við strákarnir vorum orðnir heldur órólegir með að fá ekki nýjan völl og því gengum við í það, vopnadir hjólbörum og fötum, að grjóthreinsa völlinn til þess að við hefðum einhvern vallarskika til þess að leika okkur á. Við rákum augun í steinrör, sem voru jafnhá grjóttundirlagi vallarins, og í þau fannst okkur tilvalið að henda stærstu steinunum. Síðar áttaði ég mig á því að þetta voru niðurfallsrörin í vellinum!“

Spilaði með Dalvík og Reyni

Fyrir sparkglöð ungmenni var kærkomið að fá malarvöllinn og fljótlega fóru Dalvíkingar að tefla fram liðum til þátttöku í héraðsmótum UMSE. „En árið 1976 hafði Gylfi Baldvinsson samband og fór þess á leit við mig að ég gengi til liðs við Reyni á Árskógsströnd, sem þá var í næst efstu deild. Reynismenn höfðu unnið þriðju deildina árið 1974, sem vakti mikla athygli því uppistaðan í liðinu voru sjómenn á Ströndinni sem æfðu og spiluðu á milli sjóróðra. Liðið var í 2. deild 1975, 1976 og 1977.

Á þessum árum fluttu til Dalvíkur af Ströndinni Gunn-

laugssynirnir Albert, Jónsi og Björgvin, sem höfðu allir spilað með Reyni, og um það spunnust umræður, í ljósi þess að kominn var í gagnið malarvöllur, hvort við ættum ekki að búa til lið á Dalvík. Það varð úr 1978 og 1979 en síðan lognaðist þetta út af vegna skorts á mannskap og ég fór aftur að spila með Reyni og var í þeirra herbúðum til 1985. Á þessum síðari Reynisárum var ég mikið í stjórnunarstörfum fyrir félagið og var í forsvari fyrir fótboltann með Magnúsi Jóhannssyni.

Dalvík hóf á ný að tefla fram liði í deildarkeppni árið 1982 og ég skipti aftur í Dalvík frá Reyni árið 1986 og spilaði með Dalvík-



Knattspyrnulið Ungmennafélags Svartdæla árið 1989. Myndin var tekin fyrir leik gegn Magna frá Grenivík, sem fram fór á malarvellinum á Dalvík. Leikinn unnu heimamenn 3-1. Frá vinstri: Guðmundur Kristjánsson liðsstjóri, Snorri Finnlauugsson, formaður knattspyrnudeildar, Albert Agústsson, Sigfús Kárasen, Arnar Snorrason, Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Guðbjörnsson, Tómas Viðarsson, Ingvar Páll Jóhannsson, Guðjón Stefánsson, Kristinn Björnsson þjálfari og Eiríkur Helgason allsherjarreddari. Fremri röð frá vinstri: Ingólfur Kristjánsson, Örvar Eiríksson, Bjarni Gunnarsson, Sverrir Björgvinsson, Þórhallur Sigurvin Jónsson, Björn Friðþjófsen, Guðjón Antoníusson, Birgir Össurason og Ragnar Rögnvaldsson.

ingum þar til ég hætti að spila um 1990. Þá var ég orðinn formaður Ungmennafélags Svartdæla og á sama tíma framkvæmdastjóri Tréverks. Það var því í mörg horn að líta og ég gaf mér ekki lengur tíma til þess að æfa og spila á fullu. Stjórnarstörfin tóku drjúgan tíma, ég hélt utan um reksturinn í fótboltanum og var því á fullu í kringum hann. Ég var formaður UMFS frá árslokum 1989 til loka árs 1997 og hafði áður verið þrjú ár í varastjórn félagsins. Þar áður var ég í aðalstjórn UMSE frá 1983 til 1986.“

Fótbolti um allan fjörð

Björn segir að í þá daga, eins og enn þann dag í dag, hafi drjúgur tími stjórnunarstarfa fyrir Ungmennafélag Svartdæla, Reyni og UMSE farið í að afla rekstrarfjár „Hér á Dalvík var ekki rík hefð fyrir fótboltanum og því var þetta

oft mikið basl. Hjá nágrönnum okkar hér fyrir norðan, sérstaklega á Siglufirði, var áralöng hefð fyrir fótboltanum og þeir voru mjög sterkir á þessum árum. Leiftursmenn í Ólafsfirði voru líka öflugir og spiluðu um tíma í efstu deild.“

Björn spilaði lengst af á miðsvæðinu en var á síðari hluta ferilsins aftar á vellinum. „Við Dalvíkingarnir tókum þátt í Eyjafjarðarmótum og m.a. fórum við til Hríseyjar og spiluðum við Narfa. Tímabilið 1990-1991 þjálfaði okkur Árni Sveinsson, knattspyrnumaður af Skaganum, og þá fórum við út í Hrísey og spiluðum við heimamenn. Þegar um tvær mínútur voru eftir af leiknum skipti Árni sjálfum sér inn á til þess að geta haft það í ferilskránni að hafa spilað í Hrísey!

Þegar horft er til baka var

ótrúlega mikið líf í knattspyrnunni á starfssvæði UMSE á þessum árum. Auk Dalvíkur var Reynir á Árskógsströnd með lið, sömuleiðis Dagsbrún í Glæsibæjarhreppi, SM – sameiginlegt lið ungmennafélaganna í Möðruvallasókn og Hörgárdal, Æskan á Svalbarðsströnd tefldi fram liði um tíma, Vorboðinn í Saurbæjarhreppi, Áróðinn í Öngulsstaðahreppi, Framtíð í Hrafnagilshreppi og Narfi í Hrísey.“

Ófáar vinnustundirnar fyrir fótboltann

Þó svo að Björn hafi spilað sinn síðasta keppnisleik fyrir þremur áratugum eða svo hefur hann aldrei farið langt frá fótboltanum. Synir hans og Helgu Nielsdóttur, Atli Viðar, Kristinn Þór og Rúnar Helgi, hafa allir fetað sín spor í fótboltanum á Dalvík, Akureyri



Björn tekur hér við Sjóvábikarnum fyrir hönd Ungmennafélags Svarfdæla. Með honum á myndinni er Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir frá Hofsrákkoti í Svarf-
aðardal, sem var aðal- og varamaður í stjórn UMSE í nitján ár. Sjóvábikarinn var gefinn af Sjóvá-Almennum og var í fyrsta skipti afhentur á ársþingi UMSE árið 1965. Bikarinn var í mörg ár afhentur því aðildarfélagi UMSE sem hlaut flest stig samanlögð úr öllum mótum sambandsins á árinu.

og sunnan heiða – og reyndar voru þeir allir líka á skíðum á sínum yngri árum. Björn undirstrikar að hann hefði aldrei getað lagt sín lóð á vogarskálarnar í

gegnum tíðina í þágu íþrótta- og æskulýðsstarfs á Dalvík og víðar nema vegna ómælds stuðnings og hvatningar eiginkonunnar.

Hér er vert að geta þess að



Ófá handtökin voru í aðdraganda og meðan á fyrsta unglíngalandsmótinu stóð á Dalvík árið 1992.

Björn var ekki aðeins í fótbolttanum á sínum yngri árum, á vetrum stundaði hann skíðin og var einn stofnfélaga Skíðafélags Dalvíkur árið 1972.

Margir þeirra sem lifa og hrærast í fótbolttanum á yngri árum sleppa takinu ekki svo auðveldlega. Björn er gott dæmi um það. Sjálfboðaliðastarfsins í þágu Ungmennafélags Svarfdæla og UMSE er áður getið en við bætist stjórnarseta í Knattspyrnusambandi Íslands frá 1997 til 2021. Og þegar Dalvíkingar réðust í það stórvirki að byggja nýjan gervigrasvöll með tilheyrandi flóðlýsingu var Björn mættur fremstur í flokki til þess að stýra því verki.

„Ég hef alltaf reynt að vera virkur í mínu félagi hérna á Dalvík, bæði sem foreldri og sjálfboðaliði í ýmsum verkefnum sem þarf að vinna. Það var auðvitað mikið átak að fara í uppbyggingu á gervigrasvöllinum en hann er nú þegar búinn að sanna sig og á eftir að sanna sig enn betur núna þegar flóðlýsing er komin við völlinn. Hún gerir það að verkum að hægt er að spila lengur fram á haustið, þegar líttill snjór er, og byrja aftur fyrir á vorin. Iðkendum í yngri flokkum í knattspyrnunni hér á Dalvík hefur verið að fjölga og það má m.a. þakka þessari stórbættu aðstöðu. Mig hefur lengi dreymt um að slík aðstaða væri fyrir hendi hér og því er mikið fagnaðarefni að sá draumur skuli loks vera orðinn að veruleika.

Þegar fyrsta unglíngalandsmót UMFÍ var haldið á Dalvík í júlí 1992 kom í minn hlut sem formaður Ungmennafélags Svarfdæla að hafa yfirumsjón með

uppbyggingu nýs knattspyrnu- og frjálsíþróttavallar. Það var gríðarlega mikið verk og til þess fengum við skamman tíma. Við vissum ekki allveg út í hvað við vorum að fara og ekki hjálpaði til að um Jónsmessuna kom 30-40 cm snjór á Dalvík og framkvæmdir stöðvuðust í fimm daga. En þetta gekk þó upp að lokum og völlurinn skipti miklu máli fyrir bæði knattspyrnuna og frjálsíþróttir á Dalvík. Næstu ár á eftir áttum við ágæt knattspyrnulið, bæði karla og kvenna, vorum í þrjú ár í karlaboltanum í næst efstu deild og vorum hársbreidd frá því að fara upp í efstu deild og í kvennaboltanum átti Dalvík um tíma lið í efstu deild,“ segir Björn.

Á þessum tíma óx úr grasi öflugt knattspyrnufólk á Dalvík sem lét til sín taka. Nefna má Heiðar Helguson, Sigurbjörn



Knattspyrnuféðgarnir Atli Viðar Björnsson og Björn Friðbjófnsson. Myndin er fengin af dalviksport.is

Hreiðarsson, Atla Viðar Björnsson, Ástu Árnadóttur, Elsu Hlín Einarsdóttur og Guðrúnu Soffíu Viðarsdóttur.

„Meira en aldarfjórðungi eftir að grasvöllurinn var byggður

fyrir unglíngalandsmótið 1992 var ánægjulegt að fá tækifæri til þess að vinna að undirbúningi og byggingu nýs gervigrasvallar á Dalvík. Það segir sína sögu um fórnýsi fólks fyrir samfélagið að



Féðgarnir Björn og Kristinn að störfum við malingar við nýja gervigrasvöllinn.



Óhætt er að segja að nýi gervigrasvöllurinn sé mikil lyftistöng fyrir knattspyrnuna í Dalvíkurbyggð. Myndina tók Jóhann Már Kristinsson 16. nóvember 2021 þegar var verið að leggja lokahönd á uppsetningu lýsingar við völinn.

sumir þeirra sem lögðu hönd á plóg við gerð vallarins fyrir unglíngalandsmótið 1992 komu aftur við sögu við gerð nýja gervigrasvallarins. Ég nefni m.a. Björgvin og Jónsa Gunnlaugssyni, sem ég hef lengi starfað með í þágu knattspyrnunnar hér á Dalvík og inn á Árskógsströnd, sem sjálfboðaliðar og einnig spiluðum við lengi saman.

Undir minni stjórn unnu um sjötíu sjálfboðaliðar að uppbyggingu á gervigrasvöllinum og samanlagður fjöldi vinnustunda þeirra var um fimm þúsund,“ segir Björn.

Aðdráttarafi nýja gervigrasvallarins

Björn segist horfa með stolti til þeirra íþróttamannvirkja sem byggð hafi verið á Dalvík á síðustu árum og áratugum.

Sundlaug Dalvíkur, sem var tekin í notkun 2. október 1994, er vestan íþróttavallarins og áfast henni var síðan byggt íþróttahús í fullri stærð sem var tekið í notkun 1. október 2010. Bæði þessi mannvirki byggði Tréverk og stýrði Björn framkvæmdum. Hann segir það hafa verið gæfuspör að byggja Sundlaug Dalvíkur þar sem hún er – og svo íþróttahúsið í kjölfarið – því búningsherbergi nýttist fyrir hinn nýja gervigrasvöll.

Bygging gervigrasvallarins hafði margra ára aðdraganda. Björn var fremstur í flokki þeirra sem taldi að slíkur völlur væri mikilvæg forsenda þess að knattspyrnan gæti vaxið og dafnað í byggðarlaginu. Fyrstu hugmyndirnar voru settar fram árið 2012 og sá Björn frá upphafi fyrir hönd UMFS um samskipti við bæjar-

yfirvöld í Dalvíkurbyggð. Ýmsar hugmyndir voru settar fram um hvaða leið ætti að fara. Um tíma var rætt um að unglíngalandsmót UMFI yrði á Dalvík sumarið 2017, aldarfjórðungi eftir að fyrsta unglíngalandsmótið var haldið þar, og voru í því sambandi settar fram hugmyndir um að byggja upp frjálsíþróttastöðu og hálfan gervigrasvöll. Frá þeim hugmyndum var horfið og niðurstaðan var sú, sem fyrr segir, að UMFS réðist í gerð gervigrasvallar í fullri stærð með flóðljósum. Heildarkostnaður við gerð vallarins er ríflega 220 milljónir króna, þar af greiðir Dalvíkurbyggð 160 milljónir króna. Völlurinn er í eigu og umsjón Ungmennafélags Svarfdæla.

Gervigrasvöllurinn hefur nú þegar sýnt sig að vera mikill styrkur fyrir uppbyggingu

fótboltans í Dalvíkurbyggð og einnig hafa aðkomulið haft afnot af völinum í æfingabúðum á Dalvík í aðdraganda Íslandsmótsins. Þá hafa nágrannalið spilað nokkra heimaleiki á völinum af þeirri ástæðu að þeirra grasvöllir hafa ekki verið tilbúnir. Þetta á t.d. við um KA á Akureyri sem spilaði á Dalvík fyrstu heimaleiki sína í Pepsídeildinni sl. sumar, af þeirri ástæðu að Greifavöllurinn, heimavöllur KA, var óleikhæfur.

Björn rifjar upp að einu sinni

áður hafi það gerst að lið í efstu deild knattspyrnu karla hafi spilað heimaleik sinn á Dalvík. Á tíunda áratug síðustu aldar, þegar Leiftur í Ólafsfirði var með lið í efstu deild, var Ólafsfjarðarvöllur einn daginn ekki leikhæfur og því leituðu Leiftursmenn til Dalvíkinga um að spila heimaleik við Fram á Dalvík. Áður hafði kvennalið Dalvíkur, sem spilaði í efstu deild kvenna snemma á tíunda áratugnum, spilað heimaleiki sína á Dalvík.

Björn segist síður en svo sjá eftir öllum þeim tíma sem hann hafi varið í fótboltann í gegnum tíðina. „Þetta hefur einfaldlega veitt mér mikla ánægju. Ég hef kynnst óteljandi mörgum í gegnum knattspyrnuna út um allt land, bæði frá þeim tíma þegar ég var að spila og síðar í gegnum félagsstarfið á Dalvík og Árskógsströnd og stjórnarmennsku í KSÍ. Vinabönd hafa skapast sem munu halda út lífið, það er í senn dýrmætt og mikils virði.“



Knattspyrnulið Ársólar og Áróðans

Vaskir knattspyrnumenn í liði Ungmf. Ársólar og Áróðans sem sigraði á drengjamóti UMSE sumarið 1972. Aftari röð frá vinstri: Guðmundur Jónsson, Unnsteinn Sigurgeirsson, Hringur Hreinsson, Ólafur Ólafsson, Sigfús Hreiðarsson og Garðar Hallgrímsson. Fremri röð frá vinstri: Sigurgeir Sigurgeirsson, Magnús Sigurgeirsson, Snæbjörn Sigurðsson, Árni Sigurðsson og Árni Konráð Bjarnason.



Íslandsmeistarar Ungmennafélags Svarfdæla í knattspyrnu í sjö manna liðum árið 2013. Aftari röð frá vinstri: Friðjón Árni Sigurvinsson þjálfari, Amanda Guðrún Bjarnadóttir, Auður Ósk Hilmarsdóttir, Sigríður Inga Rúnarsdóttir, Ásrún Jana Ásgeirsdóttir, Birna Kristín Kristbjörnsdóttir, Briet Brá Bjarnadóttir og Magni Óskarsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Serún Elma Jakobsdóttir, Rósa Dís Stefánsdóttir, Elín Brá Friðriksdóttir, Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir, Rakel Sjöfn Stefánsdóttir og Kolbrá Kolka Guðmundsdóttir. Mynd: Friðrik Vilhelmsson.

Íslandsmeistarar í fótbolta 2013

Árið 2013 varð Ungmennafélag Svarfdæla – fjórði flokkur kvenna – Íslandsmeistari í knattspyrnu í sjö manna liðum. Þetta er fyrsti og eini Íslandsmeistaratitill UMFS í yngri flokkum í knattspyrnu en fastlega má reikna með að þeir verði fleiri í framtíðinni því nú er uppgangur í fótboltanum á Dalvík með hinum nýja og glæsilega gervigrasvelli sem gerir knattspyrnuíðkendum á öllum aldri í Dalvíkurbyggð kleift að æfa og spila knattspyrnu árið um kring.

Þjálfarar Íslandsmeistaranna 2013 voru Friðjón Árni Sigurvinsson og Magni Óskarsson.

Friðjón segir mjög eftirminnilegt að hafa landað Íslandsmeistaratitlinum, lykillinn að því hafi verið mikill dugnaður og gleði sem einkenndi leikmannahópinn og alla sem komu að honum. „Þetta var mikið ævintýri. Ekki mörgum árum áður var farið að leggja áherslu á kvennaboltann í UMFS og við áttum ekki nægilega marga leikmenn til þess að stilla upp liði í 11 manna bolta. Þess vegna skráðum við okkur til leiks í 7 manna bolta í Íslandsmótinu,“ segir Friðjón en með góðum árangri í Norðurlandsriðli Íslandsmótsins tryggðu stelpurnar sér farseðilinn

í úrslitakeppnina sem var spiluð á Seltjarnarnesi. Í henni höfðu, auk UMFS, unnið sér sæti lið BÍ/Bolungarvíkur, Álfanes og Gróttu. „Væntingarnar fyrir úrslitakeppnina voru hóflegar því við höfðum spilað í knattspyrnumótinu Reyccup ekki löngu fyrir úrslitakeppnina og þar gekk okkur upp og ofan. En þegar við komum á Seltjarnarnesið í úrslitakeppnina gekk allt upp og við unnum bikarinn með semheldni, baráttuanda og stemningu. Það má alveg segja að þetta hafi verið nokkuð óvæntur en verðskuldaður árangur,“ rifjar Friðjón upp.

Árið eftir, 2014, stillti UMFS

upp liði í 4. flokki í 11 manna bolta og hryggjarstykkið í því voru Íslandsmeistararnir í 7 manna boltanum frá árinu áður. Liðið náði mjög góðum árangri, varð í öðru sæti í riðlakeppninni og hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni.

Friðjón Árni segir gleðilegt að nokkrar af þeim stelpum sem spiluðu í þessu meistaraliði 2013 hafi haldið áfram í fótboltanum og látið til sín taka í meistara-flokki Þórs/KA og Hamranna, hliðarfélag Þórs/KA.



Þjálfararnir Friðjón Árni Sigurvinsson og Magni Óskarsson. Mynd: Friðrik Vilhelmsson.



Liðsmenn Ungmennafélagsins Framtíðar árið 1970

Lið Ungmennafélagsins Framtíðar í Hrafnagilshreppi - sigurvegarar á knattspyrnumóti UMSE árið 1970. Aftari röð frá vinstri: Örn Tryggvason, Jón Steingrímsson, Páll Jónsson, Niels Helgason, Eiríkur Hreiðarsson, Tryggvi Tryggvason, Úlfar Hreiðarsson og Ólafur Jónsson. Fremri röð frá vinstri: Pröstur Jóhannesson, Úlfar Steingrímsson, Valur Steingrímsson, Daníel Snorrason, Hreiðar Hreiðarsson og Páll Ingvarsson.

Tveir skildir eftir fótbrotinir á Akureyri

Á Árskógsströnd var árum og áratugum saman ríkt hefð fyrir knattspyrnu og það segir sína sögu að á 34 ára tímabili, árabílinu 1962-1996, var Ungmennafélagið Reynir héraðsmeistari í fótbolta í 21 ár og níu sinnum varð liðið í öðru sæti. Stjarna fótboltans á Árskógsströnd reis hæst á áttunda áratugnum þegar Reynir vann sér þátttökurétt í annarri deild Íslandsmótsins og hélt sér í henni í þrjú ár. Árið 1992 tók Reynir upp samstarf við UMFS á Dalvík en árið 2003 sendi félagið aftur lið til þátttöku í 3. deild Íslandsmótsins. Frá 2006 hafa Reynismenn verið í samstarfi við Dalvíkinga með fótboltið.

Kapleikir Ströndunga og breskra hermanna

Einn af þeim sem stunduðu fótboltann sér til yndis og ánægju á Ströndinni á árum áður er Kári Valvesson. Hann fæddist á stríðsárunum, nánar tiltekið 1943, og ólst upp í Sæborg á Litla-Árskógssandi. Kári fluttu suður yfir heiðar innan við tvítugsaldurinn og hefur í áratugi búið í Hafnarfirði.

Hann segist hafa heyrt af því að menn hafi spilað fótbolta á Árskógsströnd af miklum móð á stríðsárunum og efnt hafi verið til kappleikja milli heimamanna og breskra hermanna, sem höfðu sett sig niður þar eins og annars staðar á landinu. „Haraldur Magnússon, sem þá var sjö ára polli á Ströndinni, síðar mikill

friðsápróttafrömuður í Hafnarfirði, sagði mér þá frá því að í einum kappleik Ströndunga og Breta hafi einn liðsmaður bresku hermanna legið óvígur eftir samstuð leikmanna. Haraldur sagðist aldrei gleyma því er hann heyrði ömmu mína, Þórnýju Margræti Þórðardóttur – sem alltaf var kölluð Magga, en hún átti þrjú menn í liði heimamanna inn á vellinum, Valves, Gunnlaug og Kára, kalla hátt og snjallt; „af hverju lógið þið ekki manninum frekar en að láta hann kveljast svona?!“

Á boddíbíl fram í sveitir

Kári segir að á haustin hafi verið haldin héraðsmót í fótbolta.

„Yfirleitt voru mótin þegar síldarvertíðinni var lokið því margir okkar sem spiluðu fótbolta á þessum árum fórum fimmtán ára gamlir á síld.

Ég minnst þess að þegar ég var strákur, áður en ég byrjaði sjálfur að keppa í fótbolta, fóru strákarnir á Ströndinni á boddíbíl inn í fjörð eða fram í sveitir, eins og við kölluðum það, til þess að keppa í fótbolta við Öngulsstaðamenn, Hrafnagilsmenn eða Saurbæinga. Einnig var oft spilað við Svalbarðsströndunga. Ég minnst þess líka að Möðruvellingar kepptu á þessum héraðsmótum um tíma og Dalvíkingar sömuleiðis.

Mér er í fersku minni, líklega var ég í kringum tíu ára aldurinn,



Kári Valvesson var á árum áður í liði Reynismanna á Árskógsströnd og einnig spilaði hann fyrir UMSE í Norðurlandsmótum.



Knattspyrnulið UMSE á Norðurlandsmóti árið 1960 á Akureyrarvelli. Aftari röð frá vinstri: Sverrir Haraldsson, Gylfi Baldvinnsson, Baldvin Jóhannsson, Ólafur Jónsson, Kári Valvesson og Anton Þór Baldvinnsson. Fremri röð frá vinstri: Sævar Sigurpálsson, Trausti Adolf Ólason, Rafni Gunnarsson, Brynjar Baldvinnsson og Reynir Schiöth.

þegar Reynismenn komu til baka á boddíbílum úr einni af þessum fótboltaferðum, mig minnir að þeir hafi þá verið að spila við Saurbæinga. Eitthvað var leikurinn heldur grófur því tveir liðsmenn Reynis voru skildir eftir fótbrotinir á sjúkrahúsinu á Akureyri!“

Spilað við Dalvíkinga

„Síðar, þegar ég fór sjálfur að keppa í fótbolta, voru aldrei neinar formlegar æfingar hjá okkur Ströndungunum. Við vorum hins vegar alltaf í fótbolta og létum þar við sitja. Völlur sveitarinnar var í Árskógi og ef við fórum ekki hlaupandi eða hjólandi upp á völl þá fengum við far á vörubílspalli. Frá okkur

á Litla-Árskógssandi upp í Árskóg voru þrjár kílómetrar og tveir kílómetrar fyrir strákana af Hauganesi.

Skömmu eftir fermingu er mér eftirminnlegt að við Ströndungarnir spiluðum stundum á haustin við félag okkar á Dalvík og þá var Jón „Brúi“ Stefánsson gjarnan í forsvari fyrir Dalvíkingana. Af strákunum í Dalvíkurliðinu man ég t.d. eftir Ríkarði Björnssyni, sem síðar varð bakari á Dalvík, Níels Kristinssyni og Ottó Gunnarssyni,“ segir Kári.

Sá bara stjórnur

Kári er í UMSE-liðinu á meðfylgjandi mynd, sem var tekin á Akureyrarvelli árið 1960. Hann

segist muna vel eftir þessu móti. „Þegar þessi mynd var tekin af liðinu vorum við sennilega að ljúka við leik við Skagfirðinga, enda finnst mér ég sjá far eftir boltareimina á andlitinu. Ég hafði fengið þrumubolta beint á nasirnar og sá bara stjórnur og fannst andlitið vera eins og nálapúði. Man að ég fékk svo boltann aftur í þessu ástandi, lét vaða á markið og opnaði augun nógu snemma til að sjá hann fara fram hjá markmanninum í netið. Við unnum leikinn 4 - 3. Í þessu liði voru m.a. Sælendingarnir þrjár, Gylfi, Anton og Brynjar. Þeir og þrjár bræður þeirra voru allir góðir fótboltamenn,“ segir Kári Valvesson.



Sameiginlegt fótballalið drengja í Ungmennafélagi Skriðuhrepps og Ungmennafélagi Möðruvallasóknar. Árið er líklega 1975. Aftari röð frá vinstri: Hermann Óli Finnsson, Birkir Freysson, Alexander Benediktsson, Þórður Ragnar Þórðarson og Stefán Magnússon. Fremri röð frá vinstri: Stefán Árnason, Stefán Stefánsson, Kristján Guðmundsson, Ólafur Skúli Indriðason, Hörður Karlsson og Gunnar Guðmannsson.

Leikurinn flautaður af til þess að dómarinn næði ferjunni

„Yfirleitt unnu annað hvort Dalvíkingar eða Reynismenn þessi drengjamót en við vorum með óvenju sterkt lið á þessum tíma sem var einn af sprotunum sem Halldór Sigurðsson bjó til í Þelamerkurskóla. Í byrjun var þetta skólalið í Þelamerkurskóla en kjarninn hélt áfram og við fengum fleiri leikmenn til liðs við okkur. Okkur gekk ágætlega þetta sumar,“ segir Þórður Ragnar Þórðarson, bóndi í Hvammi, sem er annar frá hægri í aftari röð á meðfylgjandi mynd.

Skemmtilegur tími

„Þetta var skemmtilegur tími. Það voru spilaðir leikir um allan fjörð; við æfðum og spiluðum okkar heimaleiki á Melum í Hörgárdal, einnig var spilað á Árskógsströnd, í Svarfaðardal, á Svalbarðsströnd, út í Hrísey, á Dagsbrúnavellinum við Dvergastein og fram í Eyjafirði, bæði á Laugalandi og einnig minnst ég þess að hafa spilað fram í Saurbæjarhreppi.

„Einum leik út í Hrísey gleymi ég ekki. Þetta var leikur í bikarkeppninni. Hríseyingarnir voru

stórir og sterkir og okkur gekk illa að skora en loks tókst mér að setja á þá mark úr aukaspyrnu. Tveimur mínuútum síðar flautaði dómarinn leikinn af, sem kom eins og þruma úr heiðskíru lofti því samkvæmt klukkunni voru um tíu mínútur eftir af leiknum. Hríseyingarnir urðu edlilega alveg brjáláðir en dómarinn sagði ósköp einfaldlega að hann yrði að flauta leikinn af til þess að ná ferjunni til baka! Þessi skýring féll í grýttan jarðveg hjá Hríseyingunum.“

Þegar horft er á þessa skemmtilegu liðsmynd af strákunum úr Arnarneshreppi og Hörgárdal er ljóst að í þá daga var töff að vera síðhærður. „Já, samgöngurnar voru ekki svo góðar á þessum árum og því var erfiðleikum bundið að komast til rakara! Ég var með hárband og var því langt á undan minni samtíð. Það hefðu verið helgisþjöll að skerða hár sitt á þessum árum,“ segir Þórður og hlær þegar hann rifjar þetta upp.

Vítamínsprautan Halldór Sigurðsson

Þórði verður tíðrætt um hlut Halldórs Sigurðssonar í eflingu

íþróttalífs á Þelamörk á átunda áratugnum, hann hafi lyft grettistaki í íþrótt- og æskulýðsmálum á svæðinu og ýtt undir áhuga krakkanna. Einnig hafi hann starfað mikið fyrir Ungmennafélag Skriðuhrepps og UMSE, bæði sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri sambandsins um tíma.

Einn af þáttum í starfi UMSE á áttunda áratugnum sem Halldór hafði forgöngu um var að koma á íþróttakeppni milli grunnskólanna í héraðinu. Þessi keppni var í sex ár, frá 1974 til 1979, og var keppt til að byrja með í knattspyrnu, sundi, frjálsum

og skák en síðustu árin bættust gönguskíðin við.

Þórður var lengi í boltanum eftir að þessi mynd var tekin. Áfram var hann í sameiginlegu liði ungmennafélaganna, kom við sögu í liði SM, æfði og spilaði með Þór á Akureyri og einnig spilaði hann í treyju Reynismanna á Árskógsströnd. Og enn er hann að og spilar „bumbubolta“ með sveitungum sínum í íþróttahúsinu á Þelamörk.



Morgunverður í rúmið í Möðruvallasókn

Árið 1985 setti Ungmennafélag Möðruvallasóknar upp gamanleikinn Morgunverður í rúmið. Leikritið var sýnt í Freyjulundi, samkomuhúsi Arnarneshrepps, við miklar vinsældir. Einnig voru sýningar m.a. í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit, á Grenivík og í Hrísey. Í Freyjulundi var sérstök sýning á verkinu fyrir eldri borgara og sagði Dagur á Akureyri svo frá að hinir öldruðu hafi sýnt „mikinn skilning á efni og hómur leiksins og í sýningarlok ferði Jón Sólnes formaður Félags aldraðra leikfélaginu blómvönd að gjöf.“

Alltaf stolt af því að keppa fyrir UMSE

Snjólaugu Vilhelmsdóttur, frjálsíþróttakonu úr Ungmennfélagi Svarfdæla á Dalvík, skaut upp á stjórnuhiminn frjálsíþróttá á tíunda áratugnum. Þá var hún í fremstu röð frjálsíþróttakvenna í UMSE og á landinu í sínum greinum. Hennar bestu greinar utanhúss voru fyrst og fremst hlaupagreinarnar 100, 200, 400, 100 m grind og 400 m grind. Einnig keppti hún í stökkum (lang- þrí- og hástökki) og sjöþraut. Fjögur ár í röð, 1992-1995, var Snjólaug útnefnd Íþróttamaður UMSE. Keppnisferillinn varð ekki eins langur og Snjólaug hefði viljað, þrálát hásinameiðsli komu í veg fyrir það. Nú býr hún með fjölskyldu sinni, eiginmanni og tveimur börnum, í Münster, skammt norðan við Dortmund, í Þýskalandi.

Leist ekkert á gaddaskóna

Snjólaug er fædd 1973 á Dalvík. Hún rifjar upp að það hafi verið algjör tilviljun að hún fór að æfa frjálsíþróttir. „Í skólaleikfimi í gamla íþróttahúsinu vorum við stundum látin stökkva langstökk án atrennu. Í eitt skiptið tókst mér að stökkva tvo metra og ég minnst þess að þegar ég kom heim fór ég að monta mig af því við Friðrik eldri bróður minn að ég hefði stokkið lengst allra í bekknum. Friðrik hafði þá strax á orði að þess yrði örugglega ekki langt að bíða að Villi Björns myndi koma og fá mig til þess að keppa á einhverjum mótum í



Snjólaug Vilhelmsdóttir býr í Münster í Þýskalandi með eiginmanni sínum, Hrvoje Verzi, og börnum þeirra, Tinnu og Viggó.

frjálsu. Það stóð heima, sama kvöld kemur Villi heim og spyr hvort ég væri ekki fánleg til þess að vera í sameiginlegu liði skóla á Norðurlandi eystra á skólamóti í Reykjavík. Villi hafði talað við Matthías Ásgeirsson íþróttakennara í Dalvíkurskóla sem benti á mig. Til að byrja með leist mér ekkert á að fara suður og keppa en þá sagði Villi að Þóra Einarsdóttir vinkona mín, sem átti heima hinum megin við götuna, færi líklega líka á mótið til þess m.a. að keppa í hástökki. Þá leit þetta betur út og ég lét til leiðast. Þegar síðan kom að mótinu kom í ljós að ég átti að keppa í 50 metra hlaupi. Villi kom kvöldið áður og sýndi mér hlaupaskó – gaddaskó – og spurði hvort ég gæti ekki í hlaupið í þeim.

Gaddaskó hafði ég aldrei séð áður og fannst alveg fáránlegt að ég færi í slíka skó til þess að

hlaupa, það hlyti að fara mjög illa með gólfíð í íþróttahúsinu! Af þessari ástæðu harðneitaði ég að hlaupa í gaddaskóm. Þegar síðan kom að hlaupinu á tartanbrautinni í Baldurshaga í Reykjavík kom í ljós að ég var eini keppandinn í 50 metrunum sem ekki var í gaddaskóm. Engu að síður náði ég fjórða sætinu.

Mér fannst þetta skemmtileg upplifun og mig langaði að halda áfram. Mamma sagði þá við mig að ef ég hefði áhuga að keppa í frjálsu þyrfti ég að stunda reglulegar æfingar. Það varð því úr að við Þóra vinkona mín fórum að sækja UMSE æfingar til Akureyrar á laugardagsmorgnum hjá Cees van de Ven. Til að byrja með fannst mér lítið til æfinganna koma en hins vegar var alltaf tilhlökkun að keppa. Þegar ég horfi til baka var félagsskapurinn þó það eftirsóknarverðasta í þessu,“ segir Snjólaug.



Snjólaug í harðri baráttu við Sunnu Gestsdóttur, hlaupakonu úr USAH.

Besti árangurinn árið 1995

Fyrstu skrefin í frjálsu tók Snjólaug sem unglingur á síðari hluta níunda áratugarins en síðan jókst ástundunin stig af stigi, mótunum fjölgaði og hún fór að láta að sér kveða á mótum. Meðal annars hafði hún sigur á Landsmóti UMFÍ á Laugarvatni árið 1994 í 400 metrum og varð önnur í 100 metrunum á eftir Sunnu Gestsdóttur úr USAH.

Öflugust var Snjólaug á árunum 1992-1996, þegar hún keppti mikið, bæði hér á landi og erlendis. Tók þá m.a. þátt í Norðurlandamóti unglunga, Evrópubíkarkeppni í fjölþraut o.fl.

Eftir að Snjólaug lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum

á Akureyri var hún á ákveðnum krossgötum. Var ekki ráðin í því hvað hún vildi læra en það heillaði að ná lengra í frjálsíþróttunum. Þegar síðan bauðst íþróttastyrkur í University of Georgia í

Bandaríkjunum árið 1994 ákvað Snjólaug að slá til og var þar við nám, æfingar og keppni til ársins 1998. Þar aflaði hún sér réttinda til grunnskólakennslu, æfði við toppaðstæður og keppti



Snjólaug tekur við Afreksbikar til minningar um Þórodd Jóhannsson, fyrrverandi formann og framkvæmdastjóra UMSE, úr hendi þáverandi formanns UMSE, Jóhanns Ólafssonar.



Á frjálsíþróttamóti á Dalvík. Frá vinstri: Sólveig Lilja Sigurðardóttir, Þóra Einarsdóttir, Snjólaug Vilhelmsdóttir, Ingigerður Júlíusdóttir og Eva Bragadóttir.

í fjölmörgum háskólamótum og öðrum mótum í Bandaríkjunum. Þegar Snjólaug rifjar upp þennan tíma segist hún tvímælalaust hafa verið í sínu besta formi á árunum í Georgíu í Bandaríkjunum og það staðfestir afrekaskrá FRÍ; árið 1995 náði hún sínum besta árangri í 100 m (12,23 sek), 200 m (24,74 sek), 400 m (56,16 sek) og 400 m grind (59,73 sek).

Eins og sjá má í afrekaskrá UMSE í hundrað ár, sem birtist hér í blaðinu, á Snjólaug Eyjafjarðarmet í framangreindum fjórum hlaupagreinum auk 100 m grindahlaups, hún á einnig Eyjafjarðarmetið í langstökki og þrístökki, á fimmta besta tímann í 800 m, fjórða besta árangurinn í hástökki, tíunda lengsta kastið

í kúluvarpi og annan besta árangurinn í sjöþraut.

Ástæðan fyrir því að University of Georgia varð fyrir valinu var sú að þar var þjálfari sem hafði þjálfað nokkra Íslendinga, þar á meðal Guðrúnu Arnardóttur og UMSE-spjótkastarann Sigurð Matthíasson. Á þessum tíma var Þráinn Hafsteinsson landsliðsþjálfari og hann þekkti vel til umrædds þjálfara í Georgíu og benti honum á Snjólaugu. Hlutirnir smullu saman og hún fór út árið 1994, sem fyrr segir.

„Í þau fjögur ár sem ég var í Bandaríkjunum var ég á fullu í æfingum og keppni og ég hugsaði að árið 1995 hafi verið mitt besta ár. Mér fannst alltaf skemmtilegast að hlaupa 200 metrana og

ég hafði líka mikla ánægju af því að stökkva langstökk. Í Bandaríkjunum æfði ég og keppti hins vegar mikið í 400 metra grindahlaupi og mér fannst það alltaf svolítið erfitt. Á mínu síðasta ári í Bandaríkjunum glímdi ég við meiðsli í hásin og fór í aðgerð en það var fljótlega ljóst að erfitt yrði fyrir mig að ná fullum bata til þess að halda áfram. Þegar faðir okkar, Vilhelm Þórarinsson, dó árið 1998 kom ég heim og var á Íslandi í rúmlega eitt ár,“ segir Snjólaug.

Búið erlendis í um aldarfjórðung

Í University of Georgia kynntist Snjólaug eiginmanni sínum, Hrvoje Verzi, en hann var líka



Snjólaug Vilhelmsdóttir, Þóra Einarsdóttir og Sólveig Lija Sigurðardóttir máluðu nokkra UMSE fána og tóku með sér á frjálsíþróttamót. Hér eru þær með einn slíkan fána árið 1992. Á myndinni eru einnig m.a. Marianna Hansen, Gunnar Sigurðsson, Hreinn Karlsson og Þuríður Árnadóttir.

í frjálsum og æfði og keppti í þrístökki. Að námi loknu í Bandaríkjunum sneri hann til heimalandsins, Þýskalands Hrvoje Verzi hefur frá unga aldri búið í Þýskalandi en er fæddur í Króatíu.

Í Münster hefur Snjólaug búið með fjölskyldu sinni síðan árið 2004 en áður bjó hún í þrjú ár í Fürth, skammt frá Nürnberg í Bæjaralandi. Hún lærði hjúkrun í Þýskalandi og er nú í hlutastarfi á dvalarheimili aldraðra í Münster. Þau eiga tvö börn; Tinnu 15 ára og Viggó 12 ára.

Þegar Snjólaug hugsar til baka segist hún vera mjög sátt með að hafa farið inn á braut frjálsíþróttanna og þær hafi verið á ýmsan hátt verið sinn örlagavaldur og veitt sér tækifæri til þess að fara til Bandaríkjanna til að æfa þar og keppa við bestu aðstæður.



Allsberjarreddarinn og stjórnarmaðurinn Hringur Hreinsson úr Umf. Æskunni og afrekskonan Snjólaug Vilhelmsdóttir úr Umf. Svarfdæla. Myndin var tekin árið 1992.

En eitt breyttist aldrei, segir Snjólaug, alltaf hafi hún verið stolt af uppruninum og að keppa

fyrir Ungmennafélag Svarfdæla og Ungmennasamband Eyjafjarðar.



Aðalsteinn Bernharðsson við heimili sitt í Kópavogi.

„Hef ekkert með svona gallabuxnagæja að gera“

Í tvo áratugi eða svo var Aðalsteinn Bernharðsson frjálsíþróttamaður í fremstu röð, handhafi Eyjafjarðarmeta í nokkrum greinum frjálsra íþróttanna, einn af bestu blakmönnum landsins og fimmfaldur Íþróttamaður UMSE. Aðalsteinn er lærður húsasmiður og var við smíðar í um áratug, lærði síðan til lögreglumanns og hefur starfað í lögreglunni og Lögregluskólanum í tæpa fjóra áratugi. Óhætt er að segja að hilla Aðalsteins í íþróttasögu UMSE á síðari hluta tuttugustu aldar sé stór.

Sveitastrákur í Hrafnagilshreppi

Aðalsteinn Bernharðsson fæddist og ólst upp á Grund í Eyjafirði til sex ára aldurs þegar hann fluttist með foreldrum sínum í félagsheimilið Laugarborg á Hrafnagili, þar sem þeir voru húsverðir. Barnaskólinn var í gamla þinghúsinu, norðan Laugarborgar, þar sem leikskólinn Krummakot hefur í mörg undanfarin ár verið til húsa. Síðan lá leiðin í Gagnfræðaskólann á Akureyri.

Smjörþefinn af íþróttunum fékk Aðalsteinn á fótboltaæf-

ingum á Hrafnagili á sumrin en þegar Sigurður Viðar Sigmundsson íþróttakennari kom einu sinni í viku og sagði krökkunum í Ungmennafélaginu Framtíð til í frjálsíþróttum kviknaði áhugi Aðalsteins. Ekki minnkaði hann eftir að hafa farið í sumarþúðir UMSE á Laugalandi, þar sem Sigurður Viðar, Þóroddur Jóhannsson og fleiri eldhugar í UMSE voru leiðbeinendur. Aðalsteinn fór þó ekki að æfa frjálsíþróttir fyrir en nokkrum árum síðar en í millitíðinni fékk hann brennandi áhuga á blaki og fór að æfa



Einbeittur á svip í stökkatrennu í Laugardalnum.

það, bæði með félögum sínum í Ungmennafélaginu Framtíð í Hrafnagilshreppi og síðar með liðsmönnum liðs UMSE. Aðalsteinn var lykilmaður í gullaldarliði eyfirskra blakara en hvorki fyrir né síðar hefur UMSE náð jafn langt á landsvísi í flokkaíþrótt og blakinu. „Fyrstu blakæfingarnar mínar voru í gamla þinghúsinu á Hrafnagili, þar sem salurinn var svo lítill að blakvöllurinn náði upp á miðja vegg,“ rifjar Aðalsteinn upp. Á hátindi sínum í blakíþróttinni var hann valinn í íslenska landsliðið í blaki og skartar tveimur landsleikjum í ferilskránni.

Blakari og frjálsíþróttamaður

„Frjálsíþróttir fór ég ekki að æfa að marki fyrir en ég var orðinn sautján eða átján ára gamall og um tíma var ég bæði í blakinu og frjálsum. UMSE fékk Hreiðar Jónsson, vallarstjóra á Akureyrarvelli, sem hafði áður verið öfl-



Aðalsteinn á lokasprettinum í 400 metrum á Valbjarnarvelli.



Aðalsteinn maður bikarkeppninnar

● Aðalsteinn Bernharðsson flýgur bæði hátt og langt í þrístökkinu, þar sem hann sigraði og setti nýtt Eyjafjarðarmet. Aðalsteinn var maður Bikarkeppninnar, sigraði í fjórum einstaklingagreinum og leiddi sveit sína til sigurs með stórgóðum spretti í 1000 metra boðhlaupi. Sýndi hann mjög skammtilegan keppnisvilja. Sjá nánar/82 og 83

Frásögn Morgunblaðsins 30. júlí 1985 af Bikarkeppni FRÍ. Aðalsteinn kom öllum á óvart og sló sautján ára gamalt Eyjafjarðarmet Sigurðar Viðars Sigmundssonar í þrístökki.

ugur frjálsíþróttamaður, til þess að þjálfar okkur UMSE-krakkana og var æft á Akureyrarvelli. Á fyrstu æfinguna fór ég með Gísla Pálssyni og Hreiðar tók á móti okkur. Ég var ekki í íþróttafatnaði og þegar Hreiðar sér það segir hann með nokkurri vanþóknun í röddinni: „Ég hef nú ekkert með svona gallabuxnagæja að gera!“ Þessi fyrstu kynni mín af Hreiðari slógu mig þó ekki út af laginu og smám saman komst hann að því að það mætti ná einhverju út úr þessum sveitastrák.

Til að byrja með var ég ekki talinn mikill hlaupari og til



Í 400 metra hlaupi á Landsmóti UMFÍ í Keflavík og Njarðvík árið 1984 þar sem Aðalsteinn setti nokkur landsmótsmet. Til hægri er Egill Eiðsson.

marks um það var ég ekki skráður í neina hlaupagrein á fyrsta Landsmóti UMFÍ sem ég tók þátt í á Akranesi árið 1975, keppti þar einungis í langstökki.

Ég fann fljótt að frjálsar íþróttir áttu ágætlega við mig en til að byrja með var ég fyrst og fremst í langstökki og þrístökki. Í þessum greinum þarf auðvitað töluverðan hraða í atrennuna og ég þjálfaðist smám saman upp í því að hlaupa hratt og var því fenginn til þess að hlaupa boðhlaup á héraðsmótum.

Fyrir Landsmót UMFÍ á Selfossi árið 1978 minnst ég þess að við vorum oft niður í

Íþróttaskemmuni á Akureyri að æfa blakliðið fyrir mótið. Á eina æfinguna kemur Villi Björns á Dalvík og spyr mig hvort ég sé ekki til í að koma upp á Akureyrarvöll til þess að hlaupa einn fjögur hundruð metra hring á vellinum og keppa við UMSE-stelpurnar, sem voru að æfa 4x100 metra boðhlaup fyrir landsmótið á Selfossi. Ég sló til og hljóp hringinn á móti boðhlaupsveitinni og vann hana, sem varð til þess að ég var valinn til þess að hlaupa 400 metra hlaupið fyrir UMSE á Selfossi - og vann það. Þá var ekki aftur snúið. Auk 400



Aðalsteinn starfaði árum saman í lögreglunni og Lögregluskólanum. Hér er hann með tveimur öðrum afreksmönnum í frjálsíþróttum, spjökosturinum Sigurði Matthíassyni og Einari Vilhjálmsyni, sem báðir voru í sumarafleysingum í lögreglunni.



Hreiðar Jónsson, vallarstjóri á Akureyrarvelli og fyrrverandi frjálsíþróttamaður, tók á móti Aðalsteini á æfingu á Akureyrarvelli með þeim orðum að hann hefði lítið með svona gallabuxnagæja að gera!

metrana fór ég einnig að æfa markvisst og keppa í 100 og 200 metrunum og 400 metra grind. Þegar ég horfi til baka er mér óhætt að segja að 400 metrarnir og 400 metra grindahlaupið hafi verið mínar sterkustu greinar,“ segir Aðalsteinn.

Sprettharður lögreglumaður

Ungur að árum lærði Aðalsteinn húsasmíði í Iðnskólanum á Akureyri og vann við smíðar á íratug eða svo. Á þessum tíma var hann kominn með fjölskyldu og því gafst ekki mikill tími til frjálsíþróttæfinga til viðbótar við vinnu og fjölskyldulíf. Svo fór að Aðalsteinn lagði frjálsíþróttirnar að mestu til hliðar um tíma en löngunin til þess að ná lengra var þó enn til staðar. Svo fór að hann ákvað að skipta um starfsvett-



Í 110 metra grindahlaupi á Landsmóti UMFÍ á Húsavík árið 1987.

vang, fékk vinnu hjá Lögreglunni á Akureyri vorið 1980, fór í framhaldinu í Lögregluskólann í Reykjavík árið 1982 og lauk náminu vorið 1984. Námsveturna tvo í Reykjavík æfði Aðalsteinn m.a. í

Baldurshaga með Hirti Gíslasyni, sem var þá í læknisfræðinámi í Háskóla Íslands. Þeir félagarnir kepptu saman á ófáum mótum undir merkjum UMSE. Að Lögregluskólanum loknum

starfaði Aðalsteinn í eitt ár í Lögreglunni á Akureyri en flutti árið 1985 með fjölskyldunni á höfuðborgarsvæðið, þar sem hann hefur búið síðan. „Eftir að fjölskyldan flutti suður fór ég að æfa



Úrslit í 100 metra blaupi á Landsmóti UMFÍ á Selfossi árið 1978. Frá vinstri: Jakob Sigurólason HSP, Jón Sverrisson UMSK, Aðalsteinn Bernharðsson UMSE og Hilmar Pálsson HVÍ. Hilmar vann blaupið og Aðalsteinn varð annar.



Smáþjóðaleikarnir árið 1987 í Monaco. Aðalsteinn sigraði 400 metra hlaupið.

Mjólk er góð

MJÓLKURDAGSNEFND

Aðalsteinn Bernharðsson, margfaldur Íslandsmeistari og landsliðsmaður í frjálsum íþróttum, drekkur mikið af mjólk. Þannig styrkir hann taugar og bein og rennir styrkum stöðum undir atferlunni síni á hlaupabrautinni.

Ahrif B vitamínskorts eftir dr. Jón Ottar Ragnarsson	
Tegundir B vitamína	Einkenni á taugakerfi við skort á B vitamínunum
Róðinn (B ₁)	Kæfleysi, þunglyndi, taugakömun
Ríbóttavín (B ₂)	Þunglyndi, skynvilla, vefring
Níasin	Þunglyndi, skynvilla, vefring
Þantóþensýni	Svefleysi, persónulekkaþreytingar
B ₆ vitamin	Svefleysi, þunglyndi, svefleysi
Fótasín	Þunglyndi, rugi, minnstap
B ₁₂ vitamin	Svefleysi, máttu- og taugamyrun, dauð
Biotín	Þunglyndi, sinnuleysi, svefleysi

Enni og tál má gefur B-vitamínskortur veiddi örnæg-
ustu einkennum á taugakerfi. Sem betur fer er alvar-
lisa B-vitamínortun úr stöðunni á Íslandi. En vitouir

Aðalsteinn í auglýsingu frá Mjólkurdagsnefnd.

með KR-ingum og keppti fyrir þá í tæp tvö ár. Árið 1987 fór ég með KR í æfingabúðir í Þýskalandi og í þeirri ferð sleit ég lærvöðva í keppni í 400 m grind og náði ekki fullum bata eftir það,“ segir Aðalsteinn.

Óhætt er að segja að frjáls-íþróttuferill Aðalsteins Bernharðssonar sé einstakur. Hann á gildandi Eyjafjarðarmet í 100, 200 og 400 metrum og 400 metra grindahlaupi og einnig í þrístökki, 14,57 m, sem hann stökk í Bikarkeppni FRÍ árið 1985. Eldra metið átti Sigurður Viðar Sigmundsson, fyrsti þjálfari Aðalsteins í frjálsum íþróttum, sem hann setti á Landsmóti UMFÍ á Eiðum árið 1968, 14,37 m.

Aðalsteinn var í landsliðinu í



Verðlaunagripir sem Aðalsteinn hefur fengið fyrir útnefninguna á íþróttamanni UMSE árin 1976, 1977, 1978 og 1985. Aðalsteinn var einnig útnefndur íþróttamaður UMSE árið 1996.



„Grobbhornið“, eins og Aðalsteinn kallar það, á heimili hans í Kópavogi.


frjálsum í mörg ár, fyrst og fremst í 400 metrum og 400 metra grindahlaupi.

Fimm sinnum var hann valinn Íþróttamaður UMSE; 1976, 1977, 1978, 1985 og 1996 og keppti fyrir hönd sambandsins á sex Landsmótum UMFÍ – á Akranesi 1975, Selfossi 1978, Akureyri 1981, í Keflavík og Njarðvík 1984, á Húsavík 1987 og í Mosfellsbæ árið 1990.

Landsmótsmet þrátt fyrir svefnleysi og þreytu

Aðalsteinn segir að þátttakan í landsmótunum sé eftirminnileg. „Sérstaklega man ég eftir mótinu í Keflavík og Njarðvík. Þá var ég á fullu í löggunni á Akureyri og þurfti að vera á vakt þegar rútan með liðsmenn UMSE fóru suður á mótið. Ég ætlaði því að

fljúga suður um kvöldið til þess að vera klár fyrir fyrsta keppisdaginn daginn eftir. En skyndilega skall á svartapoka og því var ekki hægt að fljúga. Þá voru góð ráð dýr. UMSE vildi endilega fá mig suður á mótið enda var ég í finu standi og vissi að ég myndi ná góðum árangri og ná í dýrmæt stig fyrir UMSE, sem var auðvitað það sem skipti öllu máli á landsmótum. Margir úr landsmótsliði HSP höfðu einnig ætlað suður á mótið í sama flugi og ég en urðu líka frá að hverfa. Þingeyingarnir ákváðu að keyra suður í rútu og ég fékk að fljóta með. Við lögðum af stað frá Akureyri um miðnætti og vorum komnir til Keflavíkur um klukkan átta um morguninn. Það var því ekki mikið sofnið áður en flautað var til undanrása í hundrað metrunum klukkan ellefu. Þrátt fyrir



Aðalsteinn tekur vel á því í ræktinni fimm daga vikunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Æfir líka á nóttunni

Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður er í góðu formi og segist verða alveg ómögulegur ef hann missir úr æfingu.

Aðalsteinn þarf að vera í góðu formi vegna vinnu sinnar í lögreglunni en einnig þjálfar hann nýliða í Lögregluskólanum. „Ég hef gaman af þessu og finnst gott að halda mér í formi.“ segir Aðalsteinn. „Ég fer yfirleitt í ræktina seinnipartinn en ég er að þjálfa í Lögregluskólanum. Þar tekur maður þátt í æfingunum líka svo maður er á fullu allan daginn.“ Aðalsteinn á sér langan feril í íþróttum og stundaði frjálssar íþróttir í mörg ár áður en hann fór ræktina. „Ég byrjaði með ungmennafélaginu í Eyjafjarðarsveitinni fyrir norðan eins og menn gerðu í gamla daga og stundaði frjálssar íþróttir í tuttugu ár. Svo þegar ég fór að eldast hætti ég því. Ég var mikið í blaki en síðan hef ég bara verið í almennri líkamsrækt, lyfti lötum, hleyp og syndi. Ég er búinn að vera í lögreglunni síðan 1980 og hef kennt í Lögregluskólanum í átta ár. Þegar maður hefur æft svona lengi þá er maður alveg orðinn háður þessu og mér líður bara illa ef ég missi af æfingu þrjá daga í röð.“

Aðalsteinn segir það enga afsökun þegar fólk ber fyrir sig að hafa ekki tíma fyrir íþróttir. Fimmtán til tuttugu mínútur á dag séu alveg nóg til að halda sér í ágætis formi og einungis þurfi að skipuleggja sig vel.

„Tímaleysi er bara fyrirsjáttur. Ég æfi oft á skritnum tímum vegna vaktavinnunnar og fer jafnvel á nóttunni ef því er að skipta. Ég æfi yfirleitt einn. Maður þarf oft að vera einn með sjálfum sér og í frjálssíþróttunum æfa menn mikið einir. Svo passar ekkert að æfa með öðru fólki þegar maður vinnur á vöktum. Þetta er ekkert mál, ég er búinn að standa í þessu í þrjátíu ár og þetta er bara orðið mitt lífsmunstur.“

Aðalsteinn er enginn nammigrís og langaði ekkert í súkkulaðigg um páskana. Hann segist þó ekki lifa neinu meinlætali og fá sér súkkulaði af og til. „Ég þarf að borða mikið því ég hreyfi mig mikið og reyni að borða hollan mat. Ég er ekki mikið í súkkulaðinu en ef mig langar í namma þá læt ég það eftir mér. Mig langar nú ekki oft í namma. Ég borða bara hæfilega hollan mat og passa að borða reglulega og er duglegur í ávöxtunum og skyrinu. Finnst Kea-skyr sérstaklega gott því ég er nú að norðan.“

heida@frettbladid.is

Fréttablaðið 1. apríl 2008.

lítinn sem engan svefn og ferðaþreytu náði ég góðu hlaupi og setti landsmótsmet í undanrásunum hundrað metra hlaupsins, hljóp á 10,7 sek, sem ég held að standi enn. Fjögur hundruð metrana hljóp ég á þessu sama móti á 47,9 sek, sem einnig var landsmótsmet og var í raun ótrúlega góður tími á malarbraut. Ég held að það landsmótsmet hafi heldur ekki verið slegið,“ segir Aðalsteinn.

Skemmtilegur tími

Auk þess að keppa fyrir UMSE og KR keppti Aðalsteinn í frjálssíþróttum fyrir KA á Akureyri í um eitt ár. Það varð til þess að hann fékk ekki grænt ljós á að keppa fyrir UMSE í frjálsum á Landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 1981, Aðalsteinn var sem sagt settur í bann, eins og hann orðar það. Bannið náði þó ekki til blaksins og því varð Aðalsteinn

að láta sér það nægja að keppa í blakliði UMSE á landsmótinu á Akureyri.

„Eftir að ég hætti að keppa fór ég að gutla með öldungunum í frjálsum og ætli ég hafi ekki verið orðinn 36 ára þegar ég hætti alveg. Einn góðan veðurdag fékk ég nóg af því að keppa, enda hafði ég keppt í um tuttugu ár. Þetta var orðið gott. Ég hef ekki einu sinni tekið þátt í götuhlaupum, enda sagði ég við kollegana að ég nenni ekki að fara í þessi lengri hlaup, það nægði mér að hlaupa hratt einn hring!“

Þegar Aðalsteinn horfir til baka segist hann vera afar þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í öllu þessu kröftuga íþróttastarfi í gegnum tíðina. „Þetta var mjög skemmtilegur tími og ég kynntist fjölmörgu góðu íþróttafólki. Ég bý alla tíð að því að hafa æft markvisst og keppt í íþróttum á mínum yngri árum og enn þann dag í dag æfi ég fimm sinnum í viku, bæði fer ég í ræktina og hleyp úti. Ég hafði ríka ástæðu til þess að halda mér í góðu formi í starfi mínu sem þjálfari í Lögregluskólanum, þar sem ég starfaði frá árinu 2000 til 2019. Eftir að ég hætti í Lögregluskólanum tók ég upp þráðinn í smíðunum og núna er ég lausari við og hef rýmri tíma til þess að hreyfa mig. Það líkar mér vel,“ segir Aðalsteinn Bernharðsson.

Íþróttamaður UMSE

Íþróttamaður UMSE hefur verið útnefndur á hverju ári frá árinu 1975. Þessi nýbreytni í starfi UMSE kom fyrst upp á fundi stjórnar UMSE 22. janúar 1976 og á næsta stjórnarfundum, 10. mars 1976, voru stjórnarmenn sammála um að útnefna Hólmfríði Erlingsdóttur frjálsíþróttakonu Íþróttamann UMSE fyrir árið 1975. Allar götur síðan hefur Íþróttamaður UMSE verið kjörinn árlega.

Eftirtalin hafa hlotið sæmdarheitið Íþróttamaður UMSE:

1975	Hólmfríður Erlingsdóttir	Frjálsíþróttir	1987	Cees van de Ven	Frjálsíþróttir
1976	Aðalsteinn Bernharðsson	Frjálsíþróttir	1988	Daníel Hilmarsson	Skíði
1977	Aðalsteinn Bernharðsson	Frjálsíþróttir	1989	Sigurður Matthíasson	Frjálsíþróttir
1978	Aðalsteinn Bernharðsson	Frjálsíþróttir	1990	Sigurður Matthíasson	Frjálsíþróttir
1979	Hólmfríður Erlingsdóttir	Frjálsíþróttir	1991	Sigurður Matthíasson	Frjálsíþróttir
			1992	Snjólaug Vilhelmsdóttir	Frjálsíþróttir
			1993	Snjólaug Vilhelmsdóttir	Frjálsíþróttir
			1994	Snjólaug Vilhelmsdóttir	Frjálsíþróttir
			1995	Snjólaug Vilhelmsdóttir	Frjálsíþróttir
			1996	Aðalsteinn Bernharðsson	Frjálsíþróttir
			1997	Sveinn Brynjólfsson	Skíði
			1998	Sigurlaug Níelsdóttir	Frjálsíþróttir
			1999	Ómar Freyr Sævarsson	Frjálsíþróttir
				Atli Viðar Björnsson	Knattspyrna



Hólmfríður Erlingsdóttir úr Ungmennafélagi Skriðuhrepps var fyrst til þess að verða útnefnd íþróttamaður UMSE árið 1975. Hólmfríður var mjög öflug frjálsíþróttakona og náði afburða góðum árangri, eins og sjá má í afrekaskrá UMSE aftar í blaðinu.

1980	Guðmundur Sigurðsson	Frjálsíþróttir
1981	Daníel Hilmarsson	Skíði
1982	Sigurður Matthíasson	Frjálsíþróttir
1983	Kristján Hreinsson	Frjálsíþróttir
1984	Daníel Hilmarsson	Skíði
1985	Aðalsteinn Bernharðsson	Frjálsíþróttir
1986	Daníel Hilmarsson	Skíði



Ómar Freyr Sævarsson frjálsíþróttamaður úr Ungmennafélagi Svarfðæla á Dalvík, íþróttamaður UMSE árin 1999 og 2000.



Enginn hefur verið útnefndur íþróttamaður ársins hjá UMSE oftar en Björgvin Björgvinsson skíðamaður úr Skíðafélagi Dalvíkur. Hér er hann að lokinni svigkeppni á Ólympíuleikunum í Vancouver árið 2010. Mynd: Guðmundur Jakobsson.

2000	Ómar Freyr Sævarsson	Frjálsíþróttir
2001	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2002	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2003	Ebba Karen Garðarsdóttir	Frjálsíþróttir
2004	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2005	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2006	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2007	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2008	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2009	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2010	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2011	Björgvin Björgvinsson	Skíði
2012	Agnar Snorri Stefánsson	Hestaíþróttir
2013	Guðmundur S. Daníelsson	Frjálsíþróttir
2014	Ólöf María Einarsdóttir	Golf
2015	Ólöf María Einarsdóttir	Golf
2016	Arnór Snær Guðmundsson	Golf
2017	Svavar Örn Hreiðarsson	Hestaíþróttir
2018	Amanda Guðrún Bjarnad.	Golf
2019	Amanda Guðrún Bjarnad.	Golf
2020	Guðmundur S. Daníelsson	Frjálsíþróttir
2021	Guðmundur S. Daníelsson	Frjálsíþróttir



Seðlaskipti og ást í Öxnadal

Árið 1970 setti Ungmennafélag Öxndæla upp leikritið Seðlaskipti og ást. Á myndinni eru frá vinstri: Þórður Kárason, Hlíf Aradóttir, Hjörleifur Halldórsson, Sigrún Sigurjónsdóttir og Ari Jósavínnson.



Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri UMSE.

Gríðarlega fjölbreytt starf

Þorsteinn Marinósson hefur verið framkvæmdastjóri Ungmennasambands Eyjafjarðar í fullu starfi frá 2019 en áður hafði hann gegnt framkvæmdastjórnastöðunni frá 2006 til 2017 í hálfu starfi.

Þorsteinn er ungmennafélagsmaður fram í fingurgóma og er óhætt að segja að hann hafi alist upp í hreyfingunni. Marinó Þorsteinsson, faðir hans, hefur starfað ómælt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs í Eyjafirði og víðar og er enn að. Móðir Þorsteins er Indíana Auður Ólafsdóttir og var faðir hennar og afi Þorsteins, Ólafur Jónsson, lengi í fótboltanum í Ungmennafélaginu Framtíð og einnig í UMSE-liðinu.

Þorsteinn föðurafi hans og nafni var ötull félagsmálamaður í Ung-

mennafélaginu Reyni á Árskógsströnd, eins og systkini hans, Ása Marinósdóttir og Birgir Marinósson. Marinó Þorsteinsson, langafi Þorsteins, var formaður Reynis á þriðja tug síðustu aldar, Þorsteinn Marinósson, afi hans, var formaður Reynis á sjötta og sjöunda áratugnum og Marinó Þorsteinsson, faðir Þorsteins, hefur verið formaður Reynis árum saman. Ungmenna- og íþróttagenin eru Þorsteini því í blóð borin og því var það einhvern veginn skrifað í skýin að hann færi að vinna fyrir ungmennafélags- og íþróttahreyfinguna.

Fótbolti og skíði

„Í minningunni komst fátt annað að í uppveixinum en íþróttir og

ungmennafélagsstarf. Ég man eftir mér sem smápolla í eftirdragi með pabba sem þá var formaður Ungmennafélagsins Reynis. Ekki síst eru mér minnisstæðar rútuferðir út um allt land á knattspyrnuleiki þar sem ég átti til að finna fyrir bílveiki. En það stoppaði mig ekki í að fara með því þetta var svo gaman! Ég æfði allar þær íþróttir sem ég komst í hjá Reyni, var lítillega í frjálsum en meira í fótboltanum. Einnig æfði ég skíði hjá Skíðafélagi Dalvíkur. Ég fór fyrst á skíði þriggja ára gamall og æfði skíðin fram á unglingsár.

Þrettán ára gamall var ég fenginn til þess að starfa í knattspyrnunefnd Reynis og það eru mín fyrstu afskipti af félags-

málum. Síðan leiddi eitt af öðru. Ég var ekki hár í loftinu þegar ég fór á milli húsa og seldi jólakort til ágóða fyrir UMSE og sjálfur var ég á fullu í fjáröflun fyrir sjálfan mig vegna skíðanna.“

Bifvélavirki eða íþróttakennari

Þegar kom að því að Þorsteinn færi að velta fyrir sér hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór kom vart nema tvennt til greina; að feta í fótspor föður síns og afa og fara í bifvélavirkjun eða fara í íþróttfræði og kenna íþróttir. Það síðarnefnda varð ofan á. „Eftir Verkmenntaskólanum á Akureyri fór ég í íþróttfræði í Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni og lauk þaðan BSc-námi. Ég hafði í huga að verða íþróttakennari og íþróttapjálfaari en það gerist síðan árið 2006 þegar ég er að klára námið að pabbi bendir mér á að UMSE leiti að manni í starf framkvæmdastjóra sem jafnframt geti annast íþróttapjálfun. Ég hugsaði með mér að þetta væri eitthvað sem ég hefði áhuga á og fór á fund Árna Arnsteinssonar, þáverandi formanns UMSE, og áður en ég vissi af hafði ég verið ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins frá og með 1. júní 2006. Fyrsta verkefni mitt, raunar hálfum mánuði áður en ég hóf formlega störf, var að fara með Árna formanni og Gísla Pálssyni, sem þá var formaður Ungmennafélags Akureyrar og hafði áður verið formaður UMSE, á sambandsráðsfund Ungmennafélags Íslands á Narfastöðum í Reykjadal. Sá fundur, sem var mjög skemmtilegur og fróðlegur, var mín fyrstu

kynni af stjórnskipulagi íþróttahreyfingarinnar. Allar götur síðan hef ég lagt á það áherslu að sækja slíka fundi, hvort sem er á vegum UMFÍ eða ÍSÍ – Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, því þeir skipta verulega miklu máli. Á þeim eru málin rædd og teknar stefnumótandi ákvarðanir og því er mikilvægt að sækja fundina til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa þannig áhrif.“

Reynir-Dalvík-Þór-Nökkvi-Vaskur-Árborg

Aftur til uppvaxtaráranna. Þó svo að Þorsteinn hafi reynt fyrir sér í frjálsum segir hann að áherslan hafi verið á fótboltann og skíðin. „Þegar ég var að detta inn á unglingsárin var fótboltinn í Reyni farinn að dala og úr varð að ég fór að æfa og spila með Dalvík og fór upp yngri flokkana þar. Síðar spilaði ég með Þór á Akureyri í tvö ár en slæm meiðsli og endurhæfing í kjölfarið setti strik í reikninginn. Þegar ég hafði náð bærilega góðum bata var ég eitt tímabil

með Dalvík og spilaði síðan á Akureyri með Nökkva og loks Vaski. Í tvö ár, á meðan ég var við íþróttfræðinám á Laugarvatni, bjó ég á Selfossi og spilaði þá um tíma með Knattspyrnufélagi Árborgar – sem til einföldunar er kallað Árborg. Liðið þjálfaði á þeim tíma Páll Guðmundsson, núverandi framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands, sem áður var m.a. leikmaður Leifturs í Ólafsfirði og hann hafði á þeim tíma verið þjálfari minn í sameiginlegu yngri flokkaliði Dalvíkur og Leifturs.“

Frá UMSE til Völsungs og aftur til UMSE

Sem fyrr segir var Þorsteinn framkvæmdastjóri UMSE frá 2006 til 2017, í ellefu ár samfleytt. Þá flutti hann austur á Húsavík og tók að sér framkvæmdastjórn Íþróttafélagsins Völsungs. Dvölin eystra varð styttri en lagt var upp með vegna veikinda Þorsteins. „Ég kom aftur til Akureyrar undir lok árs 2019 og leysti af til að byrja með í gamla starfinu



Skrifstofa UMSE hefur verið í Búgarði á Akureyri í áratugi.

hér hjá UMSE og í framhaldinu var ég ráðinn í fullt starf framkvæmdastjóra frá árslokum 2019. Stjórn UMSE ákvað að útvíkka framkvæmdastjórastarfið og gera það að 100% starfi, sem ég tel að hafi verið gæfuspor því það er erfitt að sinna því sem þarf að sinna svo vel sé í hálfu stöðugildi og vinna eitthvað annað á móti.“

Starf framkvæmdastjóra tekið miklum breytingum

Þjóðfélagið er á fleygiferð í öllu tilliti. Það sem var í fullu gildi í gær er úrelt á morgun. Þorsteinn segir að íþróttahreyfingin sé ekki undanskilin í þessum efnunum. „Núna eru miklar umræður í hreyfingunni um hvað felst í því að starfa innan hennar og vera í trúnaðarstörfum fyrir hana. Regluverkið gerir síauknar kröfur til hreyfingarinnar, sem er bara jákvætt. Við viljum hafa alla hluti í lagi en til þess að mæta auknum kröfum hefur umfangið vaxið ár frá ári. Á fyrstu árum mínum sem framkvæmdastjóri UMSE fór drjúgur hluti af starfstímanum í skipulagningu og framkvæmd frjálsíþrótt- og knattspyrnumóta. Þetta heyrir sögunni til en þess í stað beinast kraftarnir í auknum mæli að ráðgjöf fyrir aðildarfélögin og að vera þeim innan handar um daglegt starf og rekstur. Þetta er gríðarlega fjölbreytt starf – allt frá því að færa bókhald í að skipuleggja viðburði, vinna að fræðslumálum, vera tengiliður aðildarfélaganna og landssamtakanna, hafa samskipti við sveitarfélög og margt fleira. Þetta er sannarlega yfirgripsmikið og áhugavert starf.“

Héraðsmótin heyra sögunni til

Gömlu héraðsmótin heyra sögunni til. Mótaöld hefur færst frá UMSE til grasrótinnar – aðildarfélaganna. Ef horft er til knattspyrnunnar, sem vinsælustu íþróttgreinarinnar, segir Þorsteinn að staðan sé allt önnur en á árum áður. Núna séu í boði fjölmörg opin knattspyrnumót fyrir börn og unglina á landsvísu. „Þetta hefur haft miklar breytingar í för með sér. Mót innan héraðs fjöruðu smám saman út, sem er bara allt í lagi. Þessi kafli í héraðssögunni heyrir sögunni til með breyttum tíðaranda og stórbættum samgöngum,“ segir Þorsteinn. Hann segir að til þess að reka UMSE þurfi mikla útsjónarsemi og að hafa allar klær úti. Hluti tekna sambandsins komi frá sveitarfélögum á svæðinu og einnig skipti lottótekjurnar verulegu máli. Auk þess nefnir Þorsteinn að sambandið hafi fengið á undanförunum árum tekjur af Þorvaldsdalsskokkinu, sem hefur verið að stækka að umfangi. Frá árinu 2006 hefur UMSE í samvinnu við Ungmennafélagið Reyni og Ungmennafélagið Smárann séð um framkvæmd þessa elsta skipulagða óbyggðahlaups á Íslandi.

Erfitt að spá um framtíðina

En hvornig sér Þorsteinn fyrir sér næstu ár og áratugi í skipulagi íþróttahéraðanna? Verða miklar breytingar? Alveg örugglega, segir Þorsteinn og bætir við að aukinn þungi færist í umræður um að gera einingarnar stærri og öfl-

ugri til þess m.a. að til verði öflugri þjónustuskrifstofur fyrir ungmenna- og íþróttafélögin.

Ef horft er til Eyjafjarðarsvæðisins eru regnhlífarsamtökin þrjú; UMSE, Íþróttabandalag Akureyrar og Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar. Þorsteinn segir ómögulegt að spá fyrir um framtíðina en í sínum huga þurfi ekki að koma á óvart þótt innan fárra ára verði stigin ákveðin skref í að sameina krafta þessara þriggja ungamenna- og íþróttasambanda.

„Það er auðvitað stórkostlegt og merkilegt að UMSE hafi starfað í eina öld en ég sé fram á að á allra næstu misserum eða árum muni stjórnskipulag íþróttahreyfingarinnar breytast. Mögulega fyrst með sameiningum íþróttahéraðanna og í kjölfarið verði til öflugar þjónustuskrifstofur. Þá myndu ungmennafélögin og íþróttafélögin sinna því sem þau gera best en þjónustuskrifstofurnar hefðu á sinni könnu utanumhald, ráðgjöf, skráningu og stuðning með ýmsum hætti. Þessi umræða er ekki hafin formlega innan hreyfingarinnar en nokkuð er síðan hún hófst í grasrótinni. Menn telja mikla þörf á stefnumörkun enda er það svo að sum íþróttahéruð eru veikburða og vart til nema að nafninu til. Ég held að það sé stórt tækifæri fyrir hreyfinguna í heild sinni að fara í þessa umræðu og vinnu með opnum huga. Þarna eru að mínu mati tækifæri sem ég tel að við verðum að skoða ofan í kjölinn,“ segir Þorsteinn Marinósson.



Blaklið UMSE árið 1976, á fyrsta ári sínu í 1. deild. Frá vinstri: Jón Steingrímsson, Björn Halldórsson, Jóhann Sigurðsson, Hreiðar Steingrímsson, Birgir Jónasson, Jón Illugason, Sigurður Harðarson, Árni Arnsteinsson, Þórhallur Bragason, Friðrik Steingrímsson, Aðalsteinn Bernharðsson, Gunnar Jónsson og Friðrik Snorrason.

UMSE-blakarar í fremstu röð á áttunda áratugnum

Saga blaks á Íslandi nær allt aftur til ársins 1928 þegar það var kynnt undir nafninu handtennis í Menntaskólanum í Reykjavík. Síðar var tekið upp enskuskotna nafnið „volly“ en loks varð nafnið blak ofan á og mun það vera ættagt frá Hermann Stefánssyni, íþróttakennara við MA, sem var einn af guðfeðrum blaks á Íslandi. Blakinu kynntist hann á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936 og í kjölfarið fór íþróttin að skjóta rótum fyrir alvöru hér á landi með MA sem miðdepilinn, a.m.k. fyrstu árin.

Fyrsta blakmótið 1969

Dagana 22.-23. mars árið 1969 efndi ÍMA – Íþróttafélag Menntaskólans á Akureyri til fyrsta opna blakmótsins á Íslandi í Íþróttaskemmunni á Akureyri og tóku þátt lið frá ÍMA, ÍS (Íþróttafélag stúdenta), Ungmennafélaginu Reyni (UMSE) og HSP. Karlalið UMSE lenti í fjórða sæti og kvennaliðið í þriðja sæti. MA-ingar sigruðu bæði í karla- og kvennaflokki.

Eftir þetta fyrsta tilrauna-blakmót ákvað Íþróttasamband Íslands að efna til Íslandsmóts í

blaki karla og fór það fyrsta fram í Íþróttaskemmunni á Akureyri um eina helgi í mars árið 1970 á Akureyri í umsjón ÍMA. Auk MA-inga tóku þátt lið frá UMSE, KA og ÍS. ÍS hampaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í blaki karla og UMSE varð í öðru sæti.

Fyrsta Íslandsmótið í blaki í Reykjavík var haldið í Laugar-dalshöllinni í apríl 1971 og stóð ÍSÍ aftur fyrir mótinu. ÍS varði Íslandsmeistaratitilinn og hin liðin sem tóku þátt voru Ungmennafélag Laugdæla (HSK), Ungmennafélagið Framtíð



Blakarar í Ungmennafélaginu Framtíð í Hrafnagilshreppi, héraðsmeistarar í blaki árið 1974. Myndin var tekin í íþróttahúsinu á Dalvík. Mörg ár í röð voru Framtíðarmenn UMSE-meistarar í blaki. Fremri röð frá vinstri: Úlfar Steingrímsson, Eiríkur Stefánsson og Hreiðar Steingrímsson. Aftari röð frá vinstri: Jón Steingrímsson, Halldór Guðlaugsson, Aðalsteinn Bernharðsson og Jóhann Sigurðsson.

(UMSE) og Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB). Framtíðarmenn unnu einn af þremur leikjum sínum í mótinu og höfnuðu í þriðja sæti.

Tveimur árum síðar var Blaksamband Íslands stofnað og árið 1974 voru fyrstu landsleikirnir í blaki spilaðir við Norðmenn. Ári síðar var blak sýningargrein á Landsmóti UMFÍ á Akranesi.

Reynir og Framtíð riðu á vaðið

Blakið skaut rötum í Eyjafirði undir lok sjöunda áratugarins og er þess lítilla getið í ársritum UMSE frá þeim tíma. Svo virðist sem íþróttin hafi fyrst haslað sér völl hjá Reynismönnum á Árskógsströnd. Í ársriti UMSE 1968 segir í kafla um Reyni að blakæfingar hafi verið „fjölmarginar

og vel sóttar, bæði af körlum og konum.“ Í ársritinu 1969 er sagt frá mikilli þátttöku í blaki hjá Ungmennafélaginu Reyni. Um þátttöku í fyrsta blakmótinu á Akureyri, sem að framan er getið, segir: „Félagið tók þátt í fyrsta opinbera blakmótinu hér á landi í íþróttaskemmunni á Akureyri, en árangur var frekar slakur, enda leikmenn óvanir svo stórum velli og einnig reglum og dómum.“ Blaks hjá Ungmennafélaginu Framtíð í Hrafnagilshreppi er fyrst getið í ársriti UMSE árið 1971 með þessum orðum: „Blak var æft og á Íslandsmótinu í þeirri grein var lið félagsins í 3. sæti.“

Uppsprettur blaksins í MA og Laugaskóla

Á þessum fyrstu árum blaks í Eyjafirði voru aðstæður til æfinga

heldur bágbornar enda krefst blakið þess að hátt sé til lofts og vítt til veggja. Reynir Schiöth í Hólshúsum í Eyjafjarðarsveit var einn þeirra sem spilaði blak með félögum sínum í Ungmennafélaginu Framtíð á þessum árum og hann var einmitt í liðinu sem fór suður og spilaði á Íslandsmótinu 1971, sem að framan greinir. Reynir minnst blakæfinga í gamla þinghúsinu á Hrafnagili en ekki fékkst grænt ljós á að blaka í Laugarborg. Hins vegar fengust æfingátímar í íþróttahúsinu við Laugagötu á Akureyri.

Tvær megin uppsprettur blakíþróttarinnar hér norðan heiða á þessum tíma voru annars vegar í Menntaskólanum á Akureyri og hins vegar í Laugaskóla í Reykjadal. Reynir Schiöth minnst þess að hafa lært blakið á Laugum og það gerði einnig Gunnar Jónsson, sem síðar æfði einnig blak í MA. Gunnar stundaði æfingar og spilaði með Framtíðarmönnum á Hrafnagili eftir að hann kom norður fullnuma íþróttakennari og fór að kenna á Hrafnagili og síðar spilaði hann með og stýrði æfingum félaga sína í UMSE í nokkur ár.

Á áttunda áratugnum fór UMSE að efna til árlegra héraðsmóta í blaki og einokudu Framtíðarmenn það mót í mörg ár.

Æfingátímar á ókristilegum tíma

Frá árinu 1972 var UMSE með lið í Íslandsmótinu í blaki og svo var allar götur til ársins 1983. Eyfirskir blakarar æfðu annars vegar í Fjósínu – íþróttahúsi MA – og hins vegar Íþróttaskemmunni á Akureyri. Sá galli var hins



Fræknir UMSE-blakarar líklega veturinn 1972-1973. Frá vinstri: Ómar Ingason, Jón Steingrímsson, Gunnar Jónsson, Aðalsteinn Bernharðsson, Hreiðar Steingrímsson, Tryggvi Tryggvason, Friðrik Steingrímsson, Friðrik Snorrason og Ragnar Daniélsson.

vegar á gjöf Njarðar að æfingátímarnir í Skemmuni voru síðla kvölds og þegar komið var fram á nótt. Þórhallur Bragason, sem lengi spilaði blak fyrir UMSE og var raunar í fyrsta Íslandsmeistaraliði ÍS árið 1970, lýsti í grein í ársriti UMSE 1977-1978 áhyggjum sínum yfir því að lið UMSE myndi ekki ná að halda stöðu sinn í blakinu meðal hinna bestu í landinu þegar aðeins væru í boði æfingátímar á ókristilegum tíma í Íþróttaskemmunni á Akureyri: „Æfingátímar eru aðeins tvisvar í viku. Þar af annar kl. ellefu að kvöldi, þegar venjulegir menn fara að hugsa til hvíldar og svefnis, enda tíminn kringum miðnætti og fram undir óttu, talinn heppilegastur svefntími, og sá tími er besta hvíld veitir.

Það er því álit sérfróðra manna að íþróttæfingar á þessum tíma skili sér að jafnaði mjög illa. Á þessum tíma hefur þó verið aðalæfingátími blakliðsins undanfarin mörg ár, en með tilkomu íþróttahúss við Glerárskóla í fyrra, rættist að vísu nokkuð úr.“ Þórhallur lýsti einnig yfir áhyggjum af langvarandi skorti á þjálfara fyrir liðið. Nokkrum árum síðar fékkst þó þjálfari, Halldór Jónsson, síðar bæjarstjóri á Akureyri, sem hafði gert garðinn frægan með ÍS.

Næst komust Eyfirðingar að vinna stóran titil í karlablakinu árið 1979 þegar liðið tapaði bikarúrslitaleik við ÍS með minnsta mun, leikurinn fór 3-2 fyrir ÍS. Á Landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 1981 sigraði lið UMSE blakkeppnina. Eyfirðingar unnu

HSK sannfærandi í úrslitaleik 3-0.

Athyglisverð blaksaga

Gunnar Jónsson segir að blaksaga UMSE sé allrar athygli verð enda viti hann ekki til þess að annað hópíþróttalið undir merkjum sambandsins hafi spilað í efstu deild. Sum árin á áttunda áratugnum hafi liðið verið í efstu deild og önnur í næstefstu deild. Á þessum árum segir Gunnar að liðið hafi oft og tíðum verið mjög vel mannað og náð góðum árangri, sbr. framangreindan bikarúrslitaleik og sigurinn á landsmótinu 1981. Hins vegar hafi æfingaaðstaðan háð UMSE-blökurum og ef ekki hefði verið fyrir velvilja Hreins Óskarssonar, forstöðumanns Íþróttaskemm-



Atgangur í Íþróttaskemmunni. Á myndinni má þekkja Friðrik Snorrason, Aðalstein Bernharðsson, Jón Steingrímsson, Indriða Arnórsson og Hreiðar Steingrímsson (lengst til hægri með flautuna).

unnar, hefðu blakmenn verið í vondum málum. „Við fengum lítinn sem engan stuðning frá UMSE en kepptum engu að síður undir merkjum sambandsins. Það útvegaði okkur ekki æfingatíma en fullyrða má að Hreinn Óskarsson bjargaði okkur. Fyrsta veturinn í Íþróttaskemmunni útvegaði hann okkur æfingatíma klukkan ellefu að kvöldi, eftir að öllum öðrum æfingatímum íþróttafélaga var lokið. Þar fengum við að æfa fram á nótt með því skilyrði að við myndum þvo salinn að æfingu lokinni. Á þetta féllumst við og stundum var ég ekki kominn heim fyrr en um tvö um nóttina. Síðar útvegaði Hreinn okkur betri æfingatíma við litla

hrifningu íþróttafélaga á Akureyri sem kunnu lítt að meta að sveitamönnum væri úthlutaður æfingatími í Skemmunni. Hreinn varði ákvörðun sína með þeim rökum að vegna fjölda iðkenda væru þessir blakæfingatímar betur nýttir en margir aðrir æfingatímar.“

Einn af mörgum eftirminni- legum blakleikjum sem UMSE spilaði á þessum tíma segir Gunnar að hafi verið leikur gegn liði Íþróttakennarskóla Íslands í Íslandsmóti í Hagaskóla í Reykavík 16. mars árið 1974. Ein hrinan í leiknum telur Gunnar að hafi verið sú lengsta sem hafði til þess tíma verið spiluð í blakleik á Íslandi eða í 36 mínútur. UMSE

vann hrinuna að lokum 23-21 en tapaði hins vegar leiknum 3-1.

Af handboltabekknunum í blakið

Sigurður Harðarson var einn liðsmanna UMSE-liðsins fyrir og eftir 1980. „Í uppveitinum á Dalvík var ég í marki í handboltanum en þegar ég kom til Akureyrar og fór í MA gekk ég ekki auðveldlega í markið hjá KA því þar var fyrir sterkur markvörður, Magnús Gauti Gautason. Hlutskipti mitt varð því að sitja aðallega á bekknum hjá KA og ég hafði takmarkaða þolinmæði í það. Það varð því úr að ég færði mig yfir í blakið hjá MA og við urðum Íslandsmeistarar árið



UMSE-blakarar í vígabug. Á myndinni má þekkja Stefán Magnússon (lengst til hægri), Þórhall Bragason (nr. 11) og Gunnar Jónsson (sem er hér í uppspili). Á bekknum er Halldór Jónsson þjálfari og við hlið hans Björn Víkingsson.

1972. Vilhjálmur Ingi Árnason var þá okkar helsti leiðbeinandi. Ég hélt síðan áfram í blakinu þegar ég fór suður og spilaði þar með ÍS í fjóra vetur. Er ég kom síðan aftur norður árið 1976 datt ég inn í blakið hjá UMSE. Þá var aðallega æft í gömlu Íþróttaskemmunni á hörðu steingólfinu þar. Ég var í þessu í mörg ár með UMSE, allar götur þar til ég færði mig yfir í öldungablakið hjá Skautafélagi Akureyrar,“ segir Sigurður Harðarson.

Blakfélagið Rimar

Vegur karlaliðs UMSE var hvað mestur á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda. Smám saman dró úr kraftinum vegna aðstöðuleysis og ónógrar endurnýjunar. Fáir nýir liðsmenn bættust í hópinn, með undantekningum þó. Nefna má Stefán Magnússon, nú bónda í Fagraskógi, sem hafði spilað með ÍMA. Hann staltraði þó stutt við í UMSE en var síðar öflugur liðsmaður KA, sem stofnaði blakdeild árið 1978. Blaklið UMSE var lagt niður vorið 1983.

Eldri UMSE-blakarar færðu sig yfir í öldungablakið og hefur það allar götur síðan staðið traustum fótum á félagssvæði UMSE. Fyrsta öldungamótið í blaki fór fram í Reykjavík árið 1976 og síðan hafa blaköldungar á Íslandi keppt sín á milli og árleg öldungamót að vori farið stækkanandi ár frá ári og má fullyrða að þau séu í hópi fjölmennustu íþróttamóta fyrir fullorðna hér á landi.

Í Dalvíkurbyggð hefur blakið lengi verið öflugt og er Blakfélagið Rimar eina félagið sem stofnað hefur verið um blakíþróttina í Eyjafirði. Rimar eru eitt aðildarfélag UMSE.

Blakfélagið Rimar var stofnað á haustdögum árið 1987. Áður höfðu nokkrir karlblakarar á Dalvík og Árskógsströnd sett saman blaklið sem keppti um skeið undir nafninu Reynivík. Í kjölfarið fóru fleiri karlar að æfa blak á Dalvík og í nágrennasveitum og til varð blaklið karla sem tók þátt í öldungamótum. Æft var í gamla

íþróttahúsinu á Dalvík þar sem unnt var að koma fyrir einum velli í fullri stærð.

Eftir að Þórunn Bergsdóttir kennari flutti til Dalvíkur færðist líf í kvennablakið. Þórunn hafði kynnst öldungablakinu hjá blakdeild Sundfélagsins Óðins á Akureyri og áhugi hennar smitaði út frá sér. Konurnar fóru að stunda blakið af miklum móð og tók fyrsta kvennalið Rima þátt í öldungablakmóti á Akureyri árið 1989.

Með nýja íþróttahúsinu á Dalvík færðist enn meiri kraftur í blak Rímafólks enda hægt að æfa á fleiri völlum. Boðið hefur verið upp á blak sem valgrein í Dalvíkurskóla sem hefur ýtt undir áhuga ungs fólks á íþróttinni. Tilkoma strandblakvallar sunnan íþróttamiðstöðvarinnar hefur líka haft jákvæð áhrif í vexti og viðgangi blaksins í Dalvíkurbyggð.



Baldur Árni Beck Friðleifsson var á kafi í íþróttum á sínum yngri árum. Á sumrin var hann í fótbolta og frjálsum og á veturna tóku skíðin völdin. Baldur er einn þeirra sem lögðu ríka hönd á plóg við uppbyggingu fyrstu skíðamannvirkja í Bökkvisstaðafjalli ofan Dalvíkur. Hann bjó lengst af á Dalvík en er nú búsettur á Akureyri.

Rígmontinn að vinna Svenna í Kálfsskinni!

Á sambandsvæði UMSE hefur miðstöð skíðaíþróttarinnar verið á Dalvík og þaðan hafa komið margir af bestu skíðamönnum landsins. Skíðafélag Dalvíkur var stofnað árið 1972 og hefur átt aðild að UMSE síðan 1975.

Það segir sína sögu um kraftinn í skíðamennskunni á Dalvík að fjórir skíðamenn þaðan hafa verið fulltrúar Íslands á Vetrarólympíuleikum; Daníel Hilmarsson, Björgvin Björgvinsson, Kristinn Ingi Valsson og Sveinn Brynjólfsson.

Margt væri hægt að skrifa um ótrúlegu fórnfýsi og kraftmikla uppbyggingu Dalvíkinga á skíðasvæðinu í Bökkvisstaðafjalli. Einn þeirra sem lagði lóð sín á vogarskálarnar við þá uppbyggingu er Baldur Árni Beck Friðleifsson – Baldur Öllu.

Staðarhóll var aðal stoppistöðin

„Í kjallaranum í Staðarhóli á Dalvík var herbergi sem við grófum út úr og þar höfðum við skíðastrákarnir aðstöðu. Auk

mín voru þetta Heiðar móðurbróðir minn Árnason, Þorsteinn Skaftason, Stefán Steinsson, Jón Halldórsson, Binni í Steinholti (Brynjólfur Karl Eiríksson) og Ríkarður Björnsson, allir vorum við Mið- og Utanbæingar, sem kallað var. Við stofnuðum með okkur óformlegt félag, steiptum gólfíð í herberginu og fengum timbur í innréttingar. Herbergið var síðan miðstöð okkar og reyndar var það svo að Staðarhóll var aðal stoppistöðin þegar við komum á skíðunum ofan af



UMSE-lið á leið á Norðurlandsmót í knattspyrnu árið 1965. Frá vinstri: Jón Bjarnason, Össur Kristinsson, Sveinn Gunnlaugsson, Úlfar Hreiðarsson, Sævar Hallgrímsson og Baldur Friðleifsson.

Skakkamel eða úr Löngulaut. Þá stoppuðum við á skaflinum við Staðarhól og Nunna amma kom út með fulla könnu af vatni og brynnti okkur.

Á þessum tíma vorum við á svigskíðum. Fyrstu skíðin voru stálkantalau og því var nokkrum takmörkunum háð hvert við gátum farið. Ég minnst þess

að á þessum frumstæðu skíðum renndum við okkur af þakinu á húsi Steina Síms og Öldu, því þar mynduðust oft háir skaflar. Fyrir kom að skíðin brotnuðu í þessum atgangi og þá var farið með þau til Jonna Stefáns sem spengdi þau saman aftur og við héldum áfram eins og frá var horfið.

Síðan fórum við að fara upp í fjall. Það hafði Stebbi Árna frændi lengi gert og hann og Sverrir frá Móafelli höfðu m.a. lent í snjóflóði í Stekkjarlautinni. Stebbi missti annan stafinn en þeim tókst að komast undan flóðinu að öðru leyti. Við yngri strákarnir fórum að fikra okkur áfram í þessu og fórum líka upp í Stekkjarlautina og þar bjuggum við til hengjur og stukkum á svigskíðunum. Reyndar man ég eftir að það var til eitt par af stökk-



Hér er Baldur með bikar sem hann fékk til eignar fyrir að vera stigahæstur í frjálsum hjá Ungmennafélagi Svarfdæla þrjú ár í röð.



Dalvíkingar í Geilo í Noregi snemma árs 1967. Baldur (lengst til vinstri), Brynjólfur Karl Eiríksson (Binni í Steinholti) og Ríkarður Björnsson.

skíðum og á þeim stökk m.a. Níels Kristinsson í Dalsmynni.

Við fengum enga tilsögn til að

byrja með en lærðum þetta smám saman sjálfir og kepptum í svigi á mótum á Siglufirði, Ólafsfirði,

Akureyri og Húsavík. Fyrstu alvöru tilsögnina á skíðunum fengum við þegar Jónas Ásgeirsson frá Siglufirði var vetrarpart á Dalvík og kenndi okkur undirstöðuatriðin.“

Til Geilo með Binna í Steinholti

Baldur vann lengi á verkstæðinu hjá Jóhannesi Árskóg á Dalvík. Stundum var lítið um verkefni yfir vetrarmánuðina og gafst þá ráðrúm til þess að gera eitthvað annað.

„Binni í Steinholti hafði komið ár sinni vel fyrir borð í Geilo í Noregi þar sem hann var orðinn virtur skíðþjálfari. Binni



UMSE-verðlaunapeningar sem Baldur vann á héraðsmótum á sjöunda áratugnum. Einn þeirra er fyrir 4x100 m boðblaup árið 1967 og hinir tveir eru frá 1968, annar fyrir stangarstökk og hinn fyrir hástökk.



Baldur í glæsilegri sveiflu í brekkunum í Geilo árið 1967.

bauð mér að fara með sér út og útvegaði mér vinnu við uppvaske á Holms Hotel. Við fórum út í janúar 1966 og ég var í Geilo til vors. Kokkarnir á hótelinu fóru oft eftir vinnu á gönguskíði. Ég vildi ekki vera minni maður, keypti mér gönguskíði og heillaðist af þeim.

Næsta vetur, í desember sama ár, fór ég ásamt félögum mínum frá Dalvík, Ríkka Björns, Stebba Steins og Þorsteini Skafta, aftur í Geilo og við unnum til að byrja með á þessu sama hóteli. En fljótlega útvegaði Binni okkur vinnu við að troða skíðabrekkurnar og það gerðum við í margar vikur. Þennan vetur fórum við Stebbi og Þorsteinn oft á gönguskíði en Ríkki féll ekki fyrir þeim. Þegar við síðan snerum aftur heim til Dalvíkur síðla vetrar 1967 var efnt til gönguskíðakeppni.

Árskógsstrendingar tóku einnig þátt enda var hefð fyrir skíðagöngu þar. Svenni í Kálfsskinni var einn af reynslumeiri skíðagöngumönnum á Ströndinni og ég var rígmontinn þegar mér tókst að vinna hann!“

Fyrstu skíðalyfturnar í Böggvisstaðafjalli

Fyrstu tilraunina með skíðalyftu í Böggvisstaðafjalli gerði Heiðar Árnason í Staðarhóli snemma á sjöunda áratugnum sunnan við Löngulautina. Hann notaðist við mótur úr Willys jeppa, kaðal, spil úr snurpubát og og stóra blökk. Þessi heimatilbúni búnaður dugði ekki sem skyldi en það dró þó ekki úr áhugasömum ofurhugum að halda áfram þróuninni. Baldur og Kristján Jónsson (Krilli) tóku sig til árið 1969 og héldu áfram að þróa skíða-

lyftu, sem Massey Ferguson díselvél knúði áfram fyrir sunnan Stórhólstjörnina. Hjólin útbjó Baldur á verkstæðinu hjá Jóhannesi Árskóg á Dalvík og kaðalinn fengu þeir hjá Útgerðarfélaginu. Utan um kaðalinn voru settar sérstakar klemmur sem gerðu gæfumuninn við að komast upp með lyftunni. Auðvitað var þetta frumstæður búnaður en dugði þó í tvo vetur. Eftir að Skíðafélag Dalvíkur var síðan stofnað árið 1972 settu skíðamenn upp litla Bohrer Star skíðalyftu í neðri brekkunni í Böggvisstaðafjalli og ekki leið á löngu þar til Doppelmayer lyfta var sett upp í efri brekkunni. Síðan hefur mikil uppbygging verið í Böggvisstaðafjalli sem hefur skilað mörgum af bestu skíðamönnum okkar í alpagreinum.



Sigursveit Dalvíkinga í boðgöngu á skíðamóti UMSE árið 1967. Frá vinstri: Þorsteinn Skaftason, Heiðar Árnason, Baldur Friðleifsson og Stefán Steinsson. Mynd: Heimir Kristinsson.

Með pípuna í 1500 metrunum

Sem fyrr segir stundaði Baldur skíðin af kappi yfir vetrarmánuðina en á sumrin tóku frjálsar íþróttir og fótboltinn völdin. Baldur rifjar upp að hann hafi keppt bæði í hlaupum og stökkum. Honum er eftirminnilegt að á þessum árum voru aðeins tveir sem æfðu 1500 metra – hann og Ingvi Antonsson í Árbakka. „Einu sinni kepptum við í 1500 metrunum á kaupfélagstúninu og við Ingvi ákváðum, af því við vorum bara tveir, að við skyldum hlaupa

samsíða þessa vegalengd. Það er mér ógleymanlegt að alla leiðina hljóp Ingvi með pípuna en þegar við nálguðumst markið á síðasta hringnum tók hann heldur betur á rás – en alltaf með pípuna upp í sér – og mátti ég hafa mig allan við að merja hann á marklínunni!“

Lengst af voru ekki skipulagðar æfingar í fótboltanum en félagarnir hittust á kaupfélagstúninu, skiptu í tvö lið og ötuðust í boltanum fram eftir kvöldi.

„Þegar síðan eitthvað stóð til var kallað saman í lið til þess að spila fyrir Ungmennafélag Svarfdæla

gegn nágrönnunum á Árskógsströnd eða inn í firði. En segja má að fótboltinn hafi færst upp á nýtt plan hjá okkur þegar UMFS stóð fyrir því að fá þjálfara frá FH í Hafnarfirði, Þórarinn að nafni, til þess að þjálfra okkur. Hann gerði miklar kröfur. Einu sinni fór hann með okkur inn á Strönd að spila við heimamenn. Eitthvað líkaði þjálfaranum ekki það sem vorum að gera inn á vellinum því hann lét ekki duga að skipta út einum eða tveimur leikmönnum heldur kallaði hann okkur alla af vellinum og fór með okkur heim!“



Skíðafélagarnir Þorsteinn Skaftason og Baldur Friðleifsson.

Glímdu við handbolta-landslíðsmenn í íþróttahúsinu

Íþróttahúsið vestan félagsheimilisins Víkurrastar var mikil lyftistöng fyrir íþróttalífið á Dalvík. Þó svo að stærð hússins bjóði ekki upp á löglegan keppnisvöll í handbolta varð sprenging í íþróttinni og Dalvíkingar höfðu á að skipa í nokkur ár mjög frambærilegu handboltaliði sem Matthías Ásgeirsson íþróttakennari hafði veg og vanda að. Um tíma tefldu þeir fram sameiginlegu handboltaliði með Ólafsfirðingum sem komu inn fyrir Múlann á æfingar. Síðan var efnt til keppnisleikja við Þór og KA á Akureyri og stóð hið sameiginlega

lið Dalvíkinga og Ólafsfirðinga oft rækilega í hinum akureyrsku stórveldum. „Einu sinni kom landsliðið í heimsókn til okkar á Dalvík fyrir orð Matthíasar, enda hafði hann sjálfur verið viðloðað landsliðið og þekkti því landsliðsmennina vel. Við spilum við landsliðið fyrir fullu húsi og ég man vel eftir því að þessir kappar voru svo skotfastir að ef því var að skipta gátu þeir skotið yfir allan völlinn.“

Rúnar Júl eins og Tarzan í köðlunum

Í þá daga, eins og enn þann dag í dag, voru allar klær úti til þess að afla fjár, m.a. til þess að kosta keppnisferðir. Baldur rifjar upp

að handboltamennirnir hafi einu sinni brugðið á það ráð að fá stórhljómsveitina Trúbrot til þess að spila á tónleikum í íþróttahúsinu og um kvöldið var efnt til dansleiks í Víkurröst. Tónleikarnir voru mörgum eftirminnilegir því Rúnar heitinn Júlíusson sýndi snilli sína og fimi á eftirminnilegan hátt með því að klifra og hanga í köðlunum!

Ekki vantaði mannfjöldann á tónleikana og ballið en það sem verra var að á meðan á því stóð brast á kolvitlaust hríðarveður og aðkomufólk, úr nærsveitum og frá Akureyri, þurfti að bíða af sér veðrið. Daginn eftir var komið blíðuveður og ballgestir gátu þá skilað sér farsællega heim.



Minnisvarði um Jónas Hallgrímsson var reistur í Jónasarlundi í Öxnadal 28. júní 1997, þegar um 190 ár voru liðin frá fæðingu skáldsins.


Íslands hafði hins vegar ákveðið að bein Jónasar yrðu grafin í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Sigurjón Pétursson, iðnrekandi og íþróttakappi á Álafossi, sem hafði verið einn af hvatamönnum að því að bein Jónasar voru flutt heim og lagt umtalsverða fjármuni til þess verkefnis, sagðist hafa verið í andlegu sambandi við Jónas og fengið skilaboð frá honum um að hann vildi verða lagður til hvílu í Öxnadal.

Sigurjón tók mark á þessum handanheimsskilaboðum og taldi sig vera í fullum rétti til þess, ekki síst í ljósi þess að hann hafði lagt ríkulega fjármuni til verkefnisins, að flytja kistuna með jarðneskum leifum Jónasar norður í land til þess að koma henni í vígða mold í kirkjugarðinum við Bakkakirkju, í næsta nágrenni við fæðingarstað Jónasar. Kistuna flutti Sigurjón norður við annan mann laugardaginn 5. október

1946, daginn eftir að Brúarfoss lagðist að bryggju í Reykjavík með kassa hvar í voru uppgrafin bein Þjóðskáldsins. Sigurjón færði beinin yfir í kistu og flutti hana landleiðina norður í Möðruvelli og það séra Sigurð Stefánsson sóknarprest að jarðsyngja Jónas eða jarðneskar leifar hans í kyrriþey í Bakkakirkju. Því hafnaði prestur, hafði samband suður og spurðist fyrir um málið.

Beinamálið í sölum Alþingis

Daginn eftir flutti Sigurjón kistuna fram í Bakkakirkju og var henni komið fyrir við altarið. Grafstað í kirkjugarðinum valdi Sigurjón og það bændur í dalnum að grafa kistuna þar. Hélt hann síðan suður til Reykjavíkur. Málið var þó í pattstöðu því ríkisstjórnin hafði þá þegar ákveðið að jarðneskar leifar Þjóðskáldsins yrðu lagðar til hvílu í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum og það undirstrikaði Ólafur Thors forsætisráðherra á Alþingi 12. október 1946. Þar sagði hann m.a.: „Ég átti í morgun alllangt samtal vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa nú undanfarið, og er ég mönnum sammála um það, hversu smánarlegt og fyrir-litlegt athæfi það er, sem sumar persónur leika hér við mestu menn Þjóðar vorrar liðna. Ég nota tækifærið, þótt ég sé undir sök að ósekju, og leyfi ég mér að segja þetta: Það mun vera meira en eitt ár síðan Þingkjörin nefnd sneri sér til forsætisráðherra með þau tilmæli að bein Jónasar Hallgrímssonar skálds yrðu flutt hingað heim til fósturjarðar hans og einkum var þetta gert



Upplýsingaskilti í Jónasarlundi í Öxnadal.

vegna þess, að breyta átti kirkjugarði þeim, sem skáldið hvíldi í, í almenningsgarð. Í júnímánuði s.l. skrifaði Þingvallanefnd mér svo bréf og knúði fast á, að ég leyfði, að okkar hjartkæra skáld yrði flutt heim og herra Matthíasi Þórðarsyni Þjóðminjaverði yrði falið að rannsaka þetta og flytja jarðneskar leifar skáldsins heim. Aðrir menn komust svo í þetta og þar á meðal herra Sigurjón Pétursson verksmiðjustjóri. Ég þarf svo ekki að lýsa þeim atvikum, sem hafa gerzt í máli þessu. Þau eru Þjóðarskömm.“

Heimkoma listaskáldsins góða

Eins og nærri má geta varð þetta allt að miklu blaðamáli. Í

niðurlagi greinar í Degi um málið 10. október 1946, sem ber yfirskriftina Heimkoma „listaskáldsins góða“, segir: „Því sem orðið er, verður ekki breytt. En hvers vegna er skáldið þá ekki grafið í reit feðra sinna, að Bakka, í skjóli fjallanna og dalsins, sem hann elskaði? Þar uppi yfir gnæfir Hraundrangur, fegursta minnismerki, sem náttúran hefir sett nokkrum manni. Var það ekki alla tíð hin sjálfsgöða ráðstöfun? Það mun skoðun flestra Norðlendinga.“

En málið var ekki svona einfalt. Norðanmenn fengu skilaboð um að Ólafur Thors hefði með bréfi dags. 1. október 1946 óskað eftir því við Þingvallanefnd að hún annaðist greftrun beina


Jónasar á Þingvöllum. Þegar fyrir lá að beinin höfðu í óleyfi verið flutt norður í land hafði Þingvallanefnd samband við bæjarfógetann á Akureyri og óskaði eftir að hann gengi fram í því að beinin yrðu flutt aftur suður. Þetta líkaði Öxndælingum illa og neituðu að aðstoða fógeta við að flytja kistuna úr Bakkakirkju laugardaginn 12. október, þar sem hún hafði þá verið í tæpa viku. Sem málamiðlun var fallist á þá ósk Öxndælinga að efnt yrði til minningarathafnar um Jónas þennan dag í Bakkakirkju. Fyrirvarinn var skammur en boð voru látin út ganga milli bæja í Öxnadal og segir sagan að um sjötíu manns hafi mætt. Sóknarpresturinn, séra Sigurður Stefán-

son á Möðruvöllum, flutti minningarorð og söngflokkur undir stjórn Björgvins Guðmundssonar frumflutti lag Björgvins við ljóð Jónasar „Á gömlu leiði“.

Jarðsetning á Þingvöllum

Daginn eftir, sunnudaginn 13. október 1946, tóku umboðsmenn bæjarfógetans málin í sínar hendur og fluttu kistuna úr kirkju og færðu yfir í vörubifreið sem var síðan ekið yfir Öxnadalsheiði og áfram suður til Reykjavíkur. Um þetta skrifaði Dagur í grein þann 17. október: „Heimkoman í dalinn um fyrri helgi, var að næturþeli; enginn vissi þá hvað bifreið sú bar, er hélt heim að Möðruvöllum í Hörgárdal. Viku seinna var ríkisvaldið komið á vettvang. Áður en fyrstu sólargeislarnir höfðu vermt Hraundranga, höfðu umboðsmenn þess ekið vögnum sínum yfir Öxnadalsá og hrifið kistuna úr kirkjunni, úr nágrenni foreldra og ástvina. Hégóminn og tildursmennskan höfðu fengið sínum vilja framgengt. En heima „í djúpum dali“ stendur ást dalbúanna á Jónasi Hallgrímssyni dýpri rötum en áður. Minning hans er ósnortin af ömurleika þessara síðustu daga.“

Þingvallanefnd stóð síðan fyrir því að jarðneskar leifar þjóðskáldsins voru grafnar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum 16. nóvember 1946, á fæðingardeggi skáldsins, sem á síðari árum hefur verið Dagur íslenskrar tungu, Jónasi Hallgrímssyni til heiðurs. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup og Sigurgeir Sigurðsson biskup fluttu ræður við útförina, Lúðra-



Altaristafla.



Kista Jónasar Hallgrímssonar.

Þessar myndir tók Edvard Sigurgeirsson, ljósmyndari, í Bakkakirkju, fyrra sunnudag, skömmu eftir að Sigurjón Pétursson hafði falið bændum í Öxnadal varðveizlu kistu Jónasar Hallgrímssonar. Efri myndin sýnir altaristöflu í Bakkakirkju, sem er tögur og allmerk, gerð 1702, mun hafa verið í Bakkakirkju síðan fyrir daga Jónasar. Neðri myndin sýnir kistu skáldsins á kirkjugólfinu í Bakka, eins og Sigurjón Pétursson skildi við hana, að því undanteknu, að íslenski láninn skýlir ekki kistunni. Á innri gaffli kistunnar er litill silfurskjöldur, er ber þessa áletrun: Jónas Hallgrímsson, skáld. Fluttur heim frá Danmörku 4/10 1946. Kveðja frá vinum. — Frásögn um brottflutning kistunnar frá Bakka er á 5. blaðsíðu.

Myndir sem Edvard Sigurgeirsson ljósmyndari tók og Dagur á Akureyri birti 17. október 1946 af kistu með jarðneskum leifum Jónasar Hallgrímssonar í Bakkakirkju í Öxnadal.

sveit Reykjavíkur lék og kór Dómkirkjunnar í Reykjavík söng. Átta alþingismenn báru kistuna úr kirkju, en fjórir rithöfundar

og fjórir náttúrufræðingar tóku þá við. Séra Hálfán J. Helgason sóknarprestur kastaði rekinum. Athöfninni var útvarpað.



Arnarholtsvöllur í Svarfaðardal er heimavöllur Golfklúbbsins Hamars. Myndir: Bjarni Jóhann Valdimarsson.

Golfkúlar slegnar á Arnarholtsvelli

Golfklúbburinn Hamar í Dalvíkurbyggð hefur starfað í tæp þrjátíu og þrjú ár. Hann var stofnaður 19. júní árið 1989 og fékk aðild að UMSE 7. september sama ár. Golfklúbburinn Hamar er eini golfklúbburinn innan vébanda UMSE.

Á þessum rúmu þremur áratugum hafa félagar í Golfklúbbnum Hamri, sem eru um eitt hundrað, unnið gríðarlegt starf í uppbyggingu golfþróttarinnar á svæðinu. Arnarholtsvöllur í landi Ytra-Garðshorns í Svarfaðardal er heimavöllur klúbbsins og þar hefur verið lyft grettistaki. Völlurinn er níu holu völlur og hafa allar flatir og teigar verið byggðir upp frá grunni og sumar brautir verið lengdar frá því völlurinn var fyrst tekinn í notkun. Umtalsverður hæðarmunur er á Arnarholtsvelli og er hann í raun á þremur hæðum.

Fyrstu tvær brautirnar og loka-hola vallarins eru á flatanum við Svarfaðardalsá en brautir þrjú til átta eru beggja vegna þjóðveggar um vestanverðan Svarfaðardal.

Fyrstu árin höfðu kylfingar aðstöðu í vinnuskúr við Arnarholtsvöll en árið 1991 var klúbbhús reist við völinn.

Öflugt starf í litlum klúbbi

Frá upphafi hafa margir lagt hönd á plóg við þjálfun kylfinga í Golfklúbbnum Hamri. Nefna má Sigurpál Geir Sveinsson, Jóhann Bjarnason, David Barnwell, Hauk Snorrason, Sigurð Jörgen Óskarsson, Kolbein Friðriksson, Magna Þór Óskarsson, Sonju B. Jónsdóttur, Andra Geir Viðarsson, Árna S. Jónsson, Sigurð Ingva Rögnvaldsson, Heiðar Davíð Bragason og Amöndu Guðrúnu Bjarnadóttur.

Árangur yngri kylfinga í Golfklúbbnum Hamri hefur í gegnum tíðina verið eftirtektarverður, sem er til marks um gott barna- og unglingsstarf. Af ungum kylfingum sem hafa náð góðum árangri má m.a. nefna Andra Geir Viðarsson, Snorra Eldjárn Hauksson, Sigurð Ingva Rögnvaldsson, Þórdísi Rögnvaldsdóttur, Arnór Snæ Guðmundsson, Ólöfu Maríu Einarsdóttur, Birtu Dís Jónsdóttur, Elísu Rún Gunnlaugsdóttur, Ásdísi Dögg Guðmundsdóttur, Jónínu Björg Guðmundsdóttur, Magneu Helgu Guðmundsdóttur, Snædís Ósk Adalsteinsdóttur, Amöndu Guðrúnu Bjarnadóttur og Veigar Heiðarsson. Ólöf María var útnefnd Íþróttamaður UMSE árin 2014 og 2015, Arnór Snær árið 2016 og Amanda Guðrún 2018 og 2019.




Ungir kylfingar í Golfklúbbum Hamri 12. ágúst 2020. Frá vinstri: Árni Stefán Friðriksson, Arnór Darri Kristinsson, Hafsteinn Thor Guðmundsson, Barri Björgvinsson (við flaggstöngina), Unnar Marinó Friðriksson, Oddur Freyr Gíslason (með bikarinn á höfðinu), Maron Björgvinsson og Magna Ósk Bjarnadóttir.

Vantar fleiri unga kylfinga

Marsibil Sigurðardóttir, formaður Golfklúbbsins Hamars, segir að klúbburinn vilji gjarnan sjá fleiri unga kylfinga innan sinnar vébanda en því sé ekki að leynd að samkeppnin um börn og unglunga í íþróttum sé mikil og eftir að nýr gervigrasvöllur var byggður upp á Dalvík hafi knattspyrnan fengið aukið aðdráttarafl. Krakkarnir á Dalvík geti gengið eða hjólað á fótboltaæfingar á sumrin en golfvöllurinn sé hins vegar í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bænum. Það skipti hins vegar máli að hafa nokkrar æfingaholur á svæðinu austan Dalvíkirkirkju. Þar geti ungir kylfingar tekið sínar fyrstu golfsveiflur.

Fyrir sjö árum voru settar fram hugmyndir um uppbyggingu nýs golfvallar í fólkvangi Dalvíkur ofan bæjarins og var horft til samnýtingar mannvirkja með

Skíðafélagi Dalvíkur. Búið var að skipuleggja níu holu völlu á svæðinu. Þessar hugmyndir náðu ekki fram að ganga í íbúakönnun árið 2017 og því segir Marsibil að áhersla klúbbfélaga sé á að byggja Arnarholtsvöllu áfram upp og gera hann enn betri. Til marks um það segir hún að sumarið 2021 hafi verið sett upp vökvunarkerfi og fjórir teigar vallarins endurbættir. Áfram verði haldið við endurbætur vallarins og núna sé einnig á dagskrá að byggja vélageymsla fyrir tækjabúnað vallarins.



Umgjörðin svikur ekki kylfinga á Arnarholtsvelli. Horft inn Svarfaðardal.

Yfir vetrarmánuðina nýta klúbbfélagar vel inniðstöðu Golfklúbbsins Hamars í gamla íþróttahúsinu á Dalvík en hún hefur verið í notkun síðan 2011. Þar er púttvöllur, golfhermir og hægt er að slá í net. Marsibil segir að í vetur hafi í fyrsta skipti verið boðið upp á golf og klifur sem valgrein í Dalvíkurskóla, sem hafi reynst vinsælt. Það gefi góðar vonir um fjölgun ungra kylfinga í golfklúbbum.

Formenn UMSE 1922 – 2022

Í hundrað ára sögu UMSE hafa 37 verið formenn Ungmennasambands Eyjafjarðar. Þrjú fyrstu formennirnir komu úr röðum Ungmennafélags Akureyrar. Fimm úr Þorsteini Svörfuði hafa verið formenn, sex úr Ungmennafélagi Svarfdæla, þrjú úr Reyni á Ársskógströnd, þrjú úr Framtíð, þrjú úr Árröðanum, einn úr Æskunni, einn úr Skíða, tveir úr Ungmennafélagi Möðruvallasóknar, fimm úr Ungmennafélagi Skriðuhrepps, einn úr Vorboðanum, tveir úr Hestamannafélaginu Funa og núverandi formaður kemur úr Ungmennafélaginu Samherjum í Eyjafjarðarsveit.

Eftirtalin hafa verið formenn UMSE 1922-2022:

Jón Sigurðsson Umf. Ak. 1922-1924

Þorsteinn Þorsteinsson Umf. Ak. 1924-1929,
1931-1932

Jóhann Frímánn Umf. Ak. 1929-1931

Jóhann Jónsson Umf. Þorst. Sv. 1932-1933

Tryggvi Jónsson Umf. Svarfd. 1933-1935

Jóhannes Óli Sæmundsson Umf. Reynir
1935-1937, 1939-1940

Eiríkur Brynjólfsson Umf. Framtíð 1937-1938

Geir Jónasson Umf. Ak. 1938-1939

Helgi Símonarson Umf. Svarfd. 1940-1942

Páll Helgason Umf. Árröðinn 1942-1943

Haraldur Magnússon Umf. Svarfd. 1943-1945

Guðmundur Benediktsson Umf. Æskan 1945-1947

Sveinn Jóhannsson Umf. Svarfd. 1947-1948

Björn Daníelsson Umf. Svarfd. 1948-1949

Hjalti Haraldsson Umf. Þorst. Sv. 1949-1951

Valdimar Óskarsson Umf. Skíði 1951-1956

Jóhann Helgason Umf. Árröðinn 1956-1957

Þoroddur Jóhannsson Umf. Möðruvs. 1957-1964

Sveinn Jónsson Umf. Reynir 1964-1973

Haukur Steindórsson Umf. Skriðuhr. 1973-1978

Jóhannes Geir Sigurgeirsson Umf. Árröðinn

1978-1982

Gísli Pálsson Umf. Skriðuhr. 1982-1984

Sigurgeir Hreinsson Umf. Vorboðinn 1984-1985

Daníel Björnsson Umf. Framtíð 1985-1986

Björn Ingimarsson Umf. Möðruvs. 1986-1988

Jóhann Ólafsson Umf. Þorst. Sv. 1988-1991

Niels Helgason Umf. Framtíð 1991-1992

Þuríður Árnadóttir Umf. Skriðuhr. 1992-1993



Jóhannes Geir Sigurgeirsson var formaður UMSE 1978-1982. Hér stekkur hann langstökk í Ársskógi árið 1966.

Örn Þórisson Umf. Skriðuhr. 1993

Jóhanna Gunnlaugsdóttir Umf. Þorst. Sv.
1993-1994

Jónas Vigfússon Hestamf. Funi 1994-1996

Jósavin Arason Umf. Reynir 1996-2002

Árni Arnsteinsson Umf. Skriðuhr. 2002-2008

Sigurður Hólmar Kristjánsson, Hestamf. Funi
2008-2010

Óskar Þór Vilhjálmsson Umf. Þorst. Sv. 2010-2014

Bjarnveig Ingvadóttir Umf. Svarfd. 2014-2018

Sigurður Eiríksson Umf. Samherjar 2018-



Gísli Pálsson var formaður UMSE 1982-1984. Hann hefur í gegnum tíðina verið þulur/kynnir á ófáum íþróttamótum á vegum UMSE. Hér er hann í Íþróttahöllinni á Akureyri á MÍ 12-14 ára árið 1998.



Jónas Vigfússon, byggingarverkfræðingur og bóndi í Litla-Dal í Eyjafjarðarsveit.

Með hestadellu frá sextán ára aldri

Þrjú hestamannafélög í Eyjafirði; Funi í Eyjafjarðarsveit, Þráinn í Grýtubakkahreppi og á Svalbarðsströnd og Hringur í Dalvíkurbyggð eiga aðild að UMSE. Hringur fékk aðild að sambandinu árið 1986 og Funi og Þráinn árið 1988.

Hörð hestapólitík á níunda áratugnum

Öll hestamannafélögin í Eyjafirði – þrjú framangreind félög auk Léttis á Akureyri, sögðu sig úr Landssambandi hestamannafélaga í febrúar 1988 í kjölfar ákvörðunar stjórnar LH um að landsmót hestamanna yrði haldið á Vindheimamelum í Skagafirði sumarið 1990.

Þessi ónáægja eyfirska hestamanna var uppsöfnuð. Árið 1982

höfðu þeir sótt um að halda landsmót á Melgerðismelum en stjórn Landssambands hestamannafélaga ákvað að mótið skyldi haldið á Vindheimamelum, eins og árið 1974. Þetta olli eyfirska hestamönnum miklum vonbrigðum og þeir voru ekki á einu máli um hvort þeir ættu að taka þátt í mótsaldinu á Vindheimamelum 1982. Til að lægja öldur efndi stjórn LH til fundar í Varmahlíð þar sem var samþykkt að næsta fjórðungsmót hestamanna á Norðurlandi færi fram á Melgerðismelum og að næsta landsmót hestamanna sem kæmi í hlut Norðlendinga eftir árið 1982 yrði einnig þar. Þessi samþykkt hélt þó ekki þegar kom að því að stjórn LH tæki ákvörðun um hvar landsmótið yrði haldið árið 1990

og því mótmæltu öll hestamannafélögin í Eyjafirði með því að segja sig úr LH, sem fyrr segir. Jafnframt ákváðu félagar í Funa og Þráni að breyta félögunum í hestaíþróttafélög og í framhaldinu að sækja um inngöngu í UMSE. Fengu þau aðild að sambandinu þetta sama ár, 1988. Fordæmi var fyrir slíku því hestaíþróttadeild Hestamannafélagsins Hring hafði fengið inngöngu í UMSE tveimur árum áður, sem að framan greinir.

Eftir nokkra sáttafundi gengu eyfirska hestamannafélögin aftur í LH en eftir sem áður héldu Funi, Þráinn og Hringur áfram aðild að UMSE.

Því er við þetta að bæta að í maí 1989 var Hestaíþróttasamband Íslands stofnað og kom það



Jónas Vigfússon (lengst til hægri á myndinni) tók við formennsku í UMSE á ársþingi 1994. Það ár var þessi mynd tekin. Með honum á myndinni eru frá vinstri Valdimar Leó Friðriksson, þáverandi framkvæmdastjóri UMSE, og Sigurgísli Sveinbjörnsson, gjaldkeri UMSE.

í stað hestaíþróttaráðs Landsambands hestamannafélaga. Hið nýja samband fékk aðild að Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands. Þorsteinn Hólm Stefánsson úr Hestamannafélaginu Hring var í fyrstu stjórn Hestaíþróttasambandsins og Jónas Vigfússon úr Hestamannafélaginu Funa í varastjórn. Árið 1997 var Hestaíþróttasambandið síðan sameinað Landssambandi hestamannafélaga sem fékk í kjölfarið aðild að Íþrótt- og ólympíusambandinu og svo hefur verið síðan.

Í formennsku í UMSE

Tveir úr röðum hestamanna hafa verið formenn UMSE. Fyrst var Jónas Vigfússon formaður sambandsins 1994-1996 og síðan Sigurður Hólmur Kristjánsson

2008-2010. Báðir eru þeir í Hestamannafélaginu Funa. Raunar er Jónas fyrsti formaður ungmennasambands á Íslandi sem fulltrúi hestamannafélags, eftir því sem næst verður komist.

En hvernig kom það til að Jónas tók að sér formennsku í UMSE? „Það mun hafa gengið erfiðlega að fá einhvern til þess að gefa kost á sér til formennsku í UMSE árið 1994 og þá varð það sem Doddi á Jarðbrú – Þorsteinn Hólm Stefánsson hafði samband við mig og spurði hvort ég væri til í að taka formennskuna að mér. Ég sagði honum að ég gæti fallist á það ef hann væri líka tilbúinn að sitja í stjórninni. Það varð úr að ég tók þetta að mér og við Doddi fylgdumst að í stjórn UMSE í tvö starfsár, 1994-1996.

Ég fór í stjórnina sem fulltrúi Funa og Doddi fyrir Hestamannafélagið Hring,“ rifjar Jónas upp. Hann segir margt hafi verið sér nokkuð framandi þegar hann tók UMSE-formennskuna að sér en hins vegar hafi hann lengi haft áhuga á hverskyns íþróttum og æft frjálssar og spilað fótbolta með Árróðanum á yngri árum á Þveráreyrum og Laugalandi og meira að segja verið fyrirliði liðsins um hríð. Síðar hafi hann þjálfað liðsmenn Vorboðans í Saurbæjarhreppi í fótbolta eitt sumar.

Í sveit á Jódísarstöðum og Höskuldsstöðum

„Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík en var mikið í sveit sem polli á Jódísarstöðum og

Höskuldstöðum í Eyjafjarðar- sveit. Móðuramma mín var fædd á Jódísarstöðum og þar var ég í sveit hjá ömmusystur og ömmubróður mínum, Kristbjörgu og Ingólfi, frá sex ára aldri og síðar var ég á Höskuldstöðum hjá Rósu Árnadóttur og Sigurði Snæbjörnssyni og þar fékk ég sextán ára gamall ódreppandi áhuga á hestum, sem hefur fylgt mér síðan. Átján ára eignaðist ég minn fyrsta hest og var með hross fyrir sunnan. Eftir öll þessi sumur á Jódísarstöðum og Höskuldstöðum togaði sveitin

alltaf í mig og að loknu verkfræðinámi fékk ég starf hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen á Akureyri. Eftir að við Stína kynntumst árið 1976 fórum við að þreifa fyrir okkur með jörð þar sem við gætum sameinað áhuga okkar beggja á hestum og hestamennsku. Um skeið stefndi í að við keyptum jörð í Skagafirði en það varð úr að við keyptum Litla-Dal og þar búum við enn,“ segir Jónas og bætir við að hann hafi komist að því eftir að þau fluttu í Litla-Dal að Ari langalangafi sinn hafi fæðst á Strjúgsá, eyðibýli

beint á móti Litla-Dal, og Rósa langalangamma sín hafi fæðst í Kambfelli, innar í Djúpa-dal. Ræturnar séu því á þessum slóðum.

Aftur í stjórn UMSE

Aldrei að segja aldrei! Aldarfjórðungi eftir að Jónas lét af formennsku í UMSE sátu hann og eiginkona hans, Kristín Thorberg, ársþing UMSE árið 2021 sem fulltrúar Hestamannafélagsins Funa. Það fór svo að bæði voru þau kjörin í stjórn UMSE, Kristín í aðalstjórn og Jónas í varastjórn.

Hlauparinn og þulurinn Sigvaldi

Dalvíkingurinn Sigvaldi Júlíusson, sem er landspekkur af starfi sínu sem þulur í Ríkisútvarpinu í áratugi, var afar öflugur hlaupari á árunum 1965 til 1971. Hann átti um tíma Eyjafjarðarmet í öllum vegalengdum frá 800 metrum upp í míluhlaup. Hann sigraði í tvígang í Drengjahlaupi Ármanns og varð margfaldur sveina-, drengja- og unglíngameistari Íslands í millivegalengdum.

Á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki árið 1971 sigraði Sigvaldi í 1500 metra hlaupi. Hann var tvisvar valinn í unglíngalandslið Íslands í frjálsíþróttum.

Þessi mynd var tekin af Sigvalda á Norðurlandsmóti árið 1971 á Blönduósi en þar sigraði hann í 800, 1500 og 3000 metra hlaupi.

Til marks um hversu góðum tímum Sigvaldi náði á þessum árum á hann enn fjórða besta tímamann í UMSE í 800 metrum, besta tímamann í 1000 m, þriðja besta tímamann í 1500 metrum, annan besta tímamann í míluhlaupi og fjórða besta tímamann í 3000 metra hlaupi.



Afrekaskrá UMSE í frjálsíþróttum 1922-2022 - utanhúss

Konur

	Fæðingard.	sek/m	ár
60 m hlaup			
Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smár.	06.12.1993	8,24	2013
Harpa Lind Konráðsdóttir Umf. Reyn.	13.07.1992	8,63	2004
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	8,68	2013
Thea Imani Sturludóttir Umf. Smár.	21.01.1997	8,72	2009
Katrín Ólafsdóttir Umf. Smár.	29.02.2000	8,78	2013
Ólöf Rún Júlíusdóttir Umf. Reyn.	04.08.1996	8,84	2010
Ebba Karen Garðarsdóttir Umf. Samh.	09.02.1989	8,90	2001
Sara Vilhjálmisdóttir Umf. Svarfd.	01.03.1983	8,93	1995
Kara Gautadóttir Umf. Svarfd.	22.04.1996	8,96	2008
Sveinbjörg Jana Aðalsteinsd. Umf. Æsk.	13.03.1990	8,97	2003
100 m hlaup			
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	12,23	1995
Hólfríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	12,3	1978
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	12,43	1981
Hafdís Björk Rafnsdóttir Umf. Reyn.	05.11.1967	12,5	1982
Kristín G. Halldórsdóttir Umf. Reyn.	22.03.1967	12,6	1983
Guðrún E. Höskuldadóttir Umf. Reyn.	04.06.1961	12,7	1978
Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smár.	06.12.1993	12,72	2013
Halldóra Gunnlaugsdóttir Umf. Skr.	11.01.1965	12,8	1981
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	12,88	1999
Harpa Lind Konráðsdóttir Umf. Reyn.	13.07.1992	12,9	2009
200 m hlaup			
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	24,74	1995
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	25,4	1984
Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smár.	06.12.1993	25,61	2013
Kristín G. Halldórsdóttir Umf. Reyn.	22.03.1967	25,3	1982
Hólfríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	25,7	1978
Þóra Einarsdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1971	26,8	1990
Ebba Karen Garðarsdóttir Umf. Samh.	09.02.1989	26,8	2004
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	26,84	1998
Halldóra Gunnlaugsdóttir Umf. Skr.	11.01.1965	27,0	1982
Hafdís Björk Rafnsdóttir Umf. Reyn.	05.11.1967	27,0	1982
400 m hlaup			
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	56,16	1995
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	56,39	1982
Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smár.	06.12.1993	59,23	2013
Hólfríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	60,0	1978
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	60,05	1997
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	60,12	1990
Halldóra Gunnlaugsdóttir Umf. Skr.	11.01.1965	60,4	1982
Ebba Karen Garðarsdóttir Umf. Samh.	09.02.1989	60,49	2006
Sigurbjörg Karlsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1961	62,4	1980
Ásta Árnadóttir Umf. Svarfd.	09.06.1983	62,79	2001
800 m hlaup			
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	2:17,1	1984
Sigurbjörg Karlsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1961	2:17,9	1981
Guðrún Svanbjörnsdóttir Umf. Dagsbr.	17.06.1971	2:19,1	1987
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	2:23,79	1991
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	2:24,25	1994
Laufey Kristjánsdóttir Umf. Dagsbr.	01.09.1961	2:25,5	1982
Laufey María Hreiðarsdóttir Umf. Dagsbr.	05.03.1966	2:25,5	1993
Ebba Karen Garðarsdóttir Umf. Samh.	09.02.1989	2:26,07	2006
Sigríður Þórhallsdóttir Umf. Dagsbr.	24.06.1976	2:27,37	1995
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	2:31,53	2001
1500 m hlaup			
Sigurbjörg Karlsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1961	4:46,8	1981
Guðrún Svanbjörnsdóttir Umf. Dagsbr.	17.06.1971	4:53,4	1987
Sigríður Þórhallsdóttir Umf. Dagsbr.	24.06.1976	5:01,57	1995
Laufey María Hreiðarsdóttir Umf. Dagsbr.	05.03.1966	5:06,42	1993
María Pálsdóttir Umf. Framt.	30.12.1970	5:15,1	1985
Rut Berglind Gunnarsdóttir Umf. Svarfd.	03.04.1979	5:15,90	1994
Bryndís Brynjarsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1968	5:17,9	1985
Sigríður Helga Gunnarsdóttir Umf. Árr.	14.02.1973	5:18,93	1992
Laufey Kristjánsdóttir Umf. Dagsbr.	01.09.1961	5:22,2	1982
Heiða Sigríður Davíðsdóttir Umf. Dagsbr.	29.04.1966	5:23,8	1981
3000 m hlaup			
Guðrún Svanbjörnsdóttir Umf. Dagsbr.	17.06.1971	10:29,4	1987
Sigríður Þórhallsdóttir Umf. Dagsbr.	24.06.1976	10:48,59	1995
Sigurbjörg Karlsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1961	11:30,3	1980
Bryndís Brynjarsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1968	11:30,9	1986
Rut Berglind Gunnarsdóttir Umf. Svarfd.	03.04.1979	11:40,4	1994
Berglind Rut St. Louis	21.04.1980	11:42,69	1992
Guðrún H. Kristjánsdóttir Umf. Framt.	25.11.1967	11:57,09	1990
Sigríður Helga Gunnarsdóttir Umf. Árr.	14.02.1973	12:03,8	1989
Guðlaug Jana Sigurðardóttir Umf. Smár.	24.11.1993	14:17,42	2007
5000 metra hlaup			
Sigríður Þórhallsdóttir Umf. Dagsbr.	24.06.1976	19:05,56	1995
Bryndís Brynjarsdóttir Umf. Svarfd.	30.03.1968	20:17,9	1986
100 m grindahlaup			
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	14,69	1993
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Svarfd.	16.04.1979	14,77	1999
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	15,14	1982
Hólfríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	15,5	1980
Þóra Einarsdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1971	15,7	1990
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	15,78	2012
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	15,84	1991
Kristín G. Halldórsdóttir Umf. Reyn.	22.03.1967	16,7	1983
Halldóra Gunnlaugsdóttir Umf. Skr.	11.01.1965	17,0	1981
Guðrún Emilía Höskuldadóttir Umf. Reyn.	04.06.1961	17,1	1980
400 m grindahlaup			
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	59,73	1995
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	61,97	1982
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	64,93	1997
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	66,06	1991
Ebba Karen Garðarsdóttir Umf. Samh.	09.02.1989	69,16	2006
Halldóra Gunnlaugsdóttir Umf. Skr.	11.01.1965	69,2	1983
Steinunn Erla Davíðsdóttir Umf. Smár.	06.12.1993	72,57	2009
Sveinborg Katla Danielsdóttir Umf. Samh.	27.11.1995	76,64	2011



Þrjár UMSE-stúlkur að loknu 1500 metra hlaupi á Landsmóti UMFÍ á Selfossi árið 1978. Frá vinstri: Vilborg Björgvinsdóttir, Sigurbjörg Karlsdóttir og Sigríður Víkingsdóttir.



Að lokinni kringlukastkeppni á héraðsmóti UMSE á Akureyrarvelli í júlí 1989. Dóróþea Reimarsdóttir Ungmennafélagi Svarfdala og Sólveig Lilja Sigurðardóttir Ungmennafélaginu Þorsteini Svörfuði.

4x100 m boðhlaup	sek/m	ár
Sveit UMSE	49,56	1994
Sveit UMSE	49,99	2001
Sveit UMSE	51,0	1982
D-meyjasveit UMSE	51,16	2009
Sveit UMSE	51,4	1984
Ungkvennasveit UMSE	51,58	2001
Sveit UMSE	51,6	1993
Meyjasveit UMSE	52,19	2004
A-sveit UMSE	52,39	2004
Stúlknasveit UMSE	52,75	2009

1000 m boðhlaup	sek/m	ár
Sveit UMSE	2:20,18	1995
Sveit UMSE	2:20,8	1982
Sveit UMSE	2:22,3	1984
Sveit UMSE	2:22,99	1991
Sveit UMSE	2:23,86	2001
UMSE	2:27,69	1997
A-sveit UMSE	2:27,96	2004
Sveit UMSE	2:29,4	1980
Sveit UMSE	2:29,74	1983
UMSE - Svarfdælir	2:32,3	1993

Langstökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	5,75	1990
Hafdís Björk Rafnsdóttir Umf. Reyn.	05.11.1967	5,69	1982
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	5,50	1991
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	5,33	1999
Hólmafríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	5,26	1978
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	5,24	2012
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	5,19	1982
Kristín G. Halldórsdóttir Umf. Reyn.	22.03.1967	5,07	1983
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir Umf. Æsk.	24.01.1990	4,79	2004
Eva Björk Bragadóttir Umf. Svarfd.	25.04.1978	4,78	1994

Þristökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	11,69	1994
Þóra Einarisdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1971	10,95	1993
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	10,24	2012
Hulda Kristín Helgadóttir Umf. Smár.	10.12.1998	10,01	2013
Hólmafríður Erlingsdóttir Umf. Skr.	20.12.1955	9,81	1989
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir Umf. Æsk.	24.01.1990	9,69	2005
Eva Björk Bragadóttir Umf. Svarfd.	25.04.1978	9,68	1994
Ólöf Ragna Einarisdóttir Umf. Smár.	28.09.1989	9,64	2004
Agnesa Kryeziu Umf. Reyn.	07.10.1999	9,62	2012
Jófríður Stefánsdóttir Umf. Samh.	22.12.1990	9,60	2006

Stangarstökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Sveinborg Katla Daniélsdóttir Umf. Samh.	27.11.1995	3,12	2020
Júlíana Björk Gunnarsdóttir Umf. Svarfd.	13.10.1998	2,74	2011
Ólöf Rún Júlíusdóttir Umf. Reyn.	04.08.1996	2,65	2012
Stefanía Andersen Aradóttir Umf. Svarfd.	18.04.1995	2,31	2011

Hástökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Þóra Einarisdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1971	1,78	1990
Marianna Hansen Umf. Æsk.	23.07.1975	1,67	1997
Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1995	1,58	2009
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	1,57	1994
Drífa Matthíasdóttir Umf. Dagsbr.	02.04.1968	1,56	1983



Marianna Hansen Ungmennafélaginu Æskunni lét til sín taka í frjálssþróttum á síðasta áratug síðustu aldar. Hún hefur stökkið næsthæst í UMSE í hástökki, 1,67 m árið 1997.



Reyniskonurnar (frá vinstri) Katrín Sigurjónsdóttir, Soffía Gunnlaugsdóttir og Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir. Myndin var tekin árið 1994.

Stefanía S. Jóhönnudóttir Umf. Svarfd.	20.10.1999	1,56	2014
Sólveig Lilja Sigurðardóttir Umf. Þ.Sv.	06.08.1971	1,55	1987
Sigurlaug Nielsdóttir Samh.	16.04.1979	1,55	1995
Ólöf Ragna Einarisdóttir Umf. Smár.	28.09.1989	1,53	2005
Mekkin Daniélsdóttir Umf. Samh.	12.11.1995	1,53	2010

Spjótkast	Fæðingard.	sek/m	ár
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	49,76	1990
Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir Umf. Reyn.	11.01.1956	32,28	1981
Sólveig Lilja Sigurðardóttir Umf. Þ.Sv.	06.08.1971	32,12	1993
Dóróþea Reimarsdóttir Umf. Svarfd.	19.04.1956	31,95	1976
Emilía Baldursdóttir Umf. Árr.	27.10.1949	30,36	1970
Valdís Hallgrímsdóttir Umf. Reyn.	10.03.1962	30,30	1982
Auður Eiríksdóttir Umf. Dagsbr.	27.03.1967	30,28	1982
Sigurlína Hreiðarsdóttir Umf. Árr.	23.05.1951	29,70	1978
Ingigerður Júlíusdóttir Umf. Svarfd.	04.08.1965	29,60	1988
Margrét Sigurðardóttir Umf. Reyn.	23.07.1954	29,42	1970

Spjótkast (500 grömm)	Fæðingard.	sek/m	ár
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	36,63	2013
Stefanía S. Jóhönnudóttir Umf. Samh.	20.10.1999	30,58	2015
Hulda Kristín Helgadóttir Umf. Smár.	10.02.1998	28,63	2015
Erla Marý Sigurpálsdóttir Umf. Svarfd.	27.05.1998	27,43	2014
Karen Perla Konráðsdóttir Umf. Reyn.	18.12.1996	26,70	2013
Júlíana Björk Gunnarsdóttir Umf. Svarfd.	13.10.1998	23,99	2014
Svandís Erla Valdimarsdóttir Umf. Smár.	21.04.1998	23,80	2014
Kristín Brynjarsdóttir Umf. Samh.	10.07.1999	22,65	2015



Samberjastúlkurnar (frá vinstri) Kristín Pálsdóttir, Sigurlaug Nielsdóttir og Ingibjörg Leifsdóttir.

Sigurlína Hreiðarsdóttir Umf. Árr.	23.05.1951	35,46	1979
Auður Aðalbjarnardóttir Umf. Svarfd.	25.04.1979	33,14	2000
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	30,32	1991
Helga St. Hauksdóttir Umf. Skr.	18.07.1965	30,28	1984
Emilía Baldursdóttir Umf. Árr.	27.10.1949	29,64	1968
Dóróþea Reimarsdóttir Umf. Svarfd.	19.04.1956	29,46	1973
Eir Starradóttir Umf. Æsk.	11.01.1995	29,12	2011
Arlinda Fejzulahi Umf. Reyn.	01.08.1996	28,54	2012
Lilja Friðriksdóttir Umf. Þ.Sv.	09.11.1947	28,18	1966
Sólveig Lilja Sigurðardóttir Umf. Þ.Sv.	06.08.1971	27,74	1993

Kúluvarp	Fæðingard.	sek/m	ár
Auður Aðalbjarnardóttir Umf. Svarfd.	25.04.1979	13,22	2001
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	12,00	1991
Sigurlína Hreiðarsdóttir Umf. Árr.	23.05.1951	11,63	1980
Emilía Baldursdóttir Umf. Árr.	27.10.1949	10,67	1971
Arlinda Fejzulahi Umf. Reyn.	01.08.1996	10,05	2011
Helga St. Hauksdóttir Umf. Skr.	18.07.1965	9,65	1982
Margrét Sigurðardóttir Umf. Reyn.	23.07.1954	9,64	1976
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	9,61	1999
Gunnvör Björnsdóttir Umf. Árr.	27.12.1947	9,29	1976
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	9,25	1994

Sleggjukast	Fæðingard.	sek/m	ár
Eir Starradóttir Umf. Æsk.	11.01.1995	51,11	2016
Stefanía Andersen Aradóttir Umf. Svarfd.	18.04.1995	43,20	2011
Arlinda Fejzulahi Umf. Reyn.	01.08.1996	35,43	2012
Sveinborg Katla Daniélsdóttir Umf. Samh.	27.11.1995	31,30	2016
Auður Aðalbjarnardóttir Umf. Svarfd.	25.04.1979	30,06	2001
Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir Umf. Samh.	06.12.1996	19,81	2013
Fjóla Björg Heiðarsdóttir Umf. Samh.	08.04.1993	18,74	2010
Hildur Þóra Haraldsdóttir Umf. Smár.	14.06.1988	18,63	2007
Svandís Erla Valdemarsdóttir Umf. Smár.	21.04.1998	17,12	2014
Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir Umf. Svarfd.	17.06.1995	15,12	2009

Sjöpraunt	Fæðingard.	sek/m	ár
Birgitta Guðjónsdóttir Umf. Reyn.	03.10.1964	4737 stig	1991
Snjólaug Vilhelmsdóttir Umf. Svarfd.	16.08.1973	4499 stig	1994
Sigurlaug Nielsdóttir Umf. Samh.	16.04.1979	4025 stig	2001
Sveinborg Katla Daniélsdóttir Umf. Samh.	27.11.1995	2220 stig	2010

Karlar

60 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Jónas Godsk Rögnvaldsson Umf. Samh.	10.03.1992	7,55	2009
Guðmundur Smári Daniélsdóttir Umf. Samh.	06.04.1998	7,66	2019
Ari Jóhann Júlíusson Umf. Svarfd.	03.03.1992	7,89	2007
Kristján Godsk Rögnvaldsson Umf. Samh.	14.07.1990	7,96	2007
Anton Orrí Sigurbjörnsson Umf. Smár.	30.07.1992	7,97	2009
Víktor Hugí Júlíusson Umf. Svarfd.	14.06.2001	8,4	2013
Númi Stefánsson Umf. Æsk.	07.03.1991	8,66	2003
Helgi Pétur Davíðsson Umf. Smár.	19.01.2000	8,68	2013
Rúnar Helgi Kristinsson Umf. Svarfd.	12.02.1972	8,8	1984
Vilhelm Friðriksson Umf. Svarfd.	20.05.1991	8,88	2003

100 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	10,7	1984
Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	11,0	1958
Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	11,12	1987
Ómar Kristinsson Samh.	16.01.1975	11,17	1995
Sigurður V. Sigmundsson Umf. Þ.Sv.	12.11.1940	11,2	1967
Hjörtur Gíslason Umf. Framt.	23.02.1958	11,23	1990
Stefán Gunnlaugsson Umf. Reyn.	05.04.1976	11,3	1992
Vilhelm Guðmundsson Umf. Svarfd.	08.09.1940	11,3	1960
Kristján Friðrik Friðbjörnsson Umf. Æsk.	14.12.1943	11,3	1963
Jóhann Jónsson Bind. Dalb.	30.04.1945	11,3	1960
Ragnar Reykjalín Jóhannesson Umf. Reyn.	25.09.1948	11,3	1972
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	11,3	1980

200 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	21,4	1985
Hjörtur Gíslason Umf. Reyn.	23.02.1958	22,4	1990
Ómar Kristinsson Samh.	16.01.1975	22,63	1995



Jón og systurnar frá Hóli

Hér er Jón Skagfjörð Stefánsson á Dalvík með systrunum frá Hóli við Dalvík, Sigurbjörgu (t.v.) og Svanhildi Karlsdætrum (Umf. Svarfdæla) sem voru báðar mjög öflugar hlaupakonur á áttunda áratugnum. Til dæmis voru þær einar um að setja Eyjafjarðarmet í frjálsíþróttum árin 1973 og 1974. Árið 1973 setti Svanhildur met í 400 og 800 m hlaupum og árið 1974 setti hún Eyjafjarðarmet í 100 m grindahlaupi og Sigurbjörg bætti metin í 800 og 1500 m hlaupum. Samkvæmt afrekaskrá FRÍ voru bestu tímar Sigurbjargar 62,2 í 400 m, 2:17,9 í 800 m, 4:46,8 í 1500 m og 11:30,3 í 3000 m. Öllum þessum tímum náði hún árin 1980 og 1981. Bestu tímar Svanhildar samkvæmt afrekaskrá FRÍ voru 28,7 í 200 m, 64,0 í 400 m, 2:34,2 í 800 m, 5:38,4 í 1500 m og 19,0 í 100 m grindahlaupi. Þessir tímar eru frá 1974 og 1975.

Um Jón Skagfjörð Stefánsson, sem oftast var kallaður Jón Brúi (kenndur við Brúarland á Dalvík) væri hægt að skrifa margt, enda framlag hans til ungmennafélagshreyfingarinnar á Dalvík, í Eyjafirði og um allt land ómælt. Hann lést árið 2006 á 90. aldursári. Jón var eldhugi sem studdi óspart við bakið á ungum iðkendum í öllum íþróttagreinum. Hann starfaði lengi og mikið með bæði Ungmennafélagi Svarfdæla og UMSE og sat fimm ár í stjórn sambandsins á sjötta áratug síðustu aldar. Hann mætti á ófá ársþing UMSE og lét til sín taka á mörgum vígstöðvum. Á ársþingi 1993 var Jón heiðraður sérstaklega fyrir hans mikla starf í þágu sambandsins og ungmennafélaganna um langt skeið. Af því tilefni var honum færð klukka í Íslandslíki frá Álfasteini.




Árið 1999 fengu Birkir Örn Stefánsson Umf. Æskunni og Sara Vilhjálmsdóttir Umf. Svarfd. afhentan afrekabikar til minningar um Þórodd Jóhannsson, afreksmann í frjálsíþróttum, fyrrverandi framkvæmdastjóra og formann UMSE. Bæði Birkir Örn og Sara koma við sögu í þessari afrekaskrá UMSE.


Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	23,0	1987
Ómar Freyr Sævarsson Umf. Svarfd.	11.06.1984	23,01	2001
Jón Eiríksson Umf. Reyn.	05.02.1963	23,47	1981
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	23,58	1983
Hannes Ragnar Reynisson Umf. Möðruv.	11.01.1953	23,9	1972
Jóhann Þór Friðgeirsson Umf. Svarfd.	31.10.1949	24,0	1967
Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	24,0	1959
Sigurður Magnússon Umf. Árr.	29.09.1962	24,0	1987

400 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	47,72	1984
Ómar Kristinsson Samh.	16.01.1975	49,52	1995
Arnar Már Snorrason Umf. Þ.Sv.	06.06.1966	50,2	1987
Hjörtur Gíslason Umf. Reyn.	23.02.1958	50,5	1990
Kristján Godsk Rögnvaldsson Umf. Samh.	14.07.1990	50,75	2011
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	51,2	1981
Ómar Freyr Sævarsson Umf. Svarfd.	11.06.1984	51,82	2002
Ari Guðfinnsson Umf. Samh.	18.12.1978	52,23	2001
Sigurður Magnússon Umf. Árr.	29.09.1962	52,5	1988
Jóhann Þór Friðgeirsson Umf. Svarfd.	31.10.1949	52,8	1967

800 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	1:53,89	1982
Kristján Godsk Rögnvaldsson Umf. Samh.	14.07.1990	1:56,03	2012
Rögnvaldur Ingþórsson Umf. Framt.	20.05.1968	1:56,71	1997
Sigvaldi Júlíusson Umf. Svarfd.	07.07.1952	1:58,2	1970
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Árr.	06.02.1954	1:59,8	1981
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	2:00,1	1958
Ómar Kristinsson Umf. Æsk.	16.01.1975	2:04,98	1991
Arnar Már Snorrason Umf. Þ.Sv.	06.06.1966	2:05,7	1989
Þórir Snorrason Umf. Dagsbr.	01.12.1943	2:06,3	1971
Jóhann Þór Friðgeirsson Umf. Svarfd.	31.10.1949	2:06,3	1971



Fimm keppendur frá UMSE tóku þátt í Drengjahlaupi Ármanns í Reykjavík árið 1967 og komu, sáu og sigruðu. Eyfirðingarnir unnu bæði þriggja og fimm manna sveitakeppni hlaupsins. Frá vinstri: Helgi Gunnarsson, Jósavin Gunnarsson, Bergur Höskuldsson, Halldór Guðlaugsson og Jóhann Þór Friðgeirsson. Jóhann náði lengst fimm-mennninganna og er í þessari 100 ára afrekaskrá UMSE í hópi tíu bestu hlaupara í 200, 400 og 800 metra hlaupum.



Adalsteinn Bernharðsson er tímavælaust einn af mestu afreksmönnum Eyfirdinga í frjálsíþróttum. Afrekskráin staðfestir það.

1000 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Sigvaldi Júlíusson Umf. Svarfd.	07.07.1952	2:35,1	1971
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	2:39,1	1958
Kristján Tryggvi Jóhannsson Umf. Skíði	10.12.1929	2:39,6	1951
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	2:41,2	1956
Ómar Kristinsson Umf. Æsk.	16.01.1975	2:42,74	1991
Vignir Hjaltason Umf. Reyn.	06.04.1956	2:57,7	1976
Guðmundur Smári Daníelsson Umf. Samh.	06.04.1998	3:03,36	2019
Ómar Freyr Sævarsson Umf. Svarfd.	11.06.1984	3:09,52	1998
Sigurður Marinó Kristjánsson Umf. Reyn.	05.10.1991	3:39,71	2003
Einar Oddur Jónsson Umf. Reyn.	28.02.1992	3:42,91	2003

1500 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	4:01,6	1993
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	4:03,1	1981
Sigvaldi Júlíusson Umf. Svarfd.	07.07.1952	4:10,4	1971
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	4:12,4	1957
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	4:12,8	1957
Kristján Tryggvi Jóhannsson Umf. Skíði	10.12.1929	4:13,6	1951
Pórir Snorrason Umf. Dagsbr.	01.12.1943	4:16,9	1972
Páll Sigurþór Jónsson Umf. Svarfd.	30.10.1966	4:20,2	1987
Halldór Guðmundur Pálsson Umf. Saurb.	09.05.1929	4:20,4	1952
Sigurður Bjarni Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	02.04.1976	4:21,66	1994

Míluhlaup (1609 m)	Fæðingard.	sek/m	ár
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	4:26,0	1993
Sigvaldi Júlíusson Umf. Svarfd.	07.07.1952	4:31,0	1970
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	4:40,4	1956


3000 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Kristján Tryggvi Jóhannsson Umf. Skíði	10.12.1929	8:45,8	1954
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	8:58,51	1994
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	9:02,2	1956
Sigvaldi Júlíusson Umf. Svarfd.	07.07.1952	9:25,5	1969

Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	9:26,1	1981
Halldór Guðmundur Pálsson Umf. Saurb.	09.05.1929	9:31,2	1951
Sveinn Elías Jónsson Umf. Reyn.	13.01.1932	9:32,1	1956
Sigurður Bjarni Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	02.04.1976	9:34,0	1993
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	9:35,8	1957
Benedikt H. Björgvinsson Umf. Dagsbr.	13.03.1955	9:39,8	1972

5000 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Rögnvaldur Ingþórsson Umf. Framt.	20.05.1968	14:53,7	1993
Kristján Tryggvi Jóhannsson Umf. Skíði	10.12.1929	15:07,8	1954
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	15:37,2	1956
Daníel Jakobsson Umf. Svarfd.	17.08.1973	16:06,3	1995
Sveinn Elías Jónsson Umf. Reyn.	13.01.1932	16:09,0	1955
Páll Sigurþór Jónsson Umf. Svarfd.	30.10.1966	16:24,0	1987
Jón Stefánsson Umf. Reyn.	03.02.1966	16:24,2	1984
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	16:33,8	1957
Benedikt H. Björgvinsson Umf. Dagsbr.	13.03.1955	16:37,8	1981
Sigurður Bjarni Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	02.04.1976	16:50,46	1994

10000 m hlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	31:34,60	1993
Kristján Tryggvi Jóhannsson Umf. Skíði	10.12.1929	33:18,4	1951
Benedikt Björgvinsson Umf. Dagsbr.	13.03.1955	35:58,8	1980
Guðmundur Gíslason	1955	36:15,2	1981
Starri Heiðmarsson Umf. Æsk.	06.09.1969	40:01,59	2006

3000 m hindrunarhlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	9:05,69	1993
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	9:38,0	1956
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	10:39,5	1983
Jón G. Gíslason Umf. Reyn.	22.05.1939	10:46,4	1957
Sigurður Bjarni Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	02.04.1976	10:48,56	1998
Sveinn Elías Jónsson Umf. Reyn.	13.01.1932	11:02,6	1957
Vilhjálmur Björnsson Umf. Þ.Sv.	01.03.1942	11:03,6	1957
Benedikt Björgvinsson Umf. Dagsbr.	13.03.1955	11:18,63	1981
Vignir Hjaltason Umf. Reyn.	06.04.1956	11:25,0	1975
Hermann Sæmundsson Umf. Samh.	30.03.1994	11:48,61	2011



Sigurður Viðar Sigmundsson var afreksmaður í frjálsíþróttum og var á hámarki ferilsins á sjöunda áratugnum. Hann var einnig stjórnarmaður í UMSE og þjálfari og leiðbeinandi, m.a. í sumarþúðum UMSE á Laugalandi. Hann var lengi kennari við Héraðsskólann á Laugum í Reykjadal. Sigurður Viðar lést árið 1996, 56 ára að aldri. Þessi mynd var tekin árið 1991.

Afreksmaðurinn Sigurður Matthíasson

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að Sigurður Matthíasson, sem keppti fyrir Ungmennafélag Svarfdæla á Dalvík, er eitt af allra stærstu nöfnum í frjálsíþróttasögu UMSE. Hann lét mjög til sín taka á níunda og tíunda áratug síðustu aldar og var spjótkastríð hans aðalgrein. Fjórum sinnum var Sigurður útnefndur Íþróttamaður UMSE – 1982, 1989, 1990 og 1991.

Sigurður er fæddur árið 1961, sonur Sólveigar Sigurðardóttur og Matthíasar Ásgeirssonar, sem var lengi íþróttakennari á Dalvík og var á sínum tíma í fremstu röð héraðs handknattleiksmanna. Í viðtali við Ársrit UMSE 1992 kemur fram að Sigurður fæddist í Ólafsfirði en bjó lengst af á Dalvík en átti líka heima um tíma í Hrísey og á Akureyri.

Á bernskuárunum var Sigurður mest í boltaíþróttum og sundi en Vilhjálmur Björnsson á Dalvík dró Sigurð í frjálsíþróttir og skráði hann á mót án hans vitundar. Þar með varð ekki aftur snúið.

Að grunnskóla loknum fór Sigurður í Reykholtskóla í Borgarfirði og síðan lá leiðin austur á Hérað þar sem hann tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Egilsstöðum, sem afreksmaðurinn Vilhjálmur Einarsson stýrði. Þá lá leiðin í Íþróttakennarskólann á Laugarvatni og loks fór Sigurður til Bandaríkjanna fyrir áeggjan Sigurðar Einarssonar spjótkastara og lærði íþrótt- og fjölmiðlafræði. Spjótkast stundaði Sigurður ekki fyrir en eftir að hann kynntist nafna sínum Einarssyni, sem keppti í spjótkastríð á þrennum Ólympíuleikum og á enn þann dag í dag næstlengsta kast Íslendinga í spjótkastríð, 84,94 m. Einar Vilhjálmsson á lengsta kastið, 86,80 m. Það var sem sagt Sigurður Einarsson sem kveikti í nafna sínum Matthíassyni að fara að æfa spjótkastríð og það bar ríkulegan ávöxt.

Bróðurpart síns keppnisferils keppti Sigurður undir merkjum UMSE en undir lok ferilsins var hann í FH. Tæplega þrítugur náði Sigurður sínu lengsta kasti á ferlinum á Grand Prix móti í London árið 1991, 80,50 m, sem í dag er fimmta lengsta kast Íslendinga í greininni.

Sigurður kastaði einnig kúlu, kringlu og sleggju. Í kúlu átti hann best 15,17 m árið 1990, 47,74 m í kringlu árið 1985 og 40,10 m í sleggjukasti árið 1989.

Íslandsmethafi í hástökki án atrennu

En Sigurður var ekki aðeins öflugur kastari. Hann hafði mikinn sprengikraft sem nýttist honum vel í hástökki án atrennu. Í janúar 1983 setti Sigurður Íslandsmet í greininni, 1,78 m, á innanfélagsmóti KR, og það met átti hann eftir að bæta skömmu síðar með því að stökkva 1,80, sem þá var næstbesti árangur í hástökki án atrennu í heiminum. Sjö árum síðar bætti Sigurður enn metið þegar hann stökk 1,85 m og það Íslandsmet stendur enn. Í viðtali við Æskuna árið 1983, þegar Sigurður var 21 árs, sagðist hann stefna að því að stökkva hæð sína. Þegar viðtalið var tekið var Sigurður 1,84 m að hæð og hann átti sem sagt eftir að toppa hæð sína með því að stökkva 1,85 m.



Sigurður Matthíasson árið 1992.



Sveit UMSE sem varð Íslandsmeistari í 4x100 m hlaupi á Meistaramóti Íslands í telpna-, drengja-, stráka- og stelpna-flokki á Akureyri 1973. UMSE-piltar urðu Íslandsmeistarar í flokki 13-14 ára. Í sveitinni voru Friðrik Helgason, Jón Ingi Sveinsson, Þorsteinn Briem og Ari Gunnarsson.

110 m grindahlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Hjörtur Gíslason Umf. Reyn.	23.02.1958	14,4	1990
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	05.02.1954	15,4	1984
Jón Sævar Þórðarson Umf. Reyn.	29.02.1956	15,9	1981
Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	16,21	1987
Elvar Reykjálín Jóhannesson Umf. Reyn.	26.12.1954	16,3	1980
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	16,38	2019
Hreinn Karlsson Umf. Æsk.	05.02.1972	16,5	1991
Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	16,6	1962
Stefán Magnússon Umf. Möðruv.	28.06.1960	16,8	1981
Sigurður Magnússon Umf. Árr.	29.09.1962	16,8	1987

400 m grindahlaup	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	05.02.1954	52,2	1984
Hjörtur Gíslason Umf. Reyn.	23.02.1958	53,63	1990
Jón Sævar Þórðarson Umf. Reyn.	29.02.1956	56,1	1976
Ari Guðfinnsson Umf. Samh.	18.12.1978	58,82	2001
Kristján Godsk Rögnvaldsson Umf. Samh.	14.07.1990	59,70	2011
Róbert Mór Þorvaldsson Umf. Svarfd.	29.06.1978	59,90	1995
Ómar Kristinsson Umf. Samh.	16.01.1975	60,37	1997
Jóhann Þór Friðgeirsson Umf. Svarfd.	31.10.1949	60,8	1968
Egill Þór Ívarsson Umf. Samh.	31.03.1993	62,36	2008
Hermann Sæmundsson Umf. Samh.	30.03.1994	64,75	2011

4x100 m boðhlaup	sek/m	ár
Sveit UMSE	43,85	1985
Sveit UMSE	44,43	1981
A-sveit UMSE	44,79	2004
Sveit UMSE	45,2	1984
Sveit UMSE	45,3	1983
Sveit UMSE	45,4	1981
Sveit UMSE	45,6	1972
Sveit UMSE	45,7	1990
Sveit UMSE	45,95	1991
Sveit UMSE	46,0	1978

1000 m boðhlaup	sek/m	ár
Sveit UMSE	2:00,7	1984
Sveit UMSE	2:00,9	1981
Sveit UMSE	2:04,0	1978
Sveit UMSE	2:04,8	1981
Sveit UMSE	2:05,89	1991
Sveit UMSE	2:06,2	2001
Sveit UMSE	2:07,0	1982
Sveit UMSE	2:07,05	1997

4x400 m boðhlaup	sek/m	ár
Sveit UMSE	3:26,83	1981
Sveit UMSE	3:41,16	2009
Sveit UMSE	3:49,24	2008
Ungmennasveit UMSE	3:53,44	2007

Hálft maraþon	Fæðingard.	sek/m	ár
Daníel Jakobsson Umf. Svarfd.	17.08.1973	1:10,47	1994
Rögnvaldur Ingþórsson Samh.	20.05.1968	1:15,57	1993
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	1:19,38	2009
Páll Sigurþór Jónsson Umf. Svarfd.	30.10.1966	1:20,24	1985
Sigurgeir Svavarsson Umf. Svarfd.	20.05.1967	1:25,21	1988
Hálfán Daðason Umf. Samh.	10.11.1959	1:27,40	2003
Starri Heiðmarsson Umf. Æsk.	06.09.1969	1:28,57	2006
Börkur Árnason Umf. Þ.Sv.	31.12.1972	1:31,04	2003
Halldór Arinbjarnarson Umf. Æsk.	18.02.1965	1:33,45	2015
Arnar Árnason Umf. Samh.	08.08.1974	1:42,34	2014

Maraþon	Fæðingard.	sek/m	ár
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	2:42,42	2010
Daníel Jakobsson Umf. Svarfd.	17.08.1973	3:00,59	2013
Hálfán Daðason Umf. Samh.	10.11.1959	3:08,04	2006
Starri Heiðmarsson Umf. Æsk.	06.09.1969	3:21,06	2007
Halldór Aðalbjarnarson Umf. Æsk.	18.02.1965	3:30,16	2012
Hallgrímur M. Matthíasson Umf. Svarfd.	26.03.1970	3:32,41	2006

Langstökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	7,01	1987
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	6,80	1978
Sigurður V. Sigmundsson Umf. Þ.Sv.	12.11.1940	6,71	1964
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	6,67	1983
Helgi Valdimarsson Umf. Þ.Sv.	16.09.1936	6,61	1959
Stefán Gunnlaugsson Umf. Reyn.	05.04.1976	6,56	1993
Hreinn Karlsson Umf. Æsk.	05.04.1972	6,53	1993
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	6,53	2017
Gísli Pálsson Umf. Skr.	30.06.1952	6,48	1973
Hannes Ragnar Reynisson Umf. Möðruv.	11.01.1953	6,33	1973

Þrístökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	14,57	1985
Sigurður V. Sigmundsson Umf. Þ.Sv.	12.11.1940	14,37	1968
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	13,97	1982
Helgi Valdimarsson Umf. Þ.Sv.	16.09.1936	13,70	1958
Árni Magnússon Umf. Saurb.	05.04.1931	13,65	1952
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	13,60	2019
Gísli Pálsson Umf. Skr.	30.06.1952	13,37	1973
Stefán Gunnlaugsson Umf. Reyn.	05.04.1976	13,23	1992
Sigtryggur Aðalbjörnsson Umf. Æsk.	24.09.1973	13,22	1990
Hreinn Hringsson Umf. Æsk.	20.06.1974	12,90	1990

Hástökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Kristján Hreinnsson Umf. Vorb.	21.08.1964	2,11	1983
Stefán Gunnlaugsson Umf. Reyn.	05.04.1976	1,94	1993
Kristján Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	17.01.1962	1,91	1984
Sigtryggur Aðalbjörnsson Umf. Æsk.	24.09.1973	1,90	1991
Gunnar Örn Birgisson Umf. Samh.	21.11.1983	1,90	2006
Magnús Þorgeirsson Umf. Svarfd.	17.02.1972	1,88	1990
Jón Sævar Þórðarson Umf. Reyn.	29.02.1956	1,85	1981
Snorri Páll Guðbjörnsson Umf. Svarfd.	23.01.1986	1,85	2001
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	1,85	2018
Guðni Hólm Stefánsson Umf. Svarfd.	02.05.1968	1,80	1984

Stangarstökk	Fæðingard.	sek/m	ár
Kristján Gissurarson Umf. Æsk.	06.06.1953	4,90	1991
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	4,25	2019



Gestur Guðmundsson, hinn öflugasti kastari úr Ungmennafélaginu Þorsteini Svörfuði.

Kristján Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	17.01.1962	3,80	1985
Rafn Steinþórsson Umf. Æsk.	27.01.1973	3,80	1994
Ólafur Sigurðsson Umf. Svarfd.	07.09.1951	3,25	1979
Einar Helgason Umf. Möðruv.	11.10.1932	3,21	1957
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æsk.	02.07.1983	3,20	1999
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	3,16	1953
Sigurður Magnússon Umf. Árr.	29.09.1962	3,10	1988
Kristján Hreinnsson Umf. Vorb.	21.08.1964	3,10	1989

Spjótkast (800 gr.)	Fæðingard.	sek/m	ár
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	80,50	1991
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	57,41	2019
Gunnar Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	22.08.1968	56,22	1990
Ómar Kristinsson Umf. Samh.	16.01.1975	54,70	1997
Róbert Mór Þorvaldsson Umf. Svarfd.	29.06.1978	54,44	2000
Hallgrímur M. Matthíasson Umf. Svarfd.	26.03.1970	53,32	1988
Albert Ágústsson Umf. Svarfd.	04.10.1955	50,06	1986
Karl Vernharð Þorleifsson Umf. Svarfd.	17.12.1998	47,77	2013
Otti Freyr Steinsson Umf. Smár.	26.01.1991	47,67	2011
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æsk.	02.07.1983	47,32	2002

Spjótkast (fyrir 1986)	Fæðingard.	sek/m	ár
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	72,00	1985
Jóhannes Áslaugsson Umf. Narfi	11.01.1959	54,60	1979
Ingimar Skjöldal Umf. Framt.	29.03.1937	53,38	1958
Halldór Pálmi Pálmason Umf. Möðruv.	10.11.1927	50,06	1946
Jóhann Ólafur Bjarnason Umf. Svarfd.	14.05.1950	48,56	1973

Kúluvarp	Fæðingard.	sek/m	ár
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	15,17	1990
Gestur Guðmundsson Umf. Þ.Sv.	29.10.1931	14,33	1952



Sæunn Steindórsdóttir og Erla Björnsdóttir kepptu í frjálsíþróttum á Landsmóti UMFÍ á Þingvöllum árið 1957. Sæunn varð fimmta í 80 metra hlaupi á mótinu.

Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	14,05	1965
Einar Helgason Umf. Möðruv.	11.10.1932	12,97	1957
Hjörleifur Guðmundsson Umf. Þ.Sv.	14.09.1928	12,94	1950
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æsk.	02.07.1983	12,69	2002
Helgi Björnsson Umf. Reyn.	08.04.1961	12,23	1992
Ómar Kristinsson Umf. Samh.	16.01.1975	12,20	1997
Hreinn Karlsson Umf. Æsk.	05.04.1972	12,15	1993

Kringlukast	Fæðingard.	sek/m	ár
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	47,74	1985
Gestur Guðmundsson Umf. Þ.Sv.	29.10.1931	42,68	1952
Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	40,46	1962
Haraldur M. Sigurðsson Umf. Möðruv.	19.05.1923	38,78	1946
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	38,23	2018
Stefán Árnason Umf. Svarfd.	16.07.1933	37,37	1957
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æsk.	02.07.1983	36,66	2003
Heiðmar Felixson Umf. Reyn.	04.02.1977	34,84	1997
Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	34,20	1986
Helgi Björnsson Umf. Reyn.	08.04.1961	33,68	1997

Sleggjukast	Fæðingard.	sek/m	ár
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	46,82	2021
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	40,10	1989
Kristján Gissurarson Umf. Æsk.	06.06.1953	35,22	1992
Gunnar Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	22.08.1968	34,54	1997
Birkir Örn Stefánsson Umf. Æsk.	02.07.1983	33,46	2002

Tugþraut	Fæðingard.	sek/m	ár
Guðmundur Smári Daniélsson Umf. Samh.	06.04.1998	6182 stig	2019
Sigurður V. Sigmundsson Umf. Þ.Sv.	12.11.1940	5374 stig	1966
Þóroddur Jóhannsson Umf. Möðruv.	03.07.1932	5308 stig	1965
Cees van de Ven Umf. Framt.	21.01.1955	5133 stig	1986
Hreinn Karlsson Umf. Æsk.	05.04.1972	4929 stig	1991
Pétur Friðriksson Umf. Æsk.	23.06.1972	4760 stig	1991
Ómar Kristinsson Umf. Æsk.	16.01.1975	4756 stig	1991
Kristján Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	17.01.1962	4177 stig	1986
Sigurður Magnússon Umf. Árr.	29.09.1962	3969 stig	1986
Gunnar Sigurðsson Umf. Þ.Sv.	22.08.1968	3951 stig	1986

Fimtarþraut	Fæðingard.	sek/m	ár
Aðalsteinn Bernharðsson Umf. Framt.	06.02.1954	3056 stig	1985
Guðmundur Sigurðsson Umf. Reyn.	17.05.1960	2795 stig	1980
Pétur Friðriksson Umf. Æsk.	23.06.1972	2568 stig	1990
Sigurður Matthíasson Umf. Svarfd.	09.09.1961	2088 stig	1980

Aftekaskráin byggir á upplýsingum úr gagnagrunni FRÍ, ársritum UMSE og frá frjálsíþróttafólkinu. Samantekt: Óskar Þór Halldórsson. Yfirlstur: Guðmundur Víðir Gunnlaugsson.



Hringur Hreinsson er fæddur og uppalinn á Syðra-Laugalandi í Eyjafjarðarsveit en hefur búið á Svalbarðseyri í áratugi.

Félagsskapurinn stendur upp úr

Hringur Hreinsson er einn hinna fjölmörgu sjálfboðaliða sem UMSE hefur getað leitað til í gegnum tíðina til þess að vinna þau verk sem þarf að vinna. Hringur og kona hans, Sigríður Helgadóttir, sem einnig hefur starfað mikið fyrir UMSE, búa á Svalbarðseyri. Hringur fæddist og ólst upp á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og því var Ároddinn í Öngulsstaðahreppi hans félag í uppvestinum.

Eftirminnilegur leikur við Reynismenn

„Sem unglíngur starfaði ég með Ároðanum og spilaði þar fótbolta, einnig var ég lítilliga í frjálsum. Ég tók þátt í sumar-þúðum UMSE á Laugalandi

og þar voru m.a. leiðbeinendur Þóroddur Jóhannsson, Sigrurður Viðar Sigmundsson og Jóhann Daníelsson. Í fótboltanum spiluðum við Ároðamenn við liðin hérna í firðinum og mér er sérstaklega minnisstæður leikur á Laugalandsvelli í héraðsmóti UMSE við Reyni á Árskógsströnd. Að leik loknum sagði Halldór Gunnarsson, liðsmaður Reynismanna, þessi fleygu orð: „Við hefðum unnið ef við hefðum haft fleiri og betri menn.“

Allsherjarreddari UMSE á landsmótum

Hringur rifjar upp að Sigríður kona hans hafi setið um tíma í stjórn UMSE fyrir hönd Ungmennafélagsins Æskunnar á

Svalbarðsströnd og hún hafi einnig starfað í landsmótsnefndum á vegum sambandsins. Í gegnum þau tengsl hafi hann verið fenginn til þess að taka að sér ýmis störf sem þurfti að vinna vegna þátttöku UMSE á landsmótum. Hringur var sannkallaður allsherjarreddari sem lagði sitt af mörkum við uppsetningu landsmótsjalds sambandsins og að útvega þann búnað og kost sem þurfti að hafa í tjaldinu. Meðal annars smíðaði Hringur og útbjó eldhúsaðstöðu sem til þurfti í tjaldið. „Ég kom fyrst að þessum málum á Landsmóti UMFÍ í Mosfellsbæ árið 1990 og þar með var ég kominn inn í UMSE-hringiðuna og vann á einn eða annan hátt fyrir sam-



Hringur hefur í gegnum tíðina unnið mikið starf fyrir UMSE, bæði sem varastjórnarmaður í áratug og einnig var hann ómissandi í allsherjar reddingum fyrir sambandið á landsmótum UMFÍ. Hér er Hringur á leið inn í UMSE-tjaldið.

bandið að flestum landsmótum sem eftir fylgdu, m.a. var ég í mótsnefnd landsmótsins á Akureyri 2009. Eftir það mót dró ég mig út úr starfinu að öðru leyti en

því að ég sat í stjórn styrktarsjóðs UMSE sem varð til vegna hlutar UMSE í hagnaði af Landsmóti UMFÍ 2009. Lagt var upp með að úthlutað yrði úr sjóðnum í tíu

ár, sex hundruð þúsund krónum á ári auk vaxtatekna, og ég sat í þriggja manna stjórn sjóðsins í þessi ár.“

Í varastjórn UMSE í áratug

Ekki aðeins var Hringur mikilvægur hlekkur í þátttöku UMSE á landsmótum, í áratug sat hann í varastjórn sambandsins og einnig hefur hann lagt lóð sín á vogar-skálarnar fyrir UMFÍ, var þar m.a. stjórnarmaður frá 2005 til 2009. Handtökin í þágu ungmennafélagshreyfingarinnar eru því orðin mörg.

Hringur segir að það sem upp úr standi sé félagsskapurinn, að hafa átt þess kost að starfa með öllu því góða fólki sem hefur starfað í UMSE og ungmennafélagshreyfingunni.



Jósavín Arason, þáverandi formaður UMSE, og Hringur bregða á leik í landsmótsjaldi UMSE árið 1997.

Fyrstur Eyfirðinga í landsliðinu í frjálsíþróttum

Skíðdælingurinn Kristján Tryggvi Jóhannsson er, eftir því sem næst verður komist, sá eini sem hefur keppt undir merkjum UMSE og tekið þátt í sumarólympíuleikum. Það gerði hann árið 1952 í Helsinki í Finnlandi og keppti í 5000 og 10.000 m hlaupum. Í 10.000 metrunum setti Kristján Íslandsmet og þótti standa sig mjög vel í keppni við bestu hlaupara heims á þeim tíma, m.a. goðsögnina Emil Zátopek. Þegar kom að leikunum í Helsinki var

Kristján fluttur suður yfir heiðar og keppti undir merkjum ÍR í Reykjavík.

Æskustöðvarnar í Skíðadal

Kristján fæddist árið 1929. Foreldrar hans voru Ingibjörg Árnadóttir og Jóhann Sigurjónsson, búendur í Hlíð í Skíðadal. Kristján var yngstur fimm systkina sem upp komust. Á þeim árum sem Kristján keppti fyrir UMSE var hann í Ungmenna-

félaginu Skíða í Skíðadal sem starfaði frá 1933 til 1956.

Ungmennafélagsandinn í Skíðadal kveikti áhuga Kristjáns á íþróttum og ekki síst hlaupum. Hann varð fljótt öflugur hlaupari og sagan segir að hann hafi oft hlaupið um fjallaskörð milli Skíðadals og Hörgárdals – í báðar áttir. Betri þjálfun var vart í boði á þessum árum.

Kristján varð gagnfræðingur árið 1948, lauk íþróttakennaraþrófi 1952 og kennaraprófi 1958. Kennsluferilinn hóf hann veturinn 1948-1949 og kenndi á nokkrum stöðum í hinum dreifðu byggðum en frá 1958 var hann við kennslu í Reykjavík.

Kristján orti ljóð og skrifaði sögur. Fyrsta ljóð hans birtist 1944 en fyrsta ljóðabókin, *Svíf þú sunnanblær*, kom út 1955. Alls gaf Kristján út sautján bækur á rithöfundafelri sínum; þar af sjö barnabækur, sex ljóðabækur og tvær gönguleiðabækur. Nefna má *Grýla gamla og jólasveinarnir* (1969) og *Fimmtán gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur* (1987) auk bókaflokksins um *Steina og Danna* (1965-1974).

Eiginkona hans var Anna Örnólfsdóttir bankafulltrúi. Hún lést árið 1999. Kristján lést árið 2013.

Tvöfaldur sigur á landsmóttinu í Hveragerði

Kristján Tryggvi Jóhannsson var um árabíl í hópi sterkustu langhlaupara landsins. Hann vakti

fyrst athygli þegar hann keppti fyrir hönd UMSE í 1500 metra hlaupi og víðavangshlaupi á Landsmóti UMFÍ í Hveragerði í júlí 1949 og hafði sigur í báðum greinum. Vorið eftir varð hann annar í Víðavangshlaupi ÍR og sigraði í hvítasunnuhlaupi á Akureyri og 5000 metra hlaupi á 17. júní í Reykjavík. Í kjölfarið var hann valinn í landsliðið í frjálsíþróttum, fyrstur Eyfirðinga, sem keppti sumarið 1950 við Dani. Aftur var hann í landsliðinu árið 1951 sem lagði Dani og Norðmenn í eftirminnlegri landskeppni á Bislet-leikvanginum í Ósló.

Frá 1951 keppti Kristján fyrir ÍR, að frátöldum nokkrum mánuðum á fyrri hluta árs 1954. Mikla athygli vakti þegar hann sló 30 ára gamalt met Jóns Kaldals í 5000 metrum árið 1952.

Íþróttakennsla hjá UMSE

Árið 1954 var Kristján ráðinn til íþróttakennslu hjá UMSE og liður í þeirri ráðningu var að hann keppti fyrir UMSE á nýjan leik.

Í greinargerð UMSE um kennslu Kristjáns kemur fram að hann hafi verið með fyrsta þriggja vikna íþróttanámskeið sitt á Dalvík í janúar 1954. „Eins og hvarvetna annarsstaðar var kennt bæði hjá ungmennafélagi og skólum. Þátttaka var góð, en þó voru margir táp mestu piltarnir fjarverandi sökum atvinnu sinnar. Dalvíkinga vantar tilfinnanlega íþróttahús, en það mun vafalaust rísa fljótlega af grunni, því að áhugi Dalvíkinga fyrir líkamsrækt er mikill, en íþróttakennsla í samkomuhúsum er vægast sagt


illmöguleg,“ segir í greinargerðinni.

Næsta námskeið Kristjáns var hjá Reyni á Árskógsströnd. Einnig þriggja vikna námskeið sem lauk með sýningu á fimleikum, þjóðdönsum og blaki. Þriðja námskeiðið var hjá Ungmennafélaginu Þorsteini Svörfuði í Svarfaðardal og var kennt á Þinghúsinu Grund. Námskeiðinu lauk með sýningu á fimleikum og þjóðdönsum. „Húsrými að Grund er mjög lítið og langt síðan námskeið í íþróttum hefur verið haldið þar og var ánægja þátttakenda, einkum barnanna, mikil yfir þessari nýbreytni,“ segir í greinargerð UMSE.

Loks fór Kristján á Svalbarðsströnd og hélt þriggja vikna námskeið hjá Ungmennafélaginu Æskunni. „Íþróttáhugi er mikill meðal „Æskumanna“. Félagið hefur lengi átt góða fimleikamenn, enda hafa margir ágætir kennarar leiðbeint þeim á síðasta áratug,“ segir í greinargerð UMSE um námskeið Kristjáns á Svalbarðsströnd í mars 1954.

Alvarlegt bifhjólaslys

Í apríl 1954 voru Kristján, Sveinn Jónsson í Kálfsskinni á Árskógsströnd og Stefán Árnason frá Dalvík í þriggja manna sigursveit UMSE í Víðavangshlaupi ÍR. Kristján sigraði hlaupið, Sveinn



Kristján Tryggvi Jóhannsson hleypur yfir marklínuna.



Á myndinni eru tveir af öflugustu langhlaupurum UMSE á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar, Stefán Árnason (lengst til vinstri) og Kristján Tryggvi Jóhannsson (lengst til hægri). Þegar myndin var tekin keppti Kristján fyrir ÍR.

varð fimmti og Stefán sjötti. Í maí sama ár setti hann Íslandsmet á Akureyri í bæði 3000 og 5000 metrum en þar með var ferlinum lokið undir merkjum UMSE því nokkrum dögum síðar lenti hann í alvarlegu slysi í Eyjafirði, skammt frá Akureyri. Í frásögn af slysinu í sögu Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) kemur fram að Kristján hafi verið á bifhjólí við annan mann og í þann mund er þeir mættu stórum vörubíl hafði ökumaður jeppa í hyggju að taka fram úr vörubílnum með þeim afleiðingum að jeppinn og bifhjólíð skulu saman. Kristján kastaðist af hjólinu og út í skurð. Hann margbrotnaði og var rúmfastur vikum saman.

Enginn bjóst við því að Kristján hlýpi á nýjan leik en það var öðru nær, strax vorið 1955 hóf hann keppni aftur og setti ófá Íslandsmet eftir þetta, allt þar til hlaupaskórnir voru settir á hilluna árið 1959.

Laugardagur 27. apríl 1957. **MORGUNBLAÐIÐ**

Kristján Jóhannsson fyrstur í mark

UMSE vann sveitakeppnina

42 VIÐAVANGSHLAUP IR fór fram á sumardaginn fyrsta. Þátttakan í hlaupinu nú var minni en oftast áður. 7 menn byrjuðu, en 6 luku hlaupinu. Sigurvegari varð Kristján Jóhannsson IR, sem rann skeiðið á 9 mín. 49,4 sek.

Kristján hafði forystuna er hlaupið var út úr Hljómskálagarðinum, en hópurinn þunni var þó þéttur. Sunnan stormur var og höfðu keppendur hann í fangið fyrri hluta leiðarinnar. Var það erfið raun. Stefán Arnason frá Eyjafirði leiddi er komið var inn í garðinn aftur og 4–500 m voru eftir af hlaupaleiðinni, sem var um 3 km.

Eyfiringarnir 3 unnu keppni 3 manna sveita, hlutu 10 stig.

Tími Kristjáns var 9:49,4 mín. 2. Stefán Arnason UMSE 9:53,8. 3. Jón Gíslason UMSE 9:54,0. 4. Sig. Guðnas. IR 10:14,0. 5. Sveinn Jónsson UMSE. 6. Haraldur Pálsson IR.

IR-sveitin hlaut 11 stig og aðeins þessir 6 menn luku hlaupinu. — Hafnfirðingurinn hætti og fleiri mættu ekki til leiks. Er það óskiljanlegt tómlæti fyrir hlaupinu, að vel æðir menn eins og Kristleifur Guðbjörnsson skuli vera í örðum áhorfenda.

Stefán hafði forystuna inn í garðinn, en Kristján og Jón fylgdu fast. Ljós. Mbl. Ól. K. M.

30 þátttakendur í drengjahlaupinu á sennudaginn

DRENGJAHLAUP Ármanns fer fram að venju á sennudagsmorguninn. Hlaupið hefst kl. 10 á morgun við Iðnskólann og síðan er hlaupið um Vonarstræti, Tjarnargötu, suður áholt og endað í Hljómskálagarðinum. — Hlaupaleiðin er 2–2,5 km.

Þátttakendur eru 30 skráðir: 10 frá Keflavík, 7 frá Ármanni, 6 frá KR, 5 frá IR, 1 frá UMSE og 1 frá UMF Þróstur.

Keppendur og starfsmenn eru beðnir að mæta kl. 9:30 í Miðbæjarakólanum.



Frásögn Morgunblaðsins af Viðavangshlaupi ÍR árið 1957.

Minnisvarði um Davíð frá Fagraskógi

Eitt af verkefnum sem UMSE stóð að á sjöunda áratugnum og fram á þann áttunda var að reisa þjóðskáldinu og Eyfirðingnum Davíð Stefánssyni minnisvarða á hans heimaslóð, í garðinum sunnan við íbúðarhúsið í Fagraskógi.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi lést 1. mars 1964 og á ársþingi UMSE nokkrum vikum síðar var gerð eftirfarandi samþykkt: „43. þing UMSE að Sólgarði 11. og 12. apríl 1964, sendir þá áskorun til allra félagsamtaka í héraðinu, að taka höndum saman og beita sér fyrir,

að Davíð Stefánssyni skáldi frá Fagraskógi verði reistur veglegur

minnisvarði á æskustöðvum hans að Fagraskógi.”



Dagur sagði frá afhjúpun minnisvarðans á forsiðu blaðsins 11. ágúst 1971.

Stjórn UMSE tók við keflinu og kom málinu í farveg. Niðurstaðan var sú að minnisvarðinn yrði sameiginlegt verkefni UMSE, Búnaðarsambands Eyjafjarðar og Sambands eyfiskra kvenna. Sett var á stofn nefnd til þess að vinna málinu framgang og voru tveir fulltrúar UMSE í henni. Meðal fyrstu verkefna nefndarinnar var að safna fé til þess að ráðast í gerð og uppsetningu minnisvarðans og gekk hún ágætlega. Á síðari hluta sjöunda áratugarins gekk þó hægt

að þoka málinu áfram en síðan kom að því að framkvæmdir voru hafnar árið 1970 og þeim var lokið sumarið 1971. Þann 18. júlí það ár, fyrir rúmri hálfri öld, var komið að háttíðlegri athöfn í Fagraskógi þar sem minnisvarðinn var afhjúpaður.

Afhjúpun minnisvarðans

Minnisvarðinn er brjóstmynd af skáldinu, afsteypa úr eir, gerð eftir frummynd danska myndhöggv-

arans Severin Jakobsen frá 1941. Undirstaðan er stöpull úr íslensku grjóti, gerður eftir hugmynd Rík- arðs Jónssonar, myndhöggvara. Svæðið hannaði Hrólfur Sigurðsson.

Þóroddur Jóhannsson, formaður framkvæmdanefndar og framkvæmdastjóri UMSE, bauð gesti í Fagraskógi velkomna og lýsti undirbúningi og gerð minnisvarðans. Séra Þórhallur Höskuldsson, sóknarprestur á Möðruvöllum, flutti ávarp og síðan afhjúpaði Þóra Stefánsdóttir á Hjalteyri, systir Davíðs, minnisvarðann. Gísli Jónsson menntaskólakennari á Akureyri flutti ræðu um Davíð, Jóhann Konráðsson söng þrjú lög við ljóð Davíðs; „Í dag skein sól,“ „Mamma ætlar að sofna“ og „Sjá dagar koma.“ Sigríður Shiðth flutti ljóð Davíðs „Sigling inn Eyjafjörð“. Söngmenn úr Karla- kórnum Geysi sungu ljóð Davíðs „Þú komst í hlaðið“ og sálminn „Ég kveiki á kertum mínum“ við undirleik Jakobs Tryggvasonar.

Sem fyrr segir lést Davíð Stefánsson 1. mars 1964. Hann hvílir í sinni heimasveit í kirkjugarðinum á Möðruvöllum í Hörgárdal. Fagraskógur var honum ætíð hugleikinn eins og þessar ljóðlínur úr „Sigling inn Eyjafjörð“ bera vitni um:

*Faðmaðu, blíði bler,
byggðir og sundin við.
Sé ég hvar bóndabær
brosir við vesturblið.
Þó komi ég sár frá sæ,
sekari en áður fyrr,
á þessum bóndabæ
bíða mín opnar dyr.*



Á minnisvarðanum eru fjórar línur úr ljóði Davíðs, „Brennið þið vitar“: Brennið þið, vitar./Ljósíð hverjum landa./Sem leitar heim/og þráir höfin.

Pönnukökurnar og dagsformið

Starfsípróttir hafa í gegnum tíðina verið ómissandi þáttur á landsmótum ungmennafélanna; m.a. línubeiting, gróðursetning, dráttarvélaakstur, lagt á borð, starfshlaup og síðast en ekki síst pönnukökubakstur – þessi forna þjóðaríprótt Íslendinga. Eins og allir vita er hreint ekki sama hvernig staðið er að málum við að baka pönnukök. Þetta er list sem þarf að leggja alúð við ef árangur á að nást.

Sigríður Sigurlaug Jónsdóttir, sem býr á Svalbarðseyri, hefur látið til sín taka sem fulltrúi Eyfirðinga í pönnukökubakstri á landsmótum UMFÍ. Hún keppti fyrst í pönnukökubakstri fyrir hönd UMSE á landsmótinu á Laugarvatni árið 1994 og tók síðan þátt í öllum landsmótum eftir það; í Borgarnesi 1997, Egilsstöðum 2001, Sauðárkróki 2004, Kópavogi 2007, Akureyri



Sigríður Sigurlaug Jónsdóttir sigraði í pönnukökubakstri á tveimur landsmótum.

2009 og Selfossi 2013. Sigríður hafði sigur og var þar með pönnukökudrottning Íslands á landsmótunum í Kópavogi 2007 og Selfossi 2013.

Sigríður segir að pönnukökubaksturinn hafi verið aukabúgrein sín á þeim sex landsmótum sem hún keppti, fyrst og fremst hafi hún verið þar til þess að starfa í

stóra landsmótstjaldi UMSE; búa til kakó fyrir keppendur og gesti, bera fram bakkelsi og leggja sitt af mörkum á annan hátt í þágu UMSE. Á þessu segist Sigríður hafa byrjað á landsmótinu í Mosfellsbæ árið 1990 en á þessu fyrsta landsmóti hafi hún ekki keppt í pönnukökubakstrinum. Til sín hafi verið leitað með að taka þátt í þessari keppni á öðru landsmótinu sem hún sótti, á Laugarvatni árið 1994, sem fyrr segir, og eftir það var ekki aftur snúið.

Pönnukökubaksturinn á landsmótunum lýtur ákveðnum reglum. Reiknuð eru út heildarstig og er þar horft til margra þátta eins og baksturstíma, útlits og áferðar pönnukakanna, snyrtimennsku við baksturinn, hvernig pönnukökunum er raðað á diska og síðast en ekki síst bragðsins.

Sigríður segir að í minningunni hafi dagsformið verið mest ráðandi þáttur um hvernig henni gekk í pönnukökubakstrinum.



Sigríður önnur kafin í pönnukökubakstrinum á landsmótinu á Akureyri árið 2009.

Herkænska og hugarleikfimi

„Ég hóf að læra bridds í janúar 1975 og minn fyrsti leiðbeinandi var Þorgils Gunnlaugsson á Sökku í Svarfaðardal. Ég fæddist og ólst upp á Skáldalæk, næsta bæ fyrir norðan Sökku, en kundi ekki bridds á uppvaxtarárunum. Ég flutti úr Svarfaðardalnum árið 1970 en bjó aftur á Skáldalæk 1974-1975 og þann vetur lærði ég að spila bridds sem hefur fylgt mér síðan,“ segir Stefán Sveinbjörnsson, vinnuvélaverktaki á Svalbarðsströnd.

Eftirminnilegir spilarar á Dalvík

„Ég fór með Þorgils á Sökku þennan vetur á nokkur mót hjá Bridgefélagi Dalvíkur, fyrst og fremst til þess að fylgjast með og læra af reyndum briddsspilurum. Á þessum tíma var mikið briddslíf á Dalvík og fram í Svarfaðardal. Af mörgum sterkum spilurum eru Böggvisstaðafeðgar eftirminnilegastir; Jón og synir hans Kristján, Jón, Gunnar og Stefán. Stundum spilaði Eiríkur Helgason frá Mástöðum með þeim. Á einu af mótunum á Dalvík þennan vetur er mér minnstætt þegar Böggvisstaðafeðgar spiluðu í sveitakeppni við sveit frá Árskógsströnd. Ströndungarnir voru 40-50 impum yfir í hálfleik, staða sem keppnisstjóranum Jóni Jónssyni frá Böggvisstöðum líkaði ekki vel og það fór ekki framhá nokkrum manni á staðnum þegar hann fór yfir spilin og gerði sonum sínum grein fyrir þeim mistökum sem þeir hefðu gert! Þessar umvandanir voru hreint



Stefán Sveinbjörnsson hefur spilað bridds í áratugi og var lengi í framvarðasveit UMSE í bridds.

ekki á lágu nótonum, það get ég sagt þér,“ rifjar Stefán upp og hlær.

„Síðar var Jón Jónsson, Nonni mjólkurbílstjóri, oft minn makker við briddsborðið. Einu sinni skammaði hann mig á móti austur á Egilsstöðum fyrir vitleysu sem ég hefði gert og þá minnti ég hann á hvernig faðir hans hafði lagt honum lífsreglurnar á mótinu

á Dalvík árið 1975. Hann mundi vel eftir því og þar með var málið látið niður falla!“

Skemtilegur félagsskapur

Briddslærdómurinn í Svarfaðardal fyrir tæplega hálfri öld kveikti neistann hjá Stefáni. Eftir að hann flutti á Svalbarðseyri árið 1975 tók hann að húa þar



Spilað í Hlíðarbæ árið 1992. Við borðið eru Helgi Jónatansson, Halldór Árnason, Ingvar Páll Jóhannsson og Magnús Lárusson.



Víkingur Guðmundsson og Bjarni Ingvarsson árið 1994.

saman briddsá hugamönnum og úr varð að þeir hittust vikulega og spiluðu. Stefán varð formaður Ungmennafélagsins Æskunnar fljótlega eftir að hann flutti á Svalbarðsströndina og síðar lagði hann í ríkum mæli hönd á plóg við vöxt og viðgang briddsins innan UMSE.

„Það má alveg segja að blóma-

skeið briddsins innan UMSE hafi verið á bilinu 1980 til 1995. Héraðsmót í tvímenningi voru haldin, annað hvort einn laugardag eða bæði laugardag og sunnudag. Oftast var spilað í Hlíðarbæ, á Þelamörk eða í Víkurrost á Dalvík. Einnig var sveitakeppni og var reglan sú að sú sveit sem átti heimaleikinn skyldi sjá um

spilastaðinn og veitingarnar. Þetta fyrirkomulag var skemmtilegt og félagsskapurinn var öflugur. Ég myndi halda að þegar flest var hafi yfir sjötíu manns tekið þátt í þessu. Ég minnst margra góðra briddsspilara. Einn þeirra var Víkingur Guðmundsson á Grænhóli sem var formaður briddsnefndar UMSE og ég tók síðan við formennskunni af honum. Dalvíkingar og Svarfdælingar áttu lengi sterka spilara og einnig voru margir öflugir spilarar í Hörgárdal, t.d. Gylfi og Gísli Pálssynir, Helgi Steinsson og Árni Arnsteinsson.

Í starfi formanns briddsnefndar UMSE fólst fyrst og fremst að auglýsa og halda utan um mót á sambandssvæðinu. Síðasta UMSE-mótið sem ég auglýsti var tvímenningur og í auglýsingunni kom fram að ekki yrði spilað nema að lágmarki tólf pör skráðu sig. Sex pör skráðu sig til



Stefán með spil á hendi í keppni UMSE og HSP - Eyfrðinga og Þingeyinga – árið 1994. Slík keppni milli héraðsambandanna tveggja var árlegur viðburður í mörg ár.



Sigursæl sveit Ungmennafélags Skriðuhrepps árið 1994. Frá vinstri: Helgi Steinsson, Gylfi Pálsson, Gísli Pálsson og Árni Arnsteinsson.



Briddsveit Svarfdælinga árið 1995. Frá vinstri: Gunnlaugur Sigvaldason, Símon Helgason, Trausti Þórisson og Kristján Þorsteinsson.



Böggvisstaðafeðgar skipuðu lengi sigursæla sveit Ungmennafélags Svarfdæla á Dalvík. Frá vinstri: Jón Jónsson, Gunnar Jónsson, Stefán Jónsson og Jón Jónsson.

leiks og því var mótið slegið af. Mig minnir að þetta hafi verið fljótlega eftir aldamótin og síðan hefur ekkert reglulegt briddsstarf verið innan UMSE.

Einhverra hluta vegna hefur lítil endurnýjun orðið hjá briddsspilurum á síðustu árum og það er ekki bara bundið við UMSE, það sama er upp á teningnum hjá Bridgefélagi Akureyrar og víðar.“

Stefán segir margt heillandi við að spila bridds. Efst á blaði sé góður félagsskapur og alltaf sé heillandi að glíma við þær gátur sem briddsið óneitanlega bjóði upp á. „Bridds er ákveðin herkænsla og hugarleikfimi, alltaf er leitast við að koma andstæðingnum á óvart. Lykillinn að því að vera góður spilar er endalaus æfing, að kynna sér vel þær aðferðir sem briddsspilarar í fremstu röð hafa notað og síðast en ekki síst að hafa stærðfræðina á hreinu, að kunna að reikna.“

Spilaði þrisvar í viku

Stefán segist lítið sem ekkert hafa spilað eftir að covidfaraldurinn skall á. Þegar mest var spilaði hann að jafnaði þrisvar í viku. „Á þriðjudögum spilaði ég annað hvort hjá Bridgefélagi Akureyrar eða Bridgefélagi Hlíðarbæjar, á fimmtudögum hér á Svalbarðseyri með félögum mínum og á föstudögum spilaði ég oft með ýmsum spilurum, bæði hér heima eða inn á Akureyri. Eftir að Héðinsfjarðargöngin opnuðu fór ég einn vetur vikulega vestur á Siglufjörð og spilaði þar við heimamenn í Bridgefélagi Siglufjarðar,“ segir Stefán, sem á að baki fjölmörg Íslandsmót í bridds.

Íþrótt- og félagsmálamaðurinn Þóroddur Jóhannsson

Aldarsaga Ungmennasambands Eyjafjarðar er ekki tekin saman án þess að geta sérstaklega um hlut Þóroddar Ingvars Jóhannssonar í henni, svo djúp voru spor hans í sögu sambandsins á síðari hluta tuttugustu aldar.

Ungmennafélagsmaður frá barnæsku

Á uppvaxtarárunum var Þóroddur virkur í uppeldisfélagi sínu, Ungmennafélagi Möðruvallasóknar, keppti undir merkjum þess m.a. í frjálsíþróttum og var til margra ára í fremstu röð í spretthlaupum, stökkum og kastgreinum. Hann lagði ekki

síður hönd á plóg í starfi UMSE sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri. Formaður UMSE var Þóroddur í sjö ár, frá 1957 til 1964, og það sama ár, 1. desember 1964, var hann ráðinn framkvæmdastjóri UMSE í 50% starf. Staðan var auglýst og var Þóroddur ráðinn úr hópi fjögurra umsækjenda. Framkvæmdastjóra-starfinu gegndi hann til 1977.

Þóroddur lét einnig til sín taka í stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) þar sem hann sat samfleytt í fjórtán ár, frá 1973 til 1987, tólf ár sem meðstjórnandi en síðustu tvö árin sem varaformaður.



Þóroddur Jóhannsson var formaður og framkvæmdastjóri UMSE samfleytt í tuttugu ár, frá 1957 til 1977.

Gestkvæmt í Byggðaveginum

Það er margt að minnst frá þeim tíma þegar pabbi var framkvæmdastjóri UMSE. Mér er til dæmis minnstætt að einu sinni, eftir að pabbi og mamma fluttu í Eikarlundinn á Akureyri, hringir mamma í mig og spyr hvort ég geti aðstoðað hana við matseld og undirbúning á móttöku á 25 manna íþróttahópi frá Danmörku sem pabbi hafði boðið í mat. Fyrirvarinn var stuttur en auðvitað var þessu reddað í snatri, eins og venja var. Í Byggðavegi 140 a var oft margt um manninn því fólk kom úr sveitunum með hin ýmsu erindi til pabba sem framkvæmdastjóra UMSE. Oftar en ekki var fólki boðið upp á kaffisopa eða að borða með okkur hádegismat.

Ég á minningar frá því ég var lítil stelpa þegar ég fór með pabba og mömmu á frjálsíþróttamót, héraðsmót og landsmót víða um land. Einnig minnst ég þess að hafa farið með pabba á hin ýmsu íþróttamót sem hann stýrði – t.d. skák- og sundmót. Mér er sérstaklega minnstætt þegar ég fór með honum til Hríseyjar þar sem hann stýrði sundmótum.

Ég hef trúlega ekki verið eldri en tveggja ára þegar ég fór fyrst með pabba í sumarþing UMSE á Laugalandi og þá sá mamma um matseldina þar. Biggi Mar var með kvöldvökurnar og Sigurður Viðar Sigmundsson var einn þeirra sem hélt utan um íþróttæfingarnar.

Pabbi var alla ævi í íþróttum og hann keppti ótrúlega lengi, t.d. skráði hann sig til keppni í kúluvarpi þó að hann væri löngu hættur að æfa frjálssar. Hann æfði blak undir merkjum Skautafélags Akureyrar síðustu árin sem hann lifði.

Ég minnst pabba sem mikils fjölskyldumanns. Honum var mjög umhugað um okkur öll sem næst honum stóðu, stórfjölskylduna og vini.

(Svandís Þóroddsdóttir, dóttir Þóroddar)



Þóroddur kastar kúlu á Norðurlandsmóti á Laugum í Reykadal árið 1957.

Þóroddur fæddist 3. júlí 1932 á Skriðulandi í Arnarneshreppi, sonur Ástríðar Margrétar Sæmundsdóttur og Jóhanns Friðriks Sigvaldasonar. Á barnaldri fluttist hann að Ytri-Reistará. Barnahópurinn var stór, Þóroddur átti tíu alsystkini og eina hálf systur.

Ungur að aldri fór Þóroddur að stunda íþróttir – fyrst og fremst frjálsíþróttir. Árið 1946, þegar Þóroddur var fjórtán ára gamall, keppti hann fyrst í unglingskeppni í frjálsum, sem í nokkur

ár var haldin milli ungmenna í Möðruvallasókn og jafnaldrar þeirra í Glerárþorpi. Sama ár tók hann í fyrsta skipti þátt í héraðsmótum UMSE. Hans síðasta héraðsmót var rúmum fjórum áratugum síðar, árið 1988. Alla tíð keppti hann fyrir Ungmennafélag Möðruvallasóknar.

37 héraðsmót og 11 landsmót

Alls keppti Þóroddur á 37 héraðsmótum UMSE og oftar en ekki hafði hann veg og vanda að

mótunum sem annað hvort formaður eða framkvæmdastjóri UMSE. Hann tók þátt í 23 Norðurlandsmótum í frjálsíþróttum, oft hafði hann yfirumsjón með framkvæmd þeirra og jafnan var hann liðsstjóri Eyfirðinga á mótunum. Þóroddur keppti á ellefu Landsmótum UMFÍ, því fyrsta árið 1955 á Akureyri og það síðasta var 1987 á Húsavík. Framkvæmd Landsmóts UMFÍ á Akureyri í júlí 1981 var í höndum UMSE. Þóroddur var formaður landsmótsnefndar og

Upphringing á aðfangadagskvöld

Eitt sinn fékk Þóroddur upphringingu á aðfangadagskvöld meðan stóð á messu í sjónvarpi. Var þá verið að falast eftir að fá lánuð bingótæki sambandsins fyrir samkomu sem halda átti milli jóla og nýárs úti í héraði. Nú, málinu var reddað. Þetta er dæmi um þá miklu lipurð sem menn áttu vísa.

(Haukur Steindórsson í Ársriti UMSE 1989)



Þóroddur var öflugur spretthlaupari. Hér er hann lengst til vinstri með félögum sínum, Birgi Marinóssyni, Vilhelm Guðmundssyni og Einari Benediktssyni, í sveit UMSE sem varð Norðurlandsmeistari árið 1962 í 4x100 m boðhlaupi.

vann ötullega að undirbúningi mótsins. Einnig var hann framkvæmdastjóri þess ásamt Sigurði Harðarsyni.

Til að byrja með keppti Þóroddur í kastgreinum en þegar hann var kominn á þrítugsaldurinn færði hann sig yfir

í spretthlaupin og stökkin og náði afbragðs góðum árangri í þeim greinum. Það segir sína sögu um keppnissskap Þóroddar

Langir fundir og veisluborð

Það er af mörgu af taka þegar maður rifjar upp minningar tengdar Þóroddi. Það gæti verið efni í heila bók. Mér dettur fyrst í hug þessi einstaka elja og að mikla aldri þá erfiðleika, sem við var að etja hverju sinni. Margrét og Þóroddur opnuðu heimili sitt fyrir þessa starfsemi. Þar var í mörg ár skrifstofa sambandsins og munageymsla, ennfremur voru flestir stjórnarfundir haldnir þar. Fundirnir urðu oft lengri en skrifuð dagskrá gaf tilefni til. Þeir urðu líka eftirminnilegir vegna þess að alltaf var veisluborð hjá Margréti og þá var rætt um allt milli himins og jarðar. Alltaf var treyst á manninn á bak við starfið. (Sveinn Jónsson í Ársriti UMSE 1989)



Þóroddur með gjallarhornið á einu af óteljandi mörgum íþróttamótum sem hann stýrði.

Öflugur frjálsíþróttamaður

Þóroddur var að sönnu öflugur frjálsíþróttamaður og hann keppti í áratugi. Besti árangur hans í einstaka greinum var sem hér segir:

1954	Þrístökk	12,92 m
1958	100 m hlaup	11,0 sek
1959	200 m hlaup	24,0 sek
1959	110 m gr.hlaup	17,0 sek
1959	Stangarstökk	2,90 m
1960	Hástökk	1,59 m
1961	Langstökk	6,12 m
1962	Kringlukast	40,46 m
1965	Kúluvarp	14,05 m
1965	Tugbraut	5.308 stig

og ástundun að 43 ára gamall hljóp hann 100 metrana á 12,0 sek. Þóroddur hljóp oft síðasta sprett Eyfirðinga í 4x100 metra boðhlaupi og það er mörgum í fersku minni að þótt hann tæki síðastur við keflinu fyrir síðasta sprettinn hljóp hann andstæðinga sína uppi og fór oft fram úr þeim á lokametrinum. Síðustu árin sem hann keppti færði hann sig aftur í kastgreinarnar.

Framkvæmdastjóri UMSE

Sem fyrr segir var Þóroddur framkvæmdastjóri UMSE í þrettán ár, frá 1964 til 1977, og var hann fyrstur til að gegna slíku starfi í ungmennnafélagshreyfingunni. Fyrstu árin hafði hann aðstöðu

í einu herbergi á heimili fjölskyldunnar að Byggðavegi 140a á Akureyri en í júní 1972 fluttist skrifstofan að Óseyri 2, sem þá var í eigu Búvélaverkstæðisins, og þar hefur UMSE, í sambygli við Búnaðarsamband Eyjafjarðar, haft aðstöðu allar götur síðan eða í hálfra öld. Í herberginu í Byggðaveginum var ekki aðeins skrifborð fyrir Þórodd, þar var einnig munageymsla og ófáir stjórnarfundir UMSE voru haldnir þar. Það var því gestkvæmt í Byggðaveginum og oft drjúgt fleiri við matar- og kaffiborðið en heimilisfólk. Eiginkona Þóroddar, Margrét Magnúsdóttir, lagði honum ötullaga lið í starfi hans fyrir ungmennafélagshreyfinguna og börn þeirra, Ingvar, Svandís og Bergildur, slógust í för með föður sínum á óteljandi íþróttamót sem hann stýrði eða tók sjálfur þátt í.

Þóroddur sótti Íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal veturinn 1954-1955 en þessi merki skóli var settur á stofn árið 1927 og rekinn í röska fjóra áratugi.

Auk starfa fyrir ungmennafélagshreyfinguna var Þóroddur við verslunar- og skrifstofustörf, stafaði lengi í Tollvörugeymslunni á Akureyri og var öukennari til fjölda ára.



Þóroddur og eiginkona hans, Margrét Magnúsdóttir.

Í viðtali við Skinfxa, blað Ungmennafélags Íslands, þann 1. júní 1972, á fimmtíu ára afmælisári UMSE, segir Þóroddur frá starfi framkvæmdastjóra UMSE: „Það er auðvitað að sjá um allan daglegan rekstur sambandsins, en þar eru íþróttamálin langstærsti þátturinn, þ. e. undirbúningur og skipulagning æfinga og íþróttamóta af ýmsu tagi, ungmennabúða o.fl. Við útvegum kennara og leiðbeinendur til flestra sambandsfélaganna á sumrin, en víða eru líka sjálfbodaðir sem leiðbeina í sínum ungmennafélögum. Í sveitunum er erfitt að halda uppi íþróttæfingum á veturna vegna fámennis, en við leitumst

við að fá skólastjóra og kennara í barna- og unglingaskólunum til samstarfs. Í vetur verður t. d. reynt að koma á glímukennslu í skólum. Árlega eru haldin héraðsmót í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, sundi, handknattleik kvenna, skíðaíþróttum, bridge og skák og stundum í glímu. Þá eru haldin sérstök héraðsmót í frjálsum íþróttum fyrir konur og fyrir drengi. Auk þess eru ýmis konar mót önnur á dagskránni, svo sem keppni við HSP, og lið frá UMSE taka þátt í Norðurlandsmóti í frjálsum íþróttum, sundi og knattspyrnu. Knattspyrnulið UMSE keppir líka í 3ju deild Íslandsmótsins. Varðandi skemmtanahald fer það

í vöxt að halda skemmtanir fyrir heimamenn á öllum aldri, en ekki opinbera dansleiki. Skemmtiefni er þá allt heimabúið, og hefur þetta gefið mjög vel. Héraðssambandið gengst árlega fyrir tveimur meginháttíðum í samvinnu við aðra aðila. Önnur er svokallaður bændadagur Eyfirðinga, haldinn í samvinnu við búnaðarsambandið síðustu helgi í júlí. Þetta er almenn héraðshátíð og jafnan vel sótt. Hin er bindindismótið í Vaglakógi um verzlunarmannahelgina, sem verður að teljast merkur þáttur í starfseminni. Síðan þetta mót komst á fót árið 1964 hefur skemmtanahald um þessa helgi gjörbreytt um

svip til hins betra hér um slóðir. Aðgangseyri er mjög stillt í hóp á þessu móti, og það er hægt vegna mikillar sjálfbodaðvinnu við mótið. HSP og fleiri samtök eiga líka aðild að þessu móti.“

Í þessari tilvitnun í viðtal við Skinfxa getur Þóroddur ekki um einn þátt í starfsemi UMSE sem Þóroddur og Margrét eiginkona hans tengdust sterkum böndum; sumarbúðirnar fyrir börn og unglunga á Laugalandi, sem voru haldnar árlega frá 1964 til 1975. Þær voru afar merkur kaflar í starfi UMSE á sjöunda og áttunda áratugnum og var Þóroddur lykilmáður í skipulagningu þeirra og framkvæmd.

Og óteljandi önnur verkefni rötudu inn á borð Þóroddar sem hann vann ötullaga að. Nefna má skógrækt í Öxnadal og Jónasarlund sem þar er. Einnig kom hann mjög að uppsetningu minnisvarða um skáldið Davíð Stefánsson, sem var reistur í garðinum í Fagraskógi, að ógleymdum ársritum UMSE sem Þóroddur lagði jafnan mikla vinnu í. Þessi rit voru og eru enn ómetanleg heimild um öflugt starf UMSE á þessum tíma.

Þóroddur varð bráðkvaddur á Akureyri 2. júlí 1989, tæplega 57 ára að aldri.

Ungmennafélagsmaður fram í fingurgóma

Vilhjálmur Björnsson, Villi frá Ölduhrygg, Villi Björns eða Villi hlaup. Allir sem störfuðu í ungmennafélagshreyfingunni í Eyjafirði á síðari hluta tuttugustu aldar – og raunar miklu víðar um land – þekktu Villa. Ekki síst var hann tengdur frjálsum íþróttunum alla tíð, hann studdi og hvatti iðkendur með ráðum og dáð, mætti á öll þau mót sem hann mögulega gat og enginn kom að tómunum kofanum hjá honum þegar kom að því að grufna upp tíma iðkenda í hlaupum eða kast- og stökklengdir. Villi var tölvan sem festi tölurnar vel í minni og það stóð ekki á svari þegar hann var spurður.

Villi fæddist í Ölduhrygg í Svarfaðardal 1. mars 1942, fimmtíu í aldursröð sjö systkina, og ólst þar upp. Veturinn 1954 var



Við rásmarkið á Akureyrarvelli. Vilhjálmur Björnsson – Villi lengst til hægri.

Kristján Jóhannsson, langhlaupari frá Hlíð í Skíðadal, sem var í fremstu röð langhlaupara landsins um og eftir 1950 og hljóp 10 km á Ólympíuleikunum í Helsinki

árið 1952, ráðinn þjálfari hjá UMSE. Kristján var m.a. með leikfimiæfingar í Samkomuhúsinu Grund í Svarfaðardal og kveikti í Villa og félögum hans í dalnum

Drenglyndur keppnismaður

Það var einstakt fordæmi sem Þóroddur gaf bæði í starfi og leik, mikill keppnismaður sem jafnan gætti drenglyndis. Reglusamur í starfi, lífsstíll og ástundun við öll viðfangsefni var frábær. Sem dæmi má nefna þátttöku hans í keppni á landsmótum UMFÍ. Þar mætti hann til leiks á ellefu mótum. Ekki var þó endilega markmiðið að komast á verðlaunapall, heldur að vera með í hollum og góðum leik og styrkja félagsskapinn.

(Sigurður Jósefsson í Ársriti UMSE 1989)

sem stofnuðu íþróttafélagið Karl rauða. Félagið varð ekki langlíft en náði þó að halda þrjú frjáls-íþróttamót sumarið 1954.

Í millivegalengdum og langhlaupum

Það var rökrétt framhald hjá Villa að ganga í Ungmennafélagið Þorstein Svörfuð árið 1957 þar sem hann tók strax sæti í íþróttanefnd félagsins. Þá var hann byrjaður að æfa millivegalengdir og langhlaup og spilaði auk þess fótbolta með sveitungum sínum. Oft voru spilaðir leikir milli Austur- og Vesturkjálka, þ.e. þeirra sem bjuggu austan og vestan Svarfaðardalsár, og spilaði Villi að sjálfsgöðu með Austurkjálkamönnum. Þetta sama sumar skráði hann sig til þátttöku í 3000 metra hlaupi á héraðsmóti UMSE og mætti til leiks í striga-skóm með þykkum botnum, stuttbuxum og hvítri skyrtu sem hann hafði klippt ermarnar af. Þegar Villi mætti á mótsstað tjáði Þóroddur Jóhannsson, þá formaður UMSE, Villa að hætt hefði verið við keppni í 3000 metrum en þess í stað yrði keppt í 3000 metra hindrunarhlaupi. Það kom á Villa því hann hafði aldrei keppt í þessari grein. En hann lét sig hafa það, skráði sig til leiks og komst klakklaust yfir hindranirnar þar til kom að vatnsgryfjunni, þar missti Villi fótanna, steptist ofan í gryfjuna og blotnaði upp að öxlum. Hann brosti að öllu saman og lagði tímann í þessu fyrsta hindrunarhlaupi vel á minnið, 13:03,5 mín.

Fyrsta keppnin utan héraðs var í drengjahlaupi Ármanns í Reykjavík þar sem Villi hljóp í sveit Eyfirðinga með Jóni



Vilhjálmur Björnsson - stoltur UMSE-maður árið 2006. Hann var aðalstjórnarmaður UMSE í ellefu ár, frá 1972 til 1983. Mynd: Friðrik Vilhelmsson.

Gíslasyni og Birgi Marinóssyni. Sveitin varð í öðru sæti.

Á árunum 1958-1960 var Villi við nám í Héraðsskólanum á Laugum og stundaði íþróttir af krafti. Þráðinn í æfingum og keppni í hlaupum tók hann síðan upp árið 1961 þegar Stefán Magnússon frá Árgerði þjálfaði iðkendur í ungmennafélögunum Þorsteini Svörfuði og Atla og kveikti mikinn áhuga unga fólksins á frjálsíþróttum. Um tíma var Villi í byggingarvinnu í Reykjavík, við að byggja lögreglustöðina við Hlemm, og jafnframt æfði hann með KR, m.a. með hlaupabráðrunum Kristleifi og Halldóri Guðbjörnssonum.

Æfingar með sterkum hlaupurum styrktu Villa og hann fór að vinna héraðsmót UMSE, 17. júní hlaup og Norðurlandsmót.

Villi var iðinn við æfingar og keppni á sjöunda áratugnum og náði sínum besta árangri í 1500 m árið 1964 – 4:25,4 mín, 5000 m árið 1965 – 17:39,0 og 800 m árið 1969 - 2:07,0 mín.

Þess var farið á leit við Villa að hann myndi hlaupa 10.000 m hlaup í landskeppni við Dani í júlí 1963. Því neitaði hann enda hefði hann aldrei hlaupið þá vegalengd. Ætla má að þetta hafi verið í eina skiptið sem Villi neitaði þátttöku sem keppandi eða starfsmaður á frjálsíþróttamóti.



Vilhjálmur var íþrótt- og félagsmálamaður fram í fingurgóma. Auk íþróttanna hafði hann mikla ánægju af söng og var karlakórsmáður til fjölda ára. Þessa mynd tók Friðrik Vilhelmsson af Villa árið 2010.

Í aðalstjórn UMSE í ellefu ár

Eftir að Villi hætti að keppa lagði hann alla sína krafta í að hvetja til dæða unga iðkendur í frjálsum og öðrum íþróttum, bæði í Svarfaðardal og á Dalvík, eftir að hann flutti þangað. Hann taldi ekki eftir sér að keyra ítrekað með unga og efnilega iðkendur um langan veg á æfingar og í keppni og alltaf voru ófá skópörin í skottinu ef ske kynni að vantaði skóbúnað þegar á hólminn væri komið.

Óhikað má ætla að Villi hafi keyrt fleiri þúsund kílómetra með krakka á æfingar og í keppni en aldrei tók hann krónu fyrir aksturinn. Og framlag hans til UMSE var ómælt, m.a. var hann í aðalstjórn sambandsins samfelld í ellefu ár, frá 1972 til 1983. Hann naut hverrar stundar og sat ótelj-

andi ársþing UMSE og UMFÍ og mætti á alla þá íþróttaviðburði sem hann gat. Íþróttáhuginn var ósvikinn. Í viðtali í ársriti UMSE árið 1983, síðasta stjórnarári Villa, rifjaði hann upp einn stjórnarfundinn í UMSE, sem hann kallaði Mjólkurfundinn. Jóhannes Geir Sigurgeirsson var þá formaður UMSE. Í viðtalinu lýsir Villi fundinum svo: „Á þessum tiltekna fundi var fluga eitthvað að angra Jóhannes. Þegar hún settist svo á tveggja lítra mjólkurfernu sem stóð á borðinu hjá okkur ætlaði Jóhannes að losa sig við hana í eitt skipti fyrir öll. Hann sló í fernuna með þeim afleiðingum að hún valt um koll og mjólkin flæddi yfir mig. Það kom mikið fát á Jóhannes og hann ætlaði að rétta fernuna við. Það tókst hins vegar ekki betur fyrir honum en svo að allt sem

eftir var í henni helltist yfir okkur Þóri Snorrason. Ég fékk þó miklu stærri gusu en Þórir og rennblotnaði allur að framan.“

Ófá landsmótin sótti Villi, framan af sem keppandi og síðar sem ötull liðsmaður UMSE og áhorfandi.

Hann vann af krafti að undirbúningi og við framkvæmd fyrsta unglingslandsmöts UMFÍ á Dalvík árið 1992 og sótti eftir það öll unglingslandsmót til dauðadags. Hann hafði mikla ánægju af því að fylgjast með ungu og efnilegu frjálsíþróttafólki og lagði árangur þess vel á minnið.

Það var Villa eftirminnilegt þegar hann var fenginn til þess að vera einn af fararstjórum íslenskra frjálsíþróttamanna á Nordkalottmót í Alta í Norður-Noregi í júlí 1983. Í mótinu tóku þátt, auk Íslendinga, keppendur frá norðurhéraðum Svíþjóðar, Noregs og Finnlands. Auk fararstjórnar íslenska hópsins var Villi fenginn til þess að dæma í nokkrum greinum á mótinu og afhenti einnig verðlaun. Var hann við það tækifæri kynntur til sögunnar sem gamall íþróttamaður og íþróttافرömuður frá Íslandi.

Þegar nýr knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur var byggður á Dalvík í aðdraganda unglingslandsmöts UMFÍ árið 1992 var Villi einn margra sjálfboðaliða í UMFS sem lögðu hendur á plóg. Verkefnið var honum mikilvægt – ekki síst þótti honum vænt um að fá hlaupabrautir við völinn. Síðar keypti UMFS tvo vegavinnuskúra til þess að hafa við íþróttavölinn, annar nýttist sem geymsla en hinn sem sjoppa. Þröngt var um



Villi og Hrefna Helgadóttir úr Ungmennafélaginu Samherjum.

fjárhaginn en til þess að endar næðu saman lagði Villi fram krónur og aura úr eigin vasa.

Árið 1992 sameinuðust Ungmennafélag Svarfdæla og UMSE um fimm tugsafmælisgjöf til Villa; ferð á Ólympíuleikana í Barselóna. Hennar naut íþróttárhugamaðurinn mjög og minntist oft.

Árið 2008 heiðraði Dalvíkurbyggð Villa fyrir stuðning hans við íþróttastarf og íþróttafólk í sveitarfélaginu og fjórum árum síðar var hann sæmdur gullmerki UMSE fyrir störf sín í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs á Eyjafjarðarsvæðinu.

Árið 2012, þegar Villi varð

sjötugur, buðu foreldrar frjálsíþróttakrakka í Ungmennafélagi Svarfdæla til sjötugsfámælisveislu Villa til heiðurs og í þakklætiskyni fyrir allt hans mikla starf í þágu uppeldis- og íþróttastarfs á Dalvík.

Villi var mættur!

Á Dalvík vann Villi ýmis verkamannastörf, lengst af við fiskvinnslu, fyrst hjá KEA og síðan Samherja. Hann lést 7. desember 2014, 72 ára að aldri. Í minningarorðum í Morgunblaðinu á útfarardeginum 20. desember 2014 minnast bræðurnar frá Völlum í Svarfaðardal, Árni Þór, Arnar Már og Atli Örn,

hans m.a. með þessum orðum: „Það var blússandi þurrkur í Svarfaðardalnum og allt heimilisfólk úti á túni þar sem heyskapur var í hámmæli. Úr fjarska sjáum við bifreið nálgast og upp heimreiðina læðist rauð fólksbifreið og þegar hún er komin á bæjarhlaðið sjáum við að þetta er Cortína. Þetta þýddi bara eitt; frjálsíþróttamót! Villi hlaup var mættur að sækja okkur bræðurna og gildi einu þótt allir væru uppteknir við heyskap og þess vegna var viðmót föður okkar heldur kuldalegt, hann mátti ekki við að missa vinnumennina. En Villi bara beið eins og enginn væri morgundagurinn, beið á meðan við gerðum okkur klára til að stökkva burt með honum. Og svona liðu sumrin, Villi einfaldlega birtist á hlaðinu, sagðist vera búinn að skrá okkur á mót. Við bræðurnir vorum alltaf ánægðir með þetta framtak Villa því okkur þótti öllum gaman að hlaupa og stökkva. Villi var líka forsjáll, hann bar ævinlega með sér margir stærðir af hlaupaskóm og kom það sér oft vel þegar stokkið var af stað með stuttum fyrirvara. Okkur fannst gaman að ferðast með Villa, hann var afar fróður, sérstaklega þegar kom að íþróttum. Hann var geysilega minnugur, mundi alla okkar hlaupatíma, hversu langt við höfðum stokkið og meira að segja hvenær það hafði gerst. Okkur fannst þetta alltaf stórkostlegt og í raun gátum við hreinlega „flett“ upp í Villa, hann mundi allt. Þá var oft glatt á hjalla hjá okkur því kímni gáfa Villa var okkur að skapi.“



Jón Sævar Þórðarson þjálfaði frjálsíþróttafólk í UMSE um nokkurra ára skeið á tíunda áratugnum og auk þess var hann framkvæmdastjóri UMSE í ríflega tvö ár.

Einu sinni þjálfari, alltaf þjálfari!

Íþróttakennarinn Jón Sævar Þórðarson hefur alla sína starfsævi lagt krafta sína í að þjálfra unga sem aldna í íþróttum og leggja þeim línurnar með holla hreyfingu. Þekktastur er hann fyrir frjálsíþróttþjálfun árum og áratugum saman og hann var líka lengi keppnismaður í frjálsum og keppti fyrir Reyni á Árskógsströnd og UMSE. Í nokkur ár sá Jón Sævar um frjálsíþróttþjálfun hjá UMSE og var framkvæmdastjóri sambandsins í tvö ár.

Jón Sævar er 101 Reykvíkingur og sleit barnsskónum á horni Þingholtsstrætis og Bankastrætis. „Ég æfði fótbolta og handbolta með Val á mínum yngri árum en

síðan urðu frjálssar hjá ÍR ofan á,“ rifjar hann upp.

Engir meðalmenn

Þjálfaraferilinn norðan heiða hóf Jón Sævar hjá frjálsíþróttadeild KA á Akureyri árið 1979 en síðan tók hann að sér þjálfun hjá Reyni á Árskógsströnd og komst fljótlega að því að Árskógsstrendingar væru engir meðalmenn. Hann segist hafa haft orð á því að hann gæti vel þegið grindur til þess að æfa krakkana í grindahlaupi. Ströndungarnir gengu fljótt og vel í málið, smíðuðu grind úr afgangsjárni og færðu Jóni Sæv-ari og innan nokkurra daga höfðu þeir smíðað tíu slíkar grindur.

„Þegar ég hafði fengið grindurnar hugsaði ég með mér; já, þetta eru greinilega alvörmenn! Slíkum vinnubrögðum hafði ég aldrei áður kynnst. Ég var með æfingar tvisvar til þrisvar í viku, á veturna var æft í félagsheimilinu í Árskógi og stundum æfðum við á Þjóðvegnum, t.h. hljóp Elvar Reykjalin þar grindahlaup! Árskógsstrendingarnir voru fyrst og fremst grjótharðir Reynismenn – lögðu sinn kraft og hjarta í að starfa og keppa fyrir Reyni. Enn þann dag í dag er ég skráður í þetta ágæta félag og ef svo ólíklega vildi til að ég færi út á völlum að keppa yrði það fyrir Reyni á Árskógsströnd.“



Jón Sævar var framkvæmdastjóri UMSE frá október 1990 til ársloka 1992.

Frjálsíþróttapjálfun hjá UMSE

Árið 1982 fór Jón Sævar í íþróttakennaranám á Laugarvatni og sumarið 1983 hóf hann að þjálfa frjálsíþróttir hjá UMSE, fór á milli aðildarfélaganna og leiðbeindi áhugasömum krökkum. Fimm árum síðar, nánar tiltekið 1. nóvember 1988, var Jón Sævar ráðinn frjálsíþróttapjálfari sambandsins í fullu starfi. Þann vetur sá þó Hólmfríður Erlingsdóttir um innanhússpjálfunina í samráði við Jón Sævar en hann tók alfarið við þjálfuninni vorið 1989.

„Staðreyndin er sú að á þessum tíma var mikill kraftur í frjálsíþróttastarfinu hjá héraðsamböndunum út um allt land og þau lögðu fjármagn í að fá

þjálfara til starfa. Ég hafði unnið hjá UMFK í Keflavík í tvö ár í kringum Landsmót UMFÍ í Keflavík og Njarðvík árið 1984 og þekkti því kraftmikið starf héraðssambandanna. Ég þurfti því ekki lengi að hugsa mig um þegar mér bauðst að taka að mér þjálfun í fullu starfi hjá UMSE.

Ég var með æfingar hjá aðildarfélagunum en einnig sóttu krakkarnir æfingar á Akureyri. Einn af þeim sem lögðu ómælda vinnu á sig í þágu ungmennafélagsstarfsins var Villi Björns á Dalvík.

Ófáar ferðirnar fór hann með krakkana frá Dalvík og úr Svarf-aðardal á æfingar inn á Akureyri og fylgdi þeim á mót ár eftir ár. Akstur Villa í gegnum árin í þágu íþróttastarfs á Eyjafjarðarsvæðinu

nam örugglega fleiri hundruð þúsund kílómetrum. Villi var ótrúlega mikilvægur hlekkur í öllu þessu starfi og því stakk ég upp á því sem framkvæmdastjóri UMSE að í tilefni af fimmtugsafmæli sínu árið 1992 fengi Villi að gjöf ferð á Ólympíuleikana í Barselóna. Úr varð að UMSE og Ungmennafélag Svarfdæla á Dalvík stóðu sameiginlega að gjöfinni. Hana verðskuldaði Villi svo sannarlega fyrir allt hans mikla starf fyrir ungmennafélags-hreyfinguna í áratugi.“

Framkvæmdastjóri UMSE

Auk þjálfarastarfsins tók Jón Sævar að sér framkvæmdastjórn UMSE frá 1. október 1990 og



Með Sveini Jónssyni, bónda og félagsmálafrömuði í Kálfskinni, árið 1992.

var um tveggja ára skeið í báðum störfum. Valdimar Friðriksson var ráðinn framkvæmdastjóri UMSE frá ársbyrjun 1993 og gegndi því fram á árið 1994 þegar hann fór til starfa hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ. Jón Sævar hélt áfram sem frjálsíþróttapjálfari UMSE en á árinu 1995 tók UMSE upp samstarf við UFA um frjálsíþróttapjálfun og sá Jón Sævar um hana til 1998 þegar hann flutti til Reykjavíkur.

Auk framangreindra verkefna lét Jón Sævar ýmislegt til sín taka á þessum árum, m.a. var hann mótsstjóri á tveimur ESSO-mótum KA í fótbolta, sem nú heita N1-mótin.

Hugmyndasmiður unglíngalandsmótanna

„Starf framkvæmdastjóra UMSE fór ágætlega saman með þjálfuninni. Ég hafði kynnst ýmsum góðum mönnum innan sambandsins sem leiðbeindu mér og gáfu mér góð ráð. Þetta var á margan hátt fjölbreytt starf og gekk m.a. út á að styðja við starf aðildarfélaganna, t.d. í fjáröflunum. Fyrir jólin minnst ég þess að félögin voru með sölu á ýmsum vörum sem gaf ágætar tekjur. Auðvitað var mest um að vera yfir sumarið en einnig var eitt og annað í gangi yfir vetrarmánuðina, ýmsar skemmtilegar uppákomur og mót, ágætlega sótt

briddsmót koma til dæmis upp í hugann.

Sem framkvæmdastjóri UMSE setti ég fram hugmynd um að sambandið réðist í eitthvert stórt verkefni sem aðildarfélagin myndu sameiginlega leggja krafta sína í, svo eftir yrði tekið. Hugmynd mín var sú að UMSE stæði fyrir unglíngalandsmóti á sambandssvæðinu sumarið 1992, sem yrði þá um leið vegleg afmælisgjöf til UMSE í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins. Hugmyndina kynnti ég fyrst á haustþingi UMFÍ á Hallormsstað og þar var tekið nokkuð vel í hana. Þó voru efasemdaraddir, t.d. voru nokkrir af mínum gömlu félögum í HSK, sem ég hafði unnið fyrir nokkrum árum fyrr, fullir efasemda í byrjun en það breyttist fljótt. Hugmynd mín var sú að á unglíngalandsmótunum yrðu nokkrar kjarnagreinar og síðan hefðu mótshaldarar val um að bæta við greinum sem þeir hefðu sérstakan áhuga á. Ég hafði frá upphafi í huga að ef vel tækist til yrði mótið á Dalvík það fyrsta af mörgum slíkum unglíngalandsmótum, sem hefur gengið eftir. Fyrstu árin voru mótin haldin um miðjan júlí en síðar færðust þau á verslunarmannahelgina, sem var mikilvægt og gott skref.

Í tengslum við mótið á Dalvík var mikil uppbygging íþróttasvæðisins þar og árið eftir var einboðið að nýta aðstöðuna fyrir Íslandsmeistaramótið í frjálsum 11-23 ára. Áður hafði þessu breiða aldursbili verið skipt á tvö mót en vegna þess hversu aðstaðan var orðin góð á Dalvík vegna unglíngalandsmótsins var



Jón Sævar Þórðarson og Helgi G. Björnsson á páskamóti UMSE árið 1997.

unnt að halda þetta stóra frjálsíþróttamót þar.“

Þjálfari á höfuðborgaravæðinu

Jón Sævar hefur frá 1998 búið í Reykjavík og sem fyrr starfar hann í þjálfun. Til ársins 2019 þjálfaði hann frjálsíþróttafólk en nú einbeittir hann sér að fjölpættir styrktarþjálfun knattspyrnu-krakka og ekki má gleyma hópþjálfun eldri borgara hjá Breiðabliki og ÍR, sem Jón Sævar hefur verið með undanfarin ár og segist hafa mikla ánægju af.

Einu sinni þjálfari, alltaf þjálfari! Eftir meira en fjögurra áratuga þjálfaraferil segist Jón Sævar enn þann dag í dag njóta þess að miðla þekkingu sinni og reynslu.

Sögulegt stökkmót Reynis

Sunnudagurinn 14. mars 1999 er skráður með stóru lettri í sögu Ungmennafélagsins Reynis á Árskógsströnd. Reynismenn blésu í herlúðra og efndu til stökkmóts í Íþróttahöllinni á Akureyri. Viðburður sem öllum þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína í Höllina þetta sunnudagskvöld er eftirminnilegur.

Hugmyndina að mótinu átti Jón Sævar Þórðarson. Á þessum árum var stökkmót ÍR árviss viðburður í höfuðborginni og Jón Sævar vissi að margir heimsþekktir íþróttamenn væru bókaðir á mótið hjá ÍR árið 1999. Hann hringdi í Véstein Hafsteinsson kollega sinn og fékk hann í lið með sér til þess að selja íþrótt-

fólkinu þá hugmynd að keppa einnig á móti á Akureyri. Þegar það var orðið klárt var Jón Sævar nokkuð viss um að ef einhverjir væru færir um að skipuleggja og setja upp slíkt mót með stuttum fyrirvara væru það félagar hans í Reyni á Árskógsströnd. Hann hringdi því norður í Reynismenn og þar með var teningnum kastað.

Jón Sævar rifjar upp að auðvitað hafi þessi hugmynd verið eilítið galin og meira að segja hafi Sveinn Jónsson í Kálfsskinni, sem í gegnum tíðina hefur ekki verið þekktur af öðru en bjartsýni, haft miklar efasemdir um að nægilega margir áhorfendur myndu kaupa aðgang að mótinu til þess að

standa undir útlögðum kostnaði. Jón Sævar segist hafa verið á öðru máli og hann hafði rétt fyrir sér því um 1500 áhorfendur fylltu pallana í Höllinni. Áræðni Reynismanna borgaði sig og þetta mót hefur verið skráð í söguþekkingar sem eitt af merkustu frjálsíþróttamótum á Akureyri fyrir og síðar – og þótt víðar væri leitað.

200 vörubretti og gúmmí í tonnavís

Jón Sævar brosir breitt þegar hann rifjar þetta upp. „Við reyndum að fá Íþróttahöllina til afnota strax að morgni mótsdags, sem reyndist ekki unnt því ekki var vilji til þess að fella



Einar Karl Hjartarson, ÍR, bætti eigið Íslandsmet í hástökki innanhúss tvívegisá Akureyri í gærkvöld. Einar Karl stökk fyrst yfir 2,17 metra og bætti síðan metið aftur er hann stökk í fyrstu tilraun yfir 2,20 metra.

Stökkmót Reynis á Akureyri í gærkvöld:

2,20 m

– Einar Karl bætti Íslandsmetið í hástökki. Jón Arnar stökk 5,20 m í stönginni og Vala vann og stökk 4,20 m

Gríðarleg stemning var í Íþróttahöllinni á Akureyri á stökkmóti Reynis. Einar Karl Hjartarson stal senunni þegar hann setti nýtt Íslandsmet innanhúss í hástökki, 2,20 m. Þetta er frásögn DV af mótinu daginn eftir, 15. mars 1999.

niður útleigða badmintontíma fyrir hádegis. Við fengum húsið því ekki fyrir en upp úr hádegi og þá voru ekki margir tímar til stefnu til þess að gera allt klárt fyrir mótið um kvöldið. Úr um 200 vörubrettum útbjuggum við aðhlaupsbrautir fyrir langstökk og stangarstökk og ofan á brettin voru lögð um þrjú tonn af gúmmí sem hafði verið flutt frá Reykjavík. Hástökkisdýrnar komu frá Árskógsströnd og Dalvík, stangarstökkssúlurnar frá Sauðárkróki og síðan var

flutt ógrynni af sandi inn í Höllina í langstökksgryfjuna. Stangirnar fyrir stangarstökkið flutti Sæmundur Runólfsson, þáverandi framkvæmdastjóri UMFÍ, á bíl sínum frá Reykjavík til Akureyrar. Margir tugir manna unnu baki brotnu að því að gera Íþróttahöllina klára fyrir mótið áður en það hófst klukkan 20 um kvöldið og mátti ekki tæpara standa,“ segir Jón Sævar.

Það sem gerði mótið afar forvitnilegt fyrir áhorfendur var að á það mættu okkar bestu


stökkvarar í hástökki, langstökki og stangarstökki. Vala Flosadóttir og Jón Arnar Magnússon voru þá í fremstu röð í stangarstökki og tugþraut í heiminum og erlendis frá komu frægir frjálsíþróttamenn eins og Erki Nool frá Eistlandi, sem var á þessum tíma ríkjandi Evrópumeistari í tugþraut utanhúss, og heimsmeistarinn í sjöþraut innanhúss, Pólverjinn Sebastian Chmara.

Heimsfrægir íþróttamenn

Það var heldur betur dramatík í stangarstökk skeppni karla. Svo fór að Erki Nool sigraði með 5,30 m stökki, Jón Arnar varð annar með 5,20 m og Sebastian Chmara stökk 5,10 m.

Stökk Erki Nool yfir 5,10 m verður lengi í minnum haft því hann gerði mistök og lenti til hliðar við stökkdýnuna. Áhorfendur gripu andann á lofti og óttuðust að þessi heimsþekkti íþróttamaður væri stórslasaður. En hann harkaði þetta af sér, setti kælípoka á kálfann um stund og hélt síðan áfram eins og ekkert væri. Ótrúlegur íþróttamaður, sem varð Ólympíumeistari í tugþraut rösku ári síðar!

Í stangarstökki kvenna voru líka heimsfrægir stökkvarar mættir til leiks: Vala Flosadóttir, sem þá hafði nýverið unnið til silfurverðlauna í greininni á heimsmeistaramótinu innanhúss, Zsusa Szabó frá Ungverjalandi, sem vann til bronsverðlauna á sama móti, Monique DeWilt frá Hollandi, sem varð í fjórða sæti á Evrópumeistaramótinu utanhúss árið 1998, og Þórey Edda Elís-dóttir úr FH, sem þá var farin að



Nokkrar myndir sem Skinfaxi – blað UMFÍ – birti frá stökkmóti Reynis.

hans innanhúss var 2,16 m en hann gerði sér lítið fyrir og bætti það fyrst um einn sentímetra og stökk 2,17 m og síðan gerði hann enn betur og stökk yfir 2,20 m. Annar í hástökkinu varð Norðmaðurinn Vegard Hansen frá Noregi með 2,10 m og þriðji Pólverjinn Sebastian Chamara með 2ja metra stökk.

Sýndum að þetta er hægt!

Í umfjöllun um stökkmót Reynis í Morgunblaðiðinu 16. mars 1999 var m.a. rætt við Jón Sævar Þórðarson um mótið: „Þetta er náttúrulega langstersti viðburðinn á sviði frjálsum íþróttum sem Eyfirðingar hafa staðið að og gefur vonandi tóninn fyrir framhaldið. Við sýndum að þetta er hægt og það var líka markmiðið. Sömuleiðis vildum við glæða áhugann á frjálsum íþróttum hér og vekja athygli á aðstöðunni. Auðvitað væri betra að þurfa ekki að standa í allri þessari smíðavinnu og til dæmis mætti vera stangarstökkstokkur á réttum stað í gólfinu, sem ætti ekki að vera mikið mál. Aðstaðan mætti því vera betri en þetta er hægt með mikilli vinnu. Þetta gekk upp og við erum himinlifandi.“

nálgast þær bestu í heiminum. Svo fór að Vala og Zsusa Szabó stukku báðar 4,20 m, Þórey Edda 3,80 m en De Wilt felldi byrjunarhæðina, 3,80 m.

Langstökk kvenna sigraði Guðný Eyþórsdóttir ÍR, stökk 5,80 m, Sigurlaug Nielsdóttir UMSE varð önnur með 5,42 m og Anna Margrét Ólafsdóttir UFA þriðja með 5,18 m.

Í langstökki karla sigraði Ólafur Guðmundsson HSK með 7,18 m, annar varð Jón Arnar

Magnússon með 7,06 m og þriðji Arnar Már Vilhjálmsson UFA með 7,05 m stökk.

Í hástökki kvenna sigraði Þórdís Gísladóttir ÍR með 1,73 m stökk, önnur varð Marianna Hansen með 1,65 og þriðja Guðbjörg Lilja Bragadóttir með sömu hæð.

Hástökkskeppni karla var stórkostleg skemmtun. Þar kom, sá og sigraði 18 ára gamall Húnavetningur, Einar Karl Hjartarson, sem keppti fyrir ÍR. Íslandsmet



Eitt af grunnstefnunum í starfsemi ungmennafélagsbreyfingarinnar á 20. öld var bindindi.

Áhersla á bindindi

Fyrstu áratuginu eru bindindismál sem rauður þráður í gegnum starf ungmennafélaga í Eyjafirði, enda voru þau eitt af þeim málum sem voru sett á oddinn þegar til ungmennasambands var stofnað í byggðarlaginu í apríl 1922. Um tíma, á fjórða áratugnum, sagði UMSE sig úr Ungmennafélagi Íslands þar sem Eyfirðingum fannst sem UMFÍ hefði hvikað frá stefnu ungmennafélagshreyfingarinnar í bindindismálum.

Óhikað má þó segja að íþróttamál hafi vegið þyngra í umræðunni þegar líða tók á 20. öldina og raunar voru þau ofarlega á blaði frá byrjun. Menn voru sammála um nauðsyn hreyfingar og hollra lífshátta og starf UMSE og ákvarðanir ársþinga tóku mið af því.

Algeir afneitun áfengis

Árið 1932 sendi stjórn UMSE bréf til aðildarfélaganna þar sem m.a. var fjallað um bindindismálin. Þar segir: „Við lítum svo á, að ein sterkasta líftaug ungmennafélagsskaparins sé alger

afneitun áfengis. Honum sé því voðinn vís, ef ekki tekst að halda fast við þá stefnu. En þar sem nú virðist hik á æði mörgum, er ástæða til að vera vakandi og gefa ekki höggstað þeim, er raska vilja grunninum sem ungmennafélögin eru reist á og orðið hefir til mestra þrifa. Við viljum því skora á alla ungmennafélaga að taka höndum saman og vera vökumenn gegn áfengisbölinu. Máttur samtakanna er mikill. Og er við viljum verður árangur.“

Hneyksli hneykslanna

Bindindismálin voru ofarlega á blaði hjá UMSE og öðrum ungmennafélögum langt fram á 20. öldina. Í 40 ára afmælisblaði UMSE skrifar Pétur Sigurðsson, erindreki Stórstúku Íslands um árabil, harða ádrepu um áfengismálin. Þar segir hann m.a.: „Áfengissalan er vissulega hneyksli hneykslanna. Ekki er til í mannheimi neitt hneykslanlegra og fráleitara en það, að leyfa einstaklingum eða stofnunum að gera það að gróðavegi að selja

mönnum drykk, sem sviptir þá því, sem dýrmætast er og maður vill sízt missa – vitinu, þótt ekki sé nema um stundarbíl að ræða, þá hefur það iðulega nægt til að drýgja glæpin. Að selja mönnum drykk og að drekka slíkan drykk, sem sviptir menn ráði og rænu, breytir viðmótsgóðum manni í villidýr, stundum í glæpamann, eyðileggur líf milljóna manna, veldur stórslysum um víða veröld og leiðir eynd og þjáningar yfir milljónir venzlamanna þeirra milljóna manna, sem sjúklingar verða, er sú mesta heimska, sem fávíst mannkyn hefur ratað í.“

Hér er hvergi dregið af í málflutningi Péturs og víst er að hann átti sér margra skoðanabræður innan ungmennafélagshreyfingarinnar, jafnt í Eyjafirði sem annars staðar. En það voru líka til þeir innan hreyfingarinnar sem töldu slíkan málflutning ganga of langt. Af fundargerðum ársþinga UMSE má ráða að langt fram eftir 20. öldinni tókust menn á um bindindismálin og gildi þeirra fyrir starf ungmennafélaganna. En menn voru þó sammála um að mikilvægt væri að halda áfengi, tóbaki og öðrum vímugjöfum frá ungu fólki eins og kostur væri. Í því ljósi stóð UMSE fyrir heimsóknum í skóla á sambands-svæðinu þar sem farið var yfir skaðsemi áfengis og tóbaks og ásamt öðrum félagasamtökum tók sambandið þátt í að halda bindindismót um verslunarmannahelgina. Og þessi andi lifir enn á unglíngalandsmótum UMFÍ um verslunarmannahelgina, á sama tíma og stærstu útisamkomur landsins eru og hafa lengi verið haldnar.

Héraðs- og bindindismót og bændadagar

Skemmtanahald af ýmsum toga var fastur liður í starfsemi UMSE á árum áður. Framan af 20. öldinni var efnt til héraðsmóta, sem var blanda af íþróttum og afþreyingu. Síðan vann Bændadagur Eyfirðinga sér fastan sess en hann var haldinn árum saman víða um héraðið í samstarfi við búnaðarfélögin og Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Annar þáttur í starfsemi UMSE á sjöunda áratugnum var aðild að undirbúningi og framkvæmd bindindismóta í Vaglakógi um verslunarmannahelgina. Tilgangurinn með þeim var annars vegar að standa fyrir áfengislausu skemmtanahaldi um þessa mestu ferðahelgi ársins og hins vegar að afla UMSE tekna, því alltaf skorti fé til þess að reka sambandið frá degi til dags.

Seldu tvö hundruð lítra af mjólk

Skemmtileg frásögn er af héraðsmóti UMSE í Degi árið 1939. Mótið var haldið á Möðruvöllum í Hörgárdal 6. ágúst og þar var margt til skemmtunar. Fyrst var messað, síðan voru fluttar ræður og ávörp og ljóð lesin upp, m.a. minntist Jóhannes Óli Sæmundsson, þáverandi stjórnarformaður UMSE, Hannesar Hafstein skálds, sem fæddist á Möðruvöllum. Síðan var knattspyrnukeppni milli Höfðhverfinga og Dalvíkinga þar sem Höfðhverfingar höfðu betur. Botninn

var sleginn í héraðsmótið með fjögurra tíma dansi í samkomuhúsi Arnarnehrepps að Reistará. Í frásögn af héraðsmótinu segir Dagur síðan: „Héraðssambandið seldi mjólk og brauð. Voru drukknir upp um 200 lítrar mjólkur, og bar lítið á óánægju yfir því, þó ekki væru seldir vindlingar eða kaffi. Að vísu seldi óviðkomandi maður lítilsháttar af gosdrykkjum, og var það látið afskiptalaust. Lögregla var á staðnum (Magnús Jónasson). Sáust aðeins örfáir menn undir áhrifum víns, en af þeim hlutust engin vandræði

og fór allt fram hið bezta. Samkomugestir voru ca. 500 og meiri hlutinn meðlimir ungmennafélaga á sambandssvæðinu og því nær allt sveitafólk. Talsverð rigning var á tímabili, en þó lengst af þolanlegt veður. Ungmennafélag Möðravallasóknar undirbjó og annaðist samkvæmið að mestu.“

Áfram héldust héraðsmótin með svipuðu sniði. Árið 1952 var tveggja daga mót haldið á Hrafnagili og var á laugardegnum undankeppni í frjálsum íþróttum en á sunnudeginum voru úrslit í frjálsum auk ræðu-

Héraðsmót Ungmennasambands Eyjafjarðar 1952

verður haldið að Hrafnagili dagana 21. og 22. júní. — Fyrri daginn fer fram undankeppni í íþróttum. Síðari daginn verður eftirfarandi tilhögun:

1. Mótið sett (Valdemar Óskarsson sambandsstjóri).
2. Úrslit í frjálsum íþróttum.
3. Ræða (Haukur Snorrason).
4. Kórsöngur (karlakórinn „Geysir“ syngur undir stjórn Ingimundar Árnasonar).
5. Dans (kl. 9 e. h.).
6. Verðlaun afhending.

Mótið hefst báða dagana kl. 2 e. h. — Komið og sjáið spennandi keppni, heyrir „Geysi“ syngja og skemmtið ykkur á fyrsta dansleik sumarsins á Hrafnagili. — Veitingar seldar á staðnum.

Sætaferðir frá Ferðaskrifstofunni á Akureyri frá kl. 1.30 síðari daginn.

Stjórn U. M. S. E.

Auglýsing í Degi á Akureyri um héraðsmót UMSE á Hrafnagili í júní 1952.

halda og tónlistaratriða. Um kvöldið voru afhent verðlaun og efnt til dansleiks.

Smám saman þróaðist héraðsmót UMSE í að vera eingöngu íþróttamót. Árið 1964 var slíkt helgarmót á vellinum á Laugalandi og að kvöldi sunnudagsins var efnt til dansleiks með Póló og Erlu í Freyvangi.

Bændadagur Eyfirðinga

Á hverju sumri frá 1957 til 1985, að tveimur árum undanskildum, var haldin hátíð eyfirskra bænda. Bændadagur Eyfirðinga var dagurinn oftast kallaður en hann bar líka yfirskriftina Bændahátíð Eyfirðinga og Bændavaka Eyfirðinga. Hátíðin féll niður árið 1968 og 1984. Að deginum stóðu sameiginlega UMSE og BSE – Búnaðarsamband Eyjafjarðar og fyrstu árin kom einnig að honum Bændafélag Eyfirðinga, sem var stofnað snemma á sjötta áratug síðustu aldar.

Fyrsti Bændadagurinn var haldinn hátíðlegur 28. júlí 1957 í Árskógi og var þar þéttskipuð dagskrá allan daginn og síðan var stiginn dans um kvöldið. Ræður

SKEMMTANER



DANSLEIKUR
í Freyvangi sunnudaginn
23. ágúst kl. 9 e. h.
PÓLÓ og ERLA
leika og syngja.
U. M. S. E.

Að loknu tveggja daga héraðsmóti í frjálsum íþróttum á Laugalandi sumarið 1964 var efnt til dansleiks í Freyvangi.

Héraðsmót UMSE um næstu helgi

HÉRAÐSMÓT Ungmennasambands Eyjafjarðar verður haldið á íþróttavellinum á Laugalandi 22. og 23. ágúst n. k. og hefst keppnin kl. 2 e. h. báða dagana.

Konur: 100 m hlaup (undanrásir), kúluvarp og hástökk.

SEINNI DAGUR.

Á sunnudag verður keppt í þessum greinum:

FYRRI DAGUR.

Á laugardag verður keppt í eftirtöldum greinum:

Karlar: 100 m hlaup (undanrásir), 400 m hlaup, 3000 m hlaup, 110 m grindahlaup, stangarstökk, langstökk, spjót kast og kringlukast.

Karlar: 100 m hlaup (úrslit), 1500 m hlaup, 4x100 m boðhlaup, þristökk, hástökk og kúluvarp.

Konur: 100 m hlaup (úrslit), 4x100 m boðhlaup, kringlukast og langstökk. □

Dagur sagði frá tveggja daga Héraðsmóti UMSE 1964 á Laugalandi. Þá hafði mótið þróast í að vera bara frjálsum íþróttakeppni enda hafði árlegur Bændadagur Eyfirðinga tekið við sem vettvangur fyrir fjölbreytta afþreyingu.

voru fluttar, m.a. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, séra Sigurður Stefánsson á Möðruvöllum annaðist útiguidspjónustu og Kirkjukór Akureyrar söng undir stjórn Jakobs Tryggvasonar. Ungafólkið spreytti sig í íþróttum og var skipt í tvö lið – Fram-Eyfirðinga og Út-Eyfirðinga, stelpurnar spiluðu handbolta en strákarinnir fótbolta.

Nokkur ár tók að festa Bændadaginn í sessi en þegar veður- og guðirnir voru hliðhollir var hann afar fjölsóttur. Bændadagurinn var haldinn til skiptis út með firði eða inn í firði. Auk Árskógs var dagurinn haldinn í Laugarborg, á Hrafnagili, í Freyvangi, á Melum í Hörgárdal, í Víkurrost á Dalvík og Hlíðarbæ.

Þegar komið var fram á síðari hluta áttunda áratugarins varð aðsókn að Bændadegi Eyfirðinga dræmari með ári hverju. Við þessu var brugðist árið 1977 með því að leggja af dagskrá að

deginum en þess í stað efnt til bændakvöldvöku. Þetta fyrirkomulag var í fimm ár en aftur var reynt að halda Bændadaginn árið 1982 en aðsókn var dræm. Kvöldvaka var endurvakin árið 1983, engin bændadagshátíð var 1984 en árið 1985 var svanasöngsárið þegar efnt var til síðustu bændakvöldvökunnar. Aðsóknin var það lítil að sýnt þótti að tími þessara skemmtana væri liðinn.

Bindindismótið í Vaglakógi

Fyrsta bindindismótið í Vaglakógi var haldið árið 1964 og stóðu að því auk UMSE, Íþróttabandalag Akureyrar, Æskulýðsráð Akureyrar, Góðtemplarareglan og Héraðssamband Þingeyinga – HSP. Á mótinu voru kvöldvökur, tveir dansleikir í Brúarlundi, dagsskemmtun með ýmsum skemmtiatriðum, útiguidspjónusta, íþróttakeppni o.fl.



Gestir á bændadegi Eyfirðinga að Stærri-Árskógl.

Bændadagur Eyfirðinga

Félagssamtök þeirra sameinast um hátíðahöld á Árskógsströnd

og Út-firðinga. Á sama hátt léku piltarnir knattspyrnu. Öll var skemmtun þessi félagssamtökum þeim, sem að henni stóðu, til hins mesta söma, en auk Bændafélagsins höfðu Búnaðarsamband Eyjafjarðar og Ungmennasamband Eyjafjarðar samstarf um Eyfirzkrir bændur hafa talið nauðsyn stofnunar slíkra frjálslýndra samtaka. Hefur þótt félag þetta gefast vel og hafa viljað að þetta sé fyrri því að félag sem þetta verði stofnað í fleiri héruðum landsins. Í stjórn félagsins eiga nú sæti auk for-

Fyrsti Bændadagur Eyfirðinga var haldinn í Árskógi 28. júlí 1957. Morgunblaðið birti frétt um hátíðarhöldin í blaðinu 30. júlí.

Eins og nafn mótsins gefur til kynna skyldi það vera vímuefnalaust, sem gekk eftir í meginatriðum. Um þrjú þúsund manns sóttu mótið. Þóroddur Jóhannsson, þáverandi framkvæmdastjóri UMSE, gerði upp þessa tilraun með bindindismót í Vaglaskógi í viðtali við Dag 6. ágúst 1964: „Það var í mikið ráðizt að stefna saman jafn miklu fjölmenni á einn stað og um þá helgi, sem á undanförunum árum hefir verið ein sú slarksamasta, og ætla sér að hafa algjört áfengisbann. En sú tilraun heppnaðist betur en ég þorði að vona í upphafi. Með örfáum undantekningum sannaði sá mikli mannfjöldi, sem þarna var samankominn, og þar var unga fólkið í meirihluta, að áfengið er óþarfur förunautur í skemmtanalífinu, sem annars staðar.“

Þessi góða reynsla af mótinu

varð til þess að aftur var haldið bindindismót í Vaglaskógi árið eftir og var Þóroddur einnig framkvæmdastjóri þess. Mótið sóttu um fjögur þúsund manns og var það haldið í samstarfi UMSE, HSP, ÍBA, Æskulýðsráðs Akureyrar, skátafélaganna á Akureyri, Þingstúku Akureyrar og Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti.

Áfram var haldið á sömu braut og enn fleiri sóttu bindindismótið árið 1966 og þótti það takast með miklum ágætum.

Árið 1967 sóttu bindindismótið um fjögur þúsund manns

og voru mótshaldarar nokkuð ánægðir með hvernig til tókst en þó má greina nokkrar áhyggjur í starfsskýrslu UMSE fyrir árið 1967 því þar segir: „Því miður bar nú meira á ölvun á þessu bindindismóti en hinum fyrri, þótt engin veruleg vandræði sköpuðust og mótið fór í heild vel fram. En greinilegt er, að vel verður að vera á verði gagnvart þeim óheillaöflum sem reyna að spilla þessum mótum.“

Þrátt fyrir að nokkrir ballgestir í Brúarlundi hafi farið út af sporinu í áfengisneyslunni á bindindismótinu 1967 héldu menn þó sínu striki og efndu til fimmta bindindismótsins í Vaglaskógi árið 1968. Það þótti takast með afbrigðum vel og var það fjölmennasta sem hafði verið haldið, gestir voru á sjöunda þúsund.

Og enn fleiri, eða um 7500 manns, mættu til leiks á bindindismótið í Vaglaskógi um verslunarmannahelgina árið 1969. Helstu dagskrárliðir voru guðsþjónusta, ræður, söngur, lúðrasveitarleikur, upplestur, leikþættir, gamanvísur, eftirhermur, glímusýning, happdrætti, fegurðarsamkeppni í léttum dúr, brenna, flugeldasýning, kvikmyndasýningar og tveir dansleikir.

Árið 1970 hélt UMSE upp-teknum hætti og efndi til móts í

LEITID EKKI LANGT YFIR SKAMMT UM VERZLUNARMANNAHELGINA — VERID VELKOMIN Í VAGLASKÓGI!


BINDINDISMÓTIÐ Í VAGLASKÓGI 1968

- TUGIR SKEMMTIATRIDA ● ÁVORP, RÆÐUR ● ÍHRÓTTAKEPNI ● BRENNUR
- FLUGELDASÝNINGAR ● FIMLEIKASÝNINGAR ● KVIKMYNDASÝNINGAR ● ALMENNUR SÖNGUR ● DANS

Tveir stórdansleikir: PÓLÓ, ERLA og BJARKI leika og syngja í Brúarlundi. — Aðgangur kostar kr. 75.00 og gildir fyrir tjaldestöði og aðra þá aðstöðu, sem litið verður í té á tjaldevæðum, svo og allar útsamkomur. Veitingasala víða í skóginum.

DAGSKRÁ FRÁ KL. 20 Á LAUGADAG TIL KL. 02.10 Á MÁNUDAG. MÓTSLIT Á MÁNUDAG.

Auglýsing fyrir bindindismótið í Vaglaskógi árið 1968.



Uppdráttur af mótssvæðinu í Vaglaskógi sem birtist í Íslendingi-Ísafold í aðdraganda bindindismótsins sumarið 1971.

Vaglaskógi um verslunarmannahelgina en í stað þess að nefna það bindindismót var það kallað Sumarhátíð. Aðsókn var með líkum hætti og árið áður eða á

áttunda þúsund manns. Mótinu stýrðu Þóroddur Jóhannsson og Birgir Marinósson og þótti það takast vel, þrátt fyrir að eilítið hafi borið á ölvun og af þeim sökum

voru 20 ölvaðir mótsgestir fluttir af svæðinu.

Mótið árið 1971 var með líkum hætti og árið áður og sömu aðilar stóðu að því. Talið er að



Bindindismótin í Vaglaskógi voru fjölmennar samkomur og oftast en ekki voru veðurguðirnir í bærliga góðu skapi.



Ómar Ragnarsson skemmtir gestum á bindindismóti í Vaghlaskógi.

ríflega átta þúsund manns hafi sótt mótið. Árið eftir var hins vegar mun dræmari aðsókn enda voru veðurguðirnir afar fúllyndir á meðan á mótinu stóð. Aðstæður voru því sérlega erfiðar og aðsóknin eftir því, sem þýddi að enginn fjárhagslegur ávinningur

BINDINDISMÓT Í VAGHLASKÓGI

Um Verzlunarmannahelgina verður haldið í Vaghlaskógi bindindismót, er verður með líku sniði og það, er haldið var í fyrra um sömu helgi og standa sömu félagasamtök að þessu móti. Eins og alkunna er, tókst mótið í fyrra með ágætum og var þeim félögum, er að stóðu, til sóma. Því skal vænta, að svo verði enn, og æskulýður í bæ og sveit fjölmenni á mótið.

Verkamaðurinn á Akureyri segir 23. júlí 1965 frá væntanlegu bindindismóti í Vaghlaskógi.

varð af mótinu fyrir mótshaldara, þar á meðal UMSE. Í ársriti sambandsins 1972 segir að kostnaður við skemmtikrafta, sérstaklega vegna danshljómsveita, hafi verið með mesta móti og hafi ef til vill „verið teflt of djarft varðandi þann lið.“

Mótið í Vaghlaskógi 1972 var svanasöngur bindindismóta þar því árið 1973 fékkst ekki leyfi Skógræktar ríkisins til frekara mótahalds. Þess í stað stóð UMSE að bindindismóti á Hrafnagili um verslunarmannahelgina árið 1973 í samvinnu við félagasamtök á Akureyri og HSP. Mótið gekk ekki sem skyldi enda veður einstaklega óhagstætt. Fáir mættu því á Hrafnagil. Árið eftir var aftur efnt til bindindismóts á Hrafnagili og mættu þá 1500-2000 gestir. Bindindismótið stóð þó vart undir nafni því ölvun

þótti umtalsverð. Þar með var settur punktur aftan við ellefu ára sögu bindindismóta sem UMSE átti aðild að.

Þó skal þess getið að árið 1978 kom UMSE að útisamkomunni *Ein með öllu* á Melgerðismelum í samstarfi við ungmennafélögin í Saurbæjarhreppi. Mótið var haldið um mánaðamótin júní-júlí og voru vonir bundnar við að það myndi gefa mótshöldurum eitthvað í aðra hönd. Þær vonir brugðust því veður var afleitt. Því er lýst í ársskýrslu UMSE fyrir árið 1978 að valdið hafi miklum vonbrigðum hversu mikil ásókn hafi verið í að koma áfengi inn á mótssvæðið. „Verður það magn, sem sumir höfðu með sér, vart skýrt á annan hátt en að þar hafi verið um að ræða tilraun til svartamarkaðssölu á svæðinu,“ segir m.a. í ársskýrslunni.

Tefldi alltaf upp á vinning

„Það var mikið teflt í Hörgárdalnum og pabbi var þar einn af frumkvöðlunum í skákinni. Þegar ég var að alast upp var skáklífið mjög öflugt og menn voru líka duglegir að spila bridds. Almenn var mikið félagslíf á öllum sviðum, á þriðja og fjórða áratungnum voru m.a. starfandi málfundafélag, hestamannafélag, skógræktarfélag og svo að sjálf-sögðu ungmennafélagið. Málfundafélagið starfaði í nokkur ár og samkvæmt reglugerð þess voru reykingar bannaðar á félagsfundum. Þegar á reyndi voru nokkrir félagsmenn ekki tilbúnir að hlíta þessu tóbaksbindindi og því lognaðist félagið út af. Sum þessara félaga höfðu runnið sitt skeið á enda þegar ég fer að muna eftir mér.

Pabbi kenndi okkur skákina og við bræðurnir, Ármann, ég og Rúnar, byrjuðum ungir að tefla. Ég man vel eftir þeim merka áfanga þegar ég vann mína fyrstu skák, sem var við Ármann bróður. Þá var ég nokkuð innan við tíu ára aldurinn. Við fórum á milli bæja í dalnum og tefldum, það voru einu reglulegu æfingarnar sem við fengum í skákinni,“ segir Guðmundur Búason, sem var um árabíl í fremstu röð eyfirskra skákanna.

Skáklífið og Hörgdælir á öndverðri 20. öld

Því hefur verið haldið fram að skákleikni Hörgdæla væri ekki síður verðugt rannsóknarefni en skákævintýri Grímseyinga með bakhjarlinn Willard Fiske.



Guðmundur Búason við heimili sitt á Selfossi.

Í afmælisriti Skáklíffélags Akureyrar er rífað upp að þann 23. mars 1907 hafi verið stofnað skáklíffélag í Gagnfræðaskólanum á Akureyri (nú MA). Á fyrstu árum þess kom fram á sjónarsviðið sterkur skákmaður sem átti eftir að verða einn af máttarstólpum skákíþróttarinnar á Íslandi, Ari Guðmundsson frá Þúfnavöllum í Hörgárdal. Hann var fæddur 25. júlí 1890 að Sörlatungu og byrjaði að tefla 5 ára gamall. Á öðru skólaári sínu í GA var Ari formaður Skáklíffélagsins og með glæsilegt vinningshlutfall eftir veturinn eða 41-1. Hann var einnig formaður félagsins síðasta skólaár sitt, 1910-1911, og var þá með vinningshlutfallið 53 gegn 5. Næsta vetur heldur Skafti bróðir hans í Gerði uppi heiðri ættarinnar og Hörgdæla með vinningshlutfallið 41 gegn 7.

Hefur starfað hjá þremur kaupfélögum

Guðmundur Búason fæddist á Myrkárbakka í Hörgárdal árið

1946, sonur hjónanna Búa Guðmundssonar og Árdísar Ármannsdóttur. Systkinahópurinn var stór, áður er getið um bræður Guðmundar, Ármann Þóri og Þórólf Rúnar, en systurnar eru fimm; Helga, Bryndís Hulda, Guðveig Sigríður, Bergþóra Björk og Hildur Berglind.

Guðmundur var í farskóla í Hörgárdal þar sem kennt var tvær vikur í senn og frí í tvær. Fullnaðarprófi lauk hann árið 1959 en síðan lá leiðin í Héraðsskólann á Laugarvatni, þar sem Guðmundur var tvo vetur og lauk landsprófi vorið 1962. Hann rifjar upp að á þessum tíma hafi verið nokkuð algengt að sveitakrakkarnir í Eyjafirði færu í Héraðsskólann á Laugum í Reykjadal en nokkrir Hörgdælingar völdu að fara suður á Laugarvatn. Þar var heimavist, rétt eins og á Laugum.

Eftir námsdvölinna á Laugarvatni flutti Guðmundur til Akureyrar og hóf störf hjá Kaupfélagi Eyfirðinga, var þar í ýmsum

Skákkeppni U.A.S.E. - H.S.P.
1964

U.A.S.E.	H.S.P.
1. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Jón Þ. Jónsson
2. Sveinn Jóhannsson 1 - 0	Þótt M. Halldórsson
3. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Sveinn Jóhannsson
4. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
5. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
6. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
7. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Guðmundur Búason
8. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Guðmundur Búason
9. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Guðmundur Búason
10. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
11. Guðmundur Búason 0 - 1	Guðmundur Búason
12. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
13. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
14. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
15. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Guðmundur Búason
16. Guðmundur Búason 2½ - 2½	Guðmundur Búason
17. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
18. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
19. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
20. Guðmundur Búason 1 - 0	Guðmundur Búason
21. Guðmundur Búason 1½ - 1½	Guðmundur Búason

Úrslit í skákkeppni Eyfirðinga og Þingeyinga í janúar 1964. Eins og sjá má voru í sveit UMSE feðgarnir frá Myrkárbakka, Búi Guðmundsson og Ármann og Guðmundur Búasonir.

verslunarstörfum til ársins 1980, m.a. verslunarstjóri og verslunarráðgjafi. Til hliðar við störf sín hjá KEA stundaði hann nám í öldungadeild MA og lauk stúdentsprófi árið 1980. Síðar stundaði hann nám í viðskiptafræði við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands og sótti fjölda



Hér sitja að tafla feðgarnir úr Hörgárdalnum, Búi Guðmundsson og Guðmundur Búason. Við hlið Búa er Davíð Haraldsson. Við hlið Guðmundar er Baldvin Jóhann Þorláksson, Skáklfélagi Akureyrar. Fjar eru m.a. Ármann Búason og Sveinn Jóhannsson.



Fjórir efstu á hraðskákmóti UMSE árið 1973. Frá vinstri: Gunnar Jónsson Umf. Saurbæjarhrepps og Dalbúanum (3.-4. sæti), Hjörleifur Halldórsson Umf. Öxndala (2. sæti), Guðmundur Búason Umf. Skriðuhrepps (1. sæti) og Hreinn Hrafnsson Umf. Skriðuhrepps (3.-4. sæti).

námskeiða á sviði bókhalds-, reikningsskila og endurskoðunar. „Árið 1980 fluttum við frá Akureyri til Vestmannaeyja þar sem ég gegndi starfi kaupfélagsstjóra Kaupfélags Vestmannaeyja til ársins 1988. Þá fluttum við til Selfoss þar sem ég var fjármála- og skrifstofustjóri hjá Kaupfélagi Árnesinga, þar til það hætti

starfsemi árið 2003. Félagið er þó ennþá til og ég hafði umsjón með ritun 90 ára sögu þess, sem kom út síðla árs 2020. Eftir að ég hætti störfum hjá KÁ hef ég rekið Hagbók ehf. bókhaldsstofu á Selfossi,“ segir Guðmundur.

Héraðsmeistari í hraðskák níu ár í röð

Þrátt fyrir að flytja til Akureyrar árið 1962 hélt Guðmundur tryggð við heimasveitina og tefldi til fjölda ára fyrir Ungmennafélag Skriðuhrepps. Í nokkur ár mynduðu feðgarnir Búi, Ámann, Guðmundur og Rúnar ósigrandi skáksveit sem sópaði til sín titlunum á héraðsmótum UMSE. Auk þeirra keppti Guðmundur á Norðurlandsmótum og Skákþingi Íslands. Norðurlandsmeistari var hann árið 1971.

En hvernig skákmaður var Guðmundur Búason? Sóknarskákmaður, segir hann umhugsunarlaust. „Ég tefldi alltaf upp á vinning og ég held að sé óhætt að segja að mér hafi almennt gengið



Sveitakeppni UMSE. Við skákbordið sitja Hjörleifur Halldórsson Umf. Öxndala (til vinstri) og Sveinn Jóhannsson Umf. Svarfæla. Við hlið Sveins má þekkja Jón Stefánsson Umf. Svarfæla.

vel, bæði þegar ég keppti fyrir Ungmennafélag Skriðuhrepps og UMSE, þar sem ég varð hraðskákmeistari níu ár í röð og fyrir það fékk ég þrjá eignarbikara. Síðar keppti ég fyrir Skáklfélag Akureyrar og náði m.a. að verða Akureyrarmeistari,“ segir Guðmundur og bætir við að hann hafi alltaf haft mikla ánægju af því að tefla.

Einu sinni skákmaður, alltaf skákmaður

„Ég var í stjórn Skáklfélags Akureyrar og m.a. formaður í nokkur ár. Taflfélag Vestmannaeyja var stofnað 29. ágúst 1926, en allmörg fyrstu árin var starfsemi þess slitrótt. Félagið hefur starfað óslitið frá árinu 1957. Árin mín í Eyjum starfaði ég með Taflfélaginu og var formaður þess um



Skákin naut oft töluverðrar hylli hjá ungu kynslóðinni í grunnskólunum á félagssvæðinu. Hér eru ungir og uppnemandi skákmenn árið 1994.

tíma. Mér gekk vel í skákinni, náði að vinna flesta þá titla sem í boði voru og var skákmeistari Vestmannaeyja eitt árið.

Árið 1989 tók ég þátt í að stofna Skáklfélag Selfoss og nágrennis (SSON) og var formaður þess fyrstu árin. Ég tefldi með félaginu í nokkur ár og gekk ágætlega, SSON starfar enn af miklum krafti.

Ég lagði skákina að mestu til hliðar í allmörg ár, hún vék fyrir daglegum störfum og öðrum áhugamálum. En áhuginn er til staðar og ég hef teflt meira eftir að ég minnkaði vinnu. Mér finnst allt vera skemmtilegt við skákina. Félagsskapurinn hefur alltaf verið mjög ánægjulegur og að keppa á mótum þótti mér líka skemmtilegt, sérstaklega ef menn sýndu keppnisþátt. Ég held að menn nái almennt ekki árangri í skákinni nema að hafa keppnisþátt. Það má á vissan hátt líkja skák við stærðfræði, þegar ég var upp á mitt besta sá ég kannski svona tíu leikja afbrigði fram í taflinu, allt eftir því hvað andstæðingurinn myndi gera.

Á þeim tíma þegar ég var að læra skákina bætti ég við þekkinguna með því að lesa skákþætur. Ég lagði áherslu á að læra ýmis afbrigði af byrjunum enda eru þær grunnurinn að því að ná árangri í skákinni,“ segir Guðmundur Búason.

Aðildarfélög UMSE í 100 ár

Aðildarfélög Ungmennasambands Eyjafjarðar hafa verið mörg í gegnum tíðina. Mörg þeirra áttu sér ekki langan lífdaga og heyrta sögunni til. Þá hafa félög verið sameinuð. Aðeins tvö af þeim tólf félögum sem stóðu að stofnun Héraðssambands ungmennafélaga Eyjafjarðar, síðar Ungmennasambands Eyjafjarðar, þann 8. apríl 1922 starfa enn þann dag í dag undir sama nafni og eiga aðild að UMSE; Umf. Reynir á Árskógsströnd og Umf. Svarfdæla á Dalvík.

Hér verður tæpt á starfi bróðurpartar þeirra félaga sem hafa komið við sögu í starfi UMSE á síðustu hundrað árum.

Ungmennafélag Akureyrar

Ungmennafélag Akureyrar var stofnað á Akureyri árið 1906 og stóðu þar margir menn í fylkingarbrjósti í upphafi eins og t.d.



Landsmót UMFÍ á Þingvöllum 29.-30. júní árið 1957 var lengi í minnum hafi. Þetta var tíunda landsmótið og jafnframt var þess minnst að 50 ár voru liðin frá stofnun Ungmennafélags Íslands. Eyfirðingar sendu vaska sveit til leiks í frjálsíþróttakeppni mótsins og höfðu sigur í henni. Hér sést hluti tjaldborgar UMSE á Þingvöllum. Þetta glæsilega skilti hönnuðu hagleiksbræðurnir frá Litla-Árskógi á Árskógsströnd, Kristján Eldjárn og Hannes Vigfússynir.

glímukappinn Jóhannes Jósefsson og sundgarpurinn Lárus J. Rist. Starfsemi UMFA var öflug og vakti athygli út um allt land og var hvatning að stofnun ungmennafélaga í öðrum byggðarlögum. Ungmennafélag Akureyrar var eitt þeirra tólf félaga sem stóðu að stofnun UMSE þann 8. apríl 1922 og voru félagar þess kjörnir í fyrstu stjórn UMSE og raunar skipuðu einungis félagar í UMFA stjórn UMSE fyrstu tíu árin, til ársins 1932.

Ungmennafélag Öxndæla

Ungmennafélag Öxndæla var arftaki Íþróttafélags Öxndæla sem var stofnað aldamótaárið 1900. Félagið hafði með höndum samþærilega ungmennafélagsstarfsemi og tíðkaðist, samkomuhald og íþróttæfingar, og um tíma voru einnig gefin út félagsblöð. Aðild að UMSE fékk félagið árið 1946.

Leiklist var stunduð í töluverðum mæli um tíma í Öxnadal og sett upp leikrit á Þverá og Melum í Hörgárdal. Þá hafði félagið með höndum spíllakvöld, þorrablót, kvöldvökur og barnaskemmtanir. Einnig stóð það fyrir æfingum og keppni í íþróttum, m.a. glímu, frjálsíþróttum, skák og bridge.

Ungmennafélag Öxndæla sameinaðist Ungmennafélagi Skriðuhrepps og Ungmennafélagi Möðruvallasóknar 4. nóvember 1997 undir merkjum Ungmennafélagsins Smárans.

Ungmennafélag Skriðuhrepps

Árið 1906 var nafni Íþróttafélags Öxndæla breytt í Ungmennafélag Skriðuhrepps en þá var Öxnadalur hluti af Skriðuhreppi hinum forna. Þremur árum síðar varð Öxnadalur sérstakt hreppsfélag og um leið urðu til tvö ungmennafélög, Ungmennafélag Skriðuhrepps og Ungmennafélag Öxndæla. Ungmennafélag Skriðuhrepps fékk aðild að UMSE árið 1927. Sjö árum síðar gekk félagið úr UMSE vegna ágreinings um bindindisheit UMSE en gekk aftur í sambandið á lýðveldisárinu 1944.

Fyrstu starfsár Umf. Skriðuhrepps var glíman sú íþróttgrein sem hæst bar en síðan bættist knattspyrnan við og einnig frjálsíþróttir. Síðar var einnig æft og keppt í skák og bridge.

Félagar í Umf. Skriðuhrepps lögðu á árunum 1943-1945 lóð sín á vogarskálarnar við byggingu



Uppfersla Ungmennafélags Skriðuhrepps á leikritinu „Eruð þér frímúrari?“ árið 1974. Fremstur á myndinni er Arnsteinn Stefánsson en aðrir sem má greina á henni eru Sesselja Ingólfsdóttir, Þórður Steindórsson, Jón Viðar Þorsteinsson og Ragna Pálsdóttir (til hægri á myndinni).

sundlaugar á Laugalandi á Þelamörk ásamt nágrannasveitarfélögum og ungmennafélögum og einnig hafði félagið forgöngu um byggingu samkomuhúss á Melum

ásamt Skriðuhreppi og Kvenfélagi Hörgdæla. Á árunum 1953-1962 var byggt félagsheimili við samkomuhúsið á Melum.

Leiklist hefur lengi verið í

hávegum höfð í Hörgárdal og ófáar sýningar verið færðar á sviði á Melum.

Umf. Skriðuhrepps sameinaðist Umf. Öxndæla og Umf. Möðruvallasóknar 4. nóvember 1997 undir merkjum Umf. Smárans.

Ungmennafélagið Vorhvöt

Árið 1917 var stofnað að Efri-Rauðalæk á Þelamörk Framsóknarfélagið Vorhvöt en í ársbyrjun 1919 var nafni þess breytt í Ungmennafélagið Vorhvöt.

Kraftur var í starfsemi félagsins í nokkur ár, það byggði fundasamkomuhús að Ási á Þelamörk strax á öðru starfsári og aflaði til þess fjár með því að selja hey. Félagið gaf um tíma út blaðið Mánaskin.

Botninn virðist hafa dottið úr starfsemi Vorhvatar þegar leið á þriðja áratug 20. aldar og undir lok árs 1930 settu Vorhvatarfé-



Sigursveit Ungmennafélags Skriðuhrepps í 4x2,5 km göngu á skiðamóti UMSE á Dalvík í apríl 1967. Frá vinstri: Gísli Pálsson, Valgeir Anton Þórisson, Valgeir Guðmundsson og Halldór Þórisson.



Félagsheimilið Melar í Hörgárdal.

lagar amen á eftir efninu og slitu félaginu.

Bindindisfélagið Vakandi

Bindindisfélagið Vakandi var stofnað í Skriðuhreppi árið 1938.

Starfssvæðið var síðar stækkað og náði einnig yfir Þelamörk og Öxnadal.

Félagið hafði á stefnuskránni sömu verkefni og önnur ungmennafélög; að vernda félagsmenn frá áfengisneyslu, að æfa

þá í ræðumennsku, að halda úti leiklistarstarfsemi og ýta undir og efla íþróttaiðkun félagsmanna. Félagið fékk aðild að UMSE á lýðveldisárinu 1944.

Á fimmta áratugnum var starfsemi Bindindisfélagsins Vakandi nokkuð kraftmikil en þegar komið var fram á þann sjötta fjaraði smám saman undan starfseminni og félaginu var slitið árið 1957.

Ungmennafélagið Smárinn

Ungmennafélagið Smárinn í Hörgársveit var stofnað 1997 á grunni þriggja eldri ungmennafélaga; Umf. Skriðuhrepps, Umf. Öxndæla og Umf. Möðruvalla-

sóknar. Starfssvæðið er stórt; Öxnadalur, Hörgárdalur, Möðruvallasókn og Kræklingahlíð að Lónsá.

Miðpunktur félags- og íþróttastarfs Smárans er á Laugalandi á Þelamörk, þar sem góð íþróttastaða er fyrir hendi; sundlaug, íþróttahús, sparkvöllur og knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur.

Frá stofnun félagsins hefur starfsemin tekið töluverðum breytingum. Um nokkurra ára skeið hefur það ekki teft fram keppnisliðum í íþróttgreinum en starfsemin hefur í auknum mæli færst að félagslegu hliðinni þar sem áherslan er á gott félagsstarf, ekki síður en íþróttastarf, og þá sérstaklega sem snýr að börnum og unglíngum. Fyrir þetta starf hlaut Smárinn félagsmálalabikar UMSE árið 2021.

Smárinn vinnur náið með Hörgársveit og Þelamerkurskóla og hafa íþróttæfingar og frístund verið sameinaðar þar sem er boðið upp á fjölbreyttar íþróttagreinar, leiki, spilamennsku og föndur.



Miðstöð íþróttastarfs Ungmennafélagsins Smárans er í og við Þelamerkurskóla.

Yfir sumarmánuðina hefur Smárinn verið með íþróttæfingar tvisvar í viku á íþróttavellinum á Þelamörk og er, eins og hjá öðrum félögum, fótboltinn þar efstur á blaði.

Fastur liður í starfi félagsins, í samstarfi við Hörgársveit og Þelamerkurskóla, hefur verið að efna til þrettándabrennu og bingós. Tvö síðustu árin hefur vegna kóvíð ekki reynst unnt að brenna út jólin en þess er að vænta að

landið taki að rísa þegar liður á árið 2022 og hægt verði að halda þrettándabrennu á næsta ári.

Ungmennafélag Möðruvallasóknar

Ungmennafélag Möðruvallasóknar var stofnað á Möðruvöllum í Hörgárdal 2. maí 1909. Fyrstu starfsárin gaf félagið út handskrifað félagsblað, Árvakur.

Ásamt Arnarneshreppi réðst félagið í það stórvirki að byggja félagsheimilið Freyjulund sem var tekið í notkun 1914. Fyrsti félagsfundur í hinu nýja húsi er skráður 1. nóvember 1914. Byggt var við húsið 1927 og þar var síðan skólalund til ársins 1948 þegar skólinn á Hjalteyri var tekinn í notkun. Aftur var byggt við Freyjulund árið 1956. Þar stóð ungmennafélagið og Kvenfélagið Freyja fyrir ýmsum skemmtunum, t.d. dansleikjum, þorablótum o.fl.

Eins og í öðrum aðildarfélagum UMSE hafa íþróttir af ýmsum toga verið stór þáttur í



Í árdaga ungmennafélagshreyfingarinnar, þ.á.m. í UMSE, var íslenska glíman í hávegum höfð. Síðan fjaraði undan henni og það var ekki fyrr en 1967 sem UMSE stóð í fyrsta skipti fyrir glímumóti eftir áratuga hlé. Þá náði glíman aftur nokkru flugi, sérstaklega í Hörgárdal, og var UMSE með glímumót um nokkurra ára skeið en á síðustu áratugum hefur lítið farið fyrir henni á sambandsvæðinu. Á þessari mynd eru glímumenn á glímumóti UMSE á Melum í Hörgárdal árið 1970. Aftari röð frá vinstri: Anton Þórisson, Gísli Pálsson og Jósavín Arason. Fremri röð frá vinstri: Ragnar Reynisson, Sigurður Þórisson, Þórður Steindórsson, Sigurður Freysson og Valur Stefánsson.



Freyjulundur var lengi miðpunktur félagsstarfs Ungmennafélags Möðruvallasóknar.



Marinó Þorsteinsson hefur í gegnum árin og áratugin verið óþrestandi í starfi fyrir ungmennafélagshreyfinguna – Ungmennafélagið Reyni og UMSE. Og enn er Marinó að. Hér var hann einu sinni sem oftir í dómargallanum, að fá sér næringu á milli leikja.

Árskógssandi en síðan færðist starfsemin í Árskóg þar sem samkomuhús og skóli sveitarinnar hefur verið í áratugi. Í Árskógi er einnig íþróttasvæði sem hefur nýst vel í gegnum árin fyrir m.a. knattspyrnu og frjálsíþróttir.

Umf. Reynir var eitt tólf ungmennafélaga sem stóð að stofnun UMSE árið 1922 og annað tveggja aðildarfélaga sambandsins sem enn starfar undir sama nafni.

Ungmennafélag Svarfdæla

Ungmennafélag Svarfdæla var stofnað 30. desember 1909 og var félagssvæðið allur Svarfaðardalshreppur. Það breyttist þegar Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður var stofnað tólf árum síðar en eftir það var Dalvík miðpunktur félagsstarfs UMFS.

Um þrjátíu ára skeið gaf félagið út handskrifað félagsblað sem nefndist Vekjarinn. Í því var fróðleikur og skemmtiefni sem var lesið upp á félagsfundum.

starfseminni. Til að byrja með var glíman mest stunduð en síðar létu frjálsíþrótt- og knattspyrnumenn undir merkjum félagsins til sín taka.

Umf. Möðruvallasóknar sameinaðist Umf. Skriðuhrepps og Umf. Öxndæla 4. nóvember 1997 undir merkjum Umf. Smárans.

Ungmennafélagið Reynir

Ungmennafélagið Reynir á Árskógsströnd var stofnað 3. mars 1907. Í upphafi lét félagið til sín taka í kristinfræðslu, bindindismálum, sönglist og íþróttum, m.a. glímu, skíðum, skautum og sundi. Fyrsta íþróttakeppnin sem Reynisfélagar tóku þátt í var glímukeppni við Svarfdælinga árið 1908. Félagslaðið



Haukur Steindórsson formaður UMSE afhendir Svavari Guðmundssyni, fyrir hönd Ungmennafélagsins Reynis, Sjóváðbikarinn fyrir árið 1975 fyrir bestan samanlagðan árangur úr mótum UMSE á árinu.

Helgi magri kom fyrst út árið 1910.

Fyrstu áratuginu hafði félagið aðsetur í Norska húsinu á Litla-



Þau hlutu styrk úr afreksmannasjóði UMSE árið 1997. Frá vinstri: Sigurlaug Níelsdóttir Umf Svarfd., Baldvin Ólafsson Umf. Svarfd., Birkir Stefánsson Umf. Æsk. og Ómar Freyr Sævarsson Umf. Svarfd.

Sundkennsla var eitt af stóru málunum í starfi UMFS á fyrstu áratuginum. Fyrst var kennt sund í sundpolli við Uppsali í Svarfaðardal, síðan færðist kennslan í Bökkvisstaðahóla ofan

Dalvíkur en með tilkomu Sundskála Svarfdæla í Svarfaðardal árið 1929 var tekið byltingarkennt framfaraskref í sundkennslu í byggðarlaginu.

Leikstarfsemi var lengi ríkur

þáttur í starfi félagsins, eða allar götur þar til Leikfélag Dalvíkur var stofnað árið 1944.

Íþróttastarfsemi hverskonar hefur alla tíð verið stór þáttur í starfsemi UMFS. Sundið hefur áður verið nefnt en einnig má nefna glímu, skíði, frjálsíþróttir, knattspyrnu, handknattleik, skák og bridge.

Skíðafélag Dalvíkur

Skíðafélag Dalvíkur var stofnað 11. nóvember 1972 en hefur átt aðild að UMSE síðan 1975. Upp úr 1960 var gerð fyrsta tilraun með að koma upp skíðalyftu á Dalvík en gekk ekki sem skyldi.

Árið 1970 var komið upp dráttarvélarknúinni togbraut sem gaf tóninn um það sem koma skyldi síðar. Með uppsetningu spjaldalyftu árið 1972 var teningnum kastað og síðan hefur hver stór-



UMSE-hlauparar við utanverðan Eyjafjörð í kyndilhlaupi UMFÍ í maí 1997. Myndin er tekin við munna Múlaganga, Ólafsfjarðarmegin. Kyndilhlaupið var framlag UMFÍ til Smáþjóðaleikanna sem hófust í Reykjavík 2. júní 1997. Ungmennafélagar um allt land hlupu með kyndilinn bringinn í kringum landið, um 2500 kílómetra leið.



Ungó – samkomuhús Ungmennafélags Svarfædala – var tekið í notkun 1. desember 1930.

sigurinn á fætur öðrum unnist í uppbyggingu skíðaíþróttarinnar á Dalvík með miklu sjálfboda-liðastarfi og fjárhagslegum stuðningi sveitarfélagsins og atvinnulífsins. Án efa er skíðasvæðið í Bökkvisstaðafjalli eitt af þeim betri á landinu og það hefur fóstorað ófáa afburða góða skíðamenn sem hafa verið í fremstu röð hér á landi og keppt á stórmótum erlendis, t.d. Ólympíuleikum. Þannig keppti Daníel Hilmarsson í svigi, stórsvigi og risasvigi í Calgary 1988, Sveinn Brynólfsson í svigi 1998 í Nagano, Kristinn Ingi Valsson í svigi 2006 í Torino og Björgvin Björgvinsson í svigi og stórsvigi 2006 í Torino og 2010 í Vancouver.

Hestamannafélagið Hringur

Hestamannafélagið Hringur í Dalvíkurbyggð var stofnað 16. júní 1962. Íþróttadeild félagsins var stofnuð árið 1986 og í kjölfarið fékk Hringur aðild að UMSE í október sama ár. Um tilgang Hestamannafélagsins

hesta og efla áhuga og þekkingu á ágæti þeirra og íþróttum, stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar almennrar hestamennsku og bæta og auka reiðvegi um félagssvæðið og tengingu við nálægar byggðir.

Sem fyrr segir var íþróttadeild Hrings stofnuð árið 1986 með það að markmiði að efla iðkun hestaíþróttar, t.d. hlýðniþjálfun, gangtegunþjálfun og hestaíþróttir m.t.t. sérhæfni íslenska hestsins.

Golfklúbburinn Hamar

Golfklúbburinn Hamar í Dalvíkurbyggð fékk aðild að UMSE 7. september 1979 en hann var stofnaður 19. júní sama

Hrings segir í lögum þess: Að stuðla að réttri og góðri meðferð



Stefán Friðgeirsson úr Hestamannafélaginu Hring var lengi í fremstu röð eysfirskra hestamanna. Hér er hann í keppni í Hringsholti árið 2007 á hestinum Degi frá Strandarhöfði. Mynd: Atli Rúnar Halldórsson.



Strandblakvöllurinn fyrir sunnan íþróttabúsið á Dalvík.

ár. Frá upphafi hefur Arnarholtsvöllur í landi Ytra-Garðshorns í Svarfæðardal verið heimavöllur

kylfinga í klúbbnum. Til ársins 1995 voru sex brautir á vellinum er þeim var fjölgað í níu.

Í gegnum tíðina hefur markvisst barna- og unglingastarf Hamars skilað mörgum öflugum kylfingum sem hafa náð góðum árangri á mótum út um allt land.

Sundfélagið Rán

Sundfélagið Rán á Dalvík var stofnað 21. febrúar 1998. Á stofnárinu fékk Rán aðild að UMSE. Frá stofnun félagsins hefur Elín Björk Unnarsdóttir verið aðalþjálfari sundfólks í Rán og bróðurpart starfstímans hefur hún einnig gegnt formennsku í félaginu.

Blakfélagið Rimar

Blakfélagið Rimar í Dalvíkurbyggð var stofnað árið 1987 og



Heldur betur setinn Svarfæðardalur á ungmennafélagsskemmtun á Þinghúsinu Grund í Svarfæðardal.



Félagsheimilið Höfði í Svarfaðardal. Þar hafa réttarböll verið haldin í áratugi.

stundaði það æfingar, bæði í karla- og kvennablaki, í gamla íþróttahúsinu á Dalvík. Með vígslu nýja íþróttahússins síðla árs 2010 færðist enn meiri kraftur í blakíþróttina í Dalvíkurbyggð enda unnt að koma þar fyrir mörgum blakvöllum. Strand-blakvöllurinn fyrir sunnan íþróttahúsið var líka kærkomin vítamínsprauta til eflingar blaks-

ins í byggðarlaginu. Rimar hefur til fjölda ára sent öflug lið til þátttöku í blakmótum víða um land.

Miðgarður – aksturs-íþróttafélag

Miðgarður – akstursíþróttafélag var stofnað 13. nóvember 2020 á Dalvík. Freyr Antonsson er formaður félagsins. Það fékk aðild að UMSE árið 2021.

Í lögum Miðgarðs segir að tilgangurinn sé að vinna að útbreiðslu og eflingu akstursíþróttanna í Eyjafirði og að skapa félögum aðstöðu til að stunda sínar íþróttir á ákveðnum lokuðum svæðum og annars staðar eftir því sem yfirvöld og lög leyfa. Í lögum félagsins segir m.a.: „Markmið félagsins er að ná til sem flestra iðkenda akstursíþróttanna á Eyjafjarðarsvæðinu og gefa þeim gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.“ Þetta þýðir að undir félaginu eru m.a. bílar og fjarstýrðir bílar, vélsleðar, mótörhjól og götu- og fjallahjól.

Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður

Þegar Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður var stofnað 27. desember 1921 var starfssvæði þess allur Svarfaðardalur og Skíðadalur.

Frá stofnun félagsins hefur



Þátttakendur og leiðbeinendur frá UMFI á félagsmálanámskeiði í Svarfaðardal vorið 1976. Aftari röð frá vinstri: Ingvi Baldvinsson, Óskar Snæberg Gunnarsson, Jónas Marinósson, Sigurður Geirdal (UMFI), Hallgrímur Einarsson, Hjörleifur Hjartarson, Jón Ragnar Hjaltason, Jón Baldvin Halldórsson, Hafsteinn Þorvaldsson (UMFI), Ásta Sigríður Guðnadóttir, Hreinn Jónsson, Reimar Sigurpálsson og Jóhann Ólafsson. Fremri röð frá vinstri: Steinunn Aldís Helgadóttir, Sigríður Sóley Sigtryggsdóttir, Halla Soffía Einaradóttir, Guðrún Rósa Lárusdóttir, Helga Þórsdóttir og Soffía Sigurnanna Hreinsdóttir.



Karólína snýr sér að leiklistinni. Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður setti upp leikritið árið 1970. Á myndinni eru Kristján Jónsson, Elinrós Sveinbjörnsdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir.

starfsemi þess verið fjölbreytt. Umræðu- og félagsfundir hafa verið haldnir í gegnum tíðina og um tíma var gefið út handskrifað blað, Árblik, sem var lesið á félagsfundum. Félagið gekk í UMSE fjórum árum eftir stofnun þess, árið 1925.

Til fjölda ára voru leiksýningar einn af drifkröftunum í starfsemi félagsins og voru þær sýndar á Þinghúsinu Grund. Það var byggt í tvennu lagi árin 1912 og 1938 og var miðpunktur skemmtanahalds í Svarfaðardal í áratugi. Árið 2004 varð það eldi að bráð. Árið 1997 var félagsheimilið Rimar tekið í notkun á Húsabakka. Þangað færðist skemmtanahald og þar fékk Umf. Þorsteinn Svörfuður nýjan samastað en það átti aðild að byggingunni.

Íþróttæfingar hafa ætíð verið ríkur þáttur í starfi

félagssins, einkum frjálsíþróttir og knattspyrna. Einnig voru lengi íþróttæfingar af ýmsum toga í tengslum við skólalund á Húsabakka, t.d. skíði, sund, skák o.fl.

Sundskála Svarfdæla byggði Umf. Þorsteinn Svörfuður í landi Laugahlíðar í samstarfi við Umf. Svarfdæla á Dalvík og var hann tekinn í notkun í apríl 1929.

Ungmennafélagið Atli

Ungmennafélagið Atli var stofnað 1. maí 1932. Félagssvæðið er fremsti hluti Svarfaðardals. Félagið lagði áherslu á fundahöld þar sem félagar þjálfuðust í ræðu og riti. Um tíma var gefið út handskrifað blað, Máni, þar sem birtust hinar ýmsu ritgerðir og vísur.

Árið 1944 gekk Umf. Atli í UMSE og í kjölfarið tóku

félagsmenn að æfa íþróttir, síðar í samvinnu við Umf. Þorstein Svörfuð. Sama ár hóf Umf. Atli byggingu félagsheimilisins Höfði í landi jarðarinnar Auðna og var það tekið í notkun um veturinn. Í gegnum tíðina hefur Höfði fyrst og fremst verið vettvangur réttardansleikja í Svarfaðardal og hefur Umf. Atli haft af þeim ágætar tekjur. Á síðari árum hefur húsið verið endurnýjað af sjálfboðaliðum og velunnurum Höfða en að öðru leyti er engin starfsemi lengur á vegum Umf. Atla.

Ungmennafélagið Skíði

Ungmennafélagið Skíði í Skíðadal var stofnað árið 1932 af nokkrum ungum piltum í dalnum. Það stóð fyrir fundum og að þjálfva félagsmenn í ræðumennsku og var bindindi á tóbak og vín skilyrði fyrir inngöngu í félagið. Um tíma gaf Skíði út blaðið Dagrenningu sem kom út á hverjum félagsfundum með efni í bundnu og óbundnu máli. Til fjárfunar ræktuðu félagsmenn og seldu kartöflur og gulrófur.

Skíðamenn réðist í að byggja samkomuhús fyrir starfseminu í landi Þverár og það var einnig notað sem kennsluhúsnæði fyrir börn í Skíðadalnum til margra ára. Starfsemi Skíða fjaraði smám saman út eftir að stofnendurnir komust til fullorðinsára. Tilkynnt var um úrsögn félagsins úr UMSE á ársþingi 1955 og var punktur settur aftan við sögu þess árið 1956.

Íþróttafélagið Skjöldur

Á árunum 1945 til 1956 starfaði Íþróttafélagið Skjöldur í Hrísey. Félagið átti um tíma



Félagsheimilið Rímar á Húsabakka í Svafárdal.

aðild að UMSE og sendi keppendur á héraðsmót í frjálsum íþróttum. Auk íþróttastarfs kom Skjöldur að ýmsu skemmtanahaldi í Hrísey. Í raun má segja að Skjöldur hafi verið arftaki félags-

ins Varðar sem var stofnað í Hrísey um 1930. Skjöldur lét sig bindindis- og íþróttamál varða, rétt eins og önnur félög ungs fólks á þessum tíma. Félagið réðist í byggingu funda- og samkomuhúss

í Hrísey en fjárskortur varð til þess að aðeins tókst að byggja grunn hússins en síðan ekki söguna meir.

Ungmennafélagið Narfi

Ungmennafélagið Narfi í Hrísey var stofnað 23. febrúar 1964. Strax á fyrsta starfsári fékk félagið aðild að UMSE. Starfsemi hefur í gegnum tíðina verið margvísleg. Lengi sá það um 17. júní hátíðarhöld í eynni, jólatrésskemmtun, hélt dansleiki og þorablót og margt fleira. Félagið hefur verið með íþróttastarfsemi af ýmsum toga, t.d. sund, frjálsíþróttir, handknattleik, fótbolta og skák.

Ungmennafélagið Dagsbrún

Árið 1907 stofnuðu nokkrir unglingar í Lögmanshlíðar- og Glæsibæjarsóknum ungmennafélag og bar það í fyrstu



Dagsbrúnarvöllurinn vestan Dvergasteins í Hörgársveit. Hér hafa ekki verið æfingar eða kappleikir lengi.



Hlíðarbær/Kuðungur í Hörgársveit.

nafnið Ungmennafélag Glæsibæjarhrepps en nafnið breyttist fljótlega í Ungmennafélagið Dagsbrún. Í fyrstu einkenndist starfsemi félagsins af fyrirlestrahaldi þar sem umræðuefni voru m.a. ungmennafélagshreyf-

ingin, skógrækt, unhverfi bæja í sveitum, garðrækt, íslensk tunga, Alþingi Íslendinga og glíma.

Lengi háði húsnæðisskortur starfsemi félagsins en jákvæð breyting varð árið 1974 þegar tekið var í notkun félagsheimili,

viðbygging við gamla þinghús Glæsibæjarhrepps, sem sveitarfélagið ásamt þremur félagasamtökum, þar á meðal Dagsbrún, stóð að. Félagsheimilið var lengi þekkt sem Kuðungur en nafnið breyttist síðar í Hlíðarbær.

Dagsbrún kom að byggingu sundlaugarinnar á Laugalandi á Þelamörk á fimmta áratugnum og tóku félagsmenn til fjölda ára þátt í laugargæslu þar. Dagsbrúnarfélagar tóku þátt í íþróttamótum á vegum UMSE í t.d. knattspyrnu, frjálsíþróttum, sundi, skák, handbolta og bridge. Aðstaða til sumaræfinga var á íþróttavellinum vestan Þjóðvegarsins við Dvergastein, skammt norðan við þar sem nú er leikskólinn Álfasteinn.

Meðal fastra liða í starfi Dagsbrúnar til fjölda ára voru þorablót og spilakvöld í Hlíðarbæ.



Sigurlíð UMSE á Norðurlandsmóti í frjálsíþróttum á Blönduósi árið 1970. Þóroddur Jóhannsson með sigurlaunin.



Kristinn Kristinsson með puttann á púlsinum í stóli framkvæmdastjóra UMSE árið 1989.

Umf. Dagsbrún kom ekki að sameiningu ungmennafélaga undir merkjum Umf. Smárans árið 1997. Starfsemi Dagsbrúnar fjaraði smám saman út og var þar með ekki lengur formlegt aðildarfélag UMSE.

Ungmennafélagið Framtíð

Bindindisfélagið Framtíð var stofnað í Hrafnagilshreppi árið 1903 og var forveri Ungmennafélagsins Framtíðar sem var stofnað fimm árum síðar. Félagið varð aðili að UMSE við stofnun sambandsins árið 1922. Fyrstu árin var mikil áhersla lögð á skógrækt og líkamsrækt, einkum sund. Félagsmenn unnu að byggingu sundstaðar við Kristnes og síðar á Hrafnagili en þar var sundlaug tekin í notkun árið 1936 og það sama ár hófust sundnámskeið þar. Umf. Framtíð kom að byggingu samkomuhúss árið 1925 og félagið átti fimmtung í félagsheimilinu Laugarborg, sem var lokið við að byggja árið 1959.

Félagsstarfið breyttist mjög til batnaðar með tilkomu Laugarborgar með námskeiðum, samverustundum en síðast en ekki síst leiksýningum.

Umf. Framtíð var eitt þeirra félaga sem stóðu að stofnun Umf. Samherja í Eyjafjarðarsveit árið 1996 og var Umf. Framtíð jafnframt lagt niður.

Ungmennafélag Saurbæjarhrepps

Ungmennafélag Saurbæjarhrepps var stofnað árið 1911 og hafði það að markmiði, eins og önnur ungmennafélög, að vinna að málefnum ungs fólks og ýmsum framfaramálum í sinni heimasveit. Þannig kom félagið m.a. að lestrarfélagi sveitarinnar, gaf út skrifað blað sem var einskonafréttablað sveitarinnar 1917-1929, stóð fyrir íþrótt- og leiklistarstarfsemi og skógrækt og safnaði fé til byggingar heilsuhælis á Kristnesi. Stærsta verkefni félagsins var bygging samkomuhúss í samstarfi við Saurbæjar-

hrepp sem hófst árið 1935. Árið 1953 var byggt við húsið og fékk það nafnið Sólgarður. Þar er nú Smámunasafn Sverris Hermannssonar.

Árið 1979 var Bindindisfélagið Dalbúinn lagt niður og eigur þess gefnar unglingadeild Umf. Saurbæjarhrepps, sem þá var stofnuð.

Árið 1980 var nafni Umf. Saurbæjarhrepps breytt í Umf. Vorboðinn en félag með því nafni hafði verið starfrækt í Hólasókn á árunum 1913-1933.

Umf. Vorboðinn var lagt niður árið 1996 þegar eitt ungmennafélag fyrir Eyjafjarðarsveit, Samherjar, var stofnað.

Ungmennafélagið Vorboðinn

Ungmennafélagið Vorboðinn var stofnað á Hólum í Eyjafirði árið 1913 og starfaði í tuttugu ár, til 1933. Starfssvæði félagsins var bundið við Hólasókn.

Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var að koma upp sundpolli við Hólsgærðislaug og var þar kennt sund í nokkur ár. Í Röðli, blaði sem Héraðssamband ungmennafélaga Eyjafjarðar – síðar UMSE, gaf út árið 1923 segir m.a.: „Fjlagið á sundstaði. Þar hefur verið kent sund síðan 1914, en í fyrria sprakk aðalgarður sundstæðisins, svo nú hugsar félagið til að byggja það upp að nýju og er nú unnið að undirbúningi þess.“

Einnig kom Vorboðinn sér upp hefyrdabúri og sáu félagsmenn um sláttinn og byggðu heylhöðu í landi Hólkots. Bindindismál voru ofarlega á blaði, eins og í öðrum ungmennafélögum, skógrækt, leiksýningar, skemmtiferðalög, fátækrahjálp og hestamót.



Þrettán nemendur úr Hrafnagilsskóla sóttu félagsmálanámskeið UMSE síðla árs 1973. Aðalleiðbeinandi var Þóroddur Jóhannsson en Halldór Blöndal, þá kennari á Akureyri, flutti erindi um ræðumennsku og Ragnar Steinbergsson lögfræðingur fór yfir fundarstjórn og fundarsköp. Á myndinni eru nokkrir þátttakenda með Þóroddi.

Frá vinstri: Anna Gunnbjörnsdóttir, Líney Grétarsdóttir, Ingui Guðmundsson, Aðalsteinn Árnason, Aðalheiður Stefánsdóttir, Hildur Haraldsdóttir, Eiríkur Rafnsson, Hringur Hreinsson og Helen Jónsdóttir.

Vorboðinn var eitt þeirra félaga sem stóð að stofnun Héraðssambands ungmennafélaga við Eyjafjörð, sem síðar fékk nafnið Ungmennasamband Eyjafjarðar.

Um 1930 flutti af svæðinu margt af því unga fólki sem hafði borið uppi starf Vorboðans. Með fækkun félagsmanna lognaðist félagið út af og var formlega lagt niður í desember 1933.

Bindindisfélagið Dalbúinn

Bindindisfélagið Dalbúinn var stofnað árið 1933 af nokkrum piltum í Hólasókn í Eyjafirði og má að hluta segja að það hafi verið arftaki Ungmennafélagsins Vorboðans sem hafði starfað á árunum 1913 til 1933. Stofnendur Bindindisfélagsins Dalbúans, sem voru á aldrinum 13-17 ára, höfðu þó ekki starfað í Vor-

boðanum og áttu því ekki tengsl við það félag.

Eins og nafn félagsins gefur til kynna voru bindindismálin ríkur þáttur í félagsstarfinu en síðan kom það að ýmsum öðrum félags- og íþróttamálum. Félagið fékk aðild að UMSE árið 1944.

Dalbúamenn unnu ötullega að endurbyggingu sundpolls við Hólsgærðislaug, unnu að vegagerð með Ferðafélagi Akureyrar, reistu árið 1945 hermannaskála (Dalakofann) sem þeir höfðu keypt á mörkum jarðanna Jórunnarstaða og Leynings og nýttu í nokkur ár



Félagsheimilið Laugaborg, sem var tekið í notkun árið 1959, var mikil lyftistöng fyrir starf Ungmennafélagsins Framtíðar í Hrafnagilshreppi. Að byggingunni stóð Framtíð, kvenfélagið Íðunn, Hrafnagilshreppur og Félagshimilasljóður.



Sólgarður í Saurbæjarhreppi hinum forna. Hér var miðstöð ungmennafélagsstarfs á árum áður, nú er þar Smámunasafn Sverris Hermannssonar.

til félagsstarfa. Í kringum Dalakofann var hafin skógrækt árið 1950.

Bindindisfélagið Dalbúinn kom að byggingu félagsheimilins Sólgarðs með hreppsfélaginu og öðrum félagsamtökum í sveitinni. Árið 1979 var félagið formlega lagt niður og eigur þess gefnar til unglingsdeildar Umf. Saurbæjarhrepps.

Ungmennafélagið Væringjar

Um þriggja ára skeið, frá 1954-1957, átti Ungmennafélagið Væringjar aðild að Ungmennasambandi Eyjafjarðar. Félagið var stofnað að Svertingsstöðum í Öngulsstaðahreppi snemma árs 1940 og var starfssvæðið ytri hluti hreppsins, fram að Ytri-Tjörnum.

Væringjar unnu að ýmsum framfaramálum svo sem byggingu nýs samkomuhúss, stóðu fyrir samkomum og heilsuþættum ferðalögum og efldu íþróttandaann.

Fjár til starfseminnar öfluðu Væringjar með t.d. kartöflurækt og skemmtanahaldi, m.a. leiksýningum, en síðar lögðu þeir stofnun Leikfélags Öngulsstaðahrepps lið.

Stærsta verkefni Væringja var, ásamt öðrum félögum í Öngulsstaðahreppi, að byggja félagsheimilið Freyvang sem var formlega vígt á sumardaginn fyrsta árið 1957. Væringjar sögðu sig úr UMSE sama ár. Í sex ár eftir það var félagið áfram með einhverja starfsemi en síðustu starfsárin var rekstur Freyvangs eina verkefni félagsins.

Ungmennafélagið Áróðinn

Ungmennafélagið Áróðinn í austanverðum Eyjafirði var stofnað árið 1907 en hét Skemmtifélagið Áróðinn fyrsta árið.

Áróðinn lagði ríka áherslu á íþróttastarfsemi hverskonar og var lyklatríði fyrir félagið að

fá aðstöðu á Laugalandi, bæði sundlauginu og íþróttavöllinn, sem félagið byggði upp með Umf. Ársól. Einnig breyttist starfsemi félagsins mjög til batnaðar þegar félagsheimilið Freyvangur var tekið í notkun. Áður hafði það haft athvarf í þinghúsinu á Þverá.

Árið 1975 var Umf. Áróðinn og Umf. Ársól sameinuð undir nafni Áróðans. Félagið var síðan lagt niður árið 1996 jafnframt því sem Umf. Samherjar var stofnað.

Ungmennafélagið Ársól

Ungmennafélagið Ársól var stofnað árið 1918 og var starfssvæði þess suðurhluti Öngulsstaðahrepps.

Starfsemi Ársólar var nokkuð þröngur stakkur skorinn vegna aðstöðuleysis. Stundum voru samkomur félagsins í Munkaþverárkirkju og stígninn dans eða jafnvel sýndar leiksýningar í Munkaþverárbænum. Þar var síðar byggt lítið samkomuhús sem rúmaði í mörg ár ýmsar samkomur ungmennafélaga, allar götur fram á miðja tuttugustu öld.

Ársólarfólk gerði sundpoll sunnan við túnið á Munkaþverá og þar var sund kennt í tvö vor. Síðar kom félagið ásamt Umf. Áróðanum að byggingu sundlaugar á Laugalandi árið 1932. Eftir að íþróttavöllur kom til sögunnar færðist líf í íþróttæfingar félaga í Ársól.

Með byggingu félagsheimilisins Freyvangs, sem Ungmennafélagið Ársól átti aðild að, breyttust allar aðstæður til samkomuhalds til hins betra og það sama má segja um íþróttastarfsemi eftir að íþróttavöllurinn á Laugalandi var tekinn í notkun árið 1962.



Ungmennafélagar af Svalbarðsströnd og úr Öngulsstaðahreppi á félagsmálanámskeiði árið 1969. Aftari röð frá vinstri: Baldur Kristinsson, Þorsteinn Ingólfsson, Birgir Þórðarson, Haukur Halldórsson, Kristján Jónasson, Páll Garðarsson, Ólafur Tryggvason og Sigurgeir Garðarsson. Fremri röð frá vinstri: Baldur Óskarsson leiðbeinandi, Emília Baldursdóttir, Guðríður Eiríksdóttir, Oddný Snorradóttir og Guðmundur Bendiktsson.

Árið 1974 hófust formlega viðræður um sameiningu Ársólar og Áróðans enda var það eðlilegt skref eftir margra ára nána samvinnu. Árið 1975 var sameiningarskrefið stigið og var ákveðið að félögin myndu bera nafn Áróðans, sem kom til af því að það félag var eldra, stofnað 1907.

Ungmennafélagið Samherjar

Samherjar voru í upphafi, árið 1993, stofnaðir sem íþróttadeild fyrir ungmennafélögin tvö

í Eyjafjarðarsveit, Áróðann og Framtíð, og Æskuna á Svalbarðsströnd. Æskan sagði sig frá þessu samstarfi árið 1995.

Stofndagur Ungmennafélagsins Samherja var 4. apríl 1996 og varð það til úr þremur eldri félögum; Umf. Áróðanum í gamla Öngulsstaðahreppi, Umf. Framtíð í gamla Hrafnagilshreppi og Umf. Vorboðanum í gamla Saurbæjarhreppi. Starfsemi félagsins er og hefur verið víðtæk og öflug, enda félagsvæðið landfræðilega stórt og fjölmennt.

Miðpunktur starfseminnar er á Hrafnagili þar sem íþróttastaða er góð; sundlaug, knattspyrnuvöllur, sparkvöllur og íþróttahús.

Hestamannafélagið Funi

Hestamannafélagið Funi í Eyjafjarðarsveit var stofnað 11. júní 1960. Í lögum félagsins er tilgangi þess lýst svo: Að stuðla að réttri og góðri meðferð hesta, efla áhuga fyrir uppeldi, tamningu og notkun þeirra, að vinna að því að koma upp reiðvegum



Tilkoma félagsheimilisins Freyvangs í Öngulsstaðahreppi, sem var tekið í notkun árið 1957, var mikið framfaraspor fyrir ungmennafélagsstarf í hreppnum. Að byggingunni stóðu ungmennafélögin Ársól, Ároðinn og Væringjar auk Öngulsstaðahrepps, fimm félagasamtaka í hreppnum og Félagshimilaskjóðs.

í firðinum utan þjóðvegarins og starfa samkvæmt gildandi búfjár-ræktunarlögum eftir því sem það samræmist starfssviði þess.

Mótssvæði Funa er á Melgerðismelum þar sem hófst uppbygging í samvinnu við Hestamannafélagið Létti á Akureyri árið 1975 og síðar bættist Hestamannafélagið Þráinn á Grenivík og Svalbarðsströnd við auk ungmennafélaganna í Saurbæjarhreppi að hluta til. Síðar sáu Funi og Léttir um uppbygginguna og árið 2013 tók Funi við mótssvæðinu.

Íþróttadeild Funa fékk aðild að UMSE á ársþingi sambandsins í mars 1989. Í annarri grein laga deildarinnar segir að markmið hennar sé að iðka hestaíþróttir, almenna útivist og þjálfun með tilliti til sérhæfni íslenska hestsins.

Ungmennafélagið Æskan

Ungmennafélagið Æskan á Svalbarðsströnd var stofnað árið 1910 en forveri þess var Æskulýðsfélagið sem hafði verið sett á stofn sjö árum fyrr.

Eins og önnur ungmennafélög á Eyjafjarðarsvæðinu hefur Æskan komið að félags- og íþróttastarfi á sínu starfssvæði frá stofnun. Fyrstu árin var félaginu þröngur stakkur skorinn með aðstöðu til félagsstarfs, félagsfundir voru á heimilum á Svalbarðsströnd en síðan rættist úr þegar Æskan fékk afnot af Ytriskúr Kaupfélags Svalbarðseyrar og með byggingu samkomhússins, sem Æskan tók þátt í að byggja með Svalbarðsstrandarhreppi, fékk félagið mikla úrlausn sinna aðstöðumála. Gamla samkomuhúsið er nú hluti

Safnasafnsins sem Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir eiga og reka. Miðpunktur félagsstarfs Æskunnar færðist niður á Svalbarðseyri og þar er nú öll aðstaða til félags- og íþróttastarfs Umf. Æskunnar.

Hestamannafélagið Þráinn

Hestamannafélagið Þráinn var stofnað 25. apríl 1973 og fékk aðild að UMSE 6. júlí 1989. Félagssvæðið er Grýtubakkahreppur og Svalbarðsströnd. Í merki félagsins stendur „Þráinn – hestaíþróttafélag“ en félagið er bæði hestamanna- og hestaíþróttafélag, það er ekki deildaskipt eins og mörg önnur hestamannafélög.